



Guðmundur Ólafsson

Bessastaðarannsókn 1987

Aðdragandi og upphaf – uppgriftarsvæði 1-11



Guðmundur Ólafsson

Bessastaðarannsókn 1987

Aðdragandi og upphaf - uppgriftarsvæði 1-11

Reykjavík 2010


Þjóðminjasafn Íslands

Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2010/1

Ritstjóri:
Steinunn Kristjánsdóttir

Ritnefnd:
Margrét Hallgrímsdóttir
Bryndís Sverrisdóttir
Anna Lía Rúnarsdóttir
Anna Guðný Ásgeirsdóttir

© Þjóðminjasafn Íslands og höfundur
Öll réttindi áskilin

Útgefandi: Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík
Ábyrgðarmaður útgáfu: Margrét Hallgrímsdóttir
Umbrot: Steinunn Kristjánsdóttir
Prentun: Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja 

ISSN 1670-3685

Forsíðumynd: Múrsteinaraðir á svæði U11 austan svonefndrar hjáleigu. Líklega leifar af vagna- eða kerrugeymslu frá 18. öld (ljósmynd GÓL-1987-15-6).

INNGANGUR.....	5	5. KAFLI - TEIKNINGAR OG ÚTTEKTIR FRÁ 18. OG 19. ÖLD.....	135
1. KAFLI - UPPGRÖFTUR HEFST.....	7	Mál og lýsingar á húsum konungsgarðsins 1720.....	135
Hnitakerfi og uppbygging þeirra.....	8	Bessastaðahús I.....	144
Aðferðir við uppgröftinn.....	13	Bessastaðahús II.....	147
Úrvinnsla uppgraftargagna.....	15	6. KAFLI – UMRÆÐA	153
2. KAFLI - RITHEIMILDIR UM BYGGINGASÖGU BESSASTAÐA.....	17	7. KAFLI – SAMANTEKT.....	159
Heimildir til 1500.....	17	8. KAFLI - HEIMILDIR.....	161
Heimildir frá 1500-1700.....	18	9. KAFLI - VIÐAUKAR.....	165
Heimildir frá 1700-1760.....	20	Greining á gjóskulögum og sandi.....	165
Heimildir eftir 1760.....	24	Fornleifakjallari.....	167
3. KAFLI - UPPGRAFTARSVÆÐI 1987... ..	29	Reikningar og eignaskrár.....	176
Uppgraftarsvæði 1	30	<i>Reikningar jarðabókarsjóðs - lénsreikningar 1596-1597.....</i>	176
Uppgraftarsvæði 2.....	44	<i>Reikningsskil Jóhanns Bocholts hirðstjóra á Íslandi 1597-1602.....</i>	179
Uppgraftarsvæði 3.....	50	<i>Lénsreikningar Herulfs Daa (1606-1615)..</i>	182
Uppgraftarsvæði 4	50	<i>Reikningur jarðabókarsjóðs - lénsreikningur 1647-1648.....</i>	185
Uppgraftarsvæði 5.....	54	<i>Fylgiskjöl með lénsreikningum 1647-1648... ..</i>	188
Uppgraftarsvæði 6.....	58	<i>Húsavirðing á Bessastöðum Anno 1663.....</i>	190
Uppgraftarsvæði 7.....	80	<i>Húsavirðing á Bessastöðum Anno 1666.....</i>	192
Uppgraftarsvæði 8.....	81	<i>Úttekt á Bessastöðum 17. september 1717... ..</i>	193
Uppgraftarsvæði 9.....	82	<i>Lýsing á Bessastaðastofu frá 1834.....</i>	195
<i>Grafir.....</i>	91	Teikningaskrá 1987.....	196
<i>Minjar frá miðöldum.....</i>	105	Fundaskrá 1987.....	199
Uppgraftarsvæði 10	110	English summary.....	221
Uppgraftarsvæði 11.....	114	10. KAFLI - TEIKNINGAR Í A3.....	223
4. KAFLI - GRIPIR.....	121	Uppgraftarsvæði frá 1987 – 1996.....	223
Brenndur leir.....	121	Langsnið T-1987-19 á svæði U6.....	224
Krítarpípur.....	123	Jarðlagagreining af sniði T-1987-19.....	225
Gler.....	124	Langsnið T-1987-26 á svæði U9.....	226
Gripir úr járn.....	128	Jarðlagagreining af sniði T-1987-26.....	227
Gripir úr blý.....	129	Uppgraftarsvæði og uppgrafnar minjar 1987 á svæðum U1 – U11.....	228
Gripir úr steini.....	129	Minjar á svæði U9 og útlínur húsa frá 1720 - 1760.....	229
Byggingarefni.....	132	Minjar á svæðum U1 - U9 1987.....	230
Gripir úr bronsi.....	132		
Leður.....	133		
Textill.....	133		
Dýrabein.....	133		
Gripur úr beini.....	133		

Á árunum 1987 – 1996 voru gerðar viðamiklar endurbætur á forsetasetrinu á Bessastöðum. Í tengslum við framkvæmdirnar fór jafnframt fram fornleifarannsókn á staðnum á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Saga þessarar rannsóknar er merkileg og verður fjallað sérstaklega um hana síðar í þessari skýrsluröð um rannsóknina, en hér skal þó dregið á fáein atriði.

Að mörgu leyti var um tímamótarannsókn að ræða. Þegar hún hófst grunaði engan hversu umfangsmikil hún átti eftir að verða. Nokkurra daga fornleifakönnun undir Bessastaðastofu varð að níu ára uppgrefti. Þá hafði aldrei verið grafið jafn lengi samfleytt í einu hér á landi. Stóð uppgroftur oft yfir heilu árin, jafnt sumar sem vetur. Uppgraftarsvæðin voru líka óvenju stór. Þegar uppgrofturinn hófst höfðu aðeins örfáar umfangsmiklar rannsóknir farið fram á Íslandi og aðeins ein neyðarrannsókn. Það var á Stóruborg undir Eyjafjöllum, þar sem unnið var í kapphlaupi við náttúruöflin við að bjarga bæjarhólnum frá eyðingu sjávar á árabílinu 1978 – 1990 (Mjöll Snæs dóttir, 1991a, 1991b). Sama ár og uppgroftur á Bessastöðum hófst, var einnig hafin sambærileg neyðarrannsókn í Viðey vegna framkvæmda við Viðeyjarstofu og stóð hún yfir til ársins 1995 (Margrét Hallgrímsdóttir, 1988, 1989, 1990, 1991, 1992, 1993b, 1993c, 1994; Steinunn Kristjánsdóttir, 1995, 1996). Í báðum þessum rannsóknum var tekist á við svipuð vandamál.

Í Bessastaðarannsókninni markaðist bæði uppgroftur og úrvinnsla m.a. af vanbúnaði Þjóðminjasafnsins á þeim tíma til að takast á við svo umfangsmikið verkefni, skorti á fornleifafræðingum og skilningsleysi framkvæmdaaðila og margra ráðamanna á eðli fornleifarannsókna. Stöðugt þurfti að takast á um ýmis grundvallaratriði, svo sem um tilveru-rétt fornleifa og vægi þeirra gagnvart framkvæmdum og framkvæmdaaðilum; málamiðlanir um kostnað við fornleifarannsóknir og hver ætti að bera hann, sem og rétt fornleifafræðinga

til rannsóknar, svo að fáein dæmi séu tekin. Bessastaðauppgrofturinn varð því að mörgu leyti lærdómur um það hvernig ekki ætti að standa að neyðarrannsóknum. Hefur sú reynsla gagnast síðar í sambandi við önnur stór verkefni sem unnið hefur verið að á undanförunum árum. Hann varð m.a. til þess að sett var inn í þjóðminjalög ákvæði um að framkvæmdaaðilar skyldu kosta nauðsynlega rannsókn á minjasvæðum sem þeir vildu nýta.

Alls voru unnin 30 ársverk við uppgroftinn á Bessastöðum á árabílinu 1987 – 1996. Á þeim tíma sem uppgroftur stóð yfir störfuðu þar um lengri eða skemmri tíma margir fornleifafræðingar og fornleifafræðinemar, sem öðluðust þar mikilvæga vettvangsreynslu. Ýmsar nýjungar í íslenskri fornleifafræði voru að berast til landsins um þetta leyti og voru þær notaðar eftir föngum á Bessastöðum, s.s. loftmyndun úr ljósmyndaturni, myndbandsupptökur af uppgrefti, sérstök eyðublöð voru hönnuð fyrir jarðfundi og sýni, auk þess sem skipulögð söfnun og greining skordýrasýna, jarðvegssýna og plöntusýna fór fram á vettvangi. Mikil reynsla og þekking varð til í landinu til að takast á við stóra uppgrefti og misjafnar aðstæður á vettvangi.

Af ýmsum ástæðum hefur ekki reynst unnt að ganga frá skýrslum um uppgroftinn. Fyrir vikið hafa niðurstöður rannsóknarinnar verið óaðgengilegar öðrum fræðimönnum og almenníngi, sem hafa viljað kynna sér þær eða nota til frekari rannsókna. Á undanförunum árum hefur hins vegar verið unnið markvisst að því hjá Þjóðminjasafni Íslands að bæta úr því með skipulegri úrvinnslu uppgraftargagna og öflun fjárframlaga til hennar. Samkvæmt þeirri áætlun er stefnt að því að gefa út níu rannsóknarskýrslur, eina fyrir hvert uppgraftarár. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ljúka þessu úrvinnsluátaki með sýningu á Þjóðminjasafni og útgáfu bókar um helstu niðurstöður Bessastaðarannsóknarinnar.

Hér birtist fyrsta skýrslan af níu í fyrirhugaðri skýrsluröð um Bessastaðarannsóknina og skiptist hún í tíu kafla. Í fyrsta kafla er greint frá aðdraganda uppgrafarins og birt stutt yfirlit um framkvæmdir og uppgrafarsvæði öll rannsóknarárin. Í öðrum kafla eru dregnar saman helstu ritheimildir sem varpað geta ljósi á uppgröftinn og byggingasögu Bessastaða á hverjum tíma. Þriðji kafli er meginkafli skýrslunnar og er þar fjallað ítarlega um hvert og eitt af þeim ellefu svæðum sem grafin voru upp árið 1987 og gerð grein fyrir mannvistarleifum sem þar komu í ljós. Í fjórða kafla er fjallað um helstu gripi og gripaflokka sem fundust. Í fimmta kafla eru birtar samtíma teikningar og lýsingar sem til eru varðveittar af húsum á Bessastöðum. Þessar ritheimildir voru svo skoðaðar með tilliti til fornleifanna sem fundust og tilraun gerð til að

tengja ákveðnar minjar við byggingar sem þekktar eru úr heimildum. Í sjötta kafla er umræða um hvað uppgröfturinn 1987 leiddi í ljós. Meðal annars eru lögð drög að nýrri búsetusögu Bessastaða, sem mun væntanlega skýrast frekar í síðari skýrslum þegar heildarsamhengi minjanna fer að skýrast betur. Í sjöunda kafla er reynt að draga saman helstu niðurstöður. Heimildaskrá er í áttunda kafla og í níunda kafla eru viðaukar, þar sem eru birt ýmis gögn og ítarefni sem tengjast rannsókninni í heild og varpað geta skýrara ljósi á hana og niðurstöður hennar, s.s. úttektir og reikningar frá Bessastöðum á 16., 17. og 18. öld. Í viðauka er einnig kynning á fornleifakjallara Bessastaða og sýningu um uppgröftinn sem þar er. Í tíunda kafla eru nokkrar skýringarteikningar í A3 stærð. Aftan við megintexta er samantekt á ensku.

1. kafli – Uppgröftur hefst

Mánudaginn 16. febrúar 1987 hafði Aðalsteinn Maack hjá Húsameistara ríkisins samband við Þjóðminjasafn Íslands vegna fyrirhugaðra viðgerða og endurbóta á Bessastaðastofu á Bessastöðum. Var gólfíð í borðstofunni farið að síga svo mikið að til vandræða horfði í veislum sem þar voru haldnar. Nauðsynlegt þótti að brjóta gólfíð upp og rétta það af. Þá átti jafnframt að nota tækifærið og útbúa nýjan kjallara undir stofunni.

Gert var ráð fyrir að framkvæmdir við verkið yrðu hafnar fljótlega með því að fjarlægja gólfíð í stofunni og grafa með gröfu um 2 m niður undir það. Vegna langrar sögu staðarins þótti afar líklegt að einhverjar minjar væru undir Bessastaðastofu. Áður en verkið hófst var þó í raun ekkert vitað um hvers vænta mátti. Óskað var eftir að Þjóðminjasafnið fylgdist með framkvæmdunum og kannaði minjar sem í ljós kynnu að koma. Gert var ráð fyrir að verkið stæði aðeins yfir í nokkra daga.

Framkvæmdir við að brjóta upp sjálfst gólfíð hófust í lok febrúar. Byrjað var að grafa undir því mánudaginn 2. mars. Þann 3. mars var búið að opna um 2 m djúpa holu í SA-horni stofunnar með gröfu (mynd 1). Í holunni, sem var um 2 x 2 m í þvermál, sáust engar leifar af mannvirkjum, aðeins mannvistarlög, blönduð mól, móösku, mold og torfusneplum. Skömmu síðar kom í ljós grjóthleðsla sem reyndist vera hellulagt gólf í suðvesturhluta stofunnar. Náði það fram undir miðja stofuna. Eftir nánari skoðun var niðurstaðan sú að undir stofunni væru mannvirki sem kölluðu á fornleifauppgröft þegar í stað.

Þar eð verktakar höfðu verið ráðnir og framkvæmdir þegar hafnar varð að hefja fornleifauppgröft nánast fyrirvaralaust. Aðeins örfáir fornleifafræðingar voru þá starfandi á Íslandi og ekki auðhlaupið að manna uppgröftinn. Í upphafi var gert ráð fyrir tiltölulega afmörkuðum framkvæmdum undir Bessastaðastofu en allt eftir því sem þær urðu viðameiri,



Mynd 1. Ein af umfangsmestu fornleifarannsóknunum á Íslandi hófst þegar byrjað var að grafa undir gólfu Bessastaðastofu í lok febrúar 1987 (ljósmynd GÓL-1987-25-15).

vatt uppgröfturinn upp á sig og kom fljótlega í ljós að bæjarhóllinn á staðnum var óvenju stór og mannvistarlögin mjög þykk.

Í þáverandi þjóðminjalögum voru ekki ákvæði um kostnaðarskyldu framkvæmdaáðila vegna fornleifarannsókna, eins og síðar varð. Yfirleitt þurfti Þjóðminjasafn Íslands að bera allan kostnað af öllu slíku eftirliti og rannsóknunum, í raun án þess að hafa til þess sérstakar fjárveitingar eða nægilegan mannskap. Þegar hér var komið sögu þótti ljóst að safnið gæti ekki sjálft staðið undir þeim kostnaði sem fyrir-sjáanlegur var vegna uppgrafar á minjunum og var því samið við framkvæmdaáðila um að standa straum af honum.

Starfsmenn Bessastaðarannsóknar 1987	Tímabil	Fjöldi vinnuvikna
Guðmundur Ólafsson, stjórnandi	02.03. - 01.10	Tuttugu og átta vikur
Adolf Friðriksson, nemi í fornleifafræði	07.09. - 21.09	Tvær vikur
Caroline Ricardsson, fornleifafræðingur	13.03. – 30.03	Tvær vikur
Kevin P. Smith, fornleifafræðingur	02.08 – 26.08	Þrjár vikur
Kristín Huld Sigurðardóttir, fornleifafræðingur	05.03. - 11.08	Tuttugu vikur
Kristinn Magnússon, nemi í fornleifafræði	29.06. - 01.10	Sextán vikur
Mjöll Snæsdóttir, fornleifafræðingur	05.03. – 06.05	Tólf vikur
Orrí Vésteinnsson, nemi í sagnfræði	7.09. - 25.09	Þrjár vikur
Ólafur Ingi Jónsson, forvörður	06.03. - 31.03	Þrjár vikur

Fornleifauppgröfturinn stóð í fyrstu lotu yfir til 1. október, eða alls sjö mánuði. Hann var undir stjórn Guðmundar Ólafssonar, deildarstjóra fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands, en auk hans komu að uppgreftinum flestallir fornleifafræðingar sem þá voru tiltækir á Íslandi. Lengstan tíma unnu Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristinn Magnússon og Mjöll Snæsdóttir þetta fyrsta ár.

Uppgröftur hófst	Uppgrefti lauk	Fjöldi daga
1987 1. mars	1987 30. sept.	213 dagar
1988 10. sept.	1988 14. okt.	34 dagar
1989 12. nóv.	1990 6. júlí	236 dagar
1990 7. ágúst	1991 27. júní	324 dagar
1991 12. ágúst	1991 31. des.	141 dagar
1992 11. júní	1993 20. jan.	223 dagar
1993 10. feb.	1993 31. des.	324 dagar
1995 24. apríl	1995 30. nóv.	220 dagar
1996 2. maí	1996 30. sept.	151 dagar

Fleiri komu að uppgrefti sem aðstoðarmenn í nokkra daga, þó að þeir séu ekki nafngreindir sérstaklega hér, m.a. hópur úr unglinga-

vinnunni í Hafnarfirði. Ístak hf. annaðist verklegar framkvæmdir á staðnum og voru starfsmenn þess einnig mjög hjálplegir við að aðstoða eftir þörfum. Guðmundi Jónssyni, verkstjóra hjá Ístaki, er þakkað fyrir hæfileika til að leysa öll vandamál sem upp komu. Þá fær Frú Vigdís Finnbogadóttir sérstakar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning við rannsóknina.

Taflan hér til hliðar sýnir fjölda uppgraftardaga á Bessastöðum frá ári til árs allt tímabilið frá 1987-1996. Uppgraftardagar urðu alls 1866 sem eru rúm fimm ár. Mjög breytilegt var hversu margir unnu við uppgröftinn á hverjum tíma. Þegar mest var um að vera unnu allt að sextán manns við uppgröftinn en að jafnaði unnu um fimm til sex manns við verkið á hverjum tíma. Samtals gerir það rúmlega 30 heil ársverk við uppgröftinn.

Hnitakerfi og uppbygging þeirra

Þegar uppgröftur hófst undir Bessastaðastofu árið 1987 var sem fyrr segir ekki gert ráð fyrir að framhald yrði á honum til margra ára. Hnitakerfið var þess vegna upphaflega miðað við innveggi hvers herbergis fyrir sig, sem grafið var undir. Útlínur herbergjanna fengust frá teikningum Húsameistara ríkisins á Bessastaðastofu. Þegar framkvæmdir hófust utanhúss snemma sumars 1987 var tekið upp nýtt staðbundið hnitakerfi sem byggðist á því að útlínur Bessastaðastofu voru láttnar mynda grunnása kerfisins. Framhlið hússins var látin



Mynd 2. Yfirlitskort af Bessastöðum sem sýnir öll svæðin sem grafin voru upp á bæjarhólnum á árabílinu 1987-1996. Alls urðu uppgriftarsvæðin 61 talsins og rúmlega 4500 fermetrar að flatarmáli. Appelsínugulu svæðin voru rannsökuð árið 1987. Brún punktalína sýnir áætluð mörk bæjarhólsins, þar sem mannvistarlög hafa hlaðist upp, allt frá um 6 m yfir sjávarmáli upp að um 9,5 m yfir sjávarmáli. Teikningin er stækkuð á bls. 223 (kort G.Ó. og A.R.G.).

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1987	Flatarmál
U1	Svæði A	Bessastaðastofa SA-horn, um 10,4 x 4 m.	41,6 m ²
U2	Svæði B	Bessastaðastofa SV-horn, um 7,1 x 4 m.	28,4 m ²
U3	Svæði C	Bessastaðastofa NV-horn, um 4 x 2,6 m.	10,4 m ²
U4	Svæði D	Bessastaðastofa mið V-hluti, um 4,5 x 4 m.	18,0 m ²
U5	Svæði E	Undir austurhluta Bessastaðastofu, fyrir miðju, um 4 x 2,1 m.	8,4 m ²
U6	Svæði F	Eystri-aðkeyrsla, um 40,5 x 5,6 m.	226,8 m ²
U7	Svæði H	Undir tröppum Bessastaðastofu, um 8,2 x 5,5 m.	45,1 m ²
U8	Svæði I	Skurður við SV-horn Bessastaðastofu, um 8,3 x 0,6 m.	5,0 m ²
U9	Svæði G	Vestari-aðkeyrsla, um 41 x 6,5 m.	266,5 m ²
U10	Svæði J	Kirkjutröppur, um 8 x 1m.	8,0 m ²
U11	Svæði K	Austan hjáleigu, um 7,6 x 3,1 m.	23,6 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1987	681,7 m²

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1988	Flatarmál
U12	Svæði L	Norðan Bessastaðastofu, um 18,1 x 9,5 m.	172,0 m ²
U13	Svæði M	Bílastæði, um 13,2 x 10,4 m.	137,3 m ²
U14	Svæði N	Bílastæði, um 13,6 x 11,0 m.	149,6 m ²
U15	Svæði O	Heimreið/kirkjugarður, um 52 x 6,2 m + 8,9 x 13,9 m.	446,1 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1988	904,9 m²

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1989	Flatarmál
U16	H1	Húsagarður, um 8,2 x 2,5 m.	20,5 m ²
U17	H2	Húsagarður, um 9 x 5,5 m.	49,5 m ²
U18	H3	Bílskúr, um 7,3 x 4,7 m.	34,3 m ²
U19	H4	Bessastaðastofa NA-horn, um 4 x 3,6 m.	14,4 m ²
U5	Svæði E	Undir austurhluta Bessastaðastofu, fyrir miðju, um 4 x 2,1 m.	8,4 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1989	127,1 m²

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1990	Flatarmál
U19	H4	Bessastaðastofa NA-horn, um 4 x 3,6 m.	14,4 m ²
U20	H5	Bílskúr, um 4,1 x 7,1 m.	29,1 m ²
U21	H6	Bílskúr, um 5,1 x 2,7 m.	13,8 m ²
U22	H7a	Austan móttökusalur, um 7,8 x 4,9 m.	38,2 m ²
U23	H7b	Norðan við bókasafn, um 18,6 x 1,1 m.	20,5 m ²
U24	H7s	Sunnan móttökusalur, um 4,2 x 4 m.	16,8 m ²
U25	H8	Austan Bessastaðastofu, um 8,6 x 5,2 m.	44,7 m ²
U26	H9	Bessastaðastofa NA-hluti, um 4,2 x 2,1 m.	8,8 m ²
U27	H10	Bessastaðastofa NV-hluti, um 4,2 x 3,7 m.	15,5 m ²
U28	H11	Bílskúr, um 5,1 x 4,9 m.	25,0 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1990	226,8 m²

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1991	Flatarmál
U28	H11	Bílskúr, um 5,1 x 4,9 m.	25,0 m ²
U29	H12	Hjáleiga, miðhluti, um 11 x 9 m.	99,0 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1991	124,0 m²

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1992	Flatarmál
U24	H7S	Sunnan móttökusal, um 4,2 x 4 m.	16,8 m ²
U30	H12	Hjáleiga, miðhluti, um 11 x 9 m.	99,0 m ²
U31	H13	Við hjáleigu, um 14 x 10 m.	140,0 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1992	255,8 m²

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1993	Flatarmál
U32	H14	SA við móttökusal, um 5 x 2,4 m.	12,0 m ²
U33	H15	Norðan bílskúrs, um 31,8 x 6,7 m.	213,1 m ²
U34	H15b	Norðan bílskúrs, um 23 x 4 m.	92,0 m ²
U35	H16	Við NA-horn Bessastaðastofu, 4,6 x 4 m.	18,4 m ²
U36	H18	Undir bílskúr, um 5,1 x 1,8 m.	9,2 m ²
U37	H19	Vestan hjáleigu, um 13,2 x 3 m.	39,6 m ²
U38	H20	Austan hjáleigu, um 14,1 x 3,4 m.	47,9 m ²
U39	H21	Við NA horn H1, um 8,8 x 8,5 m.	74,8 m ²
U40	H22	Við NV horn H15, um 14,9 x 6 m.	89,4 m ²
U41	H23	Hluti húsagarðs milli Bessastaðastofu og hjáleigu. Ekki grafið upp.	0 m ²
U42	R1	Könnunarskurður frá SV-hlið, um 1 x 11 m.	11,0 m ²
U43	R2	Könnunarskurður frá SA-hlið, um 1 x 11 m.	11,0 m ²
U44	R3	Könnunarskurður frá A-gafl, um 1 x 10 m.	10,0 m ²
U45	R4	Skurður frá A-gafl til norðurs, um 1 x 15 m.	15,0 m ²
U46	R5	Skurður frá V-gafl til vesturs, um 1 x 8 m.	8,0 m ²
U47	R6	Skurður frá N-hlið til norðurs, um 1 x 10 m.	10,0 m ²
U48	R7	Skurður undir ráðsmannshúsi, um 1 x 3,5 m.	3,5 m ²
U49	R8	Skurður undir ráðsmannshúsi, um 1 x 2 m.	2 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1993	666,9 m²

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1995	Flatarmál
U50	RH1	Austan forsetahúss, um 7 x 4,2 m.	29,4 m ²
U51	RH2	Austan RH1, um 10 x 5 m.	50,0 m ²
U52	RH3	Austan RH2, 10,2 x 8,7 m.	88,7 m ²
U53	RH4	Austan RH3, 15,4 x 1 m.	15,4 m ²
U54	RH5	Norðan RH2, 5,4 x 4,5 m.	24,3 m ²
U55	RH6	Norðan RH3, 8,6 x 4,7 m.	40,4 m ²
U56	RH9	Vestan forsetahúss, um 12,7 x 19,7 m.	250,2 m ²
U57	RH10	Skurður milli svæðis H31AD og H31BC, 1,5 x 36,5 m.	54,8 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1995	553,2 m²

Nýtt heiti	Eldra heiti	Uppgriftarsvæði á Bessastöðum 1996	Flatarmál
U56	RH9	Vestan forsetahúss, um 12,7 x 19,7 m.	250,2 m ²
U58	RH30	Sunnan forsetahúss, 34,5 x 12,7 m.	438,2 m ²
U59	RH31A	Norðan og vestan svæðis RH31B, 15,1 x 7,5 m.	113,3 m ²
U60	RH31B	Norðan forsetahúss, 23,6 x 11 m.	259,6 m ²
U61	RH31C	Vestan svæðis RH31B, um 13,9 x 11,7 m.	162,6 m ²
U62	RH31D	Vestan svæðis RH31A, 26,6 x 10 m.	266,0 m ²
		Stærð uppgriftarsvæða 1996	1489,8 m²

Samanlögð stærð uppgriftarsvæða frá 1987 til 1996	4650,0 m²
--	-----------------------------

mynda Y-ásinn sem hækkaði til norðurs og suðurgafli látinn mynda X-ás sem hækkaði til vesturs. Hnitapunktur við suðvesturhorn Bessastaðastofu fékk þannig hnitin X200/Y110 í þessu kerfi. Þessi ákvörðun reyndist hafa mjög afdrifaríkar afleiðingar þegar fram liðu stundir, því hún var afleit fyrir alla úrvinnslu teikninga. Vegna þess að kerfið snýr öfugt við venjuleg landfræðileg kerfi er ekki hægt að nota það óbreytt. Til þess fá tölvuforrit að skilja og vinna með hið staðbundna hnitakerfi reyndist nauðsynlegt að víxla hnitunum, þannig að X hnit urðu að Y hnitum og Y hnit að X hnitum. Einnig þurfti að setja mínus fyrir framan Y hnitin. Þannig verða t.d. hnitin X205/Y125 að tölvuhnitunum X125/Y-205. Þegar uppgrefti var haldið áfram næstu árin var byggt áfram á þessu kerfi. Breytilegar uppgraftaraðstæður á Bessastöðum frá ári til árs urðu þess svo valdandi að mörg frávik þurfti að gera frá þessu fyrsta grunnkerfi, bæði af tæknilegum ástæðum en einnig vegna misskilnings eða mannlegra mistaka. Frávik frá grunnkerfinu eru mismikil, allt frá um 20 cm hliðrun yfir í rúman metra. Það kom ekki svo mikið að sök á meðan teikningar voru allar handgerðar og verið var að eiga við einstök svæði. Málið vandaðist hins vegar þegar setja átti uppgraftarteikningarnar saman í tölvu, til þess að ná heildaryfirliti af svæðinu. Sú vinna reyndist vera afar flókin og tímafrek (sbr. Guðmundur Ólafsson, 2003). Nauðsynlegt er fyrir þann sem þarf að kynna sér rannsóknina, að vita af öllum þessum kerfum.

Alls urðu þessi staðbundnu hnitakerfi á Bessastöðum rúmlega 20 talsins. Hér fylgir stutt yfirlit yfir hvaða hnitakerfi voru í notkun á milli ára en frekari grein verður gerð fyrir þeim þegar fjallað verður um uppgröft hvers árs.

Hnitakerfi 1987. Grunnkerfi 1987 + staðbundið kerfi undir herbergjum Bessastaðastofu. Annað staðbundið kerfi var við uppgröft hjá kirkju-tröppum og enn eitt yfir vagnhús að baki hjáleigu. Alls fjögur hnitakerfi.

Hnitakerfi 1988. Grafið var norðan við Bessastaðastofu (U12), undir bílastæðum (U13 og U14) og í kirkjugarði undir heimkeyrslu upp

á hólinn (U15). Hnitakerfið var byggt á hnitakerfi 1987 en með um 30 cm hliðrun til norðurs. Alls eitt hnitakerfi.

Hnitakerfi 1989. Byrjað var að grafa í húsagarðinum að baki Bessastaðastofu á svæði U16 og U17. Einnig var grafið undir bílskúrnum á svæði U18, undir NA-horni Bessastaðastofu á svæði U19 og aftur á svæði U5. Óvíst er hvaða hnitakerfi voru notuð. Sennilega var byggt á grunnkerfi frá 1987 á svæðum utanhúss og staðbundnum hnitakerfum innanhúss. Þrjú til fjögur hnitakerfi.

Hnitakerfi 1990. Grafið var undir þremur herbergjum í bílskúrnum á svæði U20, U21 og U28. Í húsagarðinum var grafið á svæði milli móttökusalara og fjóss á svæði U22, U23 og U24 og austan við Bessastaðastofu á svæði U25. Undir Bessastaðastofu var grafið á þremur svæðum á U19, auk U26 og U27. Óvíst hvaða hnitakerfi voru notuð. Líklega var byggt á grunnkerfi frá 1987 og öðrum sex staðbundnum innanhússkerfum. Alls sjö hnitakerfi.

Hnitakerfi 1991. Grafið var áfram undir bílskúr á svæði U28 og svonefndri Hjáleigu sem átti að rífa og nýtt þjónustuhús átti að rísa á svæði U29. Nýtt staðbundið hnitakerfi var sett upp inni í Hjáleigu. Alls tvö hnitakerfi.

Hnitakerfi 1992. Grafið var allt árið undir Hjáleigu og fjósi á svæði U29, U30 og U31. Einnig var grafið við suðausturhorn veisluskála á svæði U22 og U32. Líklega var byggt á grunnkerfi frá 1987. Alls tvö hnitakerfi.

Hnitakerfi 1993. Grafið var á svæðum norðan við bílskúr á svæði U33 og U39, sunnan við hann á svæði U35 og við Hjáleigu U24. Grafið var undir bílskúr á svæði U36 og notast við staðbundið kerfi í hverju herbergi þar sem ekki var unnt að tengja þau við hnitakerfin utanhúss. Grafið var báðum megin við Hjáleiguna á svæði U37 og U38. Þá var grafið á svæði U5 undir Bessastaðastofu og teknir voru allmargir könnunarskurðir umhverfis ráðsmannshúsið á svæði U42-U47 og undir því á svæði U48-49. Þá var byrjað á svæði U50, við austurgafli hússins. Utanhúss var ekki hægt að komast að



Mynd 3. Minjar á svæði U6, fyrir framan Bessastaðastofu, myndaðar úr sérstökum ljósmyndaturni til að spara tíma við teiknivinnu á staðnum. Kristinn Magnússon stendur við einn fót turnsins lengst til vinstri. Adolf Friðriksson stendur í uppgraftarsvæðinu og Orri Vésteinsson stillir myndavél af fyrir myndatöku (ljósmynd GÓL-1987-15-21).

eldri fastapunktum, vegna þess að Bessastaðastofa var hjúpuð byggingarpöllum og striga. Nýir fastapunktur voru því teknir í notkun og við það hliðraðist hnitakerfið til. Framhlið Bessastaðastofu var enn látin marka X-200 línuna, sem hækkar til vesturs, en Y-línan, sem hækkar til norðurs hliðraðist til þannig að suðvesturhorn Bessastaðastofu, sem hafði haft hnitin X200/Y110, hafði nú X200/Y104,6. Nýtt grunnkerfi var tekið í notkun 1993 og þrjú staðbundin hnitakerfi innanhúss. Alls fjögur hnitakerfi.

Hnitakerfi 1995. Uppgraftarsvæðin 1995 voru austan og norðan við Ráðsmannshúsið á svæðum U50-U57. Notast var bæði við grunnhnitakerfið frá 1993 og hnitakerfi Reykjavíkurborgar. Alls tvö hnitakerfi.

Hnitakerfi 1996. Unnið var sunnan, vestan og norðan við Ráðsmannshúsið, þar sem bústaður forseta skyldi rísa. Grafið var eftir einstökum jarðlögum á svæðum U56-62. Notað var grunnhnitakerfi frá 1993. Alls eitt hnitakerfi.

Aðferðir við uppgröftinn

Uppgraftaraðferðir á Bessastöðum mótuðust, líkt og framkvæmdin öll, mjög af því að um björgunaruppgröft var að ræða. Yfirleitt þurfti að bregðast við ákvörðunum um hvar næst ætti að grafa með skömmum fyrirvara. Markmiðið var fyrst og fremst að kanna hvort einhverjar minjar væru þar fyrir og grafa þær síðan upp eins hratt og mögulegt var, til þess að valda ekki óþarflega miklum töfum á verklegum framkvæmdum.

Meginaðferðin var sú að notaðar voru vélgröfur alls staðar þar sem hægt var að koma þeim að við að fjarlægja uppfyllingu yfir minjum. Síðan hreinsuðu fornleifafræðingar handvirkt frá þeim og mældu þær upp.

Allar uppgraftarteikningar, bæði í fleti og í sniði, voru teiknaðar í mælikvarða 1:20. Þegar kom að uppgrefti á svæðum U6 og U9, sem eru á milli Bessastaðastofu og kirkjunnar, var ákveðið að mæla ekki upp minjarnar og teikna



Mynd 4. Dæmi um loftmynd úr ljósmyndadurni. Hvítir krossar voru lagðir út með tveggja metra millibili svo að hægt væri að stilla hnitakerfið af fyrir teiknivinnu í eftirvinnslunni. Hnit á spjaldinu á bakkanum eiga við krossinn næst til vinstri (ljósmynd GÓL-1987-22-21).

með venjubundnum hætti, heldur nota ljósmyndurnar til þess að taka yfirlitsmyndir úr lofti af svæðinu og teikna það síðar eftir myndunum (myndir 3 og 4). Þetta flýtti mjög fyrir á vettvangi en kostaði á móti mjög mikla eftirvinnu. Langsniðin á þessum svæðum voru um 40 m löng, svo að til þess að fá betri heildarmynd af sniðunum var ákveðið að teikna þau í mælikvarða 1:50. Flatarteikningar af svæðunum utan við Bessastaðastofu voru hins vegar teiknaðar eftir loftmyndum úr ljósmyndadurninum. Við það verk var notaður svonefndur Repromaster¹, sem er stór myndvarpi sem varpar ljósmyndum á flöt, þar sem teiknað var eftir þeim. Til samræmis við sniðteikningarnar voru þessar flatarteikningar líka teiknaðar í mælikvarðanum 1:50.

Fundir voru yfirleitt skráðir eftir staðsetningu í reiti, herbergi eða því mannvistarlagi

sem þeir fundust í. Utan Bessastaðastofu var fundum yfirleitt safnað saman úr ákveðnum reitum eða uppgraftasvæðum. Nokkuð var um lausafundi sem tíndir voru úr uppfyllingum og afhentir fornleifafræðingum, án þess að nákvæm staðsetning fylgdi með. Langflestir gripirnir komu úr uppfyllingarlögum eða mannvistarlögum frá 17. til 19. aldar. Fundir voru auðkenndir með skammstöfun fyrir Bessastaðarannsóknina og hlaupandi númeri innan viðkomandi árs, t.d.: BES-1987-200. Á þeim tíma sem uppgröfturinn stóð yfir var tekin upp tölvuskráning funda, frumstæð í byrjun, en sem þróaðist með nýrri tölvutækni. Við úrvinnslu gagnanna var fundaskráin flutt yfir í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn minjasafna, og tengist þar öðrum gagnaskráum Þjóðminjasafnsins.

¹ Í eigu Háskóla Íslands.

Úrvinnsla uppgraftargagna

Mikið magn frumgagna er til frá uppgreftinum, s.s. gripir, sýni, greiningar, teikningar, uppmælingar, ljósmyndir o.fl., sem geta nýst til fjölmargra framhaldsrannsókna á komandi árum. Allt frá því að uppgrefti lauk hefur Þjóðminjasafnið unnið að því eftir föngum að koma niðurstöðum rannsóknarinnar á framfæri og ganga frá uppgraftarskýrslum. Þessi átaksverkefni voru einkum unnin af fornleifafræðingunum Sigurði Bergsteinssyni og Agnesi Stefánsdóttur sem voru starfsmenn Þjóðminjasafns fram til ársins 2001, er þau fluttust til Fornleifaverndar ríkisins. Sigurður var einnig uppgrftarstjóri á Bessastöðum árin 1989-1992 og 1995-1996. Vinna þeirra fólst einkum í ýmis konar grunnskráningu gagna og einnig var þá lagður grunnur að því að koma uppgraftarteikningum í tölvutækt form. Þetta þokaði verkinu nokkuð áleiðis en vegna umfangs verksins reyndist ekki mögulegt að ljúka því.

Frá 2000 hefur úrvinnsla Bessastaðarannsóknarinnar verið eitt af forgangsverkefnum af hálfu Þjóðminjasafnsins og hefur verið unnið markvisst að því síðan af skýrsluhöfundi og fleirum. Til þess að halda utan um teikningar og önnur uppgraftargögn hefur forritið Intrasis verið notað. Um er að ræða landupplýsingatengdan gagnagrunn sem þróaður hefur verið af Riksantikvarieðmbeteti í Svíþjóð og er hann ætlaður til þess að halda utan um fornleifafræðileg uppgraftargögn og til greininga á þeim (Intrasis. Intra-Site Information System, 2009).

Forritið hefur einkum verið notað til þess að koma teikningum úr hinum mismunandi hnitakerfum, sem notuð voru við uppgröftinn, yfir í eitt samræmt kerfi. Auk þess verður það nýtt til margvíslegra greininga þegar grunnupplýsingar hafa verið slegnar inn í gagnagrunninn. Þetta er nokkuð nýnæmi í sambandi við notkun Intrasis kerfisins, sem að jafnaði vinnur út frá upplýsingum sem eru skráðar jafnóðum úr alstöð á vettvangi. Ýmis byrjunarvandamál hafa því komið fram í sambandi við þessa tölvuvinnslu, sem hafa tafið verkið. Þessi vandamál hefur þó jafnan tekist að leysa og í því

sambandi eiga þær miklar þakkir skilið, Intrasis sérfræðingarnir Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur og Anna Rut Guðmundsdóttir, fornleifa- og margmiðlunarfræðingur sem veitt hafa ómetanlega aðstoð, ráðgjöf við tölvuteikningar og tæknilegar úrlausnir. Þá hafa styrkir veittir úr Þjóðhátíðarsjóði fyrir árin 2008 – 2010 gert safninu mögulegt að standa straum af kostnaði af vinnu Hákonar Jenssonar fornleifafræðings við að færa gögn yfir í stafrænt form Intrasis. Tölvuteikningar og kortagerð í skýrslunni byggja á grunnvinnu ofangreindra aðila. Eins ber þess að geta að fornleifafræðingurinn og gripateiknarinn Eavan O'Dochartaigh teiknaði myndir af nokkrum gripum sem fjallað verður um, bæði í þessari skýrslu og í næstu skýrslum. Teikningar, sem ekki koma úr gagnagrunninum, voru skráðar í teikningaskrá og fengu hlaupandi númer innan viðkomandi uppgrftarárs og skammstöfun höfundar (t.d. T-1987-23, G.Ó.).

Í þessari fyrstu skýrslu er sem fyrr segir greint frá aðdraganda og upphafi rannsókna á Bessastöðum og öllum uppgraftarsvæðunum sem rannsökuð voru árið 1987, ásamt því sem örstutt yfirlit er veitt yfir öll uppgrftarárin. Þá er reynt að túlka minjarnar sem fundust, m.a. með samanburði við teikningar og úttektir af þekktum húsum. Fjölmargar ljósmyndir og skýringarteikningar eru notaðar til þess að auðvelda skilning á þessum flókna uppgrefti og minjunum sem komu þar í ljós. Flestar ljósmyndir eru teknar af Guðmundi Ólafssyni og er þá vísað í viðkomandi skráningarnúmer myndar í filmusafni Þjóðminjasafnsins, sem vísar til Höfundar-Ártals-Filmunúmers-Rammánúmers (t.d. GÓL-1987-15-23). Annarra höfunda myndefnis er getið innan sviga í myndatexta.

Ýmsir fleiri hafa verið hjálplegir við gerð skýrslunnar. Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður var t.d. ómetanlegur fróðleiksbrunnur, sem alltaf var hægt að leita til, Gunnar Bollason, sagnfræðingur, skrifaði upp gömul skjöl um Bessastaði sem birtast hér í viðauka, Gunnar Örn Hannesson, Björk Ingimundardóttir og Hrefna Róbertsdóttir, sagnfræðingur á Þjóð-

skjalasafni Íslands aðstoðuðu við að afla mynda og lesa úr myndatextum gamalla uppdráttu frá Bessastöðum sem varðveittir eru á Þjóðskjalasafni. Hrefna las einnig yfir og aðstoðaði við frágang heimildaskrár. Við lokafrágang skýrslunnar hafa Steinunn Kristjánsdóttir, dósent í fornleifafræði við HÍ og Þjóðminjasafn og Anna Lís Rúnarsdóttir, sviðsstjóri rannsókn- og varðveislusviðs Þjóðminjasafnsins lesið prófarkir ásamt ritnefnd og komið með fjölmargar

ábendingar um það sem betur mætti fara. Ritstjórn og umbrot skýrslunnar hefur jafnframt verið í höndum Steinunnar. Ofangreindum aðilum sem og öðrum sem komið hafa að úrvinnslu og gerð skýrslunnar, eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt, ekki síst þjóðminjaverði, Margréti Hallgrímsdóttur, sem lagt hefur sérstaka áherslu á að þetta verkefni væri sett í forgang hjá Þjóðminjasafni.

2. kafli – Ritheimildir um byggingasögu Bessastaða

Bessastaðir voru öldum saman eitt mesta valdasetur á Íslandi og dvalarstaður höfðingja og umboðsmanna konungs á Íslandi. Þó svo að ekkert heildstætt rit hafi komið út um sögu og húsakost Bessastaða til þessa, hefur staðnum engu að síður verið gerð skil í nokkrum verkum. Vilhjálmur Þ. Gíslason rakti til dæmis sögu Bessastaða í samnefndri bók sem út kom árið 1947. Eins var fjallað um sögu staðarins í sérstökum kafla í bókaflöknum *Landið þitt* sem Einar Laxness tók saman og gaf út árið 1985. Þá skrifuðu Helge Finsen og Esbjörn Hiort kafla um Bessastaðastofu í bókina *Steinhúsin gömlu á Íslandi* og árið 2008 kom út greinasafn um Bessastaðakirkju í ritröðinni *Kirkjur Íslands* (Vilhjálmur Þ. Gíslason, 1947; Finsen og Hiort, 1978; Einar Laxness, 1985; Jón Þ. Þór, Þorsteinn Gunnarsson, Gunnar Kristjánsson og Gunnar Bollason, 2008).

Eftirfarandi samantekt er ekki ætlað að gefa almennt yfirlit um sögu Bessastaða, heldur er hér reynt að draga fram frásagnir sem varpað geta ljósi á húsakost staðarins, búskaparhætti og hugsanlega auðveldað skilning eða túlkun á uppgraftargögnum. Heimildir um byggingar eða byggingaframkvæmdir eru auðkenndar sérstaklega með skáletri. Einkum er stuðst við ofangreind rit, sem og annála, úttektir, Íslenskt fornbréfasafn og fornsögur.

Heimildir til 1500

Engar ritheimildir eru til um Bessastaði frá 9. öld til 11. aldar en í elsta máldaga Bessastaðakirkju frá 1352 koma fram vísbendingar um að búið hafi verið þar þegar á landnámsöld (DI III, 1857-76:69; Einar Laxness, 1985:17). Staðurinn er í landnámi Ingólfs Arnarsonar og telur Ólafur Lárusson hugsanlegt að Ásbjörn Össuraron, landnámsmaður og bróðursonur Ingólfs hafi búið þar um skeið og ætt hans síðan (Ólafur Lárusson, 1944:112-113).

Elstu öruggu heimildina um búsetu á Bessastöðum er að finna í Fornbréfasafni. Þar

er nefnd kirkja á staðnum í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200 (DI XII, 1923-1932:9), þó engar aðrar upplýsingar sé hins vegar að finna í heimildum um einstakar byggingar þar fyrr en á 16. öld.

Eftir 1200 eru Bessastaðir einungis nefndir nokkrum sinnum í sambandi við ýmsa atburði, einkum eftir að Snorri Sturluson eignaðist jörðina á fyrri hluta 13. aldar úr dánarbúi ekkjunnar Jórunnar auðgu í Gufunesi í kjölfar erfðamála vegna jarðeigna á Suðurnesjum.

Í Sturlungu er sagt frá því að Snorri deildi um arf eftir konu sína, Hallveigu Ormsdóttur, við syni hennar og að hann hafi kveðið „Bessastaði af sinni eign keypta“. Einnig kemur fram að á árunum 1225-1237 hafi Snorri dvalist oft á sumrin að búi sínu á Bessastöðum (Vigfús Guðmundsson, 1941:3; *Sturlunga saga* I - II, 1988:437, 373, 376, 383). Eftir víg Snorra í Reykholti árið 1241 munu Bessastaðir hafa fallið að hálfu til Órækju sonar hans og að hálfu í vígsbætur vegna Klængs Bjarnasonar (*Sturlunga saga* I - II, 1988:456). Þórður kakali sölsaði undir sig allt fé Snorra, bróðursonar síns. Árið 1247 er þess getið að hann hafi sent menn til Bessastaða, tekið búið til sín, haft þaðan mölt mikil og flutt upp í Reykholt þar sem hann ætlaði að dvelja um háveturinn (*Sturlunga saga* I - II, 1988:547). Um 1250 urðu Bessastaðir eign Hákonar Noregskonungs. Í kjölfarið fékk Þorgils skarði Böðvarsson umráð yfir Bessastöðum í konungs nafni (Einar Laxness, 1985:17-18).

Róstusamt gat orðið á Bessastöðum á miðöldum, enda um aðsetur valdamikilla einstaklinga að ræða. Til dæmis var Biskups-Börkur, fylgdarmaður Þórðar Sighvatssonar, drepinn á Bessastöðum árið 1252 (Vigfús Guðmundsson, 1941:3; *Sturlunga saga* I - II, 1988:566), og á arabílinu 1420 – 1430 ráðast Engendingar nokkrum sinnum á Bessastaði, særa þar menn og drepa. Þeir handtaka m.a. konungsmenn og ræna fjármunum staðarins

(Björn Þorsteinsson, 1970:74-75; Einar Laxness, 1985:18-19).

Heimildir frá 1500 - 1700

Á 16. öld höfðu fulltrúar konungs á Íslandi aðsetur á Bessastöðum og í heimildum frá þeim tíma hafa varðveist ýmsar upplýsingar um ástand húsa og byggingarframkvæmdir á staðnum. Úr þeim má lesa mikilvægar vísendingar um hvenær einstakar byggingar eru reistar og auðvelda þær þannig skilning við túlkun uppgrafinna mannvirkja og á þróun bæjarhúsa.

Árið 1515 var Sören Norby skipaður hirðstjóri yfir Íslandi. Hann var reyndur hermaður og átti m.a. að stöðva veiðar breskra og skoskra sjómanna við landið. Hann hafði fyrir-mæli um að láta reisa tvö góð og traust bjálka-hús (blockhus) á Íslandi á eigin kostnað fyrir árið 1517. Annað þeirra skyldi reist við konungsgarðinn á Bessastöðum til varnar gegn óvelkomnum gestum; hitt í Vestmannaeyjum til varnar sjóræningjum. Sören var hins vegar kallaður heim til Danmerkur í byrjun árs 1517 og ekkert varð af þessum byggingarframkvæmdum (Graffton, 1995:21-22). Fyrirmælin benda hins vegar til þess að konungur hafi haft nokkrar áhyggjur af ástandi mannvirkja á jörðum sínum á Íslandi og talið að húsin væru ekki nægilega rammger til þess að standast árásir óvina.

Þegar greint var frá dauða Hannesar Eggertssonar hirðstjóra, um 1530, kom fram að náðhús hafi verið á Bessastöðum, vegna þess að hann dó þar, en annars rata slík hús sjaldan í heimildir (Guðmundur Þorláksson, 1886:672).

Fyrstu ritheimildir um byggingaframkvæmdir á staðnum geta þess að Claus van der Marwitz, þýskur hirðstjóri, hafi reist hús á Bessastöðum, árið 1537. Árið 1542 er svo rætt um hvort flytja eigi konungsgarð út í Viðey. Á minnisblaði fógeta konungs er upptalning á öllum þeim efnivið sem þurfi til að halda konungsgarð á Íslandi. Þar eru meðal annars söguð borð, bjálkar, sperrur og annað byggingatímur, þannig að leiða má líkur að því að

verið sé að tala um timburhús (DI XII, 1923-1932:90-91). Tveir fangar sem geymdir voru í járnnum í baðstofunni á Bessastöðum árið 1552, komust úr járnnum og grófu sig út um óns-húsið og flúðu (Guðmundur Þorláksson, 1886:693). Í fylgiskjölum með lénsreikningum fyrir Viðey og Bessastaði, allt frá 1595, er getið um kerru á tveimur hjólum (Innistæðuskrá 1595 (1597)).

Árið 1614 er getið um Bramshús, sem talið er hafa verið fangelsi á Bessastöðum (Alþingisbækur Íslands 1606-1619 IV, 1919:588). Árið 1617 lét Herluf Daa reisa háa og stóra timburkirkju úr erlendum viði. Hún eyðilagðist í óveðri tveimur árum síðar og þann 12. júlí 1619 er undirrituð skoðunargerð sex manna á skemmdum á Bessastaðakirkju af völdum þessa ofviðris (ÞÍ. OB/1-40, 1619).

Árið 1620 lét Holger Rosenkrans byggja kirkju úr viðum gömlu kirkjunnar, en með vegg og þak úr torfi (Guðmundur Þorláksson, 1886:734; *Annálar 1400-1800*, 1922-1987 I: 214). Í Tyrkjaráninu árið 1627 lét höfuðsmaðurinn Holger Rosenkrantz gera virki (skans) við Dugguós, sumir sögðu af fiskböggum, og setja þar upp þær fáu byssur sem til voru á staðnum (Guðmundur Þorláksson, 1886:735; *Annálar 1400-1800*, 1922-1987 I:228). Pros Mundt höfuðsmaður lét smíða „...stórt og vænt timburhús...“ sem síðan var kallað Pros Mundts stofa árið 1636. Forsmiður að henni var Þorleifur Ólafsson, Halldórssonar, skóla-meistara í Skálholti. Auk þess var gert við kirkjuna (Guðmundur Þorláksson, 1886:739; Jón Halldórsson, 1916-1918:87). Aftur var kirkjan endurbætt árið 1642. Hún er þá 12 stafgólf og öll timburþiljuð nema gólf í framkirkju.

Nýlega fundust í Þjóðskjalasafni afskriftir af húsavirðingu á Bessastöðum frá árinu 1663 og 1666 (ÞÍ. OA/5-11, 1663). Þar koma fram mjög mikilvægar og áður óþekktar heimildir um húsin á staðnum, einkum stærð þeirra og efnið sem í þeim var (sjá uppskriftina í kafla 9.3). Þar kemur m.a. fram að konungsgarðurinn hafi þá þegar verið búinn að fá sínar fjórar álmur með lokuðum húsagarði og hlið inn í húsagarðinn.



Mynd 5. Á teikningunni Plan og prospect af Bessstedts kongsgaard eru bæjarhúsin á Bessastöðum teiknuð frá hlið og í fleti, eins og þau munu hafa litið út árið 1720. Til hægri eru skýringar á einstökum byggingarhlutum (ÞÍ. Teikn. 6/1. Bessastaðir um 1720. Ljós. Þjóðskjalasafn Íslands).

Samkvæmt þessu er hann um 40 árum eldri en áður var ætlað.

Frá Bessastöðum var jafnan stundað mikið útræði. Þess er meira að segja getið í annálum að árið 1651 hafi haffær skúta verið smíðuð á Bessastöðum af Matthíasi Söffrinsson fógeta (*Annálar 1400-1800*, 1922-1987 I:295; Vilhjálmur Þ. Gíslason, 1947:95-100). Henrik Bjelke skrifaði síðan konungi árið 1654, meðal annars um viðgerð eða endurbyggingu Bessastaðakirkju, sjóbúða og fleira (ÞÍ KA-2-11 1650-1679).


Á árunum 1666-1668 var loks Skansinn reistur í nesinu norðan við Bessastaðatún af Suðurnesjamönnum sem skyldaðir voru til verksins. Otte Bjelke stóð fyrir verkinu og lét færa þangað nokkur fallstykki úr járn. Var kostnaður við verkið um 1500 rd. (Guðmundur Þorláksson, 1886:749-750). Eins er greint frá erfðahyllingu vegna Kristjáns V. en hún fór fram á hlaðinu fyrir utan portið á Bessastöðum árið 1670 (Einar Laxness, 1985:25).

Jóhannes Klein lét gera við kirkjuna, byggja kór og reisa klukknaport árið 1673. Tíu árum síðar var embætti landfógeta stofnað

(Guðmundur Þorláksson, 1886:754-755). Kristofer Heidemann var landfógeti á arabílinu 1683-1693, og gegndi einnig hlutverki stiftamtmanns í fimm ár. Hann endurbætti húsa-kynni, bæði staðarhús og kirkju, sem var áður undir torfbaki (Guðmundur Þorláksson, 1886:756).

Embætti stiftamtmanns var stofnað 1684. Sama ár strauk Jón Hreggviðsson úr fangelsinu á Bessastöðum og komst í skip til útlanda (*Annálar 1400-1800*, 1922-1987 I, 4:398). Embætti amtmanns var stofnað 1688 og var Kristján Müller skipaður í embættið. Átti amtmáður að fara með ædstu stjórn, einkum í dóms, kirkju- og skólamállum.

Í embættistíð Kristjáns Müllers amtmanns og Kristofers Heidemans landfógeta, á árunum 1688 – 1690, voru endurbætur gerðar á staðnum og er m.a. greint frá því í Vallaannál að þá hafi hár og mikill loftsalur verið smíðaður upp af gömlu suðurstofunni, þar sem amtmáður hafðist við en að fógeti hafi haldið til í hinum eystri húsum, sem hann hafði látið smíða (*Annálar 1400-1800*, 1922-1987 I,4:409; Einar Laxness, 1985:27).




Mynd 6. Uppdráttur af húsi embættismanna konungs á Bessastöðum. Hann sýnir grind, klæðningu og grunnflöt hússins sem reist var árið 1721. Var uppdrátturinn fylgiskjal með kostnaðaráætlun yfir viðgerðir á húsinu árið 1736 (ÞÍ. Teikn. 6/2. Bessastaðir um 1721-1722. Ljós. Þjóðskjalasafn Íslands).

Heimildir frá 1700 - 1760

Húsakynni á Bessastöðum virðast vera orðin æði hrörleg um aldamótin 1700, ef marka má ritaðar heimildir. Vart var talið embættisfært í kirkju af þeim sökum. Ráðagerðir voru um endurbætur en ekki varð af þeim að sinni. Skoðunargerðir af húsum staðarins frá þessum árum endurspeglar

þetta. Eftir árið 1700 fer heimildum um Bessastaði enn fjölgandi og lýsingar á húsakosti staðarins verða ítarlegri.

Í Jarðabókinni 1703 er tiltekin stærð búans á Bessastöðum. Jörðin var þá metin á 12 hundruð og til heimilismanna töldust Páll Beyer og fjölskylda, sex manns, einn ráðsmaður, sjö



Mynd 7. Uppdráttur af Bessastaðahúsi, frá 1751, sem varðveittur er í Þjóðskjalasafni. Húsið hefur tekið nokkrum breytingum frá fyrri teikningu 1736. M.a. eru komnir tveir kvistir á þakið og gluggaskipan er breytt. Húsinu er nú skipt í tvær íbúðir og breytingar hafa verið gerðar á einstökum herbergjum. Vistarverur amtmanns eru vinstra megin í húsinu, um 22 x 10 álnir að innanmáli (13,8 m x 6,3 m), eða 88,7 m² og skiptast í sex herbergi: A) barnaherbergi, B) svefnherbergi, C) gestastofa, D) eldhús, E) anddyri að eldhúsi, F) dagstofa, G) anddyri og H) borðstofa. Í eldhúsi er stór arinn og í anddyri er ofn. Íbúð landfógeta er 11,5 x 10 álnir að innanmáli (7,2 x 6,3 m) eða 45,3 m² og skiptast í fjögur herbergi: a) herbergi vinnufólks, b) skrifstofa, c) anddyri og d) ölhituklefi (PÍ. Teikn. 6/4. Þjóðskjalasafn Íslands).

vinumenn, tveir drengir og þrjár vinnukonur, alls 19 manns. Til búans heyrðu þrjár kýr, þrír hestar en engin kind, en þessar upplýsingar gefa ákveðna vísbendingu um hversu stór útihúsin þurftu að vera (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924:219-220). Um 1710 lét Páll Beyer gera *jarðhús* eða *grafhýsi* fyrir heldri menn *undir kirkjunni*.

Árið 1717 var Cornelius Wulf skipaður landfógeti. Hann tók við slæmu búi á Bessastöðum og sagðist hafa þurft um haustið að fá að láni smjör, fisk og annan varning til þess að sjá fyrir heimilisfólkinu á Bessastöðum, vegna þess að Páll Beyer hefði rýrt það svo mjög (Guðmundur Þorláksson, 1886:781). Sama ár var eftirfarandi úttekt gerð á húsum konungsgarðs, undirrituð hinn 17. september. Úttektin, sem fylgdi svo með bréfi Peder Rabens stiftamtmanns, dagsettu 15. október 1720 (PÍ,

1720), er samfelld lýsing á hörmulegu ástandi allra húsa konungsgarðsins. Hugsanlega er lýsingin þó eitthvað orðum aukin, ekki síst ef hún hefur verið gerð í þeim tilgangi að herja út fé frá konungi til endurbóta á Bessastöðum. Hér að neðan er lýsingin birt í heilu lagi á nútíma íslensku²:

1. *Vestari álman* við kirkjugarðinn. Í þessari álmu er fyrst *norðurstofan*, upphaflega smíðuð úr norsku timbri, 15 ½ alin að lengd og 11 ½ alin að breidd. Þessi bygging er nú alveg hrugin og horfin en landfógetinn Beyer lét í fyrra hefja byggingu miklu minna húss úr hinum gömlu fúnu húsaviðum í hennar stað. Það hús er ekki fullgert og til einskis gagns eins og það er nú.

2. *Amtmannsstofan*, svonefnd, stendur enn uppi og er skipt með timburþili í 2 herbergi. Þakið er afar lasburða svo að ekki er unnt að dveljast þar eða varðveita neitt að vetri til eða í vondu veðri.

² Í viðauka 193-194 má lesa stafréttu uppskrift Gunnars Bollasonar af lýsingunni.

Þó má nota hluta af timbri og borðunum í minni hús. Þetta hús er að utanmáli 8 sjálenskar álnir að lengd og 11 ½ alin á breidd. Húsið er tveggja hæða með 6 glergluggum á vesturhlið neðri og efri hæðar og þremur á eystri hlið. Á húsinu er lítill skorsteinn en enginn kakalofn.

3. Syðri stofa er 12 álna löng og 11 ½ álna breið. Hún er í allmikilli niðurníðslu, ónýtt af fúa og timbrið ekki til nokkurs nýtt. Lengd allrar álmunnar er 35 ½ alin.

4. Norðurálman er 26 álna löng og 7 álna breið. Í álmunni eru tvö hús, skálinn þar sem eru vistarverur þjónustufólks hans hátignar á bænum og salthúsið þar hjá sem notað er til að geyma vistir. Það er hlaðið úr torfi, grjóti og timbri að íslenskum hætti og getur staðið enn í nokkur ár ef gert er við það.

5. Beyer landfógeti lét í fyrra smíða nýtt hlið fyrir húsagarðinn með loku og lás. Hliðið er milli austurgafls norðurálmu og vesturhliðar eystri álm, þar sem nú er vistarvera Beyers landfógeta.

6. Stofa með fimm góðum gluggum, 8 ½ álna breið við norðurgafli og 8 álna löng. Hún er með bindingsverki að utanverðu og föðruð að innan með borðum. Yfir henni er loft með tveimur gluggum sem nú er notað fyrir borðstofu með litlu herbergi sunnan við fyrir ofan kjallarann með einum gömlum glugga. Við enda austurhliðar stofunnar hefur Beyer landfógeti látið byggja lítið herbergi úr timbri og borðum sem enn stendur. Það er með þremur gluggum og bæði dyr og loku úr stofunni og út úr húsi.

7. Sunnan við ofanefnda stofu og smáherbergi er herbergi sem nefnist Heidemansstofa. Yfir henni er loft sem orðið er harla lélegt og nær ónýtt að ofan og neðan sem á eru fjórir ónýtir gluggar.

8. Austan við þessa stofu er lítið herbergi, með tveimur hrörlegum gluggum, sem nefnist Anders Íversens kammer, hlaðið úr bindingsverki og múr, sem nú er illa farið og hrörlegt af fúa og regni.

9. Sunnan við Heidemannsstofu, í álmunni sem liggur í austur – vestur, er forstofa, austan við

brugghús með tveimur gömlum skorsteinum, með dyr út í húsagarðinn. Hún stendur á sökklum. Bitarnir eru fúnir og húsin eru að falli komin ásamt hinum tveimur litlu herbergjum sem einnig eru allhrörleg.

10. Suður frá forstofunni er lítið herbergi sem nefnist ofnstofa. Stofan er 8 álna löng og 7 álna breið, byggð úr bindingsverki með 2 gömlum gluggum. Yfir henni er loft sem er allt gamalt og hrörlegt. Einkum er þakið ónýtt. Þessi austurálma er alls 32 álna löng.

11. Suðurálman samanstendur af gamalli borðstofu, herbergi dönsku þjónanna ásamt eldhúsi amtmannsins. Hin tvö síðarnefndu eru illa farin og hrörleg. Á milli herbergis þjónustufólks og eldhúss amtmanns er forstofa með dyrum og inngangi inn í húsagarðinn. Forstofan er líka illa farin og hrörleg.

12. Vestan við eldhús amtmanns, sem er afar illa farið og að mestu hrunið, með skorsteini og öllu, lét Beier landfógeti í fyrra byggja annað minna hús úr gamla timbrinu og má þar sjá allmarga gamla múrsteina sem áður voru í skorsteini í eldhúsinu. Þessi suðurálma er alls 35 ½ alin að lengd og 9 álna breið.


13. Skammt frá bænum er fjós sem stendur við heygarð. Það er með 6 bása og þarfnast viðgerðar ef kýrnar eiga að lifa veturinn af þar inni.

14. Hesthús standa þar hjá með 5 fögum, líka afar hrörleg.

15. Smíðja sem Beyer landfógeti lét byggja er enn með fýsibelg og uppistandandi múr, en timbur og veggir eru hrörlegir.

16. Hús eitt er niður við sjó og nefnist sjóbúð. Það er um 12 álna langt og 7 álna breitt að innanmáli og er notað til þess að geyma eftir þörfum ýmislegt sem tilheyrir bátum hans hátignar. Húsið, sem er gert af stoðum, sperrum og bjálkum og veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, er nú mjög hrörlegt að ofan og neðan.

Meðan á úttektinni stóð óskaði Willem Verhofen, fálkafangari hans hátignar, eftir að ástand fálkahússins yrði líka skoðað. Þakið reyndist vera svo illa farið að fálkar konungs



Mynd 8. Uppdráttur Pingels af Bessastöðum frá 1751 í Þjóðskjalasafni. Fyrirsögnin er: GRUNDRIS AF SAMTLIGE BYGNINGER PAA KONGENS GAARD BESSESTED. A. Kirkjan. B. Nýja húsið. C. Gamla húsið. a. Stofa. b. Herbergi þjónustufólks. c. Til turnsins. D. Gamla hús fógetans. a. Stofa. b. Herbergi. c. Barnaherbergi. d. Búr. e. Eldhús f. Borðstofa. E. Fálkahúsið (ÞÍ. Teikn. 6/4. Þjóðskjalasafn Íslands).

gátu ekki staðið þurrir í rigningu. Voru allir lektarar það fúnir að óttast var að þakið félli inn og yrði til skaða ef ekki yrði nýtt þak lagt á næsta ári. Staðsetning fálkahússins er ekki ljós en samkvæmt teikningu frá 1751 var það rétt að baki landfógetabústaðarins (sjá mynd 8).

Með ofangreindu bréfi Raben stiftamt-manns birtust einnig, sem fylgiskjal, fyrstu myndir af húsum á Bessastöðum. Þetta er teikningin Plan og prospect af Bessestedts kongsgaard, frá 1720 (mynd 5). Hún sýnir að byggingarnar mynda ferhyrning þannig að innan þeirra myndast dálítill húsagarður. Landfógetabústaður var í álmunni sem er til vinstri og amtmaður í álmunni til hægri, sem búið er að rífa að hluta. Í álmunni sem er næst eru skemmur en þjónustufólk bjó í þeirri sem er fjærst. Timburkirkja er skammt frá amtmanns-álmunni og liggur kirkjugarður aðeins að

austurgafli kirkjunnar. Segir um hana á skýr-ingartexta með teikningunni: G. Kallast kirkja heilags Nikulásar. Byggð úr timbri og að hluta mjög illa farin og hrörleg. n. Stóru kirkjudyrnar. o. Litlar dyr inn í kirkju. p. Smá haugar á leiðum í kirkjugarðinum umhverfis kirkjuna. q. Tveir jarðhaugar sem hlaðnir hafa verið við hlið hvors annars með gangi á milli, beint fyrir framan kirkjudyrnar.

Nýtt hús úr bindingsverki var svo reist fyrir um 1000 rd. á árunum 1721 – 1725. Þetta hús rúmaði bæði landfógeta og amtmann. Ný teikning var gerð af því árið 1736 (mynd 6) og um leið óskað eftir viðgerð á því. Kostnaðar-áætlun eftir David Häusser hirðhúsameistara er til. Í skrá um efnisaðföng voru m.a. nefndar 34 tylftir gotlenskra borða, 4000 fjöggra þumlunga naglar, 6000 skánskir múrsteinar og fimm lestir af kalki. Þetta sýnir m.a. að húsið hefur verið

múrað upp í binding (Finsen og Hiort, 1978:51). Rúmum áratug síðar virðist ástand hússins aftur vera orðið mjög slæmt og voru margvíslegar viðgerðir og umbætur gerðar á því fyrir um 1500 rd. á árunum 1748 – 1752. Thurah hirðhúsameistari skilaði kostnaðar-áætlun fyrir efni og útgjöldum vegna endurbótanna og hljóðaði hún upp á tæpa 1000 rd. Þar var m.a. talinn upp borðviður, naglar, tjara og óverulegt magn af múrsteinum. Skömmu síðar var húsið svo aftur talið lélegt (Finsen og Hiort, 1978:51; Einar Laxness, 1985:31).

Á árunum 1749 – 1754 bjó Skúli Magnússon landfógeti á Bessastöðum. Í upphafi var hann þar ásamt Pingel amtmanni, en síðan einn. Hann setti þar niður ullarverksmiðju Innréttlinganna árið 1752 þar til verksmiðju-húsin voru fullgerð í Reykjavík og verksmiðjan þá flutt þangað árið 1755. Um var að ræða svonefnda klæðavefsmiðju og störfuðu við hana fimm erlendir iðnaðarmenn og allt að fjórtán Íslendingar (Hrefna Róbertsóttir, 2001:29-31, 143-157). Á meðan verksmiðjan var starfrækt á Bessastöðum virðist húsakosti hafa hrakað mjög á staðnum. Eftir að hún fór mun ástandið lítið hafa skánað (Einar Laxness, 1985:31).

Árið 1751 gerir Pingel amtmaður uppdrátt af íbúðarhúsi embættismanna á staðnum (mynd 7) og *kort af húsaskipan á Bessastöðum* (mynd 8). Þar sést m.a. staðsetning *Fálkahúss* að baki landfógetabústaðarins. Fálkahúsið virðist þá vera eitt af stærstu húsunum á staðnum. Óvíst er hvenær það var reist upphaflega og hve lengi það stóð. Það er talið upp í úttekt árið 1663 og er þá sagt vera fimm stafgólf. Líklega hefur það staðið fram til 1763, þegar húsið var flutt til Reykjavíkur (ÞÍ. OA/5-11, 1663; Vilhjálmur Þ. Gíslason, 1947:119).

Á árunum 1756 – 1758 bjó á Bessastöðum Hastfer barón, sænskur maður sem kom til landsins vegna tilrauna í fjárrækt á vegum Innréttlinganna. Síðasta árið átti hann frumkvæði að því að rækta þar fyrstu kartöflurnar sem spruttu á Íslandi. Munu köld og léleg húsakynni á Bessastöðum hafa farið illa með heilsu hans (Einar Laxness, 1985:32).


Heimildir eftir 1760

Nýr kafli í sögu Bessastaða hófst upp úr 1760 þegar Bessastaðastofa var reist. Magnús Gíslason, Leirá, var skipaður amtmaður fyrstur Íslendinga frá 1757 til 1766. Hann sat um kyrrt á Leirá vegna þess að Bessastaðahús voru þá sem fyrr í algerri niðurníðslu. Bjarni Pálsson var síðan skipaður landlæknir og bjó hann fyrst á Bessastöðum í þrjú ár um 1760 – 1763 á meðan reistur var embættisbústaður í Nesi við Seltjörn. Þannig hófst fyrsta formlega lækna-kennslan á Íslandi á Bessastöðum og þar var líka fyrst lyfsala á Íslandi (Einar Laxness, 1985:32; Jón Ólafur Ísberg, 2005:63-64).

Bessastaðastofa var byggð á árunum 1761 – 1767. Hún er eitt af elstu varðveittu steinhúsum landsins. Talið er að húsið sé teiknað af Laurits de Thurah hirðhúsameistara eða eftirmanni hans, Jacob Fortling. Upprunaleg teikning af húsinu hefur ekki varðveist en uppmælingar eftir Arne Finsen frá 1933 og síðan eftir Þorstein Gunnarsson sýna útlit hússins og hvernig það hefur verið innréttað í upphafi (Finsen og Hiort, 1978:50-63; Þorsteinn Gunnarsson, 1990:265-266; Hörður Ágústsson, 1998:276-278).

Í lýsingu kemur fram að veggir voru hlaðnir úr tilhöggnu íslensku grágrýti og múrað á milli. Kalk, sandur og timbur var flutt frá Danmörku. Veggir voru rúmur metri á þykkt og þakið reist úr 28 „pommerskum“ bjálkum. Byggingarkostnaður við uppgjör 1767 er sagður vera 4292 rd. og sjö skildingar. Gert var ráð fyrir 30 rd. viðhaldskostnaði árlega (Einar Laxness, 1985:33).

Í upphafi var ekkert forhýsi framan við inngang Bessastaðastofu og engir kvistir á þaki hennar að framanverðu, líkt og síðar varð. Árið 1765 var kominn raki í vegg Bessastaðastofu og gaflar láku. Magnús Gíslason amtmaður óskaði eftir að fá sendan dúk sem nefndur er „Boy dúkur“ og talið er að hafi verið þéttur ullardúkur til að veggfóðra í borðstofu, kamínustofu og stásstofu (Finsen og Hiort, 1978:61). Ekki er þó alveg ljóst úr hverju þessi dúkur var nákvæmlega. Hugsanlega var um að ræða



Mynd 9. Þessi grunnmynd frá fyrri hluta 19. aldar fannst nýlega í Þjóðskjalasafni Íslands. Hún sýnir herbergjaskipan í Bessastaðastofu og í þriggja álmu timburhúsi austan við hana (ÞÍ. Teikn. 6/6. Bessastaðir óársett. Ljós. Þjóðskjalasafn Íslands).

þykkar pappírsdúk sem búinn var til úr tau-bútum og trefjamassa, eins og síðar fannst við uppgröftinn.

Úttekt var gerð á Bessastaðastofu árið 1767 af Guðmundi Rafnssyni sýslumanni. Þar segir m.a. í lýsingu á húsaskipan:

„Vestanmegin er stór forstofa í 6 fögum (þ.e. bitabilum eða bitagólfum) með einu gluggafagi og hálfu fagi hvorum megin við aðaldir hússins. Til hægri við forstofuna er kamínustofan í 6 fögum og með tveimur gluggaopum, múraðri kamínu og gífsuðu lofti. Bak við hana (innar af henni)

er lítið *skrifkames* í tveimur fögum og með einu gluggaopi. Veggurinn milli þessara tveggja herbergja er úr bindingsverki. Til vinstri við forstofuna er *stásstofan*, sem er í sex fögum og með tveimur gluggaopum. Í þessari stofu er stór bíleggjaraofn og gífsað loft. Þar innar af er svo *skrifkames*, lítið eitt stærra en hitt, í þremur fögum og með einu gluggaopi. Austanmegin í húsinu er *eldhúsið*, í 4 ½ fagi og með einu gluggaopi. Í því er múrað eldstæði, 4 álnir á breidd og 2 álnir á dýpt, og við hliðina á því er afþiljað *spísskames* (búr) með tilheyrandi hillum. Bak við eldhúsið er *svefnherbergi* í 4 ½ fagi og með einu gluggaopi. Hinum megin við eldhúsið er *borðstofan*, í sex fögum og með tveimur gluggaopum, múruðum kakalofni og gífsuðu lofti. Innar af borðstofunni er *amtsstofan*, sem er í fimm fögum og með tveimur gluggaopum. Í amtsstofunni er bíleggjaraofn og hillur frá gólfi upp í loft fyrir embættisbækur og skjöl amtsins.

Frá forstofu liggja tröppur niður í *kjallarann*, sem er undir stásstofunni, og þaðan er einnig stigi upp á *loftið*. Þar hafa verið innréttuð tvö herbergi, sitt í hvorum enda loftsins og skilin frá því með bindingsverksveggjum, þiljuðum báðum megin. Á hvoru herbergi er gluggi „af 9 rúðu stærð“. Á loftinu er tvöföld klæðning úr borðum, annað er lagt milli sperra og hanabjálka, hitt neglt ofan á hanabjálkana. Á loftinu eru tveir þakgluggar, með tólf rúðum hvor, báðir á vesturhlið þaksins. Það voru þá engir kvistir til að rjúfa hinn stóra þakflöt. Af loftinu liggur stigi með handriði upp á hanabjálkaloftið en það nær eftir endilöngu húsinu. Einnig eru tveir þakgluggar á vesturhlið, en þeir eru litlir og með kringlóttum rúðum“ (Finsen og Hiort, 1978:50-60).

Áhugaverðar upplýsingar koma líka fram um hvaða litir voru notaðir í Bessastaðastofu á þessum tíma. Meðal annars má nefna að allt tréverk var málað með gráum olíulit sem nefndist perlugrunnfarvi. Reykháfar voru þiljaðir að utan og málaðir gráir. Allar hurðir með körmum og dyraumbúnaði voru málaðar í bláum perlugrunnfarva. Hillur í amtsstofunni voru málaðar í grænum lit og stiginn upp á loft

var rauður (Finsen og Hiort, 1978:57-60).

Í úttektarlýsingunni frá 1767 er sagt í upptalningu um önnur hús á staðnum að þau séu flest talin mjög hrörleg:

2. *Torfhús* (móhús), byggt upp af timbri gamla amtmannshússins. Með torfveggjum og torfþaki en þiljað að innan.
3. Svonefnd *gamla amtsstofa* sem notuð er undir matvælageymslu, sögð mjög fúin og hrörleg.
4. *Hús vinnufólksins*, skálinn, með torfveggjum og torfþaki, byggðum á íslenskan máta, einnig sagður fúinn og hrörlegur.
5. *Fjós* fyrir sex kýr, sagt hrörlegt og ónýtt.
6. *Smíðja*, byggð á íslenskan máta, mjög hrörleg.
7. *Sjóbúð* með torfveggjum og röftum, undir torfþaki. Mjög hrörleg og illa farin.
8. *Hesthús*, sem er þaklaust.

Ólafur Stefánsson, amtmaður og tengdasonur Magnúsar, lét gera endurbætur á staðnum á eigin kostnað á árunum 1766-1771. Hann endurreisti ýmis þeirra húsa sem fyrir voru. M.a. lét hann byggja *nýtt móhús* og *stækka fjós*, svo að þar rúmuðust 16 kýr (Finsen og Hiort, 1978:62). Á árunum 1773 – 1795 var *steinkirkja hlaðin utan um gömlu kirkjunu*. Stendur hún enn. Múrarmeistari var Þorgrímur Þorláksson (Þorsteinn Gunnarsson, 2008:20-39).

Lærði skólinn var fluttur frá Reykjavík að Bessastöðum árið 1805 og var þar til húsa til 1846. Aðalskólahúsið var í Bessastaðastofu en einnig tilheyrðu skólanum þrjú sambyggð timburhús austan við hana. Í miðhúsinu, sem talið er að hafi verið byggt árið 1807, bjó Sveinbjörn Egilsson. Þar voru m.a. tvær stórar stofur, bláa stofa og gula stofa. Öðrum megin við það var geymsluhús sem nefndist „flauan“, en hinum megin var Schevingshús, sem var þröngt og herbergi lítil. Í kansallíbréfi frá 18. maí 1805 kemur fram að ráðgert sé að flytja mikið byggingarefni til Bessastaða, m.a. „mikið af múrsteini, 8 tunnur af kalki, 100 stykki af þakhellum og kistu af norsku gluggagleri“ (Vilhjálmur Þ. Gíslason, 1947:152 og 166-168).

Nýlega fannst í Þjóðskjalasafni, í bréfasafni Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1821-1822,



Mynd 10. Teikning úr ferðabók John Barrows frá 1834 þegar Bessastaðaskóli var í Bessastaðastofu. Á teikningunni sést að húsið hefur fjóra litla kvisti á þaki, tveir eru á lofti og tveir á háalofti. Tveir gluggar eru auk þess á norðurgasli. Forstofa er ekki komin framan við útidyrnar. Grjótgarðurinn umhverfis kirkjugarðinn er líklega sá sami og fannst við fornleifauppgröftinn árið 1988.

mjög áhugaverð og áður óbirt teikning af Bessastaðastofu og stóru timburhúsi sem stendur austan við hana (mynd 9) (ÞÍ. Sýsl. Gull.– og Kjós. II/7B, 1822). Skýringartexti um hvert hús og herbergi er skrifaður inn á teikninguna og þar koma fram ýmsar nýjar upplýsingar varðandi herbergjaskipan og innréttingar húsanna. Gunnar Örn Hannesson og Björk Ingimundardóttir, starfsmenn á Þjóðskjalasafni, lásu úr textunum sem eru birtir hér með góðfúslegu leyfi þeirra:

**Bessestad Hovedbygning
(Bessastaðastofa)**

Í Bessastaðastofu hefur herbergjum og byggingahlutum verið gefið bókstafsheiti og skýringartextinn settur utan við bygginguna.

A. Forstue

B. Dagligstue

C. Kammer

D. Lygeledes med Kakkelovner og tapiserie samt paneel

E. Kjøkken med F. Arnested

G. Spisekammer med hylde

H. Contoir, J. Ligesaa med kakkelovne og reoler til archiv

K. og L. Værelser med kakkelovner for en lærer

M. Skorstenspiben med indentes til ad lægge i arenen i H. J. K.

N. Trapper

Hovedbygningens Loft

Hér er textinn settur inn við hvert herbergi. Í upptalningu á skýringum er talið neðan frá og upp og frá vinstri til hægri: *Værelser til bibliotek med Reoler; Værelse med kakkelovne; Kammer og Kammer.*

Træbygningen

Þetta er timburhús sem stendur rétt austan við Bessastaðastofu. Það hefur þrjár álmur, norður-, austur-, og suðurálmur. Við norðurálmuna stendur:

Bopæl for Øiconomen, eða vistarverur ráðsmanns. Vestast er Pige-kammer ell[er] Spisekammer; Kjøkken; skursten; gang med trappe. Austast eru þrjú herbergi: Værelser.

Í miðálmunni eru kennslustofur og matsalur: Syðst er *Læsestuen med borde, bænke og Chatheder*; austan við lesstofuna er *gang*; þá kemur *forstue med trappe*. Norðan við anddyrið eru tvær stofur: *Skolens læsestue med bord, bænke og Catheder* og *Skolens spisestue med bord og bænke*. Vestast í suðurálmum er *Pigekammer*, þá *Kjökken, forstue med trappe* og *Spiskammer*; *Stue*; *Kammer* og austasta herbergið er: *Sygestue med tvende sengestede*. Hér er tvennt sem vekur nokkra athygli. Annars vegar að það skuli hafa verið sérstakt sjúkraherbergi í skólanum, og hins vegar að það hafi verið staðsett við hlið skólastofunnar.

Træbygningens Loft

Á loftinu eru svefnherbergi skólapilta og lokrekkjur. *Alkover* og *Sovekammer med alkover for disciplinene*.

Talið var að Fredrik K. Trampe hefði hafið byggingu á nýju timburhúsi að baki Bessastaðastofu árið 1807, en ekki var vitað með vissu hvort sú bygging var nokkurn tíma fullgerð (Vilhjálmur Þ. Gíslason, 1947:168). Hin nýfundna teikning af timburhúsunum að baki Bessastaðastofu virðist ótvíræður vitnisburður um að húsið var byggt. Ekki er ólíklegt að það hafi verið ein af ofangreindum þremur álmum timburhússins, sem sýndar eru á teikningunni. Ef svo er þá þarf ekki að efast um að það hefur verið byggt. Margar ófagrar lýsingar eru til frá Bessastöðum á þeim tíma. M.a. kemur fram í fremur lítt þekktri frásögn Johns Barrow, sem heimsótti skólann árið 1834, að húsið sé gott en að mikill sóðaskapur sé í skólanum (Barrow, 1835) (sjá mynd 10 og viðauka á bls. 195).

3. kafli – Uppgriftarsvæði 1987

Svæði U1-U5 (A-E), undir Bessastaðastofu	107 m²
Uppgröftur hófst undir gólfi í borðstofu Bessastaðastofu og færðist síðan til annarra herbergja. Uppgriftarsvæðin voru aðgreind með bókstöfum frá A – E og voru herbergin notuð til aðgreiningar. Svæði A – D voru grafinn upp vorið 1987 en svæði U5 (E) var að hluta til rannsakað haustið 1987. Veturinn 1989 var uppgrefti haldið áfram á svæði U5. Þá var komið niður á eldri minjar sem getið er lítillega hér en greint frekar frá þeim síðar í skýrslu um það ár. Við byggingu Bessastaðastofu höfðu sökkjar undir útveggjum og sökkull eftir henni endilangri verið grafnir niður á fast og skorið sundur mannvistarlögin.	
Svæði U6-U8 (F, H og I), við eystri heimreið	277 m²
Þessi svæði voru fyrir framan Bessastaðastofu. Svæði U6 (F), var undir veginum sem lá að Bessastaðastofu og beggja vegna við tröppur hennar. Það var grafið upp vor og sumar árið 1987. Svæði U7 (H) var undir tröppum Bessastaðastofu og svæði U8 (I) var lagnaskurður við SV-horn hennar.	
Svæði U9 (G) við vestari heimreið	266 m²
Upphaflegt heiti svæðisins var Svæði G en það gekk einnig undir heitinu vestari aðkeyrsla eða heimreið. Lá það undir vegstæði við austurgöfl kirkjunnar. Svæðið var rannsakað um sumarið og haustið 1987.	
Svæði U10 (J), við kirkjutröppur	8 m²
Þetta svæði var skurður norðan við kirkjutröppurnar og var rannsakað í apríl 1987. Upphaflegt heiti var Svæði J.	
Svæði U11 (K), austan við Hjáleigu	24 m²
Svæðið var að baki svonefndrar Hjáleigu og fjóss og var rannsakað í september 1987. Upphaflegt heiti var Svæði K eða vagnhús.	
Heildarumfang uppgriftar	682 m²


Bæjarhús á Bessastöðum voru upphaflega reist á fornum jökulruðningi (Kristján Eldjárn, 1982:133). Jökulaldan, sem er grá og leirkennd, er hæst um 7 m yfir sjávarmáli. Umhverfis bæjarhúsin hafa, í gegnum aldirnar, hlaðist upp mannvistarlög og myndað um 150 x 50 m stóran bæjarhól. Yfirborð hans er nú hæst um 9,5 m yfir sjávarmáli. Undir norðurhluta Bessastaðastofu voru mannvistarlög um 2,5 m þykk, þar sem áður var hæsti hluti jökulássins, en undir suðurhluta stofunnar voru mannvistarlögin allt að 3,5 m þykk og náðu sökkjar stofunnar jafnlangt niður.

Á Bessastöðum hafa fundist fjögur gjóskulög frá sögulegum tíma. Hafa þau nýst vel við aldursgreiningar á minjum og mannvistarlögum. Þetta eru hið svonefnda Landnámslag (LNL), sem er aldursgreint til tímabilsins 870 - 880; Kötulag/Eldgjá frá fyrri hluta 10. aldar (K-R/E-1); svonefnt Miðaldalag frá

árunum 1231 – 1236 (ML) og Kötulag frá því um aldamótin 1500 (K~1500). Sjá nánar í 9. kafla.

Eins og áður sagði hófst fornleifauppgroftur undir gólfi borðstofu Bessastaðastofu og færðist síðan til annarra herbergja (myndir 11 og 13). Á um eins metra dýpi var komið niður á hellulögð gólf og veggjaleifar landfógetabústaðarins sem sést á teikningu frá 1720. Þar undir voru aðallega ruslalög úr öskuhaugum en þó fundust þar líka leifar bindingsverkshúsa frá 15. -16. öld.

Alls voru ellefu svæði rannsökuð, samtals um 680 m² að flatarmáli. Voru þau misstór, allt frá fimm fermetrum upp í rúmlega 260 m² hvert svæði. Umfang hvers uppgriftarsvæðis og í hvaða röð það var rannsakað, markaðist fyrst og fremst af því hvar þurfti að grafa hverju sinni vegna framkvæmda. Hverju svæði var upphaflega gefið heiti í bókstafsroð frá A - K. Á



Mynd 11. Grunnteikning af Bessastaðastofu og herbergjaskipan, eins og hún mun hafa verið upphaflega. Uppgröftur hófst í herbergi efst til hægri sem merkt er Amtstofa. Undir gólfinu mótar fyrir sex gólfbitum. Svonefndur bíleggjari, þ.e. járnofn sem kyntur er úr aðliggjandi herbergi, er tengdur úr arni (múruð kamína eða kakalofn) í Arinstofu (kaminustofu) inn í Amtstofu. Úr eldhúsi liggja bíleggjarar inn í stásstofu og svefnherbergi (Þorsteinn Gunnarsson, 1990).

næstu árum voru uppgriftarsvæðum gefin nöfn og númer eftir því hvar var verið að grafa, án þess þó að um samræmt kerfi væri að ræða. Þegar byrjað var að grafa í húsgarðinum að baki Bessastaðastofu árið 1989 fengu ný uppgriftarsvæði þar bókstafinn H+nr. Til þess að koma í veg fyrir rugling var í úrvinnslunni tekið upp hlaupandi númerakerfi fyrir hvert uppgriftarsvæði (U) og á það við alla rannsóknina í heild. Nauðsynlegt er samt að halda öllum eldri heitum til haga, vegna þess að þau má finna svo víða fyrir í frumgögnum, m.a. á teikningum, í uppgriftardagbókum, fundaskrá og einnig í greinum sem skrifaðar hafa verið um uppgröftinn. Þess vegna eru bæði gömul og ný heiti birt í yfirlitinu hér að framan yfir öll uppgriftarsvæðin frá 1987 - 1996. Á mynd 3 má sjá staðsetningu svæðanna.

Til þess að gera nánari grein fyrir umfangi alls uppgriftarins í tölum, má nefna að mannvistarlög bæjarhólsins á Bessastöðum ná líklega yfir um 11000 m². Uppgriftarsvæðin urðu 61

talsins, áður en yfir lauk, og rúmlega 4600 m² að flatarmáli. Þau náðu þannig yfir rúm 40 prósent bæjarhólsins. Þykkt mannvistarlaga var frá einum og upp í þrjú og hálfan metra, þannig að um 8000 – 9000 m³ jarðvegs munu hafa verið fjarlægðir af uppgriftarsvæðunum.

Uppgriftarsvæði 1

Svæði U1 var undir gólfum hinnar gömlu borðstofu og Amtstofu en þessar tvær stofur höfðu verið sameinaðar í eina stofu áður en framkvæmdir hófust. Svæðið sem grafið var upp var um 4 m breitt og 10,5 m langt, eða 42 m² að flatarmáli. Það var innan hnitapunktanna X190,2–194,4 og Y111–124. Uppgröfturinn hófst þegar búið var að grafa þvert yfir syðsta hluta stofunnar og finna gólf landfógetabústaðarins. Þá var hreinsað ofan af því og minjarnar teiknaðar í fleti og sniði. Teiknuð voru þrjú snið þvert yfir stofuna og tvö minni í norðurenda hennar. Lítið fannst af gripum. Flestir þeirra komu fram í gólfskán sem lá yfir hellugólfi en




Mynd 12. Í fornleifakjallara undir Bessastaðastofu, svæði U1 (sjá nánari umfjöllun um kjallarann í kafla 9). Til hægri er efri hluti sökkuls undir útvegg hússins. Múrveggurinn til vinstri fylgir útlínu mannvirkis frá um 1700, líklega landfógetabústað konungsgarðsins. Ofan á hellugólfinu til vinstri sjást sökklar sem voru undir milliveggjum Bessastaðastofu (ljósmynd GÓL-2007-1-6).

nokkrir voru í uppfyllingu. Tekin voru sýni af beinum, gjósku, viðarkolum og sandi.


Við upphaf uppgraftarins komu burðarsökkjar undir veggjum Bessastaðastofu fljótlega í ljós. Sökkjarnir voru tvenns konar. Annars vegar voru það burðarsökkjar grafnir hátt í þrjá metra niður á fast, undir útveggjum og undir húsinu endilöngu. Hins vegar voru það minni sökkjar undir öllum milliveggjum hússins. Mistök við upphaflegu gerð sökkjanna áttu líklega mikinn þátt í því hve húsið þurfti mikið viðhald, líkt og síðar verður vikið að.

Byggingarmeistara Bessastaðastofu hefur verið ljóst að undirstöður hússins þyrftu að hvíla á traustum grunni og því hefur verið ákveðið að grafa grunninn niður á fast. Þetta hefur væntanlega þótt nokkur nýlunda á Íslandi, þar sem ekki virðist hafa tíðkast að grafa niður fyrir veggjum bæjarhúsa (sjá t.d. Guðmundur Ólafsson og Svend Erik Albrethsen, 2000:115).


Neðsti hluti sökkjanna var gerður úr steinum sem kastað hafði verið niður í skurðinn án nokkurra bindiefna. Þegar búið var að fylla neðsta hluta sökkulskurðanna með steinum, þannig að þeir voru ekki nema um tveggja metra djúpir, var farið að setja múrblöndu niður á milli steinanna. Efsti hluti sökkjanna, sem er allt að metri á hæð, var hlaðinn og múraður eins og veggur stofunnar. Mikið verk hefur verið að grafa þessa djúpu skurði fyrir sökkjunum og fylla þá með steinum. Ljóst er af heimildum að það hefur komið mjög á óvart hve djúpt var niður á fasta undirstöðu fyrir veggina, enda reyndist verkið miklu umfangsmeira en gert hafði verið ráð fyrir. Öll fjárveitingin sem ætluð var til þess að byggja Bessastaðastofu fór í það að ganga frá sökkjunum fyrir húsið. Segir Magnús amtmaður að jafn mikið af grjóti hafi farið í grunninn og ætlað hafi verið í alla veggina (Vilhjálmur Þ. Gíslason, 1947:144-145).



Mynd 13. Uppgriftarsvæði 1 – 5 sem grafin voru upp 1987 og staðsetning sniða. Önnur svæði undir Bessastaðastofu voru grafin upp árið 1992 (kort G.Ó.).



Mynd 14. Yfirlit yfir helstu byggingaleifar sem komu í ljós undir Bessastaðastofu árið 1987. Steinarnir eru flestir hluti af hellulögðum gólfum mannvirkis frá 17. – 18. öld. Viðarleifarnar sýna hvar útveggir og millivegir hafa verið. Sennilega var þetta hluti af bústað landfógeta og hefur vesturhlið hans líklega lent undir sökkli Bessastaðastofu (kort G.Ó. og A.R.G.).



Mynd 15. Teikning T-1987-37 af borkjörnum á svæði UI (stofu A): 1. brún mold; 2. sandur, 3. brún mold (sást ekki í borkjarna 2); 4. bleik móaska (sást ekki í borkjarna 2); 5. brún mold; 6. hreyfð mold; 7. mannvistarlag (e.t.v. efsti hluti lags 8); 8. mannvistarlag, dökkbrún mold; 9. brún mold (sást ekki í borkjarna 1); 10. ljós-brún mold, óljósar mannvistarleifar; 11. óhreyfð ljós mold, fyrir upphaf byggðar.

Undir milliveggjum herbergja hússins voru einnig steinhlaðnir sökkjar en þeir voru aðeins grafnir niður um 0,7 m. Þessir sökkjar eru frístandandi frá djúpu burðarsökkjunum, þannig að þegar jarðvegur undir Bessastaðastofu þornaði smám saman, hefur myndast allt að 5 cm bil þar sem millisökkjarnir koma að burðarsökkjunum. Þeir hafa því fyrst og fremst gegnt hlutverki sem undirstöður fyrir milliveggi en virðist ekki hafa verið ætlaðir til að stífa útveggina af.

Undir borðstofu og Amtstofu fundust þrjár 50 - 60 cm breiðir sökkjar og voru um 2,5 -

2,75 m á milli þeirra. Þeir voru hlaðnir úr grjóti og múrað á milli steinanna. Nyrsti sökkullinn var nánast undir miðri borðstofunni, um 2,2 m sunnan við vegg milli eldhúss og borðstofu. Miðsökkullinn var þar sem skilveggur hafði upphaflega verið milli borðstofu og Amtstofu. Syðsti sökkullinn var fjarlægður við uppgröftinn en sá hluti hinna tveggja sem lá ofan á hellugólfinu var skilinn eftir til að sýna gerð þeirra og hvar þeir hefðu verið. Þegar grafið var frá þessum sökklum kom í ljós ástæðan fyrir því að gólf stofunnar hafði sigið. Sökkjarnir höfðu verið grafnir niður á hellulagt gólf landfógetabústaðarins sem er á um 70 - 80 cm dýpi undir gólfi Bessastaðastofu. Hin hellulögðu gólf voru hins vegar ekki undir öllu húsinu og þar sem hellulagt gólf var ekki fyrir hafði jarðvegurinn sigið meir undan þunga veggjanna. Þar höfðu sökkjarnir líka sigið nokkuð og sprunga myndast í þá.

Tveir samsíða sökkjar voru einnig undir millivegg borðstofu og eldhúss. Sá syðri var undir sjálfum veggnum, um 50 cm breiður og 50 cm djúpur. Steypt gólfplatan lá ofan á honum og eru steinarnir bundnir með kalkblöndu. Um 40 cm norðan við hann var enn annar sökkull sem var um 55 cm breiður og 70 cm djúpur. Á milli sökkjanna var blandað uppfyllingarefni. Lítil sem engin múrbindingur var í þessum sökkli.

Rétt undir gólfi Bessastaðastofu komu fljótlega í ljós raðir af steinum. Að jafnaði voru um 90 - 100 cm á milli þeirra og hafa gólfbitar Bessastaðastofu upphaflega hvílt á þeim. Yfirborð steinraðanna var yfirleitt um 5 - 10 cm neðar en sökkjarnir undir milliveggjum stofunnar. Sums staðar sást að raðirnar höfðu verið lagðar eftir að sökkjarnir voru reistir.

Uppfylling undir gólfi Bessastaðastofu var að jafnaði um 60 cm þykk. Yfirleitt var hún tvískipt. Efst var um 20 cm þykkt lag af mól og steinum og þar undir um 40 cm þykkt lag af blandaðri mold og mól. Þessi neðri hluti er líklega að hluta til kominn úr uppmokstri sökkulskurðanna sem grafnir voru þegar Bessastaðastofa var reist. Í uppfyllingunni voru líka múrsteinsbrot, torfusneplar og grjót úr eldri byggingum. Í þessu uppfyllingarlagi fundust



Mynd 16. Efri hluti sniðs A (T-1987-5) í suðurenda U1. Sjá má steina í gólfi landfógetabústaðar ofarlega fyrir miðju. Þar undir skiptast á móöskulög og torfusneplar úr eldri mannvirkjum. Sjá nánari skýringar á sniðteikningu hér að neðan (ljósmynd GÓL-1987-25-4).

allmargir gripir, sem geta bæði hafa lent þar þegar verið var að reisa Bessastaðastofu, en gætu einnig hafa komið úr eldri lögum bæjarhólsins innan úr sökkulskurðunum.

Þegar komið var niður á rúmlega tveggja metra dýpi í SA-horni Bessastaðastofu, voru tveir borkjarnar teknir niður á fast. Markmiðið var að kanna þykkt og samsetningu mannvistarlaganna þar undir. Borkjarni 1 var tekinn 50 cm frá austurvegg og 100 cm frá suðurvegg U1. Borkjarni 2 var tekinn um 100 cm frá austurvegg og 150 cm frá suðurvegg U1. Komst borinn niður á 1,3 m dýpi niður úr botni gryfjunnar.


Borkjarnarnir á mynd 15 (T-1987-37) gefa grófa vísbendingu um jarðlagaskipan þarna undir yfirborðinu og sýna fyrst og fremst að þarna eru óslitin mannvistarlæg niður á um 2,5 m dýpi frá núverandi yfirborði. Einnig sést að lítil ummerki eru um mannavist fyrst eftir landnám. Ekki virðast neinar byggingar hafa staðið þarna fyrr en að konungsgarðurinn er reistur, líklega á 17. öld eða í byrjun 18. aldar.

Fjögur snið voru teiknuð af jarðlögum á svæði U1. Snið A (T-1987-5) lá þvert yfir herbergið, rúmum tveimur metrum frá suðurgafli (myndir 16-18). Snið B (T-1987-6) lá þvert yfir norðurenda herbergisins. Snið C (T-1987-3) lá yfir mitt herbergið. Snið D (T-1987-4) var við miðja austurhlíð herbergisins. Staðsetning sniða er sýnd á mynd 14.

Snið A (T-1987-5) nær þvert yfir mannvistarlæg í syðri hluta borðstofunnar. Það var teiknað í tvennu lagi, vegna þess að árið 1987 var aðeins grafið niður að lagi 23. Þegar teikna átti neðri hluta sniðsins í febrúar 1989, kom í ljós að í millitíðinni hafði hluti sniðsins verið fjarlægður og þess vegna er eyða í það (nr. 28 á teikningu). Jarðvegssýni voru tekin úr neðstu lögum sniðsins og sýrustig þeirra mælt. Þegar sniðið var greint og hreinteiknað þurfti að aðgreina betur nokkur lög og breyttist upprunaleg númeraröð laganna nokkuð við það. Þar sem gömlu númerin geta komið fyrir í öðru samhengi, er vísað til þeirra innan sviga í lýsingunni á sniðinu hér að neðan:



Mynd 17. Innbyrðis afstaða jarðlaga í sniði A, samkvæmt teikningu T-1987-5.



Mynd 18. Teikning af sniði A (T-1987-5) í suðurenda U1. Efri hlutinn er teiknaður 3. mars 1987 og neðri hlutinn 24. og 25. febrúar 1989 (teikning G.Ó.).

Jarðlög í sniði A (T-1987-5)

1. Steinsteipt gólf. Steypan er misþykk, um 9 - 16 cm. Undir steypunni er tjörupappi.
2. Uppfylling af múrblöndu og gulum og rauðum múrsteinsbrotum. Hugsanlega veggjaleifar eldri bindingshúsa sem brotin hafa verið niður og sett í uppfyllingu undir Bessastaðastofu.
3. Steinlög, undirstaða undir gólfbita. Múrblandan fyllir upp milli steinanna. Auk múrsteins eru þar líka brot af 1,5 cm þykkum þaksteinum úr rauðleir.
4. Uppfylling. Umrótað lag blandað móösku og mold. Í laginu eru dreifðar beinaleifar, lítil múrsteinsbrot og einstaka viðarkol. Svört gjóska sást í tveimur flekkjum til hægri í sniðinu á 3,6 og 3,8 metrum.
5. Ljós sandur sem er bæði yfir, undir og á milli steina í gólfí 6. Leifar af beinum voru í laginu yfir steingólfinu. Hægra megin við steinana mótaði fyrir viðarleifum.
6. Hellulagt gólf. Engir steinar voru í rennunni. Grafíð hefur verið niður fyrir ytri veggjarbrún.
7. Hreyfð mold. Tveir steinar í þessu lagi virðast hafa tilheyrt hleðslu sem lá samsíða sniðinu rétt vestan við það. Yfir grjóthleðslunni og innan um hana er sjávarsandur blandaður finni skeljamylsnu. Þar innan um er líka múrsteinsmysna úr rauðum múrsteini. Neðst í þessu lagi er dálítið af beinum og skeljum.
8. Torfhnaus.
9. Ljós skeljasandur.
10. Rauðleit móaska, nokkuð blönduð mold og viðarkoladreif.
11. Ljósbleik og ljósgráleit móaska með viðarkoladreif.
12. Rauðleit móaska, nokkuð blönduð mold og viðarkoladreif. Viðarkolalag er í miðju laginu lengst til hægri.
13. Gráleit móaska blönduð rauðleitri móösku og viðarkolum.
14. Ljós móaska, í laginu eru næstum hvítir flekkir eða strípur. Innan um eru stórir viðarkolamolar og ljósbleik móaska.
15. Móaska blönduð torfusneplum. Á bilinu 0,5 - 2,20 m má greina leifar af hnausum sem eru allt að 13 cm þykkir og 30 cm breiðir. Gulbrúnar, rauðbrúnar og dökkbrúnar torfur.
16. Torfmoldir, blandaðar móösku.
17. Rauðleit móaska, allhrein, þ.e. laus við moldarblöndun. Innanum eru viðarkolaagnir.
18. Ljós mold.
19. Torfmoldir.
20. Torfmoldir. Þetta lag er nokkuð umrótað. Allþykkar leifar af hnausum neðst í laginu, einkum á 1 - 1,5 m og 2,5 - 3 m. Torfurnar eru mógráar að lit með rauðbrúnum strípum. E.t.v. er Landnámslagið á smá bletti í einni torfunni. Þykk og þunn móöskulög eru dreifð í þessu lagi.
21. Rauðleit móaska allhrein, laus við moldarblöndun. Viðarkoladreif er blönduð í móöskuna.
22. Rauð móaska, blönduð viðarkolum og skeljasandi.
23. Viðarkolalag. Viðarkola- og vikursýni (S-1987-13) var tekið úr þessu lagi (17).
24. Rauð móaska, blönduð viðarkolum og skeljasandi. Sama og lag 22.

25. Torfhleðsla með svörtu gjóskulagi. Lagið er með torfusneplum og dökkbrúnni mold, um 30 cm þykkt. Sýni (S-1987-1) var tekið úr þessu gjóskulagi sem er annað hvort Katla-1500 eða Miðaldalagið. Guðrún Larsen tók hluta af sýninu til gjóskulagagreiningar. Einnig voru í torfinu einstaka blettir úr Landnámsgjósku.
26. Ljósbrún mold. Í laginu er móöskudreif, sem virðist vera áfok og stöku viðarkolaagnir, einkum neðst.
27. Rauðleit móaska, blönduð viðarkolum, 2 – 3 cm að þykkt.
28. Eyða í snið. Sniðið var grafið burt á þessum 1,6 m breiða og 0,7 m djúpa hluta áður en náðist að teikna það.
29. Torfmoldir. Mjög blandað. Hugsanlega leifar af klömbruhleðslu, með um 15 cm löngum og 6 cm þykkum hnausum. Landnámsgjóska er í torfinu.
30. Viðarkolalag. Sýni (S-1987-2 og S-1987-9) voru tekin úr þessu lagi (22).
31. Mannvistarlag. Dökk mold, blönduð torfusneplum og móösku. Svört gjóska (sýni S-1989-7(9)) var í þessu lagi.
32. Hreyfð mold. Virðist vera niðurgröftur.
33. Mannvistarlag. Hugsanlega gólfskán. Lagið er dökkgrátt og lagskipt í mörgum þunnum lögum. Það er blandað mold, móösku, skeljum, brenndum beinum og einstaka viðarkolaögnum. Sýni (S-1987-11) var tekið úr neðsta hluta þessa lags (23). Einstaka blettur af landnámsgjósku var í þessu lagi.
34. Rauðleit móaska. Lagskipt mannvistarlag, svipað og lag nr. 33, en með miklu meiri móösku.
35. Ljósbrún mold. E.t.v. fokmold.
36. Mannvistarlag, dökkbrúnt að lit. Lagið er nokkuð þétt í sér og mjög lagskipt með láréttum þunnum lögum. Þetta virðist vera gólfskán, um 4 cm þykk. Sýni af leðri (S-1987-8) var tekið úr þessu lagi (23).
37. Rauðbleik móaska. Blönduð ljósbrúnni mold. Ofarlega í laginu er 1 mm þunn dökk rák sem gæti verið leifar af miðaldalaginu á sínum stað „in situ“. Gjóskulagasýni (S-1989-10) var tekið úr þessu lagi (27). Eftir því sem neðar dregur í laginu blandast móaskan meir ljósbrúnni mold. Viðarkolablettur var neðst til vinstri í laginu.
38. Torfmoldir, ljósbrúna að lit, blandaðar móösku og viðarkolaögnum. Lag nr. 37 sker þetta lag í sundur fyrir miðju sniði. Mjög lítill munur sést á milli neðsta hluta lags 37 og efsta hluta 38. Viðarkolasýni (S-1987-12) var tekið úr þessu lagi (28) á 3,1 – 3,15 m dýpi.
39. Leir. Blettir með gráum ísaldarleir.
40. Ljósbrún mold. Einstaka viðarkolaagnir.
41. Ljósbrún mold. Óhreyfð.
42. Sökkull. Efsti hluti sökkuls Bessastaðastofu er hlaðinn og múraður eins og veggur.
43. Sökkull. Neðri hluti sökkuls Bessastaðastofu hefur litla múrbindingu.
44. Sökkull. Neðsti hluti sökkulsins er án bindingar.
45. Sökkull. Efsti hluti sökkuls, hlaðinn og múraður eins og veggur. Sami og 42.
46. Sökkull. Neðri hluti sökkuls, hefur litla múrbindingu. Sami og 43.
47. Sökkull. Neðsti hluti sökkulsins, án bindingar. Sami og 44.

Fleiri jarðvegssýni voru tekin árið 1989 úr neðstu lögum sniðs A (T-1987-5). Aðeins lítill hluti þeirra hefur enn verið greindur og biður úrvinnslu.

Sniðið sýnir að sökklar undir útveggjum og miðjuás Bessastaðastofu hafa verið grafnir gegnum öll mannvistarlæg bæjarhólsins alveg niður á fast. Neðsti hluti þeirra (44) hefur verið fylltur upp með grjóti án nokkurrar múrbindingar. Miðhluti sökkulsins (43) hefur verið bundinn með múrblöndu en efsti hluti hans (42) hlaðinn upp og múraður eins og veggurinn. Undir Bessastaðastofu var um 80 cm þykk uppfylling (lag 4) sem var sennilega að mestu komin úr skurðum sem grafnir voru fyrir sökkulnum.

Lag 6 í sniðinu tilheyrir að öllum líkindum gólfi landfögetabústaðarins. Það var hellulagt og á milli steinanna var ljós skeljasandur, sams konar og var ofan á gólfinu og fyrir utan húsið. Hellugólfið endaði fyrir miðju sniði. Þar sem því lauk tók við sandur en þar var áður rás (lag 7) fyrir aurstokk. Í henni mátti sums staðar greina viðarleifar. Þar austan við var sendið yfirborðslag. Undir gólfinu var hreyfð mold og nokkrir steinar úr hleðslu eldra mannvirkis sem var að mestu hulið bak við sniðvegginn en kom í ljós þegar sniðveggurinn hrundi frá hleðslunni.

Undir þessum mannvirkjum var um 50 cm þykkur öskuhaugur (lög 10 – 14). Þar undir voru leifar af nokkrum misgömlum




Mynd 19. Snið B (T-1987-6) norðarlega á svæði U1. Hellur í gólfi eru fremst til vinstri og enda í leifum af aurstokki. Lengst til hægri í sniðinu má sjá leifar af klömbruhleðslu (ljósmynd GÓL-1987-25-7).

mannvirkjum úr torfi. Ekki virtist vera um að ræða eiginlega veggjahleðslu, þannig að líklega voru þessar torfmoldir leifar bygginga sem stóðu í næsta nágrenni við sniðið. Þannig skiptust á öskuhaugalög og byggingaleifar í sniðinu.

Á tæplega þriggja metra dýpi voru leifar torfveggjar (lag 28) þar sem klömbruhleðsla virðist koma fram í sniðinu. Í þessum vegg kom Landnámsgjóska fyrir í torfi. Í sniðinu sást hún hins vegar ekki *in situ*, sem bendir til þess að yfirborðslagið hafi verið rist ofan af þessu svæði skömmu eftir að umrædd gjóska féll og notað sem byggingarefni.

Snið B (T-1987-6) var tekið þvert yfir norðanvert svæði U1 (myndir 19 og 20). Hellugólfið til vinstri undir uppfyllingunni var látið óhreyft og þess vegna er ekkert snið þar undir. Hægra megin við gólfið var grafið niður á fast en neðri hluti sniðsins var aðeins teiknaður út frá borkjarna. Þegar augljóslega er um sömu lög að ræða og teiknuð voru í sniði A eru lagsnúmer þess sniðs sett innan sviga (sjá mynd 19 og 20).


Sýni nr.:	Tegund:	Nr. lags (eldra nr.)	Sýrustig
S-1989-14	Jarðvegssýni	Lag 15 (12)	Ph 5,2
S-1989-15	Jarðvegssýni	Lag 15 (12+1)	Ph 3,5
S-1989-16	Jarðvegssýni	Lag 15 (12+2)	Ph >3,5
S-1989-17	Jarðvegssýni	Lag 15 (12+3)	Ph 3,9
S-1989-18	Jarðvegssýni	Lag 26 (19)	Ph 3,8
S-1989-19	Jarðvegssýni	Lag 23 (17)	Ph 3,3
S-1989-20	Jarðvegssýni	Lag 25 (18)	Ph 3,8
S-1989-21	Jarðvegssýni	Lag 27 (20)	Ph 3,8
S-1989-22	Jarðvegssýni	Lag 29 (21)	Ph 4,0
S-1989-23	Jarðvegssýni	Lag 31 (22)	Ph 4,2
S-1989-24	Jarðvegssýni	Lag 33 (23)	Ph 3,6
S-1989-25	Jarðvegssýni	Lag 34 (24)	Ph <3,5
S-1989-26	Jarðvegssýni	Lag 35 (25)	Ph 4,4
S-1989-27	Jarðvegssýni	Lag 36 (26)	Ph 4,2
S-1989-28	Jarðvegssýni	Lag 37 (27)	Ph 4,2
S-1989-29	Jarðvegssýni	Lag 38 (28)	Ph 4,6
S-1989-30	Jarðvegssýni	Lag 39 (29)	Ph 5,6
S-1989-31	Jarðvegssýni	Lag 40 (30)	Ph 5,7
S-1989-32	Jarðvegssýni	Lag 41 (31)	Ph 5,8
S-1989-33	Mannvist.lag	Lag 33 (6/23)	



Mynd 20. Snið B (T-1987-6) á uppgraftarsvæði 1. Efri hluti sniðs. Tekinn var borkjarni niður úr botni sniðsins til þess að kanna dýpt og gerð neðstu mannvistarlaga (teikning G.Ó.).

Jarðlög í sniði B (T-1987-6)

1. Móaska blönduð mold. Allmiklar beinaleifar.
2. Móaska, meira blönduð mold en lag 18. Allmiklar beinaleifar.
3. Torfmoldir. Greina má gulbrúna og rauðbrúna hnausa.
4. Rauðbleik móaska.
5. Torfusneplar. Þetta lag virðist vera nokkuð umrótað. Landnámsgjóska er á einum bletti.
6. Rauðleit móaska. Blönduð torfusneplum, viðarkolum og skeljasandi.
7. Dökkbrún mold. E.t.v. mannvistarlag.
8. Torfmoldir. Sennilega úr hleðslu.
9. Rauð móaska.
10. Viðarkolalag.
11. Brún mold.
12. Rauð móaska.
13. Viðarkol og aska. Sýni S-1987-2 tekið.
14. Rauð móaska. blönduð viðarkolaögnum.
15. Viðarleifar.
16. Dökk mannvistarlög.
17. Viðarleifar.
18. Dökk mannvistarlög.
19. Bleik móaska, blönduð mold.
20. Rauð móaska.
21. Ljósbrún mannvistarlög. Blönduð viðarkolaögnum.
22. Ljósbrún mold.
23. Viðarkolalag. E.t.v. gólfskán.
24. Steinn.
25. Torfmoldir. Sennilega úr hleðslu.
26. Rauð móaska.
27. Viðarkolalag.
28. Brún mold.
29. Rauð móaska.
30. Viðarkol og aska. Sýni S-1987-2 var tekið úr þessu lagi.
31. Rauð móaska. blönduð viðarkolaögnum.
32. Viðarleifar.
33. Dökk mannvistarlög.
34. Viðarleifar.
35. Dökk mannvistarlög.
36. Bleik móaska, blönduð mold.
37. Rauð móaska.
38. Ljósbrún mannvistarlög. Blönduð viðarkolaögnum.
39. Ljósbrún mold.
40. Viðarkolalag. E.t.v. gólfskán.
41. Steinn.



Mynd 21. Snið C (T-1987-3). Múrsteinar og múrsteinabrot eru í appelsínugulum lit. Hruninn múrveggur var látinn óhreyfður og þess vegna var undirliggjandi hellugólf ekki teiknað (teikning: Mjöll Snæsðóttir, hreinteikning G.Ó.).

Jarðlög í sniði C (T-1987-3)

1. Steypt gólf Bessastaðastofu.
2. Púkk undir gólfi.
3. Holrúm, út við sökkul.
4. Uppfylling. Sandblendin mold blönduð með beinum, múrsteinsbrotum o.fl.
5. Möl og ljós sandur. Efst er lagið grófara og blandað múrsteinsbrotum.
6. Móaska blönduð mold og möl.
7. Múrsteinar. Leifar af hrundum múr landfógetabústaðar.
8. Gólfskán með brúnum og rauðleitum torfusneplum.
9. Hellugólf. Gólfið endar við rennuna nr. 10, en var ekki teiknað alla leið vegna þess að ekki var grafið gegnum múrsteinalagið nr. 7.
10. Renna fyrir fótstykki, full af sandi (eins og í lagi 5). Um 20 cm breið.
11. Rauðbleik móaska blönduð mold.
12. Torfmoldir. Ljós mold blönduð leir, múrbrötum og steinum. Járnnagli (BES-1987-969) fannst í þessu lagi.
13. Rauðbleik móaska blönduð mold.
14. Rauðbleik móaska blönduð mold og beinum.
15. Torfmoldir. Hreyfð, ljós mold blönduð

- móösku, leir, gjósku og viðarkolum.
16. Rauðbleik móaska blönduð mold.
17. Torfmoldir.
18. Viðarkol.
19. Rauð móaska blönduð viðarkolum.
20. Torfmoldir blandaðar móösku og viðarkolum.
21. Rauðbleik móaska blönduð mold og viðarkolaögnum.
22. Ljósbrún mold með einstaka viðarkolaögnum.
23. Leir. E.t.v. olíumengaður jarðvegur.
24. Ljósbrún óhreyfð mold.
25. Sökkull Bessastaðastofu.

Snið C (T-1987-3) var tekið á svæði U1, þvert yfir miðja borðstofuna, 40 cm norðan við gluggaskot miðglugga (mynd 21). Vinstra megin var aðeins grafið niður að hellulögðu gólfi, sem talið var vera leifar af gólfi landfógetabústaðarins. Austasti hluti gólfsins, sem var undir múrsteinalagi, var ekki teiknaður. Austan við hellugólfið var sniðið grafið alla leið niður á óhreyft. Frá gólfi Bessastaðastofu niður á óhreyft voru um 2,6 m.

Athyglisvert var að ofan á gólfinu voru leifar af múrvegg sem virðist hafa hrunið eða verið felldur inn yfir gólfið. Múrsteinarnir eru bæði gulir og rauðir að lit. Þeir voru mjög morknir og molnuðu við minnstu snertingu. Þess vegna var ákveðið að hrófla ekki við þeim og leyfa þeim heldur að vera áfram til sýnis á sínum stað (sjá nánari umfjöllun í kafla 9.2). Innan um múrsteinana mátti greina viðarleifar sem hafa hugsanlega tilheyrt bindingsverki húsgrindarinnar eða öðrum byggingarhlutum. Undir gólfi landfógetabústaðarins skiptust á móöskulög og torfmoldir. Ekki var hægt að greina neinar heilar byggingaleifar þar undir. Af sniðinu má ráða að þarna hafi ekki verið samfelld byggð og að íveruhúsin hafi staðið annars staðar á bæjarhólnum, en samt ekki langt frá.

Landnámslagið frá 871, sem er víða sýnilegt á Bessastöðum, vantaði neðst í sniðið. Getur það bent til þess að við landnám hafi þetta svæði verið notað til að rista torf í nálægar byggingar. Neðstu mannvistarlögin sýna einnig fremur lítinn vott um mannabyggð, sem styrkir þá skoðun að upphaflega byggðin hafi staðið annars staðar á bæjarhólnum.

Lag nr. 20 í sniði C var blandað lag af torfusneplum og móösku og sýnir líklega leifar af húsi sem virðist hafa verið jafnað við jörðu. Var það elsta mannvirkið sem sást í þessu sniði. Ofan á þessar torfmoldir hafði myndast um 20 cm þykkt öskuhaugalag úr móösku. Síðan tóku við viðarkolalag (lag 18) og torfmoldir (lag 17) sem gætu verið leifar af gólfi og veggjum aðeins yngra húss. Þannig skiptust á öskuhaugalög og mannvirkjaleifar úr torfi, allt þar til grunnur konungsgarðsins (lag 9 og 10) var lagður, með hellulögðu gólfi og múrsteinsveggjum, líklega á síðari hluta 17. aldar.

Sýni var tekið úr gjóskulögum á svæðum U1 og U2. Í sniðum á svæði U1 fundust leifar Miðaldalagsins á um 290 cm dýpi. Katla ~1500 fannst í torfi á rúmlega 120 cm dýpi.

Við gluggaskot á norðausturhlið herbergisins var jarðlagasnið D teiknað (T-1987-4) (mynd 22). Það var um 70 cm breitt og tveggja metra djúpt og sýnir svipaða jarðлага-

skipan og sést í sniði T-1987-3. Lag 5 og 6 er sambærilegt við lag 11 þar; lag 10 er sambærilegt við lag 16 þar og lag 11 er efsti hluti af lagi 17 í sniði T-1987-3. Neðri hluta mannvistarlaga vantar í sniðið.

Jarðlög í sniði D (T-1987-4)

1. *Steypt gólf* í Bessastaðastofu.
2. *Uppfylling*, möl og steinar.
3. *Uppfylling*. Blönduð mold og múrsteinabrot.
4. *Blönduð mold*, sandur, möl og móaska.
5. *Leir*.
6. *Móöskublettur*.
7. *Brennd bein*, smáblettur í lagi 4.
8. *Leir og möl*.
9. *Móaska*. Blönduð mold og agnir af viðarkolum og viðarleifum.
10. *Mold*, blönduð ögnum af viðarkolum, brenndum og óbrenndum beinum.
11. *Torfeða leir*.

Þegar komið var niður úr um 70 cm þykkri uppfyllingu undir gólfi Bessastaðastofu kom í ljós hellulögn í öllum vestari hluta herbergisins. Í syðsta hluta þess voru hleðslurnar sundurgrafnar á um 2,5 m kafla. Hellulögnin var rúmlega 8,6 m löng og gerð úr steinum sem eru frá um 25 – 50 cm í þvermál og um 15 cm að þykkt. Hún tilheyrði greinilega gólfi í manna-bústað sem virtist vera frá lokum 17. aldar eða fyrri hluta 18. aldar. Ofan á gólfinu var sendin gólfskán, allt að 5 cm þykk. Sandurinn virðist jafnframt hafa verið notaður til þess að fylla upp á milli gólfhellnanna. Að hluta til var þessi sandur ljós, innfluttur skeljasandur. Í gólfinu fundust leifar af óbrenndum og brenndum dýra-beinum.

Þar sem austurhlið gólfsins endaði tók við um 15 - 20 cm breið og 15 - 20 cm djúp rás. Hún var víðast full af sandi en í botni hennar mátti sums staðar sjá viðarleifar, sem urðu að mylsnu við snertingu. Undir viðarleifunum voru nokkrar hellur í botni rásarinnar. Engir steinar fundust austan við rásina, fyrir utan tvo syðst í sniði A, sem voru túlkaðir sem stuðningssteinar austanvert við fótstykki. Sérstaka athygli vakti að þessi austari gólfbrún var hvorki samsíða öðrum veggjum þessa húss né Bessastaðastofu. Austurhlið þess virtist því hafa verið mjórri að sunnanverðu en norðanverðu og snúið aðeins

meira í NV-SA en Bessastaðastofa. Syðsti hluti varðveitta gólfsins var um 1,8 m að breidd, en í norðurenda svæðisins var gólfið um 2,65 m breitt. Þetta var eini veggurinn sem fannst og sem hafði þessa stefnu.


Brúnin þar sem gólfið endaði og aurstokkurinn tók við var víðast hvar mjög skýr, þannig að ekki virtist leika nokkur vafi á stefnunni. Þegar yfirlitskort af svæðinu var skoðað, sást að þetta var svipuð stefna og á kirkjunni. Benti það til þess að húsið hafi upphaflega snúið eins og kirkjan, og að aurstokkurinn hafi snúið svona vegna þess að hann sýndi leifar eldra byggingaskeiðs. Talið var líklegt, að við endurbætur á húsinu hefði því verið snúið lítils háttar, þannig að það fékk að lokum þá stefnu sem síðan varð ríkjandi og bæjarhús á Bessastöðum hafa enn í dag, að kirkjunni undanskilinni.

Við úrvinnslu gagnanna og við samanburð á frumteikningum frá uppgreftinum 1987, ljósmyndum og öðrum gögnum, virðist ljóst að bakhlíð hússins og umbúnaður við fótstykkið var mistúlkað og ranglega staðsett við endurgerð veggjarins í fornleifakjallara.

Uppgrafarteikningar sýna að syðsti hluti gólfsins hefur í raun náð lengra til austurs en áður var talið. Þar með réttist austurhlíðin af og fellur hún nú betur að öðrum hlutum hússins en fyrri niðurstaða. Skálinan sem valin var til þess að sýna austurhlíð landfógetabústaðarins, og valdið hefur miklum heilabrotum alla tíð, er líklega orðin til vegna þess að austasti hluti hellugólfsins var fjarlægður að hluta við upphaf uppgraftarins af verktökum, án þess að eftir því væri tekið. Leiðrétt austurhlíð landfógetabústaðar er sýnd á mynd 37.

Ofan á gólfínu, rétt vestan við rásina og yfir henni, var hrúga af múrsteinum. Var hún túlkuð sem leifar af vegg, sem brotinn hafði verið niður þegar húsið var jafnað við jörðu og reisa átti Bessastaðastofu.

Þegar grafa þurfti nyrst á svæði U1 til þess að koma fyrir steypum stöpli í stað tveggja sökkla sem voru fjarlægðir, var fylgst með verkinu, þó erfitt hafi verið að athafna sig þar vegna þrengsla. Að mestu leyti var um að ræða



Mynd 22. Snið D (T-1987-4). 1 m er á milli krossa (teikning Mjöll Snæsdóttir).

móösku og torfmoldir, svipað og sunnar undir stofunni. Nokkru neðar en gólf landfógetabústaðarins virtust einnig stórar steinhleðslur liggja þvert yfir svæðið. Ekki var hægt að átta sig frekar á samhenginu þarna en sennilega var þetta veggur og gólf úr eldra húsi sem fannst við frekari uppgröft á svæðinu árið 1993. Neðst í botninum á holunni var óhreyft lag, mold og grjót. Ofan í það hafði verið grafin hola sem var full af viðarkolum. Hún var á 270 cm dýpi undir steypu gólfplötunni. Afstaða holunnar við önnur jarðlög bendir til þess að hún hafi verið frá 10. öld. Ekki var hægt að komast betur að henni en svo að rétt mátti greina hana í botninum. Hugsanlega hafa þessar viðarkolaleifar tilheyrt fornum seyði. Fjallað verður betur um hana síðar, í samhengi við aðrar minjar sem rannsakaðar voru þarna árið 1993.

Aðeins voru skráðir 26 gripir af svæði U1. Ellefu gripir fundust í uppfyllingu á 20 – 80 cm dýpi (lag 4 í sniðum A-C). Einkum voru það



Mynd 23. Leifar af hrundum múrvegg ofan á gólfhellum á svæði U1. Múrveggurinn virðist hafa verið jafnaður við jörðu (ljósmynd GÓL-1987-1-11).

glerbrot, járnnaclar, múrsteinsbrot, kítarpípa og eldtinna. Aðrir ellefu gripir fundust í gólflagi ofan á hellulögn, aðallega leirkerabrot. Fjórir gripir fundust í sniði T-1987-3.

Ef reynt er að gera grein fyrir byggingasögu á svæði U1, þá var alls staðar á vesturhelmingi svæðisins komið niður á hellulagt gólf, um 80 – 100 cm undir gólfi Bessastaðastofu. Hellulögnin var allt að 2,5 m breið. Þar sem hún endaði var sandfyllt rás, sem fótstycki hafði legið í. Samanburður við 18. aldar teikningar af Bessastöðum, lega hússins og afstaða þess við kirkjuna benda eindregið til þess að þetta séu leifar landfógetabústaðarins sem þar er sýndur.

Undir gólfi landfógetabústaðarins vottaði fyrir leifum af hellulögðu gólfi í eldra húsi sem stóð þar en afar lítil hluti þess var grafinn upp. Hugsanlega er þar um að ræða elsta byggingarskeið landfógetabústaðarins. Á norðurhluta svæðisins, um einum metra undir landfógetabústaðnum, voru aftur hellulögð gólf íveruhúsa sem staðið hafa þarna á 15. – 16. öld. Renna eftir fótstycki bendir til þess að þetta hafi einnig verið bindingsverkshús en ekki torfhús eins og hefð var fyrir að byggja héraendis á þessum tíma.

Enn neðar sáust leifar af veggjabrotum og þunnum gólfskánum húsa sem munu hafa staðið þarna á miðöldum. Um þau er lítið hægt að segja, annað en að þau hafi verið úr torfi og haft moldargólf.

Uppgriftarsvæði 2


Svæði U2 var undir gólfi svonefndrar arin- eða káminustofu og skrifstofu í suðausturhluta hússins (mynd 2). Svæðið lá innan hnita-punktanna X195-199 og Y111-118. Þar var arinn og frá honum lá bíleggjaraofn inn í borðstofuna. Svæðið er 4,2 m breitt og 7,2 m langt, alls um 30 m² að flatarmáli.

Þegar búið var að brjóta upp stofugólfið var svæðið undir því handhreinsað. Efsta lagið var uppfylling úr grjóti sem lagt hefur verið undir gólf Bessastaðastofu. Víða var um 5 – 10 cm bil á milli gólfs stofunnar og uppfyllingarinnar, sem stafaði hugsanlega af því að jarðvegurinn hafði sigið. Í uppfyllingu NA-horns stofunnar komu m.a. upp viðarleifar, textílar og glerbrot.


Í vesturhluta stofunnar var allt að 40 cm þykkt lag af brotnum gulum múrsteinum og múrsteinsbrotum. Steinunum var ekki ráðað skipulega, heldur hent í hrúgu, sem púkk undir gólfið.

Jarðlög í sniði T-1987-7

1. *Steinsteypt gólf* Bessastaðastofu. Það hafði sigið um allt að 6 cm við miðju herbergisins.
2. *Holrúm*. Uppfyllingin hefur sigið allt að 10 cm og veitir gólfinu engan stuðning.
3. *Steinlögn*. Undirstaða gólfbita í Arinstofu.
4. *Sökkull*. Efri hluti er múraður. 4 og 5 mynda sökkul undir skilvegg Arinstofu og skrifstofu.
5. *Sökkull*. Neðri hluti sökkuls er án múrbindingar.



Mynd 24. Hlaðnir sökklar og fleiri minjar á svæði U2 undir Arinstofu. Steinaraðir sem litaðar eru bláar eru leifar af undirstöðum fyrir gólfbita Bessastadastofu. Gullituð svæði eru leifar af leir- og sandblendinni gólfskán. Torfveggur er litaður brúnum röndum og torfmoldir eru litaðar brúnum stuttum strikum. Múrsteinar eru rauðlitaðir (frumteikning T-1987-10 af hluta minja á svæði U2, G.Ó.).



Mynd 25. Sniðið T-1987-7 var teiknað þar sem skilveggur var milli Arinstofu og skrifstofu. Þar var grafið niður að hellulögðu gólfi sem var um 1 m undir gólfi Bessastaðastofu. Vestan við hellugólfíð var tekinn 5 cm breiður borkjarni sem náði um 2 m niður fyrir yfirborðið. Til skýringar er hann sýndur 20 cm breiður (teikning G.Ó.).

6. *Gryfja* sem grafin hefur verið fyrir sökkul. Beinaleifar eru í botni gryfjunnar. Um 1,3 m breið og 65 cm djúp.
7. *Múrsteinar*. Líklega leifar úr eldra bindingsverkshúsi sem síðast stóð þarna og notað hefur verið í uppfyllingu undir gólf Bessastaðastofu.
8. *Uppfylling*, mold, möl, torfmoldir, múrsteinsbrot. Hugsanlega uppmokstur úr sökkulskurðum Bessastaðastofu. Í uppfyllingunni fundust gripir úr eldri mannvistarlögum.
9. *Torfmoldir*, m.a. svart gjóskulag í torfi og líklega rætur úr torfi.
10. *Leirlag* með gulleitum leir um 1 - 2 cm þykkt, og sums staðar slitrótt.
11. *Gólfskán*. Ljós skeljasandur. Mikið er af fiskbeinum í þessu lagi.
12. *Skeljasandur*, sjávarmöl. Finn skeljasandur, hvítleitur. Greining sýndi að þetta er líklega erlendur sjávarsandur. Efst til vinstri er aðeins grófari sjávarmöl. Allt að 12 cm þykk.
13. *Gólfskán*. Ljós sandur, blandaður beinum og viðarkolum. Um 2 – 6 cm þykkt lag, sem lá ofan á hellugólfínu.
14. *Renna* fyrir fótstykki. 20 cm breið og 10 cm djúp.
15. *Hellulagt gólf*. Gólfhellurnar halla lítilsháttar til vesturs.
16. *Steinaröð* utan við rennu. Virðist hafa verið steinaröð eins og lagðar hafa verið með útveggjum bindingsverkshúsa.
17. *Brún mold*. Hugsanlega torfmoldir. Neðri hluti þessa lags kom fram í borkjarna. Um 23 cm þykkt lag. Efsti hluti lagsins er líklega yfirborð sem er samtíma hellugólfínu.
18. *Ljós móaska*.
19. *Rauð móaska*.
20. *Dökkbrún mold*, blönduð torfi og viðarkolum.
21. *Rauð móaska*.
22. *Hreyfð mold*, blönduð móösku og viðarkolum.
23. *Viðarkolasalli*.
24. *Brún mold*.
25. *Rauð móaska*.
26. *Dökkbrún mold*. Mannvistarlög.
27. *Bleik móaska*.
28. *Hreyfð mold*. Mannvistarlög.
29. *Ljósbleik móaska*.
30. *Viðarkol*.
31. *Múraður sökkull* undir vesturvegg stofu.
32. *Múraður sökkull* undir millivegg í stofu.

Í laginu fundust m.a. viðarleifar, pússning með málningu á og rúðuglerbrot og ofan á því undir inngangi fundust m.a. leifar af pappaveggfóðri, dagblaðaleifar, snæri, bein o.fl. Hugsanlega eru þetta leifar af húsi (líklega landfógetabústað), sem virðist hafa verið tekið úr notkun og jafnað við jörðu þegar Bessastaðastofa var reist. Ekki er þó óhugsandi að þessar leifar hafi komið frá gömlum viðgerðum á Bessastaðastofu.

Undir múrsteinalaginu, rétt undir steypa gólfinu, komu fram fimm einfaldar raðir af flötum steinum þvert á stofuna með um eins metra millibili, líklega undirstöður undir gólfbita stofunnar (mynd 24).

Austan megin við miðjuna, inn af inngangi var eins og eyða væri í púkkið, um 0,9 x 1 m í þvermál. Í miðjum norðurhluta stofunnar, á milli tveggja steinraða, var önnur sambærileg eyða. Þar undir var um 0,9 x 0,6 m stór sótflekkur. Hann var e.t.v. undan einhvers konar eldstó. Í honum fannst rauður krítarpípuhaus. Svo virðist sem kveiktur hafi verið eldur meðan á byggingu Bessastaðastofu stóð og áður en gólfið var lagt.

Á yfirborði 18. aldar mannvirkja sem voru á um meters dýpi undir Bessastaðastofu fannst víða ljós sandur. Við greiningu reyndist hann vera af erlendum uppruna, eins og sá sem lýst var hér að framan. Það ber saman við heimildir um að bæði kalk og sandur hafi verið flutt inn frá Danmörku til þess að nota í byggingu Bessastaðastofu, vegna þess að menn trúðu því ekki að á Íslandi væri til sandur sem hægt væri að nota í múrverk (Vilhjálmur Þ. Gíslason, 1947:145).

Undir Arinstofu voru fjórir sökkjar, hlaðnir úr grjóti sem límt var saman með múrblöndu. Allir millisökkjar herbergisins voru um 0,6 – 0,7 m djúpir.

Sökkull A var 1,25 x 0,44 m stór sökkulbútur sem lá frá austri til vesturs á miðju gólfi í suðurhluta herbergisins. Ofan á honum þverum og endilöngum voru viðarleifar af gólfbitum Bessastaðastofu. Í honum miðjum var 10 cm breið gróp með viðarleifum, þar sem gólfbiti hefur legið eftir miðri stofunni endilangri. Grafið var fyrir sökklinum niður að

hellugólfi og þar hlaðin undirstaða undir það. Í efri hluta sökkulsins voru steinarnir festir saman með kalkblöndu en neðri hluti hans var án múrbindingar. Meðfram þessum stöpli fundust krítarpípubrot og fleiri lausafundir.

Sökkull B lá frá austri til vesturs og náði þvert yfir herbergið. Hann var 4 m langur og 0,5 m breiður. Hann var 60 cm djúpur og að hluta grafinn niður að hellulögn en vesturhluti hans lá ofan á torfvegg.

Sökkull C var grjóthlaðin undirstaða undir arin, eða bíleggjaraofn, sem stóð við vesturvegg herbergisins. Hann mældist 1,3 x 0,8 m að utanmáli, um 80 cm djúpur, grafinn niður á grjótlögn og bundinn með múrblöndu. Norðurhlið hans lá upp að sökkli B, sem gekk þvert yfir herbergið. Örlítið mjórri sökkull (D), 37 cm breiður, lá þvert á hann til norðurs út að undirstöðum norðurveggjar.

Sökkull D lá í norður – suður í norðausturhorni herbergisins, um 1,4 m frá austurvegg. Hann var bundinn með múrblöndu og mældist 1,70 x 0,45 m að utanmáli og 50 cm hár. Undir honum var einföld steinaröð um 16 cm að hæð, sem náði 22 - 27 cm út undan sökklinum að austanverðu. Þetta var líklega púkk undir honum sem virðist samkvæmt því hafa átt að vera breiðara í upphafi en reyndin varð. Þetta púkk lá ofan á hellulögninni. Fyrir framan hellulögnina var púkkað undir vegginn með lausagrjóti ofan í torfvegg, sem þar var. Vestast var veggurinn brotinn vegna þess að púkkið hafði sigið niður um 20 cm.

Eitt snið var teiknað á svæði U2 (T-1987-7). Það lá þvert yfir svæðið, sunnan við sökkulbút A sem þar var á miðju gólfi. Sniðið var aðeins teiknað niður á 1 m dýpi, þar eð ekki var grafið dýpra. Til þess að kanna mannvistarlögin þar undir var tekinn borkjarni sem náði niður á tæplega þriggja metra dýpi (mynd 25).

Af mannvistarlögum nr. 18 – 30 sem sáust í borkjarnanum og tekinn var niður úr 18. aldar yfirborði, mátti ráða að þar skiptast einkum á mold, móaska og viðarkoladreif. Bendir það til þess að framan af hafi þarna verið sorphaugur. Ekki varð vart við neina gjósku í þessum borkjarna, sem hægt var að nota til aldursviðmið-



Mynd 26. Þegar uppfylling á svæði U2 hafði verið fjarlægð komu í ljós vel varðveittar leifar eldri mannvirkja. Hér er horft til suðurs yfir hellulagt gólf til vinstri. Fyrir miðju er niðurfelld rás fyrir fótstykki eða gólfbita bindingsverkshúss. Þetta mannvirki er líklega hluti af landfógetabústað frá um 1700. Fyllt hefur verið upp í rásina fyrir miðju (ljósmynd GÓL-1987-02-4).

unar. Fyrstu eiginlegu byggingarleifarnar voru torf sem sást í lagi 20, rúmum einum metra yfir elstu mannvistarleifunum.

Undir austurhellingi Arinstofu kom í ljós 7 m langt og 1,4 m breitt hellulagt gólf, sem tilheyrir hefur húsi sem virðist vera frá því um 1700. Hellurnar voru að jafnaði um 20 – 30 cm í þvermál á syðri hluta svæðisins en um 10 – 30 cm í norðurhlutanum. Nálægt miðju voru tvær stórar hellur sem voru 70 – 80 cm í þvermál.

Við enda hellugólfsins var 20 cm breið og 10 cm djúp rás. Í botn hennar var raðað flötum steinum og syðst mynduðu átta múrsteinar botninn. Í rásinni hefur líklega verið fótstykki úr tré, sem hafði verið fjarlægt áður en húsið var rífið. Fylling í rásinni benti til þess að á síðasta byggingarskeiði hússins hafi verið fyllt upp í rásina að hluta, hugsanlega vegna nýs inngangs í húsið (mynd 26). Vestan megin við rásina var einföld röð steina sem lagðir höfðu

Mynd 27. Kvarnarsteinn (BES-1987-1148) sem lá á sendnu moldargólfi á svæði U2. Hann er úr glimmerskífer og um 50 cm í þvermál. Viðarleifar sjást til hægri (ljósmynd GÓL-1987-2-18).



verið upp á kant. Þar utan við var tvöföld steinaröð með flötum steinum.

Umbúnaðurinn, með hellugólfið öðru megin og steinaröðina hinum megin, bendir einna helst til þess að þarna hafi upphaflega verið fótstykki fyrir útvegg bindingsverkshúss. Af samhengi við minjarnar í kring að dæma, virðist þó líklegra að þetta hafi verið undirstaða undir millivegg í húsi, og að hellugólfið hafi tilheyrt austurhluta landfógetabústaðarins en svæðið vestan rennunnar hafi tilheyrt vesturhluta landfógetabústaðarins.

Undir uppfyllingunni var sand/moldarblandað yfirborð í NV-horni sem hækkaði aðeins til norðurs og var um 20 cm hærra innst í NV-horninu. Þetta yfirborðslag virðist hafa verið gólfskán í herbergi sem lá vestan við hellugólfið. Viðarleifar þar bentu einnig til þess að timburgólf hafi verið í þeim hluta, á einhverjum tíma meðan það var í notkun. Undir yfirborðslaginu í öllum suðurhluta stofunnar reyndist vera 5 - 20 cm þykkt torflag undir uppfyllingunni. Undir því var hreint skeljasandslag, með timburleifum og múrsteinum ofan á. Efri hluti kvarnarsteins (BES-1987-1148) úr erlendu flögubergi, svonefndu glimmerskífer, lá þarna á yfirborði og er enn á sínum stað til sýnis í fornleifakjallara. Steinninn er um 50 cm í þvermál (mynd 27).

Í suðurhellingi svæðis U2 lækkaði steinlögnin vestan við rásina eins og í þrepum niður til vesturs að torfveggnum. Gulleita leirlagið lá þar efst upp að steinlögninni og ofan á því voru

nokkrir múrsteinar. Steinlögnin vestan við sökkul B var gerð úr hnöttóttum steinum og fyllt upp á milli þeirra með sandi. Þar sem rennan endaði og norður að sökkli A virtist ekki hafa verið gólf, a.m.k. voru ekki flatar hellur þar. Hugsanlega hefur þarna verið skilveggur en hleðsla lá þar frá vestri til austurs.

Í norðvesturhluta svæðis U2 endaði steinlögnin sem lá þar hornrétt til vesturs. Hún var líklega hluti af veggjaundirstöðum. Ofan á henni og norðan við hana var nýtt moldargólf og þar við skilrúmin leifar af timburstokkum og nokkrir naglar. E.t.v. hefur þarna líka verið timburgólf. Yfir þessu timbri og öllu gólfinu var fremur þunnt sandlag, 1 - 5 cm. Þegar múrsteinar voru fjarlægðir ofan af neðstu steinaröðinni vestast á svæði U2, kom í ljós að gula leirlagið var undir þeim. Þar undir var svo fjörusandur með skeljamulningi í. Viðarleifar voru á stöku stað milli steinanna. Vestan við neðstu steinaröðina var um 10 - 15 cm breitt bil þar sem múrsteinar virðast hafa fallið ofan í en síðan tók við torfveggur. Það var sem sagt bil á milli torfveggs og steinhleðslu sem hefur fyllst af sandi og múrsteinum. Hugsanlega hefur þessi torfveggur tilheyrt eldri byggingu sem er órannsökuð þarna undir.

Borað var með kjarnabor í gegnum torfhleðslu á norðvesturhluta svæðisins. Á 40 cm dýpi var hörð fyrirstaða í holunni svo að þar varð ekki komist dýpra. Þegar tekinn var annar borkjarni skammt frá kom í ljós að þetta var múrsteinn undir torfveggnum á 40 cm dýpi.

Þessi hola sýndi jafnframt að skeljasandslag var undir torfinu. Þetta bendir til þess að leifar eldra húss séu þarna skammt undir.

Allmargir gripir fundust á svæði U2. Flestir komu úr uppfyllingunni, rétt undir gólfi Bessastaðastofu. Þar voru m.a. viðarleifar, leifar af textílum, pússningu með málningu, glerbrot o.fl. þess háttar. Ofan á uppfyllingu, undir inngangi fundust auk þess snæri, bein, dagblaðaleifar, pappi o.fl. Í sótlagi í efstu lögum á norðurhluta svæðisins fannst rauður pípuhaus úr leir. Í gólflaginum var líka mikið af dýrabeinum og var um 10 - 15 kg af þeim safnað saman á þessu svæði.

Uppgriftarsvæði 3

Svæði U3 var í norðvesturhorni Bessastaðastofu undir skrifstofu forseta (sjá myndir 11 og 13). Það markaðist af útveggjum í norður og vestur og sökklum í austur og suður. Svæðið var 4,2 m x 2,5 m eða 10,5 m², og lá innan hnitapunktanna X195-199 og Y128-130,3.

Grafið var gegnum samskonar uppfyllingarlag og var annars staðar undir stofunni. Undir uppfyllingunni var komið niður á hellulögn (mynd 28). Hún var svipuð að gerð og á sama dýpi og hellugólfin sem fundust á svæðum U1, U2 og U4. Steinarnir lágu samt ekki eins þétt saman og yfirborðið var ekki eins jafnslétt. Þannig var allt að 10 cm hæðarmunur á yfirborði steinanna. Hellurnar voru misstórar og var raðað þannig að á suður – og vesturhluta svæðisins voru þær um 25 – 35 cm í þvermál. Á norðurhluta svæðisins voru þær nokkru stærri, eða um 35 – 55 cm í þvermál. Hellulögnin tilheyrði vafalaust sama tímabili og hin hellugólfin undir Bessastaðastofu. Á milli steinanna var blanda af sandi og mold.

Þar eð þessi hellulögn virtist mun óvandaðri að allri gerð en hellugólfin undir Bessastaðastofu, var talið líklegt að hún hefði verið utanhúss. Með því að bera saman teikningar af konungsgarðinum frá fyrri hluta 18. aldar og afstöðu húsanna þar við minjarnar má leiða nokkuð sterkum líkum að því að þessi hellulögn hafi staðið norðan við bústað landfógeta og þar með verið hluti af hlaði sem

var fyrir framan hliðið og lá inn í húsagarð konungsgarðsins.

Kjallari sem grafinn var undir norðurhluta stofunnar þegar hún var reist (Finsen og Hiort, 1978:57) hefur orðið til þess að allt samhengi var rofið milli svæðis U3 og annarra uppgriftarsvæða undir stofunni. Þess vegna er ekki hægt að fullyrða með vissu um hlutverk þessarar hellulagnar.

Svæðið er hluti af núverandi fornleifakjallara og er hægt að horfa inn yfir þessa hellulögn eins og hún var grafin fram. Þarna hefur þurrt loft valdið miklum saltútfellingum í yfirborði jarðvegsins og skapað vandamál alveg frá upphafi. Reynt hefur verið að halda þessum útfellingum í skefjum með úðun vatns og efna-blöndu yfir svæðið annað slagið (Guðmundur Ólafsson, Graham E. Langford og Nathalie Jacqueminet, 2009).

Á svæðinu voru skráð rúmlega þrjátíu fundanúmer. Allir gripirnir komu úr uppfyllingunni sem var á 20 – 80 cm dýpi. Enginn þeirra var með vissu fundinn á hellulögnu yfirborði sem þar var undir. Um er að ræða brot úr múrhúð, vínflösku, járnbrot, leirkersbrot og eitt leirbrot úr ofni, grænmálað veggfóður, brot úr krítarpípu, rúðugleri og múrsteinum. Nokkrir heillegri munir komu einnig í ljós, þ. á m. nagli, skeið, skálavog, ýmsar viðarleifar og meðalaglös, þar af tvö sem voru óbrotin og eitt sem hægt var að líma saman. Gripirnir eru líklega flestir frá þeim tíma er hús landfógeta var rífið á 6. áratug 18. aldar og frá byggingartíma Bessastaðastofu.

Uppgriftarsvæði 4

Svæði U4 er undir forstofu Bessastaðastofu (sjá myndir 11 og 13). Það var 4,1 m breitt og 4,4 m langt, eða um 18 m². Það lá innan hnitanna X 195-199 og Y 119-122,7.

Uppfylling var hér eins og annars staðar undir gólfi Bessastaðastofu, uppmokstur úr sökkulskurði og eldri byggingarleifar. Á svæðinu fundust 20 gripir, flestir í uppfyllingunni. Þetta voru brot úr flöskum, glerrúðum, leirilátum og krítarpípum. Nokkrir hlutir lágu í gólflaginum og fyrir framan

Mynd 28. Hluti af hellulögn á svæði U3. Hvítu agnirnar á milli steinanna eru saltkristallar sem myndast hafa á yfirborðinu. Í baksýn sést í sökkul norðurgafls Bessastaðastofu (ljósmynd GÓL-2007-1-51).



hellugólfið fannst járnteinn innan um viðarleifar úr fótstykki.

Á austurhluta svæðisins var annað hellulagt gólf, og framhald þess sem fannst á svæði U2. Það mældist 3,1 m langt og 1,6 m breitt, gert úr um 30 – 50 cm stórum flötum steinhellum. Á milli steinanna og ofan á þeim var ljós skeljasandur. Vestan við hellugólfið voru viðarleifar sem voru um 35 cm breiðar. Þetta voru hugsanlega leifar af aurstokk og/eða gólffjöllum. Nokkrir múrsteinar lágu dreifðir yfir stokknum. Leifar af öðrum timburstokk eða breiðri fjöl lá hornrétt á hinn, til vesturs. Undir honum sást grjóthellur í framhaldi af hellugólfinu (mynd 29).

Undir hluta viðarleifanna framan við hellugólfið var 12 - 15 cm breið sylla hlaðin úr litlum flötum steinum. Syllan mældist 8 cm neðar en hellugólfið. Svo virðist sem á henni hafi fótstykkið legið. Sams konar hæðarmunur var á steinum nyrst á svæðinu. Þar voru stórir steinar undir viðarleifunum en ekki lítil hellublöð. Þarna norðan við gólfið gæti því hafa verið milliveggur, sem legið hefur í austur-vestur.

Sökkull undir millivegg Bessastaðastofu, við norðurhlið svæðisins, var grafinn niður í gegnum hellugólfið. Sökkullinn var jafnframt hluti af kjallaravegg Bessastaðastofu og var upphaflega hlaðinn þegar hún var reist.

Í horninu framan við inngang í kjallarann fannst hluti steingólfs sem byrjað hefur norðan við tréstockinn og hefur legið áfram til vesturs út fyrir vegg Bessastaðastofu.

Sunnan við tréstockinn voru nokkrir flatir steinar í moldarlagi, e.t.v. úr gólfi, en sums staðar umhverfis þá og yfir þeim var sjávarsandur og sjávarmöl. Ofan á sjávarsandinum lágu nokkrir múrsteinar.

Fyrir framan mitt hellugólfið var far í sandinn eins og eftir gólfbita sem legið hefur frá austri til vesturs. Þetta far mældist um 10 - 15 cm djúpt og um 30 - 40 cm breitt. Það, ásamt fleiri viðarleifum sem vottaði sums staðar fyrir á svæðinu vestan við hellugólfið, bendir til þess að þar hafi verið timburgólf á einhverjum tíma.

Einföld múrsteinaröð lá á ská yfir hellugólfið og út fyrir það til vesturs, yfir sjávarsandinn. Múrsteinarnir í röðinni voru flestir rauðbrúnir að lit og mældust 19,5 x 9,8 x 4,5 cm að ummáli. Sumir eru af öðrum stærðum t.d. 23,5 x 12,0 x 7,0 cm eða öðrum lit, t.d. gulir og stærðin þá 22 x 10,5 x 4,5 cm. Múrsteinaröðin virtist vera yngri en gólfið sem hún liggur á. Milli múrsteinaraðarinnar og hellugólfsins var um 3 - 5 cm þykkt moldarlag, blandað hálm yfir stokknum. Hugsanlega hefur hún tilheyrt yngsta byggingarstigi hússins, eða að hún hafi verið úr yngri hleðslu sem hefur hrunið eftir að húsið var tekið úr notkun (mynd 30).

Til þess að fá stuðning undir vegg sem var milli forstofu og Arinstofu Bessastaðastofu, var gamli sökkullinn þar rifinn og nýr um 1 m breiður sökkull steypur undir dyragættina milli herbergjanna. Fylgst var með því þegar grafin var hola til þess að koma stöplinum fyrir og voru mannvistarlög norðurhliðar holunnar teiknuð (mynd 31). Í sniðinu var hægt að sjá



Mynd 29. Svæði U4. Hellulagt gólf til vinstri. Viðarleifar af fótstykki þar fyrir framan. Ofan á hellunum og fyrir miðju er ljós skeljasandur. Einföld múrsteinaröð liggur þvert yfir svæðið (ljósmynd GÓL-1987-03-06).



Mynd 30. Horft til austurs yfir svæði U4, sem er umgirt sökkulveggjum. Fremst er moldargólf með viðarleifum og sandi á. Fyrir miðju eru rauðbrúnar morknar viðarleifar. Hellugólf með sandi ofan á er þar að baki. Til vinstri má sjá einfalda steinaröð sem er aðeins lægri en gólfíð og er líklega undirstaða undir millivegg (ljósmynd GÓL-1987-31-33).


samhengi mannvistarlaga á þessu svæði. Holan var 80 cm breið og 180 cm löng. Eftirfarandi lýsing á við jarðlögum sem sáust í sniðinu:

Jarðlög í sniði T-1987-38

1. *Ljós sandur*, 3-5 cm þykkt, líklega gólfskán tilheyrandi landfógetabústað.
2. *Bleikur móöskublettur*, allt að 6 cm þykkur og 50 cm langur, ofarlega í lagi 3.
3. *Brún mold*, blönduð óbrenndum dýrabeinum og viðarkolum, um 64 - 66 cm þykkt. Múrsteinn var efst í þessu lagi.
4. *Torf moldir*, allt að 14 cm þykkar, með gulleitum torfusneplum.
5. *Brún mold*, um 40 cm þykk. Mjög mikið af óbrenndum dýrabeinum og viðarkoladreif.
6. *Gult leirlag*, um 2 - 4 cm þykkt.
7. *Brún mold*, blönduð viðarkolum, um 30 cm þykk.
8. *Torf moldir*. Dökkbrúnt torf 10 - 12 cm þykkt. Líklega veggjaleifar.
9. *Ljósbleik móaska*.
10. *Torf moldir*. Brúnar, rauðbrúnar og dökkbrúnar að lit, 14 cm þykkar.
11. *Ljósbrún mold*, um 30 cm að þykkt. Fremur litlar mannvistarleifar eru sýnilegar í þessu lagi. Í efri hluta þess var lítill blettur af miðaldagjósku.
12. *Bleik móöskulinsa*, um 3 cm þykk og 32 cm löng, neðarlega í lagi 11.
13. *Viðarkolablettur* ofan á steini. Moldin þar undir er óhreyfð.
14. *Óhreyfð mold*. Efst í laginu koma sums staðar fyrir dökkbrúnir og grófgerðir blettir, en þar undir er moldin ljósbrún, næstum gulbrún að lit. Í þessu lagi eru víða allt að 40 x 50 cm stórir steinar sem eru líklega leifar af ísaldarruðningi.
15. *Múraður sökkull* undir Bessastaðastofu. Tveggja metra djúpur.
16. *Ómúraðir steinar* neðst í sökkli 15, um 60 cm djúpur. Þarna vantar um 50 cm upp á að sökkullinn hafi verið grafinn niður á fast.
17. *Sökkull* undir skilvegg milli forstofu og Arinstofu, um 160 cm að dýpt. Efstu tvö lögin eru múruð.

Í sniðinu mátti greina fjögur til fimm byggingarskeið en það sýndi í aðalatriðum sams konar skipan jarð- og mannvistarlaga og komu fram í sniðum á uppgraftarsvæði 1.

Yngsta mannvistarlagið er ljósi sandurinn (1) á eins metra dýpi. Sandurinn var undir uppfillingu Bessastaðastofu og tilheyrði líklega bústað landfógeta frá fyrri hluta 18. aldar. Næsta byggingarskeið eru leifar torfveggjar á um 170



Mynd 31. Snið (T-1987-38), sem teiknað var af norðurhlið holu sem grafin var í dragætt milli uppgraftarsvæða 2 og 4, svo hægt væri að steypa þar burðarsökkul undir milliveggi (teikning G.Ó.).

cm dýpi (4). Þetta virðist vera hrun úr vegg sem staðið hefur vestast í holunni eða rétt vestan við hana. Hann hefur þá hrúnið til austurs. Engin gólfskán var sýnileg undir veggjarleifunum eða við þær, þannig að ef veggurinn hefur tilheyrt húsi hefur það staðið vestan við holuna. Hugsanlega hefur sandlagið (6) sem fannst á rúmlega 2 m dýpi, verið gólfskán, en það gæti líka hafa verið hluti af yfirborðslagi utanhúss.

Þriðja byggingarskeiðið er á 250 cm dýpi. Þar var torfhleðsla (8), að líkindum leifar af vegg en ekki torfusneplar úr hruninni hleðslu. Fjórða byggingarskeiðið er á 270 cm dýpi. Það er mannvistarlag (10), blandað torfusneplum, sem bendir til að bygging hafi staðið þar skammt frá. Á milli ofangreindra byggingarskeiða hafa mannvistarlögin hlaðist upp, einkum af fokjarðvegi, sorpi og móösku.

Neðsta mannvistarlagið (11) er um 30 cm þykkt og í því eru engar byggingarleifar sýnilegar. Slittrur af gjósku úr Miðaldalaginu eru



Mynd 32. Grafið inn undir sökkul í norðausturhorni U1. Höfundur kannar skurð-inn. Myndin sýnir við hve þröngar aðstæður var unnið (ljósmynd Kristín Huld Sigurðardóttir, GÓL-1987-01-02).

ofarlega í þessu lagi og benda til þess að hér hafi fyrst verið byggt um miðja 13. öld, þó að merki um mannvist sjáist miklu fyrr.

Athyglisvert er að efst í óhreyfða laginu var engin gjóska úr Landnámslaginu sýnileg, frekar en í öðrum sniðum undir Bessastaðastofu. Það bendir til þess að byggingar sem reistar voru við landnám hafi staðið annars staðar á bæjarstæðinu.



Uppgriftarsvæði 5

Svæði U5 er undir eldhúsi norðan við svæði U1 (sjá myndir 11 og 13). Hnit svæðisins eru X190-194 og Y122-125. Til þess að opna aðkomu að svæðinu þurfti að grafa göng inn undir norðausturhorn svæðisins að kyndiklefa hússins og gamla kjallaranum. Göngin voru grafin inn undir gólfíð í eldhúsi (mynd 32). Voru þau rúmlega 2 m löng og um 1,2 m breið að ofanverðu en þröngdust neðar vegna þess að stórir grjóthnullungar gengu inn í húsgrunninn við sökkul austurveggjar. Svæðið var síðar stækkað og varð það samtals um 2, 5 x 4 m eða um 10 m². Þá var búið að leggja nýtt gólf í Bessastaða-

stofu, þannig að mjög erfitt og þröngt var að athafna sig þar við fornleifauppgröft. Síðar var hluti ofanáliggjandi sökkuls fjarlægður. Hellulögn á nyrsta hluta svæðisins, framhald af gólfí landfógetabústaðar, var horfin vegna eldri framkvæmda og var sá hluti svæðisins grafinn niður að næstu gólfögum um 1 m neðar. Teiknað var snið undir sökklinum árið 1989 og fengust þá fyrst upplýsingar um afstöðu elstu jarð- og mannvistarlaga á staðnum (sjá mynd 34).

Á 70 - 90 cm dýpi undir steyptri gólfplötu Bessastaðastofu mátti fylgja slitróttum leifum hellulagðs 18. aldar gólfs landfógetabústaðarins áfram til norðurs inn að kyndiklefa hússins. Þetta voru stórir steinhnullungar, um 20 cm í þvermál. Um 30 - 40 cm neðan við þá var torflag með gulleitu torfi og gjóskulagi, líklega Katla ~1500. Milli torflagsins og 18. aldar gólfs virtist vera mold og móaska blandað kolum.

Sams konar lag, um 20 cm þykkt, virtist líka vera undir torflaginu en þá tók við hellulögn og hleðslur úr grjóti. Hellurnar voru nokkuð dreifðar og undir þeim einhvers konar leifar af grjóthleðslu. Steinarnir voru ekki í



Mynd 33. Flatarteikning og snið af nyrsta hluta svæðis U5. Á flatarteikningunni sjást hellur sem eru leifar af 18. aldar gólfí. Hellurnar eru auðkenndar með rauðgulum strikum. Smásteinar sem komu fram undir hellunum eru litadír bláir. Undir þeim var torfveggur úr ljósgulu torfi. Grænlituðu hellurnar tilheyra gólfí mannvirkis frá 15. - 16. öld (frumteikning T-1993-176 G.Ó.).

skipulagðri röð, heldur innan um dökk mannvistarlæg sem blönduð voru móösku og viðarkolum. Þessi blönduðu grjót- og moldarlög voru um 40 cm þykk. Hugsanlega voru þetta leifar af grjót/torfvegg.

Skýringar á teikningu T-1993-176 (mynd 33)

Þetta snið er birt hér vegna þess að það var að mestu grafið fram 1987, þó að það hafi ekki verið mælt upp fyrr en árið 1993 um leið og grafið var undir norðurhluta Bessastaðastofu.

Efri hluti teikningarinnar á myndinni er flatarteikning af nyrsta hluta svæðis U5 (mynd 33). Til vinstri eru leifar af hellugólfi úr 17. - 18. aldar mannvirki. Blálituðu steinarnir eru úr grjóthrógu sem var undir hellunum. Til hægri er torfhleðsla sem var undir hellugólfinu. Sniðið á neðri hluta myndarinnar er teiknað þvert yfir flatarteikninguna og sýna örvar staðsetningu þess.

Jarðlög í sniði T-1993-176

1. *Hellulagt gólf* frá 17. - 18. öld.
2. *Brún mold*, m.a. með ljósum skeljasandi.
3. *Smásteinalag*.
4. *Torf*, gulbrúnt að lit með gjóskublettum.
5. *Brún mold*, þétt í sér og blönduð viðarkolaögnum.
6. *Torf og torfusneplar*, brúnt að lit með Miðaldagjósku í.
7. *Gólfskán*, blönduð móösku, viðarleifum og torfusneplum. Neðst í laginu er viðarkolalag.
8. *Brún mold*, blönduð móösku og viðarleifum. Í laginu fannst Miðaldagjóska.
9. *Gólf* með viðarleifum og viðarkolum neðst.
10. *Dökkt lag* sem líkist járnsvarfi. Það fannst aðeins í einu horni sniðsins.
11. *Móöskublandin mold*, með Miðaldagjósku.
12. *Ljósbrún mold*, hugsanlega torf.
13. *Brún mold*, blönduð ögnum af móösku, brenndum beinum og viðarkolum. Í laginu vottar fyrir nokkurri lagskiptingu, og er móaskan greinilegri neðst.
14. *Hola*. Hugsanlega stoðarhola. Í henni er brún hreyfð mold, laus í sér.
15. *Brún mold*, lagskipt með Miðaldagjósku og ögnum af móösku og brenndum beinum.
16. *Torf*. Brún mold með greinilegri lagskiptingu en hægt er að sjá í lagi 15. Í laginu er Miðaldagjóska. Lög 15, 13 og 16 eru hugsanlega byggingaleifar.
17. *Grátt leirlag*, fremur gróft, kornastærð er svipuð og á sandi.

18. *Járnútfelling*, um 2 – 3 mm að þykkt.

19. *Hellugólf* sem tengist líklega gólfskán nr. 7.

20. *Hellugólf* sem tengist líklega gólfskán nr. 9.

Lag nr. 9 er gólfskán sem nær til austurs og ofan á hellugólf sem þar var. Miðað við afstöðu gólfsins í sniðinu má ætla að það hafi verið í notkun á 15. eða 16. öld. Áhugavert er að sjá að þetta snið sýnir aðeins öðruvísi mynd en hin sniðin sem rannsökuð voru undir Bessastaðastofu. Þarna hafa greinilega staðið mannvirki, hvert fram af öðru, eins langt aftur og sniðið nær. Það útskýrir sjálfsagt að nokkru leyti öskuhaugaleifarnar sem eru svo áberandi í hinum sniðunum og sýnir hve nálægt íveruhúsin stóðu. Því miður var ekki unnt að grafa sniðið alveg niður á óhreyft árið 1987. Í neðstu byggingarleifunum sem sjást í sniðinu voru slittrur af gjósku Miðaldalagsins, sem talið er hafa fallið á árunum 1226 – 1232. Þessar slittrur eru í torfi og þær minjar geta því ekki verið eldri en frá 13. öld.

Árið 1989 þurfti að grafa niður úr neðstu mannvistarlæggunum austan við steipta sökkulinn, þar sem skipta átti um jarðveg undir múrsteinslögn í gangi. Þá var unnt að teikna neðstu mannvistarlögin á þessu svæði. Markmiðið var að kanna samhengi neðstu mannvistarlaga á milli sökkuls Bessastaðastofu og sniðbakka. Sniðið lá þvert yfir ganginn í kjallaranum, sem þarna er 110 cm breiður og liggur um 40 cm sunnan við steipta súlu og um 80 cm sunnan við stóra steina sem ganga út úr sökklinum inn í gangveg fornleifakjallara. Um 35 - 40 cm þykk mannvistarlæg þar reyndust ná niður á óhreyfðan jarðveg. Með sniðinu fékkst samhengi við efri lögin og yfirlit yfir öll mannvistarlögin sem ekki náðist að grafa á þessu svæði 1987. Hér sést líka að neðstu mannvistarlögin sýna engar byggingaleifar og fremur óljósan vott um veru manna á þessum stað, þannig að á fyrstu öldum byggðar á Bessastöðum hafa húsin staðið annars staðar en þau eru nú. Þetta snið er því birt hér til að fylla í myndina af samhengi mannvistarlaga á þessu svæði (mynd 34).


Á um 160 cm dýpi undir gólfi Bessastaðastofu komu í ljós leifar af tveimur til

þremur hellulögðum gólfum bæjarhúsa sem eru líklega frá 15. og 16. öld. Á milli hellugólfanna tveggja var um 10 cm þykkt lag eldbrunninna smásteina. Yngra húsið hefur náð lengra til suðurs. Sökkull undir millivegg Bessastaðastofu hafði verið grafinn niður að efra hellugólfinu. Athyglisvert var að í þessu neðra 15.-16. aldar gólfi var rás eftir 15 – 20 cm breiðan gólfbita eða fótstykki úr tré. Rásin lá ofan á suðurgafli neðra hússins. Þetta bendir til þess að húsið hafi verið timburhús.

Jarðlög í sniði T-1989-19


1. Hellulagt gólf.

1. *Sandblendin mold og skeljamulningur.* Í neðri hluta lagsins voru leifar dýrabeina og neðst viðarkolaagnir einnig. Þetta er líklega far eftir aurstokk. Morknar viðarleifar fundust í rennunni þegar hreinsað var úr henni. Jarðvegssýni (S-1989-7) var tekið úr fyllingunni á 90 cm dýpi.
2. *Ljósbrún hreyfð mold.* Í henni eru m.a. viðarkol, dýrabein, móöskudreif og gjóskublettir.
3. *Bleik móaska.* Blönduð viðarkolum og hrísvið. Þykkt móöskulags er um 4 cm.
4. *Brún mold, blönduð dýrabeinum, viðarkolum og rauðbrúnni mold.* Efst er um 6 cm þykk dökkgrábrún mold, blönduð viðarkolum. Viðarkolasýni (S-1989-6) var tekið úr þessu lagi. Leifar af hleðslu úr grjóti voru í laginu.
5. *Rauðbrún mold, blönduð dýrabeinum, móösku, viðarkolum og textílleifum.* Stundum nefnt vaðmálslagið. Textílsýni (S-1989-5) var tekið efst úr laginu á 180 cm dýpi.
6. *Rauðbrún mold, blönduð dýrabeinum, viðarkolum og viðarleifum.* Beinasýni (S-1989-4) var tekið efst í laginu á 190 cm dýpi.
7. *Mannvistarlag.* Brún mold blönduð dýrabeinum og viðarkolum. Efsti hlutinn er mjög dökkur og virðist vera gólfskán.
8. *Gólfskán.* Um 6 cm þykkt lagskipt lag. Dökkbrúnt og rauðbrúnt að lit. Mjög þétt og feitt viðkomu. Lagið liggur yfir 40 cm langan stein, sem er 60 cm sunnan við steypa stöpulinn.
9. *Hreyfð grábrún mold.* Hugsanlega gryfja. Lagið er um 20 cm þykkt og nær um 35 cm út frá sökklinum. Lagið liggur yfir lagi 14 og er hugsanlega frá 20. öld eins og lag 11.
10. *Hreyfð mold.* Lagið er frá 20. öld og hefur myndast við framkvæmdir í kjallaranum.
11. *Hreyfð brún mold, bæði með ljósum og dökkum flekkjum.* Einnig koma fyrir gráir flekkir með viðarkoladreif. Hugsanlega er hluti lagsins til kominn vegna framkvæmda í kjallara.
12. *Brún mold, með gráleitri slikju.* Í laginu sáust óljós merki mannvistar, svo sem einstaka



Mynd 34. Þversnið T-1989-19, af neðstu lögum við steyptan stöpul á svæði U5. Sökkull Bessastaðastofu er til hægri. Hann hefur verið grafinn niður á óhreyft (teikning G.Ó.).

- viðarkolaagnir og dauf litabreyting í moldinni. Það bendir til þess að eitthvert umrót og mannvist var hafin í nágrenninu. Þetta daufa mannvistarlag er 14 – 16 cm þykkt. Það er mjög svipað sambærilegum lögum, sem myndast hafa skömmu eftir landnám, annars staðar á Reykjavíkursvæðinu, svo sem á Þingnesi við Elliðavatn, þar sem lagið er reyndar mun þynnra, og í miðbæ Reykjavíkur. Jarðvegssýni (S-1989-3) var tekið úr þessu lagi.
13. *Grátt sandkennt lag, út við sökkulinn, neðst, um 40 cm þykkt og sem nær allt að 35 cm út frá sökklinum.* Jarðvegssýni (S-1989-1) var tekið neðst úr þessu lagi. Rannsóknarstofa í Lundi fékk sýni úr laginu til samanburðar í könnun á möguleika á að nota íslenskan leir til leirkeragerðar. Þessi leir reyndist óhæfur til slíkrar notkunar (Hultén, 1991). Megn oliulykt var af laginu. Efst í laginu var hörð járnútfelling.
14. *Ljósul-rauðbrún óhreyfð mold.* Jarðvegssýni (S-1989-2) var tekið úr þessu lagi.
15. *Múraður sökkull.* Efsti hluti sökkuls Bessastaðastofu.
16. *Neðri hluti sökkuls Bessastaðastofu.* Þessi hluti sökkulsins var án nokkurrar bindingar.
17. *Loft í fornleifakjallara.*



Mynd 35. Flatarteikning af svæði U5. Á efri hluta teikningarinnar er hellugólf (nr. 19 í sniði T-1993-76). Á neðri hluta teikningarinnar er eldra hellugólf, nr. 20 í sniði (T-1993-76). Í gólfinu voru tvö brot úr kvarnarsteinum. Þvert yfir myndina miðja eru skil og þar sést í gólfskán sem er á milli hellugólfa. Leifar af fótstykki tilheyrðu efra gólfinu. Þessar byggingaleifar eru sennilega frá 15. og 16. öld (T-1989-20. G.Ó.).

Við enda sökkulsins gengu nokkrir stórir steinar allt að 30 cm inn í ganginn. Neðsti steinninn var 50 cm langur og rúmlega 40 cm breiður. Hann var hluti af hleðslu sem hefur tilheyrt neðra hellugólfinu. Ofan á honum var smásteinalag, sem var þarna um 25 cm þykkt, með allt frá 20 x 15 cm stórum steinum, niður í 2 - 3 cm stórar lábarðar steinvölur. Inni í þessu lagi var líka mold og líklega móaska. Svargrá tveggja millimetra þykk rönd í þessu lagi gæti verið gjóska úr Miðaldalaginu. Yfir þessu smásteinalagi var annar stór steinn um 55 cm langur sem gekk um 25 cm inn í ganginn. Hann hefur líklega tilheyrt efra gólfinu og bendir til þess að húsið hafi verið endurbyggt á sama stað á þessum tíma. Hleðslan hefur byrjað rétt innan við vegginn í stofunni og hélt áfram inn að kyndiklefa (mynd 35).

Minjarnar benda til þess að bæjarhúsin hafi staðið þarna á 15. öld og hugsanlega fram á þá sextándu. Þau virðast síðan hafa verið færð um set, þar til ný hús voru reist aftur á þessum sama stað, líklega um 1700. Á milli þessara byggingarskeiða voru um 60 cm þykk

mannvistarlög en engin góflög. Dreif úr torfveggjum sem sást í sniðinu á milli þeirra sýnir að húsin hafa staðið mjög nálægt hvort öðru.

Í sökklinum undir útvegg Bessastaðastofu, voru sennilega steinar úr húshorni sem tilheyrði þessu húsi frá 15.- 16. öld. Það bendir til þess að þetta hafi verið bindingsverkshús, fremur en hefðbundinn torfbær, líkt og áður hefur komið fram.

Uppgriftarsvæði 6

Þegar farið var að skoða aðkomu farartækja að Bessastöðum reyndist nauðsynlegt að lagfæra heimkeyrsluna að staðnum og skipta um jarðveg undir henni. Í framhaldi af því hófst uppgröftur þann 19. júní undir aðkeyrslunni fyrir framan Bessastaðastofu og stóð hann yfir til 17. september, eða í um þrjá mánuði. Uppgriftarsvæðið var um 40 m langt og að jafnaði um 5 m breitt (mynd 36). Auk þess var grafinn um 1 m breiður skurður sitt hvoru megin við útitröppur Bessastaðastofu. Samtals var svæðið um 227 m² að flatarmáli.



Mynd 36. Mynd úr fornleifakjallara af tvöföldu hellugólfunum á svæði U5 og gólfskáninni á milli þeirra (sbr. mynd 35). Viðarleifar fundust í rás í gólfinu, þar sem gólfbiti eða fótstykki höfðu verið. Viðurinn var endurnýjaður við frágang minjanna. Hellulögðu gólfín liggja inn undir sökkla Bessastaðastofu (ljósmynd GÓL-2007-1-30).

Sett var upp staðbundið hnitakerfi utanhúss, þar sem útlínur Bessastaðastofu voru látnar mynda grunnlínur kerfisins. X-hnit hækkuðu til vesturs og Y-hnit hækkuðu til norðurs. Uppgraftarsvæðið U6 var að mestu innan hnitanna: X205 – X210 og Y100 – Y140. Fastur hæðarpunktur fyrir mælingar utanhúss var tekinn á SV horni á neðsta þrepi á útitröppum Bessastaðastofu. Punktinum var gefin hæðin 0,0 m.

Vélgrafa var notuð til þess að fjarlægja uppfyllinguna undir eftirliti fornleifafræðinga. Uppfyllingin undir veginum var að jafnaði um 80 cm þykk. Efst í henni var mól og sandur. Þar undir var lagt grjótlag í þúkk. Neðst var skeljasandslag. Undir uppfyllingunni komu mannvistarleifar frá 18. og 19. öld í ljós. Reyndust þarna vera miklu fleiri minjar en ætlað var í fyrstu. Syðst á svæðinu var hellulagt gólf sem talið var tilheyrja suðurálmú konungs-

garðsins. Fyrir framan tröppur Bessastaðastofu komu í ljós byggingaleifar sem tilheyrðu líklega húsum sem voru í notkun á árabílinu 1721 - 1760. Á norðurhluta svæðisins fundust byggingaleifar sem ætla má að hafi tilheyrt norðurálmú konungsgarðsins frá fyrri hluta 18. aldar (mynd 37).

Vegna minjanna var ekki unnt að fara í fulla dýpt með vegstæðið nema að grafa þær allar burt. Slík framkvæmd var bæði talin vera dýr og tímafrek. Engu að síður stóð vilji allra til þess að varðveita minjarnar, eftir því sem kostur var. Til að vega upp á móti því voru minjarnar þaktar með um 30 – 40 cm þykku sandlagi og sérstakur þrýstijöfnunardúkur síðan lagður yfir svæðið að uppgrefti loknum. Ofan á hann var síðan sett gróf mól sem uppfylling.

Allmörg mannvirki og hlutar af mannvirkjum fundust við uppgröft á þessu svæði. Vegna afmörkunar svæðisins við veg-



Mynd 37. Horft til suðurs eftir svæði U6. Hópur úr unglíngavinnu Hafnarfjarðar kom í starfskynningu nokkra daga í júní 1987 og aðstoðaði við að hreinsa ofan af 18. aldar minjum fyrir framan Bessastaðastofu (ljósmynd GÓL-1987-15-15).


stæði og aðkeyrslu að Bessastaðastofu reyndust flest mannvirkin vera stærri en svo að þau rúmuðust innan þeirra svæða sem opnuð voru. Í flestum tilvikum voru mannvirkjaleifarnar afar brotakenndar og gerði það alla túlkun mjög erfiða.

Þar sem ekki voru grafin fram heil hús eða byggingar, heldur aðeins hlutar af húsum, veggjabrotum, gólfum eða öðrum hleðslum var sú aðferð notuð, að hverri byggingareiningu innan viðkomandi uppgraftarsvæðis var gefið heiti og hlaupandi númer. Númerin eiga t.d. við veggjarhleðslu, gólf, fótstykki, aurstokk, steinarröð, eldstæði, o.s.frv. Hver byggingareining gat verið hluti af stærri heild svo sem af húsi eða öðru mannvirki. Þannig voru skráðar 52 byggingareiningar á svæði U6.

Hér á eftir fer lýsing á hverri einingu fyrir sig, samkvæmt fyrirliggjandi uppgraftargögnum. Byrjað er á mannvirkjum syðst á svæðinu

og síðan haldið til norðurs. Þá er greint frá mannvistarlögum í könnunarholum sem voru grafnar niður á óhreyft til að kanna dýpt mannvistarlaga syðst og nyrst á svæðinu. Í lokin verður reynt að túlka niðurstöðurnar og raða saman einstökum byggingareiningum eftir mannvirkjum og tímabilum. Þegar rætt er um byggingareiningarnar í almennum texta eða myndatexta innan viðkomandi kafla er vísað til hlaupandi númera þeirra innan sviga. Þegar rætt er um einingar í samhengi við önnur uppgraftarsvæði er númer viðkomandi svæðis einnig tilgreint. Þannig vísar t.d. (1) til steinaraðar 1 hér að neðan, en ef vísað væri til hennar í öðrum kafla stæði t.d. (U6.1).

Til að spara tíma við uppgröft á þessu svæði var megináhersla lögð á myndatökur í stað uppmælinga og er því mjög stuðst við ljósmyndir í þessum kafla til að auðvelda skilning á þeim minjum sem fjallað er um hverju sinni.



Mynd 38. Minjar á uppgriftarsvæði framan við og undir Bessastaðastofu U1-U8 (kort G.Ó. og A.R.G.).



Mynd 39. Mynd úr ljósmyndadurni. Svæði U6, milli hnitanna Y104 – Y112. Krossinn undir hvíta skiltinu er hnitapunktur X210/Y108. Sjá má mannvirki 1 – 6 (sbr. lýsingu á bls. 62 - 63). Til vinstri sést 3,5 m djúp könnunarhola (53) sem grafín var niður á óhreyfti syðst á svæðinu (ljósmynd GÓL-1987-04-19).

Steinaröð (1). Einföld steinaröð sem lá frá austri til vesturs, þvert á veginn, við hnitálínu Y105 (mynd 38). Steinaröðin, sem var um 1,0 m undir yfirborði, var sýnileg á 4,1 m löngum kafla en hvarf undir skurðbakka uppgraftarins báðum megin, svo að full lengd hennar var ekki þekkt. Steinarnir voru flatir að ofan, um 30 – 50 cm í þvermál og 15 – 20 cm að þykkt. Norðurhlið steinanna var slétt og hefur snúið út. Þegar þeir voru grafnir fram fundust viðarleifar ofan á þeim, og voru þær túlkaðar sem leifar af fótstykki úr tré eða timburgrind sem hvílt höfðu á steinunum. Sunnan við steinaröðina sáust leifar af torfhleðslu í sniði með gulum leir og Kötlu~1500 laginu í. Bendir það til þess að steinarnir hafi á einhverjum tíma getað verið hluti af torfvegg. Steinaröðin var mjög jöfn á yfirborði. Norður af henni í austurhluta heimkeyrslu voru gólfhellur en í vesturhluta hefur verið hola sem full var af rusli frá 20. öld.

Hellulögn (2). Var um 0,8 m breið og 2,3 m löng, gerð úr misstórum hellum sem voru frá 25 – 65 cm að þvermáli. Hellurnar voru líklega

leifar af stærra gólfi norðan við mannvirki 1 sem hefur hugsanlega tengst því. Steinar í syðstu steinaröðinni voru ekki lagðir flatir heldur reistir upp á rönd. Hugsanlega hafa þeir markað útlínur hellulagnarinnar til suðurs og þá jafnframt markað skil hennar og mannvirkis 1.

Steinaröð (3). Var um 0,9 m undir yfirborði og því um 10 cm ofar og tveimur metrum norðan við mannvirki 1. Röðin lá í austur – vestur. Steinarnir voru um 20 – 50 cm í þvermál og snéri norðurhlið þeirra út. Steinarnir voru flatir að ofan og hugsanlega hafa þeir verið lagðir sem undirstaða fyrir vegg úr tré.

Ekki fundust neinar leifar af torfvegg sem átt gæti við þessa hleðslu. Steinaröðin var sýnileg á um fjögurra metra löngum kafla og hvarf undir vesturbakka uppgraftarsvæðisins, en að austanverðu vantaði nokkra steina í röðina, því þar náði grafan að krækja í þá. Hins vegar mátti sjá framhald steinaraðarinnar í lagna-skurði sem grafinn var út frá horni Bessastaðastofu. Ef svo er hefur steinaröðin verið a.m.k. 8 m löng.



Mynd 40. Loftmynd af skurði sunnan við tröppur Bessastaðastofu, á svæði U6, þar sem greina má mannvirki 7 – 9 (ljósmynd GÓL-1987-13-17).

Hellulögn (4). Var norðan við mannvirki 3. Mesta breidd hennar var um 4,5 metrar og var hún sýnileg samfelld á 5,5 m löngum kafla. Í lagnaskurði U8, nálægt Bessastaðastofu, kom fram hellulögn sem virtist vera framhald hennar, þannig að þá hefur hellulögnin verið a.m.k. 10 m löng. Líklega voru þetta leifar af hellulögðu gólfi í húsi sem hefur legið í austur-vestur. Steinarnir í hellulögninni voru misstórir, allt frá 10 cm í þvermál upp í 50 – 80 cm í þvermál. Lítið skipulag virtist vera á því hvernig steinarnir voru lagðir niður en þegar nánar var rýnt í þá mátti þó sjá að stærstu steinunum hafði verið raðað við suðurhlidina. Fyrir miðju, þar sem stærstu hellurnar voru, gæti hafa verið inngangur í húsið. Einnig sást að vestast, á um tveggja metra breiðu svæði í hellulögninni, voru að jafnaði smærri steinar. Hugsanlega hefur þar verið skilveggur eða timburpil milli herbergja. Hellulögninni hallaði lítið eitt til norðurs en syðsti hluti hennar var allt að 20 cm hærra en nyrsti hlutinn. Að austanverðu var hún aðeins um tveggja metra breið og virtist sem hluti hennar hafi verið fjarlægður þar. Þegar hellulögnin hafði verið hreinsuð fram kom í ljós brot af kvarnarsteini, nálægt miðju, svipuðum þeim sem fannst undir Bessastaðastofu. Brotið hafði verið notað sem hleðslugrjót í gólfi sem gæti hafa verið leifar af húsagarði konungsgarðsins.

Grjótsökkull (5). Þetta voru leifar af grjótsökkli eða undirstöðum undir steiptan vegg sem byggður var á fyrri hluta 20. aldar vestan við Bessastaðastofu og lá þessi hluti hans út frá suðurhorni Bessastaðastofu. Í sniði sést að grafinn hefur verið um 0,9 m djúpur skurður, niður að hellulögninni. Sökkullinn var 0,7 m breiður neðst en efri hluti hans var 1,4 m breiður.

Sandborið yfirborð (6). Sandborið yfirborð var norðan við hellulögn nr. 4. Í sniði virtist sandlagið liggja undir hellulögninni, á um 80 cm dýpi þannig að sandurinn hefur verið til staðar þegar hellurnar voru lagðar. Efsti hluti hans hefur líklega verið í notkun á sama tíma og hellurnar. Sandlagið var að jafnaði um 4 - 5 cm að þykkt, mjög þétt í sér og virðist hafa verið yfirborð utanhúss. Sandurinn var greinilega aðfluttur og hafði verið dreift jafnt yfir svæðið. Á afmörkuðum svæðum mátti greina að um innfluttan skeljasand var að ræða. Í þessu sandlagi fundust allmargir gripir, m.a. mikið af gler-, krítarpípu-, keramikbrotum og járn-nöglum. Einnig byssukúla, koparhnappur o.fl.

Grafin var könnunarhola undir yfirborð húsagarðs niður á um tveggja m dýpi. Þar kom fyrst í ljós blanda af dökkgráu mannvistarlagi, torfusneplum og móösku (lag 38 í sniði T-1987-18). Í laginu var dálítið af nöglum, keramikbrotum með grábrúnum glerungi, og morknum



Mynd 41. Horft til vesturs yfir mannvirki 10. Borðið sem er upp á rönd sést vel sem og steinarnir sem liggja að því (ljósmynd GÓL-1987-07-15).

dýrabeinum. Um 15 cm undir sendna yfirborðinu var annað svipað sandlag (lag 39 í sniði T-1987-18). Undir neðra sandlaginu var komið niður á dökkt mannvistarlag. Í því var mikið af beinum, m.a. úr ísbirni. Þá fundust einnig viðarleifar og fæinir gripir, t.d. brýni. Við könnunarholuna fundust glerbrot með latneskri áletrun sem þýðir líklega: Drottinn hjálpi mér (sjá mynd 110).

Veggjarhleðsla (7). Veggjarhleðsla þessi fannst í tveggja metra breiðum skurði sunnan við tröppur Bessastaðastofu (mynd 40). Hleðslan sem var 1,4 m breið og 1,5 m löng, lá í norður – suður og var tveimur metrum vestan við Bessastaðastofu. Efsti hluti hennar var um 10 cm undir yfirborði. Vesturhlið hennar var hlaðin úr hellum sem mældust um 30 – 50 cm í þvermál. Austurhliðin var hlaðin úr aðeins smærri steinum sem voru um 20 – 30 cm í þvermál. Á milli steinanna var uppfylling úr mól, steinum og mold. Norðurhluti hleðslunnar hefur eyði-

lagst þegar upphaflega var grafið fyrir tröppum Bessastaðastofu. Í þessari hleðslu og ofan á henni fundust ýmsir munir og var allmikið af rauðum þakplötum úr múrsteini. Brot úr þakplötum og móaska voru einnig á milli steina í veggnum og virðast hafa verið notuð sem uppfylling í hleðsluna. Þarna fannst einnig bronshnappur og munstrað gler.

Steinhleðsla (8). Um 1,5 m vestan við Bessastaðastofu. Hún lá í norður – suður, var 1 m að breidd og lá á 0,8 - 1 m dýpi, að hluta undir veggjahleðslu 7. Hleðslan samanstóð af tveimur samsíða steinaröðum og voru um 10 cm á milli þeirra. Þær voru einnig hlaðnar úr mistórum steinum. Vestari steinaröðin var hlaðin úr steinum sem eru allt að 60 cm í þvermál. Steinar í austari röðinni voru minni eða að jafnaði um 30 cm í þvermál.

Norðurhluti hleðslunnar hefur eyðilagst þegar grafið var fyrir útitröppum Bessastaðastofu og suðurhlutinn virðist einnig hafa raskast af fyrri framkvæmdum við húsið. Hugsanlega var þessi hleðsla hluti af undirstöðum fyrir útvegg húss, með rauf í miðju fyrir fótstykki úr tré. Í þessari hleðslu fundust m.a. glerbrot og leirkerabrot.

Steinaröð (9). Einföld steinaröð sem lá í norður – suður, á 1 m dýpi, um 0,9 m vestan við Bessastaðastofu. Steinarnir í hleðslunni voru 20 – 30 cm í þvermál og sýnileg lengd hennar 1,4 m. Hin slétta framhlið hleðslunnar snýr í vestur. Hlutverk steinanna er óþekkt en þeir gætu hugsanlega hafa verið ytri brún á vegg og að innri veggjarbrún hafi lent undir útvegg Bessastaðastofu. Ofan á hleðslunni var móöskulag.

Trémanvirki (10). All óvenjulegt að gerð (mynd 41 og 42). Viðarleifarnar lágu í 35 cm breiðri og 35 cm djúpri rás sem grafin hafði verið niður í gegnum sandlag (6). Rásin er 1,1 – 1,45 m undir yfirborði. Í botni rásarinnar fundust að minnsta kosti fimm samhliða fjalir. Ofan á næst nyrstu fjölinu hefur verið lagt eitt 16 cm langt og 2,5 cm breitt borð upp á rönd.

Meðfram þessu borði hafa víða verið lagðir steinar. Ekki er hægt að segja til um með vissu hvort þeir hafi verið lagðir þar til þess að

Mynd 42. Nærmynd af viðarleifunum (10) við sniðvegg. Nokkur flöt borð í botninum og tvö borð upp á rönd í sniðveggnum, benda til þess að þetta hafi hugsanlega verið trérenna eða stokkur (ljósmynd GÓL-1987-07-11).



styðja við borðið eða hvort þeir séu leifar af stærri hellulögn sem hefur verið fjarlægð að mestu. Annað borð upp á rönd, samsíða hinu, er um 15-20 cm sunnar. Þessar viðarleifar lágu því sem næst í austur – vestur, þvert yfir uppgrafar-svæðið og hurfu undir skurðbakkana beggja vegna.

Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en hugsanlega eru þetta leifar af rennu, stokk, eða undirstöðum timburpils. Tengsl við önnur mannvirki eru líka óviss, þó að það virðist helst tengjast 18. aldar minjum. E.t.v. er þetta hluti af jarðrennurni sem sagt er í úttekt árið 1666 að hafi legið út á hlað (Jacob Benediktsson, 1666).

Næstu mannvirkjaeiningar, frá númer 11 – 23, voru líklega flestar hluti af stærri heild sem er hugsanlega tvö eða þrjú mannvirki. Hér verður fyrst hverri og einni einingu lýst sérstaklega og síðan reynt að túlka hlutverk þeirra og setja þær í stærra samhengi.

Hellulögn (11). Steinar sem voru um 20 – 50 cm í þvermál og um 0,2 cm þykkir. Eins og fram kemur í sniði lágu þeir í einum fleti á um 50 cm dýpi undir yfirborði við vesturbakka svæðis og virðast vera hluti af hellulögn eða hleðslu sem gekk inn í bakkann (mynd 42 og 43). Ofan á hellunum voru m.a. múrsteinsbrot. Undir hellunum var torfhleðsla úr gulleitri mold með svörtum gjóskublettum.

Rás fyrir fótstykki (12). Leifar af rás, sem virtist hafa verið fyrir fótstykki (mynd 44). Hún lá þvert yfir svæðið frá austri til vesturs og var að innanmáli um 15 cm breið og 15 cm djúp. Botn rásarinnar mældist á 70 cm dýpi, lagður steinum. Báðum megin við steinaröðina höfðu

hellur verið lagðar upp á rönd til að styðja við fótstykkið. Mjög lítið var varðveitt af timbrinu en þó fundust stöku viðarleifar í aurstokknum. Inni í rásinni fundust brot af postulínsbolla með rauðleitu japönsku munstri. Yfir fótstykkinu, vestast, voru nokkrir stórir steinar, líklega hrun úr hleðslu.

Undirstöður fyrir fótstykki (13). Tveir til þrjár steinar, um 20 – 30 cm í þvermál. Leifar af steinaröð við austurbakka uppgrafar sem er líklega framhald af steinaröð í botni rásar nr. 12.

Hellulögn (14). Leifar af hellulögn, á um 80 cm dýpi. Steinarnir, sem voru sex til átta, voru misstórir, frá um 30 – 70 cm í þvermál. Hlutverk steinanna er óþekkt. Þeir lágu sunnan við hellugólfíð sem fékk númerið 15. Hugsanlega eru þetta leifar af hellulögn sem verið hefur framan við inngang, eða í inngangi á suðurhlið húss.

Hleðsla eða hruninn veggur (15). Allmargir steinar sem lágu í austur – vestur á 35 – 75 cm dýpi, í vestari hluta svæðis U6. Þeir voru flestir um 30 – 50 cm í þvermál. Að minnsta kosti tvö lög af steinum voru sýnileg. Hlutverk steinanna er óþekkt.

Hleðslan var um 50 cm breið neðst en efri hluti hennar var um 1,5 m breiður. Það gæti hafa verið hrun úr veggnum. Hugsanlega var þetta hluti af hleðslu eða útvegg sem hefur tilheyrt hellulögn nr. 11. Þó líklegra sé að þetta hafi verið undirstöður 20. aldar veggs sem grafið hefur verið fyrir, niður að hellulögninni. Hleðslan hefur þá eyðilaggt ummerki eftir norðurhlið undirliggjandi byggingar.



Mynd 43. Loftmynd af svæði U6, fyrir framan Bessastaðastofu, þegar efstu byggingarleifarnar höfðu verið hreinsaðar fram. Númer byggingareininga eru frá 11 – 24. Tröppur Bessastaðastofu eru neðst til vinstri (ljósmynd GÓL-1987-05-11).

Hellugólf (16). Leifar af hellulögðu gólfi. Hellurnar voru misstórar, frá um 10 – 20 cm í allt að 70 cm í þvermál. Gólfið sem hellurnar voru á mældist að minnsta kosti um 5,7 m breitt. Í gólfinu og umhverfis það voru leifar af nokkrum fótstykki og undirstöðum undir fótstykki, sem benda til þess hvar útveggir, milliveggir og gólfbitar hússins hafa verið. Hellurnar voru víða lagðar upp að bitunum. Á gólfinu var sandblendin gólfskán, allt að 6 cm þykk og voru í henni allmargir fundir, s.s. kítarpípu-, gler- og flöskubrot. Þarna fannst bronshnappur, kínverskt postulínsbrot og munstrað gler. Einnig fannst í reit X208/Y122, um sjö cm hár útskorinn karl úr beini (mynd 124), e.t.v. taflmaður (BES-1987-798). Hann hefur verið standandi en fæturnir hafa brotnað af. Hann er með þríhyrnda hatt á höfði og klæddur í síða kápu, með sítt hár og hökuskegg. Af klæðnaði hans og útskurði að dæma má ætla að hann sé frá um 1700 – 1750. Á milli steina í hellugólfinu komu í ljós stór og grænglerjuð leirkersbrot sem eru líklega úr kakalofni. Gólfið var rofið af lagnaskurði (sjá nr. 17) sem grafinn

hefur verið gegnum það og inn í Bessastaðastofu. Þegar hellur úr norðurhluta gólfsins voru fjarlægðar kom í ljós um 6 – 10 cm þykkt malarlag og undir því nokkrar flatar hellur. Einnig komu í ljós fleiri gólfbitar og gólfborð undir hellunum. Undir malarlaginu var líka gráleitur leir og blönduð mold og gráleitt og rauðleitt gólfslag með móösku, járnútfellingum og beinum.

Lagnaskurður (17). Skurðurinn var um 120 cm djúpur og 65 cm breiður. Hann lá í sveig frá suðvestri til austurs, þvert yfir svæði U6, og þaðan meðfram tröppunum norðanverðum og inn undir Bessastaðastofu. Í skurðinum fundust m.a. kítarpípur, flöskubrot, leirkerabrot, tinna og járnstykki.

Undirstaða arins (18). Ferhyrind hleðsla eða hellulögn úr grjóti, um 1,7 x 2,2 m í þvermál (myndir 46 og 47). Hleðslan var inn í húsi og tilheyrði líklega sama mannvirki og hellugólf nr. 16. Hleðslan afmarkaðist af steinum sem lagðir voru í röð í ferhyrning. Steinarnir voru flestir um 20 – 30 cm breiðir og 50 – 70 cm langir. Flatar hellur þöktu stærsta hluta svæðis-



Mynd 44. Loftmynd af miðju svæði U6 (Y120 – Y130), þegar búið var að fjarlægja efsta mannvistarlagið og viðarleifar undir hellum að koma í ljós. Tröppur Bessastaðastofu eru neðst til vinstri. Númer byggingareininga eru frá 11 – 30 (ljósmynd GÓL-1987-13-09).

ins innan ferningsins. Rauðleitar leifar á steinum, eins og eftir mikinn hita eða bruna, benda hugsanlega til að þetta séu leifar af sökkli undan arni eða skorsteini.

Fótstycki (19). Leifar af fótstycki sem lá í norður - suður, austan við arinsökkulinn (mynd 46). Yfir því var víða allt að 3 - 4 cm þykkt skeljasandslag. Fótstyckið endaði syðst við steinaröð nr. 29 og náði norður fyrir mannvirki 24. Það var því alls um 6,5 m að lengd, um 20 cm breitt og um 7 cm þykkt, en stokkurinn sem það lá í var um 25 cm breiður. Yfirborð fótstykkisins var aðeins lægra en yfirborð gólfhellna. Allmörg úrtök fundust í því, sem sýna glögg hvar skátré og stoðir í grindinni voru staðsettar. Syðsta úrtakið var 7 cm norðan við enda plankans og var 13 x 6 cm í þvermál og um 5 cm djúpt. Yfir að næsta úrtaki voru 66 cm og 45 cm milli annars og þriðja úrtaks. Óljós úrtök voru norðar í stokknum. Naglar voru í viðnum á um 20 - 25 cm millibili. Ofan á viðarleifunum var múrsteinn. Utanmál hans voru um 22 x 14,3 x 5 cm. Leifar fótstykkjanna

sýna að um er að ræða grind úr bindingsverkshúsi.

Gólfhellur (20). Á um 80 cm dýpi voru nokkrar stórar hellur sem liggja meðfram og austan við aurstokk nr. 19 og hverfa inn undir austurbakka uppgraftarsvæðis (mynd 47). Þær mældust um 30 - 70 cm í þvermál. Hellurnar virðast hafa verið hluti af sama gólfi og nr. 16 og 21. Ofan á þeim var 5 - 10 cm þykkt, mjög þétt, leirkennt og gulleitt lag, e.t.v. gólflag. Í því var um 4 cm þykkt fiskbeinalag og lá það um 6 cm yfir gólfhellum.

Gólfhellur (21). Hellur austan við suðurhluta fótstykkis nr. 19. Þær voru um 20 - 40 cm í þvermál og lágu að lagnaskurði alveg inn að Bessastaðastofu og hurfu inn undir tröppur hennar. Þetta var hluti af sama hellugólfi og nr. 20. Lagnaskurður hefur skorið það í sundur. Ofan á hellunum lá sama leirkennda og gulleita gólflagið og var ofan á gólfhellum nr. 20. Í efri hluta lagsins, um 6 cm yfir gólfhellunum var um 4 cm þykkt lag dýrabeina, aðallega úr fiskum og fuglum. Við tröppuhornið í reit Y-



Mynd 45. Horft til vesturs eftir rásinni fyrir fótstykki (12) á svæði U6. Steinaröðin (13) er rofin neðst á myndinni og þar vantar einnig hellur á rönd, sitt hvorum megin við. Ofarlega til vinstri sést í hellulögn (11). Til hægri við rásina eru hellur í gólfi (15) (ljósmynd GÓL-1987-12-16).

124 var tekið jarðvegssýni (um 30 cm breitt, 60 cm langt og um 10 cm þykkt), bæði af gólfskán og beinalagi sem var ofan á hellunum.

Útveggur (22). Hellur sem virðast hafa afmarkað endi á hellulögn til norðurs. Ofan á gólfhellum þarna voru 2 - 3 lög af steinum sem virðast hafa verið leifar af hruninni veggjahleðslu. Steinarnir voru um 30 - 40 cm í þvermál. Þarna gæti hafa verið útveggur húss.

Steinaröð (23). Einföld röð steina sem lá frá norðri til suðurs. Steinarnir voru um 40 - 50 cm í þvermál. Röðin var allt að 2 m löng og snýr framhlið hennar í austur. Hún tilheyrði hugsanlega sama húsi og gólfhellur nr. 16 og 21 og gæti hafa legið meðfram gólfbita.

Hleðsla (24). Grjóthleðsla sem raðað var í ferning. Snéru sléttu hliðar steinanna alls staðar út. Hún var um 2 m löng og 1 m breið. Steinar-

nir voru frá um 20 - 50 cm í þvermál. Innan steinanna var mold eða torf. Meðfram austurhlið hleðslunnar var norðurhlið gólfbita nr. 19, sem virðist enda við norðurhlið hleðslunnar. Það bendir til þess að hún hafi verið hluti af sama mannvirki og gólfbitinn og gólf nr. 16 og 20. Hún gæti þó upphaflega hafa verið hluti af eldri torfvegg.

Gólfbiti (25). Gólfbiti sem lá í austur - vestur (mynd 48). Austurendi hans lá að bita nr. 19 og virðist enda við gólfbita nr. 30. Hann var um 13 cm breiður, 6 cm þykkur og um 2,8 m langur, en hefur hugsanlega verið lengri. Vegna lagnaskurðarins var ekki unnt að fylgja honum áfram til vesturs.

Gólfbiti (26). Leifar af gólfbita sem lá í norður - suður og mældist um 230 cm langur og um 10 cm breiður. Norðurendi hans lá að bita nr. 25. Suðurendi hans lá að steinhellum nr. 14 þar sem hann tengdist bita nr. 27.

Gólfbiti (27). Endi á gólfbita eða fótstykki sem legið hefur í austur - vestur. Austurendinn sem grafinn var upp var um 40 cm langur og 10 cm breiður. Hann tengdist suðurenda bita nr. 26. Hugsanlega voru þetta leifar af undirstöðu undir litla forstofu, sem byggð hefur verið framan við inngang á húsi, þar sem suðurhliðin hefur hvílt á fótstykki nr. 12 og 13. Eins gætu þetta hafa verið leifar af eldra mannvirki.

Viðarleifar (28). Viðarleifar sem lágu til suðurs frá bita nr. 25, og hurfu undir grjóthleðslu til suðurs. Þetta virðast hafa verið 12 - 15 cm breið borð. Hugsanlega voru þetta leifar af gólfborðum eða eldri byggingarleifum. Við SA-hornið var skarð í gólfhleðsluna en þar voru lábarðir smásteinar og múrsteinsbrot. Auk þess fannst þar lítið brýni.

Steinaröð (29). Steinaröðin var um 2 m löng og lá frá austri til vesturs. Framhlið steinanna snéri mót norðri. Hún hvarf til austurs inn undir tröppur Bessastaðastofu, en vesturendi hennar náði að gólfbita nr. 26, beygði þar í vinkil og fylgdi honum aðeins til suðurs. Steinarnir voru um 20 - 50 cm í þvermál. Líklega voru þetta leifar af gólfhellum sem lagðar hafa verið á milli gólfbita.



Mynd 46. Horft til vesturs yfir ferhyrndu steinlögnina, á svæði U6, sem talin er hafa verið undirstaða arins (18) og sem hefur líklega tilheyrt Bessastaðahúsi frá fyrri hluta 18. aldar (ljósmynd GÓL-1987-08-08).



Mynd 47. Viðarleifar sem tilheyra 18. aldar bindingsverkshúsi, framan við Bessastaðastofu. M.a. má sjá fótstykki, gólfbita og gólfborð. Sums staðar má sjá úrtök í fótstykkinn, sem tappar veggjastoðanna gengu ofan í (T-1987-62, G.O. teiknaði eftir ljósmynd).



Mynd 48. Loftmynd af minjum í skurði norðan við útitröppur Bessastaðastofu (ljósmynd GÓL- 1987-13-13).

Gólfbiti (30). Endi af gólfbita sem lá frá norðri til suðurs. Hann var um 130 cm langur og náði norðurendi hans að gólfbita nr. 25. Suðurendi hans hvarf undir stóran stein úr hellugólfi (sjá mynd 50).

Múrsteinshleðsla (31). Í skurði norðan við tröppur Bessastaðastofu var komið niður á leifar af láréttri múrsteinshleðslu (mynd 31). Hugsanlega voru það leifar af múrsteinsgólfi. Múrsteinalögnin var um 1 m í þvermál. Hún var í sama fleti og hellugólfið nr. 20 og virðist hafa náð upp að því. Hún var hlaðin úr gömlum múrsteinsbrotum og grágrýti. Í horninu voru leifar af um 10 cm breiðum stólpa. Lagna-skurður nr. 17 skar í sundur múrsteinalögnina til suðurs en hún hvarf inn undir veggjahleðslu nr. 35. Ofan á múrsteinunum, á um 60 cm dýpi, voru miklar beinaleifar, einkum fiskbein og önnur smábein, hugsanlega af fuglum.

Grjóthleðsla (32). Á 30 cm dýpi var komið niður á efsta hluta grjóthleðslu sem var um 1,4 m breið (mynd 49). Undirstaða hennar var gerð

úr um 25 - 40 cm stórum steinum. Ofan á undirstöðunum var lag af lábörðum smærri steinum, sem voru aðeins um 10 - 15 cm í þvermál. Á milli steinanna var fjörusandur. Þessi grjóthleðsla náði niður á 60 cm dýpi og virtist liggja yfir steinaröð (33) og múrsteinalögn (31). Hugsanlega var þetta undirstaða veggjar, líklega frá fyrri hluta 20. aldar.

Steinaröð (33). Einföld steinaröð 25 - 30 cm stórra steina (mynd 50). Hún lá austanundir grjóthleðslu (32) í norður suður. Gólfborð (34) lágu að steinaröðinni.

Fjalir (34). Undir grjóthleðslu (32) lágu þrjár samsíða fjalir (mynd 50). Tvær vestustu fjalirnar voru um 25 cm breiðar og sú austasta um 20 cm breið. Hún endaði við steinaröð (35). Fjalirnar lágu í norður - suður og voru í svipaðri hæð og yfirborð múrsteinalags (31). Hugsanlega voru þetta leifar af gólfþöllum. Lagna-skurðurinn hefur skorið af suðurenda fjalanna sem voru 54 - 82 cm langar.



Mynd 49. Horft til austurs yfir svæði U6, sem sýnir nokkur sæmilega vel varðveitt fótstykki og gólfbita sem lýst er nánar í kaflanum. Gólfbitinn til vinstri (25) virðist enda neðst í vinstra horni; fremst er gólfbiti (30) og fjalir (28); þvert yfir miðja mynd er gólfbiti (26) og efst er fótstykki eða gólfbiti (19). Fremst á myndinni og fyrir miðju, undir gólfhellunum, sést glytta í gult torf og múrsteina sem tilheyra eldri mannvirkjum. Ekki var grafið dýpra á þessu svæði og eru eldri manvirki enn órannsökuð undir aðkeyrslunni (ljósmynd GÓL-1987-06-21).

Steinaröð (35). Einföld steinaröð 60 – 75 cm stórra steina sem liggja í norður - suður (mynd 49). Aðeins fjórir steinar í röðinni voru grafnir fram en þeir hurfu til suðurs undir tröppur Bessastaðastofu. Framhlið steinanna, sem snúið hefur út úr veggnum, veit í austur. Steinarnir voru hugsanlega hluti af undirstöðu útveggjar húss sem staðið hefur rétt vestan stofunnar.

Steinhleðsla (36). Í drenguröð sem grafa þurfti frá tröppunum til norðurs meðfram vesturhlið Bessastaðastofu kom í ljós grjóthleðsla eða hellulögn upp við húsið (mynd 47). Hún var á tæplega eins metra dýpi og virðist hafa legið til austurs og inn undir húsið. Að öllum líkindum hefur hún verið hluti af hellulögðu gólfi mannvirkisins sem fannst undir Bessastaðastofu. Vegna þess að skurðurinn fór í gegn um hleðsluna, vantaði tengingu við mannvistarlögin vestan við skurðinn og því var ekki hægt að segja með vissu hve langt hún náði til vesturs.

Helluröð (37). Við norðurenda fótstykki nr. 19 voru þrjár 50 cm stórar flatar hellur í röð (mynd 52). Þær lágu í austur - vestur, þvert á fótstykkið og snéru sléttri framhlið í suður. Yfirborð þeirra var í sömu hæð og hellurnar nr. 18, 20 og 24. Hugsanlega hafa þær allar verið hluti af sama mannvirki. Þessi helluröð hélt áfram til austurs og hvarf þar undir bakkann.

Viðarleifar (38). Leifar gólfbita eða fótstykki sem stóð út úr skurðbakka sunnan undir veggjahleðslu nr. 39. Plankinn, sem sést í þversniði (T-1987-19), var um 16 x 8 cm í þvermál. Hann lá í austur - vestur og hægt var að rekja leifar hans á um 1 m kafla inn á uppgraftarsvæðið. Hugsanlega voru þetta leifar af fótstykki sem náð hefur að fótstykki nr. 19. Ofan á viðarleifunum fundust tvær til þrjár blýkúlur og blýbrot.

Veggjahleðsla (39). Tvöföld steinaröð sem lá ofan á viðarleifum nr. 38, og gæti hafa verið undirstaða eða hluti af veggjahleðslu. Steinarnir



Mynd 50. Mannvistarleifar í skurði norðan við tröppur Bessastaðastofu á svæði U6. Neðst er lagnaskurður (17), sem liggur til austurs inn í Bessastaðastofu. Lengst til vinstri má greina hluta af hellugólfi (20). Vinstra megin við miðju er múrsteinalögn (31), sem er hugsanlega úr gólfi. Fyrir miðju er grjóthleðsla (32) sem virðist vera undirstaða undir vegg. Efri hluti hennar er gerður úr smærri steinum. Undir henni hægra megin er steinaröð (33). Til hægri er stór steinaröð (35) (ljósmynd GÓL-1987-12-05).

voru um 25 cm í þvermál og mynduðu saman um 55 cm breiða hleðslu. Hleðslan hvarf til vesturs inn í bakkann.

Veggjahleðsla (40). Undirstaða undir vegg (mynd 52). Hleðslan var 50 cm breið og 30 cm há. Neðst í skurðinum sem grafinn hafði verið fyrir veggjarundirstöðunni fannst allmikið af járnhlutum, sem virðast hafa verið hreinsaðir út úr smiðju eða skemmu og notaðir þarna sem undirstaða. M.a. voru margar skeifur, stórt axarblað og svo hluti af gamalli fallbyssu frá 15. – 16. öld (mynd 53).

Veggundirstaða (41). Veggundirstaðan var blanda af allt að 25 cm stórum steinum og möl sem lá ofan á hleðslu 40 og er yngri en hún. Grafinn hefur verið skurður fyrir þessa undirstöðu, sem síðan var fylltur af grjóti, möl og sandi. Undirstaðan var um 85 cm breið og 50 cm há og hefur hugsanlega verið reist á 19. öld, framan við Bessastaðastofu.

Veggundirstaða (42). Veggundirstaða sem var hlaðin ofan á hleðslu nr. 40 og var yngri en hún.

Hún var um 85 cm breið og 50 cm há og sennilega hluti af sama veggjarbroti og 41.

Veggundirstaða (43). Tveir samhliða steinar, sem voru hugsanlega undirstaða undir vegg við vesturbakka svæðisins. Steinarnir voru 30–35 cm í þvermál og lágu að hluta undir hellum nr. 44.

Hellulögn (44). Flatar hellur sem voru allt að 60 cm í þvermál. Hellurnar voru hugsanlega leifar af hellulögðu gólfi og gætu hafa verið samtíma eða tilheyrt sama mannvirki og lag nr. 83 í sniði T-1987-19.

Gólfskán (45). Svargrátt mannvistarlag, blandað sóti og móösku (mynd 52). Lagið var þétt í sér og fínkornótt. Líklega voru þetta leifar af gólfskán sem hefur verið í húsi sem staðið hefur á norðurhluta svæðisins. Einstaka viðarleifar, mjög vel varðveittar fundust í þessu lagi, en engir gripir. Lagið er nr. 86 í sniði T-1987-19. Það fór undir hellugólf (44) á vestasta hluta svæðisins og virðist einnig hafa náð undir steinhleðslur nr. 48 og nr. 49.



Mynd 51. Horft yfir mannvistarleifar norðan við tröppur Bessastaðastofu á svæði U6, undir steinvegg 32. M.a. sjást leifar múrsteinagólfs til vinstri (31) og viðarleifar (34) sem ná að steinaröð (33) (ljósmynd GÓL-1987-05-17).

Hringlaga eldstæði (46). Í reit X208/Y132 fundust leifar af hringlaga eldstæði úr hlöðnu grjóti (mynd 54). Ofangreindur hnitapunktur var í miðju þess. Eldstæðið var 110 cm í þvermál og afmarkaðist af 10 – 50 cm löngum og 10 – 15 cm breiðum hellum, sem lagðar voru upp á rönd og raðað í hring. Nokkrar hellur vantaði í vesturhlíðina. Fjórar 30 – 50 cm stórar flatar hellur þöktu botn eldstæðisins. Innanmál þess var um 80 cm. Innan í eldstæðinu var um 5 – 10 cm þykkt lag af finum rauðleitum móöskusalla, sem blandaður var viðarkolum og sóti. Sýni voru tekin af viðarkolonum. Lögun eldstæðisins og gerð er óvenjuleg, ef ekki einstök, hér á landi. Hugsanlega hefur eldstæðið verið í mylluhúsi því, sem mun hafa verið í norðurálmú konungsgarðsins á 18. öld, og nefnt er í skýringartexta um húsin á teikningu af honum frá 1720 (sjá umfjöllun á bls. 141-142). Ef svo er, má hugsanlega ætla að það hafi verið notað til þess að þurrka korn.

Hellulögn (47). Norðan við eldstæðið voru fimm hellur sem mynduðu um 140 cm langa og

60 – 80 cm breiða hellulögn. Hún lá að eldstæðinu og hefur líklega verið aðkoman að því.

Smásteinalag (48). Lag af 2 – 10 cm stórum steinum. Lagið sem mældist um 80 x 1,6 m að umfangi virtist liggja í sama yfirborði og gólf nr. 45 og gæti verið samtíma því. Sama lag virtist koma fram í sniði T-1987-19. Þar var það nr. 52.

Gólf (49). Leifar af gólfi sem hefur hugsanlega verið hluti af sama mannvirki og nr. 44. Hellurnar voru flestar um 25 – 35 cm í þvermál en sú stærsta um 55 cm í þvermál.

Veggjahleðsla (50). Hlaðinn grjóttveggur eða sökkull, um 75 cm breiður og 35 cm hár. Í sniði T-1987-19 var hann nr. 81. Hann lá ofan á smásteinalaginu en erfitt var að segja til um hvort hann hafi verið reistur beint ofan á það eða hvort grafið hafi verið niður fyrir veggnum.

Viðarleifar (51). Viðarleifar bita sem voru um 7 x 15 cm í þvermál. Hann lá sunnan við vegg nr. 50 og ofan á smásteinalagi 52. Hugsanlega hefur þetta verið gólfbiti.



Mynd 52. Norðurhluti svæðis U6, frá Y128 - Y136. Númerin vísa til mannvirkjaleifa. Hnitin á hvíta spjaldinu efst fyrir miðju eru X210/Y132. Tveir metrar eru á milli hvítu krossanna í hnitakerfinu (ljósmynd GÓL-1987-13-16).

Smásteinalag (52). Smásteinalag svipað og nr. 48 og hefur hugsanlega verið samtíma því. Lagið lá ofan á gólfskán nr. 45 og hefur hugsanlega tilheyrt yngsta hluta þess mannvirkis.

Könnunarhola, syðst (53). Til þess að kanna samhengi og þykkt mannvistarlaganna á bæjarhólnum var grafin könnunarhola niður á óhreyft yfirborð syðst á svæðinu, sunnan við steinaröð (1). Holan var um 2,1 x 5,5 m í þvermál og nær 4 m djúp (mynd 38). Í henni voru skráð 14 mannvistarlög og er gerð nánari grein fyrir lagskiptingu mannvistarlaganna í lýsingu á heildarsniðinu (T-1987-19) sem teiknað var af vesturbakka svæðis U6. Hér verður því aðeins rætt sérstaklega um nokkur áhugaverðustu lög holunnar. Í vesturbakka holunnar, á 2,5 m dýpi undir yfirborði var komið niður á 40 cm þykkt svart lag (9). Það var laust í sér, blautt og illa þefjandi og virtist vera sambland af mykju og taði (mynd 54). Á 3 m dýpi til um 3,4 m dýpi var þétt sandblendistöð og þurr, svart lag (11 og 111). Það var allt að 25 cm þykkt og virtist einna helst vera gólflög, að minnsta kosti neðstu 10 – 15 sentimetrarnir. Ofan á því voru einstaka steinar um 5 – 15 cm í þvermál. Í báðum hlutum

lagsins var mikið af stórgripabeinum, timburleifum, leðurbútum og keramik. Tekið var sýni af laginu til varðveislu, en botn lagsins var á 3,4 m dýpi. Í miðju þessu lagi, á um 3,2 m dýpi, var ógreinilegt slitrótt gjóskulag (110) á um 2,5 m löngum kafla í sniðinu. Þetta mun vera gjóskulag úr Kötlu~1500. Sá hluti svarta mannvistarlagsins sem er yfir Kötlu~1500 er númer 11, en neðri hluta lagsins sem er undir Kötlu~1500 var gefið númerið 111. Það ætti samkvæmt þessu að vera frá 15. öld.

Á 3,4 m dýpi var rautt móöskulag (12) sem nær niður á óhreyfða mold (13) á um 3,8 m undir yfirborði. Á um 3 m dýpi, í austurhlíð holunnar, fannst allt að 30 cm þykkt og 1 m breitt lag af stórgripabeinum. Efsti hluti beinalagsins var í svarta mannvistarlagini en neðsti hluti þess í móöskulagini undir því. Beinahrúgan hvarf inn í sniðið til suðurs og var því ekki hægt að gera sér grein fyrir heildarumfangi lagsins. Grafið var um 20 cm inn í sniðið til þess að ná beinunum sem sáust í laginu í heilu lagi. Jarðvegssýni voru einnig tekin bæði úr efri og neðri hluta beinalags til greiningar. Stór hluti beinanna var úr stór-



Mynd 53. Undir veggjarhleðslu (40) vestan við Bessastaðastofu á svæði U6, fannst hluti af fallbyssu (F-1987-200). Við hlið fallbyssunnar sést í hnakkann á exi (F-1987-1144) (ljósmynd GÓL-1987-05-20).

gripum, einkum hrossum. Það sem er óvenjulegt við þessi bein er að endahnútur hafa verið sagaðar af mörgum þeirra og þeim hent þarna í hrúgu (mynd 56). Leggirnir hafa líklega verið fjarlægðir og nýttir sem smíðaeefni. Þarna nálægt getur því hafa verið verkstæði. Innbyrðis hlutfall beina á Bessastöðum bendir einnig til þess að stórgripir hafi verið algengari þar á miðöldum en síðar varð. Meðal beinanna var m.a. kjálkabein úr hesti með sérkennilega stórar vígtennur. Þetta virðist hafa verið stóðhestur, sem hefur e.t.v. verið ætlaður til hestaats (McGovern, 1987). Lítil bronsprjónn lá upp við eina beinkjúkuna.

Könnunarhola, nyrst (54). Nyrst á svæði U6 var grafin 1 x 2,6 m stór könnunarhola niður á óhreyfðan jarðveg til þess að kanna þykkt og samhengi mannvistarlaga. Holan var nánast á miðjum jökulásnum sem myndar Bessastaðanesið, þar sem hann ber hæst. Þykkt mannvistarlaga reyndist þarna vera um 2,4 m. Mikilvægur samanburður fékkst með þessum hætti við mannvistarlögin í könnunarholunni sem tekin var við suðurenda svæðisins.

Langsnið af vesturbakka á svæði U6 (T-1987-19)

Vesturbakki svæðis U6 var hreinsaður fram og jarðlögin mæld upp í mælikvarða 1:50. Þannig fékkst um 38 m langt snið (T-1987-19) sem náði að tengja saman flest öll mannvirki og mannvistarlög sem fundust á svæðinu (mynd 149). Hverju lagi var gefið númer og hér að neðan er lýsing á þeim 111 lögum sem greindust í sniðinu. Lögin voru sett upp í töflu (mynd 150), í forritinu ArcEd, til þess að auðvelda samanburð á innbyrðis afstöðu mannvistarlaganna. Til viðmiðunar var einnig settur upp tímaás sem skipt var niður í um 50 ára tímabil og reynt eftir því sem mögulegt var að tengja mannvistarlögin við hann. Ekki þótti raunhæft að vera með þrengri tímaramma við svona greiningu, nema þegar hægt var að tengja ákveðnar mannvirkjaleifar við byggingar sem þekktar eru af teikningum á 18. öld. Upphafs- og endapunktur tímaássins eru gefnir. Rétt er að ítreka að taflan byggist að hluta til á ákveðinni túlkun og hana ber að taka með nokkrum fyrirvara.



Mynd 54. Hringlaga eldstæði (46) og hellulögn (47) sem að því lá til vinstri, á svæði U6 (ljósmynd GÓL-1987-11-24).



Mynd 55. Vesturbakki djúpu holunnar, syðst á svæði U6. Dökk mannvistarlæg frá miðöldum sjást undir þykkum rauðum móöskulögum frá 16. - 18. öld. Steinninn neðst fyrir miðju er í óhreyfðri mold (ljósmynd GÓL-1987-07-22).



Mynd 56. Nærmynd af stórgripabeinum í dýrabeinalagi í austurbakka holunnar. M.a. má sjá afsagaðan enda stórgripabeins, sem bendir til þess að leggurinn hafi verið notaður sem efni til smíða (ljósmynd GÓL-1987-07-03).

Ef rýnt er í töfluna virðast elstu merki um mannavist á staðnum vera allþykkur móöskuhaugur sem byrjar að myndast á árabílinu 900 - 1000. Upp úr því myndast mikið mannvistarlag sem bendir til þess að á þeim tíma sé byggðin að færast nær svæðinu. Virðist bæði vera um að ræða íveruhús og vinnusvæði, þar sem unnið var m.a. við áhaldagerð úr dýrabeinum.

Jarðlög í sniði T-1987-19

1. *Grasrót*, núverandi yfirborðslag.
2. *Brún mold*. Uppfylling.
3. *Uppfylling*, með mold, mól og múrsteinsbrotum. Líklega sama lag og nr. 14, nr. 25 og nr. 78.
4. *Brún mold*, hreyfð og blönduð múrsteinsbrotum, viðarkolaögnum. Sama lag og nr. 28 og 58.
5. *Torfhleðsla*. Frá sama tíma og torfusneplar í lagi nr. 40 og 43.
6. *Móaska*, blönduð mold.
7. *Ljósgrá móaska*.
8. *Blönduð móaska*.
9. *Mannvistarlag*, grábrúnt að lit, blandað móbrúnum blettum. e.t.v. mykju, og dökkum blettum, e.t.v. gjósku.
10. *Mannvistarlag* og mold.
11. *Dökkgrátt mannvistarlag*, m.a. blandað dýrabeinum, viðarleifum og leðurbútum. Í miðju lagi vottar fyrir dökku gjóskulagi, nr. 110, sem gæti verið Miðaldalagið frá um 1226.
12. *Rauðbleik móaska*, blönduð viðarkolaögnum. Líklega sama móöskulag og nr. 102.
13. *Óhreyfð mold*. Lagið er frá því fyrir landnám og er sama lag og nr. 104.
14. *Uppfylling*, með mold, mól og múrsteinsbrotum. Líklega sama lag og nr. 3 og nr. 25.
15. *Grjótgardur*. Mannvirki 15. Neðri hlutinn er um 70 cm breiður og 50 cm hár og nær niður að hellulögn nr. 22. Efri hlutinn sem er um 135 cm breiður og 40 cm hár, er hugsanlega eitthvað yngri en neðri hlutinn.
16. *Torf* með dökkri gjósku í. Líklega hluti af sama mannvirki (veggjarhleðslu) og steinsökkull nr. 20.
17. *Rauð móaska* með viðarkolaögnum og dökkum gjóskublettum.
18. *Brún mold* með dökkum gjóskublettum.
19. *Sandur* og *mól*. Líklega sama eða samtíma sandlagi nr. 39, 42 og 47.
20. *Steinsökkull*. Undirstaða í steinaröð sem tilheyrir líklega sama mannvirki og torf nr. 16.
21. *Móaska*, blönduð viðarkolaögnum.

22. *Hellugólf*. Líklega hluti af suðurálmu konungsgarðsins frá byrjun 18. aldar og samtíma sandlagi nr. 37, hellugólfi nr. 64 (mannvirki 16), steinvegg nr. 109 (mannvirki 40), steingólfi nr. 83 (mannvirki 44) og grjótvegg nr. 81 (mannvirki 50).
23. *Steinaröð*. Hugsanlega undirstaða timburveggjar.
24. *Sand- og malarblendin mold*. Hugsanlega yfirborðslag utanhúss. Sama lag og nr. 37.
25. *Uppfylling*, með mold, möl og múrsteinsbrotum. Líklega sama lag og nr. 3 og nr. 14.
26. *Kalklag*.
27. *Sandur*, blandaður múrsteinsbrotum og beinaleifum.
28. *Brún mold*, hreyfð og blönduð múrsteinsbrotum og viðarkolaögnum. Sama lag og nr. 4 og nr. 58.
29. *Sandur*. Sandblettur.
30. *Sandur*. Sandblettur sem tilheyrir sama yfirborði og nr. 29.
31. *Rauð móaska*, blönduð viðarkolaögnum.
32. *Múrsteinalag*, heilir steinar og brot. Líklega hrun úr vegg.
33. *Hellulögn*, með stórum þykkum steinum, líklega utanhúss.
34. *Rás*, full af hreyfðri mold, líklega fyrir fótstykki eða aurstokk. Flatar hellur við báðar hliðar og í botni.
35. *Steinhleðsla*.
36. *Hellulögn*, hugsanlega gólf. Sama lag og nr. 64.
37. *Sand- og malarblendin mold*. Hugsanlega yfirborðslag húsgarðsins. Sama lag og nr. 24.
38. *Mannvistarlag*, lagskipt, blandað gulbrúnni mold, torfusneplum, dökkum gjóskublettum og móösku. Sama og nr. 41.
39. *Sandur og möl*. Sama lag og nr. 24, 42 og 47.
40. *Hreyfð mold*, blönduð móösku, torfusneplum og smásteinum. Sama og nr. 43.
41. *Mannvistarlag*, lagskipt, blandað gulbrúnni mold, torfusneplum, dökkum gjóskublettum og móösku. Sama og nr. 38.
42. *Sandur og möl*. Sama lag og nr. 24, 39 og 47.
43. *Hreyfð mold*, blönduð móösku, torfusneplum og smásteinum. Sama og nr. 40.
44. *Rauð móaska*, undir hellulögn nr. 33.
45. *Rauð móaska*.
46. *Brún og rauðbrún mold*. Lagskipt torf og torfusneplar, blandaðir móösku og dökkum gjóskublettum.
47. *Sandur og möl*. Sama lag og nr. 24, 39 og 42.
48. *Rás fyrir trélögn*.
49. *Viðarborð*, reist upp á kant. Hluti af mannvirki 10.
50. *Viðarborð*, liggjandi. Hluti af mannvirki 10.
51. *Kalk*. Um 2,5 m langt og allt að 10 cm þykkt lag.
52. *Brún, hreyfð mold*, líklega hrun úr vegg.
53. *Gólfskán*, sem hellulögn nr. 36 liggur í.
54. *Brún mold*, blönduð torfusneplum með dökkri gjósku í. Líklega sama lag og nr. 65, 107 og 108.
55. *Mannvistarlag*, blandað móösku. Sama og nr. 62, 66, 69 og 76.
56. *Lagnaskurður*, grafinn í gegnum eldri lög.
57. *Kalk*. Um 2,4 m langt og allt að 10 cm þykkt lag.
58. *Brún mold*, hreyfð og blönduð múrsteinsbrotum, viðarkolaögnum. Sama lag og nr. 4, 28 og 78.
59. *Steinhleðsla* nr. 59 (mannvirki 22). Hugsanlega hluti af konungsgarðinum frá byrjun 18. aldar og samtíma hellugólfi nr. 22, hellugólfi nr. 64 (mannvirki 16), steinvegg nr. 109 (mannvirki 40), steingólfi nr. 83 (mannvirki 44) og grjótvegg nr. 81 (mannvirki 50).
60. *Gólfskán*, sem hellulögn nr. 36 og nr. 64 liggur í. Sama og nr. 53.
61. *Rauð móaska*. Um 5 cm þykkt lag. Hugsanlega sama og nr. 68 og 75.
62. *Mannvistarlag*, blandað móösku. Sama og nr. 55, 66, 69 og 76.
63. *Steinhleðsla*. Þrjú lög steina, alls um 70 cm að hæð. Liggur undir steinhleðslu nr. 59.
64. *Hellugólf*, (mannvirki 16). Hugsanlega hluti af konungsgarðinum frá byrjun 18. aldar og samtíma steinhleðslu 59 (mannvirki 22), hellugólfi nr. 22, steinvegg nr. 109 (mannvirki 40), steingólfi nr. 83 (mannvirki 44) og grjótvegg nr. 81 (mannvirki 50). Sama hleðsla og nr. 36.
65. *Brún mold*, blönduð torfusneplum með dökkri gjósku í. Líklega sama lag og nr. 54, 74, 82, 90, 107 og 108.
66. *Mannvistarlag*, blandað móösku. Sama og nr. 55, 62, 69 og 76.
67. *Brún og dökkbrún mold* með torfusneplum og dökkum gjóskublettum. Sama og nr. 54, 65, 74, 82 og 90.
68. *Rauð móaska*. Allt að 10 cm þykkt lag. Hugsanlega sama og nr. 61 og 75.
69. *Mannvistarlag*, blandað móösku. Sama og nr. 55, 62, 66 og 76.
70. *Brún mold*. Undir mannvistarlagi. Líklega sama og nr. 88.
71. *Steinlögn*. Hugsanlega steinaröð sem stuðningur við fótstykki nr. 72.
72. *Tré*. Líklega leifar af fótstykki eða trégrind sem gengur inn í sniðbakkann (nr. 38 á flatarteikningu).
73. *Brún mold*. Hugsanlega hrun eða uppfylling úr vegg.
74. *Brún og dökkbrún mold* með torfusneplum og dökkum gjóskublettum. Sama og nr. 67 og 82.

75. *Rauð móaska*. Allt að 5 cm þykkt lag. Hugsanlega sama og nr. 61 og 68.
76. *Mannvistarlag*, blandað móösku og viðarkolaögnum, sama og nr. 55, 62, 66, 69 og 87.
77. *Grjóthleðsla* eða sökkull undir steinhleðslu.
78. *Brún mold*, hreyfð og blönduð múrsteinsbrotum, viðarkolaögnum. Sama lag og nr. 4, 28 og 58.
79. *Rauð móaska*. Um 75 cm langur og 5 cm þykkur blettur.
80. *Kalk og múrsteinabrot*, blandað möl. 1,9 m langt og allt að 10 cm þykkt lag.
81. *Veggjahleðsla*, hlaðin úr grjóti, um 90 cm breið og 40 cm há.
82. *Brún og dökkbrún mold* með torfusneplum og dökkum gjóskublettum. Sama og nr. 67 og 74.
83. *Hellulögn*, gólf.
84. *Steinlögn* undir hellulögn nr. 83. Hugsanlega undirstaða eða stuðningur við fótstykki.
85. *Rauð móaska*. Sama og nr. 61, 68, 75 og 86. Sundurskorið af steinlögn nr. 84.
86. *Rauð móaska*. Sama og nr. 61, 68, 75 og 85. Sundurskorið af steinlögn nr. 84.
87. *Mannvistarlag*, blandað móösku. Sama og nr. 55, 62, 66, 69 og 76.
88. *Brún mold*. Undir mannvistarlagi. Líklega sama og nr. 70.
89. *Smásteinalag*, líklega yfirborðslag eða gólfskán frá 18. öld.
90. *Brún mold*, blönduð torfusneplum með dökkri gjósku í. Líklega sama lag og nr. 54, 65, 67, 74, 82, 107 og 108.
91. *Mannvistarlag*. Um 5 cm þykkt lag.
92. *Rauð móaska*. Um 5 cm þykkt lag.
93. *Brún mold* blönduð torfusneplum og dökkum gjóskublettum.
94. *Mannvistarlag* blandað torfusneplum og dökkum gjóskublettum.
95. *Hey*. Allt að 120 cm langt og 1 cm þykkt lag gróðurleifa. Hugsanlega leifar af heyi.
96. *Brún mold*.
97. *Grár leir*. Allt að 15 cm þykkt leirlag. Hugsanlega ísaldarleir.
98. *Grábrún mold*, blönduð torfusneplum og móösku.
99. *Brún mold*.
100. *Grásvört gjóska*. Punnt óslitið lag. Hugsanlega sama og lag nr. 110. Hugsanlega er þetta Miðaldalagið.
101. *Mannvistarlag*. Grábrún mold, blönduð viðarkolaögnum.
102. *Rauðbleik móaska*, blönduð viðarkolaögnum. Líklega sama lag og nr. 12.
103. *Grár ísaldarleir*.
104. *Óhreyfð mold*. Lagið er frá því fyrir landnám og er sama lag og nr. 13.
105. *Steyptur sökkull* við eystri aðkeyrslu.
106. *Malbikaður vegur*. Núverandi yfirborð.
107. *Brún mold*, hreyfð og blönduð múrsteinsbrotum og viðarkolaögnum. Svipað eða sama lag og nr. 4, 28 og 58, sem eru undir lögum nr. 29, 30, 31 og 44.
108. *Brún mold*.
109. *Veggundirstaða eða sökkull* úr mold og grjóti, um 50 cm breið og 40 cm há. Liggur undir hleðslu nr. 77, en er mjórri og senni-lega eldri.
110. *Grásvört gjóska*. Þunn og slitrótt. Hugsanlega sama og lag nr. 100. Miðaldalagið?
111. *Mannvistarlag*, mjög dökkt, blandað dýrabeinum og leðurbútum. Líklega sama og lag nr. 11.

Líklega eru byggingarleifarnar sem komu í ljós fyrir framan útitróppur Bessastaðastofu sama hús og sést á teikningum frá 1736 og 1751 (myndir 7 og 8), þ.e. leifar af því húsi sem reist var sameiginlega fyrir amtmann og landfógeta árið 1721 vestan við gamla landfógetabústaðinn (sjá umfjöllun á bls. 144-150).

Lega hússins útskýrir hvers vegna hægt var að byggja Bessastaðastofu ofan á gamla landfógetabústaðinn. Það er vegna þess að þá hefur verið flutt úr honum í nýja húsið og hann kominn úr notkun (mynd 57).

Þegar helstu niðurstöður uppgrafftarins á svæði U6 eru dregnar saman, þá eru þær í megindráttum þessar: Þykkt mannvistarlega var allt að 3,5 m og syðst virðist hafa verið sorphaugur, þar sem mannvistarlögin hafa hlaðist upp nokkuð hratt. Einföld steinaröð (1) og hellugólf (2) sem voru syðst á svæðinu hafa líklega tilheyrt timburhúsi frá 16. eða 17. öld.

Hellugólf sunnarlega á svæðinu (3 og 4) voru líklega frá um 1700. Þessar hellulagnir hafa verið túlkaðar sem leifar gólfs sem tilheyrði suðurálmú konungsgarðsins. Byggingin hefur verið um 4,5 m breið, sem virðist passa mjög vel við mál konungsgarðsins. Hellulögn sem fannst í lagnaskurði sem grafinn var heim að SV-horni Bessastaðastofu hefur að öllum líkindum tilheyrt þessari sömu húsálmú. Viðarleifar við suðurhlið hússins benda til þess að þar hafi staðið trégrind útveggjarins og húsið hefur líklega verið bindingsverkshús. Þó fundist hafi leifar af torfhleðslu við suðurvegg hússins, gæti það bent til að sú hlið hafi haft skjólvegg úr torfi. Við norðurhlið hússins var um 50 cm breið grjóthleðsla ofan á hellulögninni. Hugsan-

lega hefur neðri hluti þessa veggjar verið útveggur norðurhliðar hússins, sem þá hefur verið hlaðinn úr grjóti. Torfveggir fundust ekki við útveggi norðurhliðar þessa húss. Efri hluti þessa veggjar virðist vera yngri en neðri hlutinn og hefur líklega verið gerður síðar.

Sendna yfirborðið (37) norðan við hellulögnina var líklega hluti af húsagarði konungsgarðsins. Af teikningu af konungsgarðinum að dæma má ætla að húsagarðurinn hafi verið hellulagður en uppgröfturinn getur ekki staðfest það. Þvert á móti virðist yfirborð húsagarðsins hafa verið stráð sandblendinni mold. Ekki var heldur hægt að sjá merki þess að hellur hefðu verið fjarlægðar úr sendna yfirborðinu.

Fyrir framan Bessastaðastofu hefur stórt bindingsverkshús verið reist eftir að konungsgarðurinn var að mestu kominn úr notkun. Það hefur snúið í austur - vestur og staðið á milli kirkjunnar og landfógetabústaðarins. Greina mátti leifar útveggja, fótstykki, gólfbita, hellu- og timburgólfa og undirstöður undan opnum arinstæðum. Augljós merki voru líka um að húsinu hafði verið breytt oftar en einu sinni á meðan það stóð þarna. Flest bendir til þess að þetta séu leifar hússins sem reist var árið 1721 og gekk í gegnum umfangsmiklar viðgerðir og endurbætur á þeim 40 árum sem það var í notkun. Við norðurhlið hússins var komið niður á aðeins eldri byggingaleifar sem virðast hafa verið hluti af norðurálmú konungsgarðsins. Í því húsi var sagt að hafi verið mylla og er hugsanlegt að hringlaga eldstæðið hafi tilheyrt því og e.t.v. verið notað til þess að þurrka korn.

Upp við Bessastaðastofu fundust leifar af veggjahleðslum sem líklegast hafa tilheyrt framhlið landfógetabústaðar konungsgarðsins. Því miður er samhengi þessara veggjahleðslna ekki nægilega vel rannsakað til þess að hægt sé að slá því föstu.

Uppgriftarsvæði 7

Þegar tröppurnar framan við Bessastaðastofu voru teknar upp var fornleifafræðingur kallaður á staðinn til þess að fylgjast með framkvæmdum dagana 13. og 15. apríl 1987. Þá var

búið að fjarlægja þær og grafa niður á fast fyrir nýjum. Í botni holunnar á um 2,4 m dýpi var jökulleir. Hnit svæðisins voru X200-205 og Y116-125.

Veður var mjög slæmt og hvorki hægt að koma við nákvæmum uppmælingum né taka myndir af sniðbökkum. Vegna snjókomu og hríðarbyls varð fljótlega að gefa frekari athuganir upp á bátinn. Áður en til þess kom voru eftirfarandi upplýsingar skráðar á staðnum: Í suðurhlið holunnar var mikil mósaska austast og næst húsinu. Vestan megin í suðurbakka gryfjunnar var svart þykkt lag sem gæti verið einhvers konar sorphaugur. Í þessu mannvistarlagi sáust einstaka steinar en ekki tókst að greina hvort um væri að ræða hleðslugrjót. Við suðurbakkann mátti greina að landnámslagið var ekki í sniði en í SA horninu, um 60 cm yfir neðstu ummerkjum um mannavist, var dökkt gjóskulag, sem líklega var Katla ~1500. Óhreyfða lagið neðst í skurðinum hækkaði aðeins til norðurs og var á um 2 m dýpi þar sem hóllinn hafði verið hæstur. Nokkrir gripir fundust þegar sniðbakkarnir voru hreinsaðir fram. Á um 1,0 m eða 1,2 m dýpi í NV horni fundust t.d. leifar af leðri og textíl. Þessar leifar voru teknar til varðveislu ásamt trénagla sem fannst neðar á svipuðum stað ásamt viðarbút sem gæti hugsanlega nýst til kolefnisaldursgreiningar. Eldbrunninn tinnumoli sem þarna fannst líka mun hafa komið úr neðsta mannvistarlaginu.

Í norðurbakka var grjóthleðsla við tröppurnar á um 1,2 m dýpi undir yfirborði. Þetta var að öllum líkindum hluti af sömu hellulögn og síðar var grafin fram norðan við tröppurnar á svæði U6 og er þar númer 21. Ef til vill var þar líka um að ræða framhald á gólfinu eða byggingu sem myndaði horn nyrst á svæði U4. Undir hellulögninni var líka allþykkt lag af hrísviði, sprekum og heyi. Hugsanlega var þetta hluti af ruslahaugi sem virðist hafa myndast við að mokað var út úr húsi sem stóð þarna nálægt. Þar undir voru hleðslur, á um 1,50 m dýpi, og þar enn neðar á um 1,65 m dýpi fannst bronsþynna sem tekin var til varðveislu. Í vesturbakka skurðar, sáust slitur af landnámslaginu í



Mynd 57. Afstöðumynd sem sýnir núverandi hús og hvar líklegast er að fjórar álmur konungsgarðsins frá fyrri hluta 18. aldar og Bessastaðahús, sem reist var 1721, hafi staðið, miðað við afstöðu fornleifa (kort G.Ó. og A.R.G.).

neðstu mannvistarlögunum. Gjóskan, sem virtist ekki vera *in situ*, var um 10 – 30 cm yfir neðstu greinanlegu mannvist. Þykkt mannvistar-laga þarna á háhólnum var allt að tveir metrar.

Uppgriftarsvæði 8

Þegar grafinn var um 8 x 0,5 m breiður skurður fyrir loftræsiopi og drenlagn út úr suðaustur-horni kjallara Bessastaðastofu þann 25. maí 1987 var komið niður á hellulögn rétt utan við SV-horn hússins (mynd 58). Skurðurinn var alls um 4 m² að flatarmáli. Hnitapunktur svæðisins voru við X199-205 og Y103-110. Norðurendi hellulagnarinnar sem fannst, var 110 cm sunnan við og 40 cm vestan við SV-horn stofunnar, og lá skáhallt yfir skurðinn. Sýnileg breidd hleðslunnar var 2,9 m. Ofan á nyrsta hluta hleðslunnar var malarlag og mold þar yfir. Sunnanvert á hleðslunni var grasrótarlág, fingerður fjörusandur og mold undir honum. Aðeins var um að ræða eitt steinalag úr flötum

hellum í skurðinum og mold undir hellunum. Hellurnar virðast vera hluti af hellugólfi (mynd 59). Hleðslan lá á um 80 – 100 cm dýpi, undir yfirborði, eða í svipaðri dýpt og hleðsluleifarnar sem fundust undir Bessastaðastofu og fyrir framan hana. Trúlega hefur þessi hellulögn eyðilagst að hluta til þegar gróðurskálinn var byggður við Bessastaðastofu. Vegna þess hve skurðurinn var þröngur reyndist því miður ekki unnt að sjá með vissu hvaða tengsl þessi hellulögn hafði við aðrar minjar.

Fylgst var með því þegar skurðurinn var grafinn og voru hleðslurnar ljósmyndaðar en ekki teiknaðar upp í fleti. Myndirnar voru síðan notaðar til þess að staðsetja þær á yfirlits-teikningu af svæðinu og tókst að gera það með góðri nákvæmni. Þegar afstaða hellulagnarinnar var skoðuð kom í ljós að hún var líklega austasti hluti gólfs sem hefur tilheyrð suðurálmum konungsgarðsins (sjá lög 3 og 4 á svæði U6, bls. 65 - 66).



Mynd 58. Afstöðumynd af lagnaskurði (svæði U8) við SV-horn Bessastaðastofu. Skurðurinn er hálfþullur af sandi en undir honum sést glitta í hellugólf sem virðist hafa verið hluti af suðurálmú konungsgarðs (ljósmynd GÓL-1987-04-06).

Uppgriftarsvæði 9

Svæði U9 lá undir vestari aðkeyrslunni að Bessastöðum austan við kirkjugaflið (mynd 60). Það var innan hnitanna X222 – 227 og Y104 – 144, samkvæmt utanhúss hnitakerfi 1987. Svæðið var rúmlega 4 m breitt og um 40 m langt, alls rúmlega 160 m². Fornleifauppgröftur hófst þar í byrjun júlí 1987, þegar ákveðið var að skipta þurfti um jarðveg undir aðkeyrslunni, og stóð hann yfir til októberloka. Síðasta mánuðinn var unnið undir skýli sem byggt var yfir uppgriftarsvæðið.

Byrjað var á því að fjarlægja um 50 cm þykka nýlega uppfyllingu ofan af undirliggjandi minjum með vélgröfu. Þá var svæðið grófhreinsað með skóflum og síðan grafið frá minjunum með múrskleidum. Syðst á svæðinu var grafinn rúmlega 3 m langur og 1 m breiður skurður niður á óhreyft, til þess að kanna þykkt

mannvistarlaga. Sýni var tekið af svartri gjósku á 2,2 m dýpi í skurðinum við hnitin: X229/Y108. Líklega var hér um að ræða Kötlu ~1500.

Andspænis kirkjunni og á syðri hluta svæðisins komu leifar af hleðslum í ljós rétt undir yfirborði, sem talið var að tilheyrt hefðu byggingum konungsgarðsins frá fyrri hluta 18. aldar. Greina mátti fleiri en eitt byggingarskeið og elsta hluta þessara minja má líklega rekja aftur til 16. – 17. aldar. Byggingarnar voru allar mjög illa farnar. Það stafar einkum af breytingum sem áttu sér stað á þessu svæði eftir að Bessastaðastofa reis. Þá var kirkjugarðurinn greinilega stækkaður til austurs, þannig að kirkjugarðsveggurinn lá þá mitt á milli kirkju og Bessastaðastofu. Eldri byggingar konungsgarðsins voru þá komnar úr notkun og huldur uppfyllingarjarðvegi. Nýjar grafir sem teknar voru þarna í kirkjugarðinum fóru í gegnum byggingarleifarnar og ollu miklu raski á þeim. Alls komu 38 grafir í ljós árið 1987 og af þeim voru 20 grafnar upp.

Sérlega áhugaverðar byggingarleifar frá miðöldum komu í ljós á þessu svæði á um tveggja metra dýpi. Virtust þær benda til að þar hefðu staðið tímurbúur. Þessar minjar voru hins vegar á meira dýpi en grafa þurfti vegna framkvæmdanna og var því miður ekki unnt að rannsaka þær nánar. Á norðurhluta svæðisins fundust óljósar leifar af torfhúsum en að öðru leyti var þar fremur lítið um hleðslur á svæðinu. Flestar minjar og gripafundir virðast vera frá 18. – 19. öld.

Hnitakerfi af svæði U6 var framlengt til vesturs yfir svæði U9 og eru því bæði svæðin í sama staðbundna hnitakerfinu. Auk venjulegrar myndatöku voru teknar yfirlitsmyndir úr ljósmyndaturni af svæðinu, bæði með gleiðhornslinsu og með 50 mm linsu. Þessar myndir voru notaðar til þess að teikna flatarteikningu af svæðinu í mælikvarða 1:50.

Nokkur snið voru mæld sérstaklega upp og teiknuð en auk ofangreindra teikninga voru allmargar afstöðumyndir skissaðar upp í dagbókum. Allar hæðir á svæðinu voru mældar út frá núllpunkti við yfirborð aðkeyrslunnar, þannig að hæðartölur á teikningum segja hve



Mynd 59. Nærmynd af flötum gólfhellum á svæði U8, sem liggja skáhallt yfir skurðinn (ljósmynd GÓL-1987-04-10).

djúpt viðkomandi mæling er undir yfirborði við aðkeyrslu, en sýna ekki hæð yfir sjávarmáli.

Lykillinn að skilningi á svæði U9 er 33,5 m langt snið, T-1987-26, sem teiknað var af austurbakka í mælikvarða 1:50. Að sunnanverðu eru hnitapunktur þess X226,9/Y105,35 og að norðanverðu X 224,75/Y139,1. Í sniðinu komu fyrir allar helstu mannvistarleifar sem þarna fundust. Mikil vinna var lögð í að greina innbyrðis afstöðu mannvistarlaga og að reyna að tímasetja þau innbyrðis. Vegna þess hve svæðið var sundurgrafið af gröfum 19. aldar kirkjugarðs, var það alls ekki einfalt í framkvæmd.

Hér að neðan er stutt lýsing á einstökum mannvistarlögum sem greind voru í sniðinu. Teikningin er birt í kafla 10.4 (mynd 151).

Jarðlög í sniði (T-1987-26)

1. *Brún mold*. Yfirborðslag og uppfylling.
2. *Möl*. Uppfylling, blönduð mold, sandi og grjóti.
3. *Móaska*. Ljósrauð að lit.

4. *Móaska*. Ljósrauð að lit.
5. *Mold*. Dökkbrún. E.t.v. gólfslag.
6. *Mold*. Dökkbrún að lit. E.t.v. gólfslag.
7. *Steinhleðsla*. E.t.v. hluti af gólfi.
8. *Steinar*. Smásteinahrúga.
9. *Mold*. Brúnleit.
10. *Sandur*. Tilheyrir e.t.v. gólfi.
11. *Hellur*. E.t.v. hellur í gólfi.
12. *Gröf*. Var ekki grafin fram.
13. *Gröf*. Kista nr. 3. Var ekki grafin upp.
14. *Gröf*. Kista nr. 4. Var ekki grafin upp.
15. *Múrsteinsbrot*. Lag af múrsteinsbrotum o. fl. byggingarleifum.
16. *Mold*. Dökkbrún. E.t.v. byggingarleifar.
17. *Múrsteinslag*. E.t.v. múrsteinsgólf amtmannsstofu.
18. *Steinar*. Steinaröð, tilheyrir e.t.v. sökkli byggingar.
19. *Mold*. Hreyfð mold.
20. *Steinn*. E.t.v. byggingarleifar.
21. *Múrsteinsbrot*. Byggingarleifar, eða byggingarefni.
22. *Mold*. Hreyfð mold.
23. *Móaska*. Rauðleit. Þunnt afmarkað lag í miðju lagi 22.
24. *Torf*. Blandað mold og torf. E.t.v. leifar torfveggjar.



Mynd 60. Horft til vesturs yfir uppgrafarsvæði U9 undir vestari aðkeyrslu. Við austurgafli kirkjunnar er skýli sem reist var yfir hluta svæðisins þegar hausta tók (ljósmynd GÓL-1987-20-33).

- | | |
|--|--|
| 25. Sandur. Smáflekkir af innfluttum finum sandi. Hugsanlega yfirborðslag. | 48. Móaska. Rauð. Sama og lag 39. |
| 26. Mold. Brúnleit. | 49. Mold. Blönduð móösku- og viðarkolaögnum. Sama og lag 41. |
| 27. Svört gjóska. Slitrótt gjóskulag. Líklega Katla ~1500. | 50. Óhreyfð mold. Óhreyfður jarðvegur. Eldri en landnám. Sama og lag 42. |
| 28. Torf. Torfmoldir, ljósbrúnt torf. | 51. Hreyfð mold. Gröf. |
| 29. Mold. Dökkbrún. | 52. Kista. Kista í gröf 51. |
| 30. Móaska. Rauðleit. | 53. Hreyfð mold. Gröf. |
| 31. Steinar. E.t.v. hluti af hleðslu. | 54. Kista. Kista nr. 19 í gröf 53. |
| 32. Mold. Dökkbrún. | 55. Mold. Blönduð móösku og viðarkolum. Sama og lag 46. |
| 33. Torf. Torfmoldir, blandaðar dökkri gjösku. | 56. Móaska. Líklega sama og lag 39, 48, 86 og 97. |
| 34. Torf. Ljósbrúnt torf. | 57. Mold. Blönduð viðarkola- og móöskuögnum. Elsta mannvistarlagið. |
| 35. Móaska. Blönduð móaska og mold. | 58. Óhreyfð mold. Óhreyfður jarðvegur. Eldri en landnám. |
| 36. Torf. Ljósbrúnt torf með dökku gjóskulagi. | 59. Hreyfð mold. Gröf. |
| 37. Mold. Brún mold. | 60. Kista. Kista í gröf 59. |
| 38. Mannvistarlag. E.t.v. gólfskán, móaska og brennd dýrabein. | 61. Múrsteinsbrot. Byggingarleifar, blandaðar steinum úr hleðslu. |
| 39. Móaska. Rauðleit. E.t.v. í gólfskán. | 62. Hreyfð mold. Gröf. |
| 40. Móaska. Rauð. Er hugsanlega gólfskán í niðurgrofnu mannvirki. | 63. Kista. Kista nr. 18 í gröf 62. |
| 41. Mold. Blönduð viðarkola- og móöskuögnum. Elsta mannvistarlagið. | 64. Hreyfð mold. Undir yfirborðslagi. |
| 42. Óhreyfð mold. Óhreyfður jarðvegur. Eldri en landnám. | 65. Stór steinn. Stór hella sem er framan við sniðið. |
| 43. Mold. Blönduð móösku. | 66. Hreyfð mold. Hugsanlega úr gröf. |
| 44. Torfusneplar. Hugsanlega hrun úr byggingu. | 67. Hreyfð mold. Gröf. |
| 45. Torf. Gulbrúnt torf. | |
| 46. Mold. Blönduð móösku og viðarkolum. | |
| 47. Mannvistarlag. Blandað viðarkolum. E.t.v. | |

68. *Kista*. Kista nr. 17 í gröf 67.
69. *Steinn*. Líklega hluti af steinhleðslu 93.
70. *Mold*. Líklega mannvistarlag sem tilheyrir steinlögn 69. Sama og 83.
71. *Mannvistarlag*. Hugsanlega gólfskán.
72. *Mannvistarlag*. Blandað viðarkolum. Líklega gólfskán.
73. *Mannvistarlag*. E.t.v. gólfskán. Líklega sama og 85.
74. *Mannvistarlag*. Blandað móösku.
75. *Mannvistarlag*. Líklega gólfskán.
76. *Torf*. E.t.v. veggjarhleðsla.
77. *Steinar*. E.t.v. veggjarhleðsla.
78. *Óhreyfð mold*. Óhreyfður jarðvegur. Eldri en landnám. Sama og lag 42 og 58.
79. *Hreyfð mold*. Líklega gröf.
80. *Steinn*. Líklega hluti af steinlögn.
81. *Mold*. Líklega hreyfð mold.
82. *Kista*. Óljóst hvort lagið er hreyft v/grafar.
83. *Mannvistarlag*. E.t.v. gólfskán.
84. *Mannvistarlag*. Blandað viðarkolum.
85. *Mannvistarlag*. E.t.v. gólfskán. Líklega sama og 73.
86. *Móaska*. Mannvistarlag, ef til vill gólfskán. Sama og lag 39, 48, 56 og 97.
87. *Mold*. Blönduð móösku- og viðarkolaögnum.
88. *Óhreyfð mold*. Óhreyfður jarðvegur. Eldri en landnám. Sama og lag 42, 58 og 78.
89. *Mold*. Hreyfð mold, e.t.v. leifar af mannvirkjum.
90. *Múrsteinsbrot*. E.t.v. leifar af mannvirki. Sama og 107.
91. *Mold*. Líklega hreyfð mold.
92. *Mannvistarlag*. Líklega gólfskán.
93. *Steinar*. Steinaröð, sem er líklega hluti af hellulögðu gólfi.
94. *Mannvistarlag*. Líklega gólfskán.
95. *Mannvistarlag*. Blandað viðarkolum.
96. *Mannvistarlag*. E.t.v. gólfskán. Líklega sama og lag 73 og 85.
97. *Móaska*. Mannvistarlag, ef til vill gólfskán. Sama og lag 39, 48, 56 og 86.
98. *Óhreyfð mold*. Óhreyfður jarðvegur. Eldri en landnám. Sama og lag 42, 58, 78 og 88.
99. *Mold*. Hreyfð mold í gröf.
100. *Viðarleifar*. Í gröf í lagi nr. 99.
101. *Kista*. Ónúmeruð kista í sniði í gröf 99.
102. *Mold*. Hreyfð mold. E.t.v. leifar af mannvirkjum.
103. *Múrsteinsbrot*. E.t.v. leifar af mannvirki.
104. *Mold*. Hreyfð mold. Gröf.
105. *Kista*. Kista nr. 10 í gröf 104.
106. *Mold*. Hreyfð mold blönduð múrsteinsbrotum og byggingarleifum.
107. *Múrsteinsbrot*. E.t.v. leifar af mannvirki. Sama og lag 90.
108. *Móaska*. Rauð.
109. *Mold*. E.t.v. hreyfð mold.
110. *Viðarkol*. Í moldarlagi 109. Sama og lag 111.
111. *Viðarkol*. Í moldarlagi 109. Sama og lag 110.
112. *Mold*. Hreyfð mold, blönduð móösku, líklega gröf.
113. *Mold*. Óviss samsetning.
114. *Mold*. Blönduð viðarkolum. E.t.v. sama og 121.
115. *Mold*. Brún.
116. *Mold*. Hreyfð mold, blönduð móösku. Líklega gröf.
117. *Múrsteinsbrot*. E.t.v. byggingarefni.
118. *Sandur*. E.t.v. byggingarefni.
119. *Mold*. Hreyfð mold, blönduð viðarkolum og múrsteinsbrotum.
120. *Móaska*. Ljósleit, blönduð mold og viðarkolum.
121. *Mold*. Blönduð viðarkolum. E.t.v. sama og lag 114.
122. *Móaska*. Rauð.
123. *Mold*. Brún.
124. *Mold*. Hreyfð mold, e.t.v. gröf.

Eins og í öðrum sniðum, var hverju einstöku lagi eða mannvirki gefið eininganúmer við afstöðugreiningu jarð- og mannvistarlaganna. Þeim var svo raðað upp og þau tengd innbyrðis við næstu einingar í eftirfarandi greiningartöflu í forritinu ArchEd (mynd 152). Alls voru 124 einingar skráðar í sniðinu. Til hliðar við einingarnar var útbúinn tímaás, þar sem tímanum frá landnámi fram að nútíma var skipt upp í 50 ára tímabil. Sem fyrr þótti að jafnaði ekki raunhæft að vera með þrengri tímaramma. Upphaf- og endapunktur tímaássins eru gefnir. Þannig er t.d. neðst miðað við upphaf landnáms um 870 og nútími er hér talinn vera frá um 1950 – 2000. Þar á milli er Kötlugosið frá um 1500, sem hægt er að nota sem fasta aldursgreiningar viðmiðun. Niðurstöðuna ber fyrst og fremst að líta á sem ákveðinn ramma um aldur minjanna og má alls ekki taka hana sem endanlega aldurs-ákvörðun. Með þessari uppröðun og greiningu einstakra mannvistarlaga hefur smám saman fengist allgott yfirlit af uppbyggingu og þróun byggðar á svæðinu.

Sýðst á svæði U9 var grafinn skurður niður á óhreyft til þess að kanna þykkt og samhengi mannvistarlaga á svæðinu. Í vesturbakka skurðarins komu fram þrjár grafir

og undir þeim fjöldi mannvistarlaganna. Snið (T-1987-24) var teiknað og er lýsing á því hér að neðan (mynd 61).

Jarðlög í sniði (T-1987-24)


1. *Uppfylling*. Efstu krossarnir eru á 1 m dýpi undir yfirborði.
2. *Gröf* nr. 1.
3. *Kista* nr. 1.
4. *Gröf*.
5. *Gröf*.
6. *Torfhleðsla*, e.t.v. endurbætt. Efri hlutinn er með ljósbrúnu torfi. Í miðri hleðslu eru nokkrir steinar. Undir steinum er torfið brúnt og gulbrúnt að lit.
7. *Brún mold*.
8. *Hvítur sandur*.
9. *Brún mold*.
10. – 15. *Sorphaugur*. Þunn lög þar sem skiptast á brún mold, móaska og viðarkolaagnir.
16. *Rauð móaska og viðarkol*, líklega sama og lag 25.
17. *Brún hreyfð mold*, líklega sama og lag 26.
18. *Brún mold*, svipuð og lag 9.
19. *Rauðleit móaska* og viðarkol.
20. *Torfhleðsla*. Dökkbrún mold með svartri gjósku í torfi.
21. *Móaska*. Rauð.
22. *Mold*. Brún.
23. *Móaska*. Rauð.
24. *Mold*. Brún.
25. *Móaska*. Rauð.
26. *Brún hreyfð mold*, líklega sama og lag nr. 17.
27. *Torfusneplar*, brúnir og gulbrúnir að lit. Efst í laginu er viðarkoladreif. Í neðri hluta lagsins eru svartir gjóskublettir.
28. *Móaska*. Rauð.
29. *Rauðleit móaska*, blönduð viðarkolaögnum.
30. *Gulbrúnt torf* og torfusneplar, með svartri gjósku.
31. *Brún mold*, blönduð viðarkolaögnum og rauðleitri móösku.
32. *Svört gjóska*, líklega Katla~1500.
33. *Brún mold*, örlítið blönduð viðarkolum og rauðleitri móösku.
34. *Óhreyfð mold*.
35. *Steinalag* ofan á skurðbakka, e.t.v. gólflag.
36. *Skurðbakki* norðurhliðar.
37. *Skurðbakki* suðurhliðar.

Sniðið sýnir afar lítil og óljós merki um mannvist í fyrstu mannvistarlögunum sem þarna hafa myndast frá upphafi byggðar á staðnum. Landnámslagið var sem fyrr ekki til staðar. Neðstu 50 cm sýna svo nálægð við öskuhaug. Í mitt öskuhaugalagið hefur fallið svört gjóska,

sem er líklega Katla~1500. Elsta byggingarskeiðið kemur þarna fram í leifum af torfhleðslu (lag 30), sem virðist hafa verið hlaðin á 16. öld. Ofan á þessa hleðslu kemur aftur móaska og þá var nýtt mannvirki hlaðið svo nálægt þessum stað að hrun úr hleðslunni (lag 27) lendir í sniðinu. Aftur varð svæðið að öskuhaug um nokkurt skeið. Þriðja byggingarskeiðið þarna sést svo nokkru ofar í sniðinu þegar ný hleðsla var hlaðin (lag 20), líklega á 17. öld, miðað við afstöðu mannvistarlaganna. Fjórða byggingarskeiðið var veggjarhleðsla (lag 6). Efri hluti hennar virtist hafa verið endurhlaðinn að hluta. Við efri veggjabrún þessarar hleðslu var gólflag (lag 35) sem virtist tilheyra minjum frá því um 1700 eða fyrri hluta 18. aldar.

Á svæði U9 fundust leifar af nokkrum mannvirkjum. Öll voru þau mjög brotakennd, fyrst og fremst vegna þess að grafir sem teknar voru í kirkjugarðinum höfðu valdið miklu raski. Byggingaleifarnar voru flestar á um 1 m dýpi, andspænis kirkjunni og á suðurhluta svæðisins, og tilheyrðu að öllum líkindum mannvirkjum frá 17. og 18. öld. Á afmörkuðu svæði, austan við kirkjuna, var grafið dýpra og þar var komið niður á byggingaleifar frá miðöldum. Hér verður gerð grein fyrir þessum mannvirkjum í hlaupandi númeraröð eins og þau koma fyrir á svæðinu frá suðri til norðurs. Sum mannvirki sáust líka í sniðinu og er þá einnig vísað til númera sem þau hafa á sniðteikningu T-1987-26, á bls. 237 eða á flatarteikningu á bls. 239.

Mannvirki 1. *Steinlögn* (lag nr. 7 í sniði T-1987-26). Syðst á svæði U9 var um 2,5 m breið steinlögn um 40 – 50 cm undir yfirborði (mynd 62). Við austurbakka sást hún á um 1,5 m löngu og um 1 m breiðu svæði. Við vesturbakka svæðisins var sams konar steinlögn. Líklega eru þessar tvær steinlagnir hluti af sama mannvirki en að þrír metrar hafi verið grafnir burtu af því með vélgröfu. Steinarnir voru svipaðir að stærð, frá um 20 – 50 cm í þvermál. Þeir stóðust alveg á og snéri flata hlið þeirra upp. Flest bendir til þess að þeir hafi því verið hluti af sama mannvirki, sem legið hefur þvert yfir uppgrafs svæðið.



Mynd 61. Snið (T-1987-24) af vesturbakka könnunarskurðar syðst á svæði U9. Þegar sniðið var teiknað var búið að fjarlægja um 1 m af uppfyllingu ofan af svæðinu. Efsti krossinn er því á 1 m undir yfirborði (teikning G.O.).

Mannvirkið hafði svipaða stefnu og mannvirkin undir Bessastaðastofu. Yfir steinunum var um 20 cm þykkt móöskulag, sem endaði við norðurbrún steinanna en hélt áfram sunnan við steinalagið. Steinarnir voru líklega leifar af steingólfí, en óvíst er hvaða húsi þeir hafa tilheyrt. Upphaflega var talið að þeir væru hluti af suðurhluta amtmannsálmú konungsgarðsins, en samanburður við aðrar minjar, bendir til þess að það geti ekki staðist.


Mannvirki 2. Steinar (lag nr. 11 í sniði). Norðan við mannvirki 1 sáu nokkrir steinar í sniðinu á um 1 m dýpi og sandlag ofan á þeim. Þeir voru svipaðir að stærð og lögun og steinarnir í mannvirki 1 og hafa líklega tilheyrt gólfí í eldra mannvirki sem staðið hefur á þessum stað. Steinalagið virtist enda þarna við sniðið og engin sýnileg merki voru um að það hafi náð lengra til vesturs.

Mannvirki 3. Steinlögn (lag nr. 125 í sniði). Norðan við djúpan könnunarskurð á miðju svæðinu var komið niður á þyrpingu steina sem

virtist hafa verið hluti af stærra mannvirki. Þyrpingin var um 1,2 m löng, um 0,5 m breið og á um 1 m dýpi. Steinarnir voru um 10 – 20 cm í þvermál. Þeir komu í ljós þegar könnunarskurðurinn var grafinn og var ekki farið dýpra þar sem þeir fundust. Allt samhengi vantar við önnur mannvirki og er að svo stöddu ekki hægt að segja nánar um hvers konar mannvirki steinarnir hafa tilheyrt.

Mannvirki 4. Steinahrúga (lag nr. 126 í sniði). Þessi steinaþyrping var um 1 – 1,5 m í þvermál, á um 0,7 m dýpi, austan við svæði sem grafan hafði hreinsað ofan af. Hún og önnur steinaþyrping, rétt vestan við, sem var um 1 x 7 m að stærð gæti verið leifar af sama mannvirki og nr. 1. Mestur hluti þessa mannvirkis virðist þó vera horfinn.

Mannvirki 5. Múrsteinagólf (lag nr. 17 í sniði). Röð múrsteina á 0,9 m dýpi, sem stóð út úr sniðbakka, um 1,5 m breið og sem náði allt að 0,6 m inn í uppgraftarsvæðið (mynd 63). Líklega leifar af múrsteinsgólfí í húsi frá 18.



Mynd 62. Mynd syðst af svæði U9, sem sýnir steina í mannvirki 1, neðst fyrir miðju. Á miðri mynd er könnunarskurður sem grafinn var niður á óhreyft. Efst til hægri í honum stendur kista 1 út úr skurðbakkannum. Steinarnir hægra megin við gryffuna eru leifar af mannvirki 3 (ljósmynd GÓL-1987-11-04).

öld. Múrsteinalagið var sundurskorið af gröfum sem grafnar hafa verið í gegnum það sín hvoru megin við það. Hugsanlega var þetta hluti af gólfi amtmannshúss konungsgarðsins.

Mannvirki 6. Steinhleðsla (lag nr. 18 í sniði). Þetta var röð af 30 – 60 cm stórum steinum (mynd 64). Steinaröðin sem var á 65 – 75 cm dýpi, snéri norður - suður og var 3,4 m löng. Hún lá um 1 m vestan við sniðbakkann en frá suðurenda hennar lá einföld steinaröð til austurs og hvarf inn í sniðbakkann. Austur frá norðurenda hennar voru tveir stórir steinar í röð og náðu þeir að sniðbakkannum.

Mannvirki 7. Steinhleðsla (lag nr. 127 í fletti). Steinaröð sem lá á 90 – 95 cm dýpi, var rétt vestan við steinaröðina í mannvirki 6 og um 25 – 30 cm dýpra en hún. Steinarnir voru um 20 – 30 cm í þvermál, eða mun minni en í yngra mannvirkinu. Hægt var að fylgja steinaröðinni samfellt á 3 m löngum kafla, en síðan tók við svæði sem var sundurgrafið af seinni tíma

gröfum. Sennilega má þó rekja þessa steinaröð allt að sjö metra til norðurs, þar sem hún virtist koma slitrótt fram á milli seinni tíma grafa sem teknar hafa verið í gegnum hana.

Mannvirki 8. Steinþyrping. Þyrping misstórra steina við suðurgafli kirkjunnar sem gæti verið hluti af stétt eða gólfi í húsi á um 1,0 – 1,2 m dýpi (mynd 64). Þetta voru steinar í 2 – 3 röðum hver upp af öðrum. Í framhaldi af steinum lá gamalt gólf, eða gamalt yfirborðslag, blandað mól og sandi. Það var dökkgrátt og endaði um 95 cm austan við kirkjuna. Syðst virtist steinþyrpingin vera sundurskorin af gröf 113. Að norðanverðu hafa fleiri grafir verið grafnar í gegnum steinþyrpinguna, m.a. gröf 19. Stór steinhella, 88 x 62 x 18 cm að stærð, sem hefur líklega verið hluti af þessu mannvirki, hefur lent yfir einni gröfinni.

Meðfram vesturhlið uppgraftarsvæðisins var nokkur grjótdreif sem var um 10 – 40 cm undir yfirborði og sem náði allt að einum metra



Mynd 63. Mannvirkjaleifar, gólf og undirstöður, undir álmu amtmanns á svæði U9 (ljósmynd GÓL-1987-8-14).

út frá kirkjugafli. Hún var hluti af uppfyllingarlagi og uppmokstri frá grunni kirkjunnar, sem náði allt að 95 cm út frá kirkjugafli. Þar fundust m.a. flöskuleifar, tinna, bein og postulín. Þetta var umrótað lag.

Mannvirki 9. Steinhleðsla (lag nr. 80 í sniði). Slitróttar leifar steinhleðslu, sem kom í ljós undir líkkistum í gröfum, á um 120 – 140 cm dýpi. Rekja mátti þessa steinhleðslu á um tveggja metra löngum kafla, á milli hnitanna Y124 – Y126, en hún hvarf til beggja enda inn undir skurðbakka. Steinar lágu að flekknum á kafla, eins og þarna hafi e.t.v. verið leifar af eldstæði. Hleðslurnar voru líklega hluti af byggingu sem þarna stóð á miðöldum. Við hlið hleðslunnar var fótstykki í niðurgrafinni rás. Þegar hún var grafin fram voru viðarleifarnar vel sýnilegar í rásinni, en þær molnuðu niður og eyddust þegar þær komust í snertingu við andrúmsloftið.

Mannvirki 10. Steinaröð (lag nr. 93 í sniði). Steina- eða hellulögn þessi kemur fram í sniðinu á 170 - 180 cm dýpi og tilheyrði

byggingu sem þarna stóð á miðöldum. Við hnitapunkt X228/Y114 var 15 cm þykkur sót-flekkur sem var um 50 cm í þvermál. Hann lá á milli grafa nr. 16 og 17 á um 165 cm dýpi. Viðarleifar á svipuðu dýpi gætu hafa tengst þessu mannvirki.

Mannvirki 11. Veggjahleðsla (lag nr. 129 í sniði). Í norðvestasta hluta svæðisins voru leifar af húsi sem hefur haft veggj sem hlaðnir hafa verið úr torfi og grjóti. Syðsti hluti þess var veggjarbrot (lag 129) sem hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti. Veggurinn lá í A – V og var sýnilegur á um 4 m kafla, þar sem alldreifð steinaröð sýnir legu hans. Steinaröðin hefur líklega verið í innbrún veggjarins. Aðeins var grafið niður á efsta hluta veggjarins, sem er á um 70 cm dýpi, og hætt þegar hann var að koma í ljós. Neðri hluti hans var því enn óhreyfður undir jarðveginum. Hugsanlega voru þetta leifar af norðurhluta amtmannsálmu konungsgarðsins.

Mannvirki 12. Torfveggur (lag nr. 130 í fleti). Hluti af torfvegg. Veggurinn var hlaðinn úr gulleitu torfi sem í var gjóska frá Kötlu ~1500.



Mynd 64. Steinhleðslur á miðri mynd tilheyra mannvirkjum 6, 7 og 8 við austurhlið svæðis U9. Steinarnir sem eru efst á myndinni eru úr uppfyllingu vegarins (ljósmynd GÓL-1987-11-7).

Hann lá frá norðri til suðurs, eftir miðju uppgraftarsvæðinu. Hann var greinilegur á um 4 m löngum kafla, þar sem hann var allt að 1,5 m breiður. Óljósar leifar af sams konar torfhleðslu mátti rekja áfram um 4 m til suðurs, og benti hún til þess að veggurinn hafi upphaflega verið a.m.k. 8 m langur. Inn í austurhlið hans hefur verið gerð rauf í vegginn fyrir eldstæði eða ón (lag 131). Torfveggurinn tilheyrði líklega einnig mannvirki 13 og 14.

Mannvirki 13. Eldstæði (lag nr. 131 í fleti), sem var grafið eins og þró inn í torfvegg 12. Það var um 100 cm breitt og allt að 50 cm djúpt, og snéri langhlið þess inn í húsið. Eldstæðið eða ónninn var að mestu gert úr hellugrjóti sem reist hefur verið upp á endann inni í veggnum, til að skilja hann frá torfveggnum. Hellurnar voru 20 – 30 cm stórar og fundust leifar af þeim innst í ofninum.

Eldstæði af þessari gerð hafa fundist við uppgrefti á nokkrum stöðum, m.a. á Kúabót í Álftaveri, og virðist sem að eldstæði sem eru innbyggð í húsveggi hafi oft verið í baðstofu bæja (Gísli Gestsson, 1976; Hörður Ágústsson,

1989). Ef þetta eldstæði hefur tilheyrt baðstofu hlýtur hún að hafa verið í torfbæ sem var eldri en konungsgarðurinn og hefði átt að standa þarna rétt að baki kirkjunnar. Um hlutverk þess er ekki annað vitað en að það hafi tilheyrt amtmanni.

Mannvirki 14. Gólflag (lag nr. 132 í fleti) eða mannvistarlag sem var allgreinilegt á um 3 x 3 m svæði. Útlínur þess voru hins vegar afar óljósar og það gæti því hafa verið mun stærra. Lagið var líklega leifar af gólfskán í húsi sem torfveggurinn (12) og eldstæðið (13) hafa verið hluti af. Gólfið var nokkuð sundurgrafið af gröfum, þannig að erfitt er að gera sér fulla grein fyrir hlutverki hússins. Eins og áður sagði er hugsanlegt að þetta séu leifar norðurhluta amtmannsálmunnar, sem búið var að rífa þegar teikningin frá 1720 var gerð.

Mannvirki 15. Grjóthrúga og sleggjuhausar (lag 133 í fleti). Við norðurhlið gólfsins var grjóthrúga sem mældist um 170 cm löng og allt að 60 cm breið. Við nánari athugun kom í ljós að meðal steinanna voru a.m.k. sjö sleggjubrot og margir kljásteynar.



Mynd 65. Hríuga af sleggjuhausum og kljásteinum við norðurhlíð mannvirkis 15. Vinstra megin við hrúguna sjást leifar af gulleitri torfhleðslu. Viðarleifar koma fram undan hrúgunni hægra megin (GÓL-1987-14-14).

Undir steinahrúgunni fundust viðarleifar og virtust steinarnir einnig liggja ofan á eldri torfhleðslu sem var aðeins um 40 cm breið, hlaðin úr ljósgulum torfum sem í var svört gjóska úr Kötlu ~1500. Innan um steinana fundust glerbrot með munstri og í torfveggnum var leirkerabrot og þunnt brot úr erlendu flögubergi.

Ekki er fullljóst hvernig steinahrúgan hefur tengst öðrum mannvirkjum, en sennilega tilheyrir hún sama húsi og torfveggur (12), eldstæði (13) og gólf (14). Í fyrstu var talið líklegt, miðað við teikningu af afstöðu konungsgarðsins, að þetta væru leifar af norðurhluta amtmannsálmu, eða hugsanlega hafa tilheyrt vesturhluta norðurálmu konungsgarðsins.

Við samanburð á minjum og heimildum virðist nú líklegra að þetta séu leifar aðeins eldri húsa, sem hvergi eru nefnd í heimildum. Nyrst út við malbikið var könnunarskurður grafinn í gegnum móösku og svart sorphaugalag. Þar var komið niður á tvær kistur í gröfum 8 og 9, sem síðar fengu númerin 43 og 40, þegar þær voru allar grafnar upp árið 1988, sbr. frásögn bls. 110.

Grafir

Áður en uppgröftur hófst á þessu svæði var búist við að þarna væri að finna leifar vesturálmu konungsgarðsins þar sem bústaður amtmanns átti að vera. Eftir að uppgröftur hófst, kom í ljós að þarna voru líka fjölmargar grafir. Þær lágu í þremur röðum austan við kirkjuna og reyndust flestar vera grafnar í gegnum byggingarleifar frá 18. öld. Þær geta því ekki verið eldri en 100 - 150 ára gamlar. Virðist því sem að kirkjugarðurinn hafi verið stækkaður til austurs eftir að Bessastaðastofa var reist um 1760 og þá náð út á miðja flötina milli hennar og kirkjunnar. Margar grafir höfðu verið grafnar í gegnum leifar amtmannsálmunnar og þar með raskað byggingarleifum svo mikið að harla lítið var eftir af þeim mannvirkjum. Þó fundust leifar af grjóthleðslu, sem ætla má að hafi verið undirstaða sjálfrar amtmannsstofunnar.

Alls voru 35 grafir skráðar á svæði U9 (mynd 66). Ekki var talin þörf á að kanna þær allar. Sums staðar mótaði aðeins fyrir útlínum niðurgrافتar á yfirborðinu og þó að ekki væri grafið niður að kistunum var slíkum gröfum að jafnaði gefið númer í úrvinnslu. Þær lentu þá

aftast í númeraröðinni og þess vegna er hún ekki alltaf samfelld. Líkamsleifar 20 einstaklinga voru grafnar upp, líkt og fyrr frá greinir.

Beinin voru frumgreind af dr. Jóni Steffensen.³ Hann flokkaði þau eftir einstaklingum og skráði niðurstöðurnar á sérstök skráningarblöð fyrir mannabein og gaf hverri beinagrind auðkenni í samræmi við skráningarferfi sitt á þeim. Þar fá seinni tíma bein eða bein sem ekki hafa verið greind til ákveðins tíma bókstafinn X. Öll mannabein frá Bessastöðum fengu því bókstafinn X auk hlaupandi númers, t.d. X-10. Við greiningu reyndust þau vera af sjö ungbörnum, tveimur börnum átta til fjórtán ára og ellefu fullorðnum einstaklingum. Þar af voru fimm fullvaxta konur, fjórir fullvaxta karlmenn og tveir eldri karlmenn. Óvenjulegustu niðurstöður Jóns voru e.t.v. þær að á tönnum höfuðkúpu úr gröf 6 kom fram óeðlilega mikið slit, sem rekja má til mikillar krítarpípunotkunar. (Jón Steffensen, 1987a-s).

Á árunum 1997 – 1998 voru upplýsingarnar af skráningareyðublöðum Jóns Steffensen slegnar inn í sérstakan beinagagnagrunn. Þá fengu allar beinagrindur í beinasafninu ný númer sem byggjast upp á þremur bókstöfum, bókstafnum A, B, eða C eftir því hvort grafið var í fyrsta, annað eða þriðja skipti á staðnum, og svo hlaupandi númer, t.d. BES-A-1. Hvorugt þessara númerakerfa byggir á rannsóknarnúmeri grafanna sem þeim var gefið á vettvangi, né því sem notað er í þessari skýrslu. Til samanburðar eru þau sett innan hornklofa á eftir rannsóknarnúmeri, þar sem við á.

Í NV-hluta aðkeyrslu var komið niður á moldargólf á 1 m dýpi. Þegar það var hreinsað fundust nokkrar grafir sem höfðu verið teknar í gegnum það. Sumar komu í ljós á um 1 m dýpi, aðrar mun dýpra. Tekin var prufuhola nyrst á svæðinu út við malbik. Þar komu í ljós gaflar af tveimur kistum í svörtu þykku lagi. Þær fengu númerin 8 og 9 en við framhald uppgrafter árið eftir þegar allt það svæði var opnað voru þeim gefin ný númer (40 og 43). Það uppgötvaðist ekki fyrr en síðar í úrvinnslu, að um sömu grafir var að ræða og höfðu áður fengið númer. Þær

eru því auðkenndar með báðum númerum sem gröf 8/43 og gröf 9/40. Verður nú gerð grein fyrir hverri gröf fyrir sig.

Gröf nr. 1 [BES-A-7; X-16]. Gröf þessi sást aðeins í sniðbakka 1,2 breiðs og 3,5 m langs könnunarskurðar sem grafinn var niður á óhreyft, syðst á svæði 7 (mynd 67). Breidd virtist vera um 60 cm efst en um 25 cm um botninn. Kistuviðir voru fúnir en þó heillegir. Lokið hefur fallið yfir líkið og var 20 cm breið fjöl yfir því. Beinin voru mjög vel varðveitt. Höfuðkúpan lá á hlið og snéri til norðurs. Handleggir lágu niður með síðum. Beinin reyndust vera af 18 mánaða gömlu barni. Öll bein vantaði fyrir neðan hné. Við greiningu fannst hnappur úr gleri (Jón Steffensen, 1987g). Hugsanlega eru bein af konu (X-28) einnig úr þessari gröf. Hnit á gröfinni eru: X230/Y108,5.

Gröf nr. 2. Aðeins mótaði fyrir hluta þessarar grafar í grunnum skurði sem grafinn var fyrir miðju á suðurhluta svæðisins. Gröfin var ekki opnuð. Lengd grafarinnar er óviss, en breidd hennar er 30 – 35 cm. Hnit: X229/Y111,5.


Gröf nr. 3. Aðeins markaði fyrir útlínum þessarar grafar á yfirborði en ekki var grafið niður að kistu. Hnit: X227/Y114.

Gröf nr. 4. Aðeins markaði fyrir útlínum þessarar grafar á yfirborði en ekki var grafið niður að kistu. Hnit: X227/Y114,5. Upphaflega átti númer 4 við þrjár fjalir sem taldar voru úr kistu. Við frekari uppgröft reyndust hvorki bein eða kistubotn undir borðunum og var því niðurstaðan þá, að þetta væru ekki leifar af kistu. Þessi borð fengu síðar í úrvinnslu númer 99, þegar talið var að ekki væri hægt að útiloka að þetta hefði verið gröf. Hnit: X226,8/Y135,5.

Gröf nr. 5 [BES-A-5; X-14]. Utanmál kistunnar í gröfinni var 202 x 70 x 41 cm. Hún var sexhyrnd að lögun í þverskurði og breiðust um miðjuna (mynd 68). Miðborð kistuloksins var 167 x 22 x 1 cm, hliðarborð 25 cm breitt og botn kistunnar 176 x 34 x 16 cm.

Undir hökunni yfir bringubeini var 8 cm langur og 6 cm breiður, ullarkenndur flóki, e.t.v.

³ Hildur Gestsdóttir gerði síðar ítarlega sjúkdókmagreiningu á beinumum.



Mynd 66. Þrjátíu og átta grafir voru skráðar árið 1987. Kortið sýnir grafir sem komu í ljós á svæðum U9 og U10 á Bessastöðum (kort G.Ó. og A.R.G.).



Mynd 67. Hluti af skurðbakka syðst á svæði U9. Leifar af kistu í gröf nr. 1 standa út úr bakknum á miðri mynd. Nokkru neðar má sjá dökkt þykkt gjóskulag, sem mun vera gjóska frá Kötlu ~1500. Gulbrúna lagið neðst er óhreyfð mold. Á myndinni sést Kristín Huld Sigurðardóttir (ljósmynd GÓL-1987-15-13).

leifar af hökuskeggi. Annar ullarflóki, 20 cm langur og 6 cm breiður var yfir hægra brjósti. Hendur voru krosslagðar yfir mittið. Tveir bronshnappar lágu ofan á höndunum þar sem þær koma saman og eru 7 cm á milli hnappanna. Er lokinu var lyft af kistunni festist einn hnappur við miðfjölinu og var hann tekinn til varðveislu. Hann var 60 cm frá efri enda fjalarinnar en 104 cm frá neðri enda. Marglitur borði, sem virðist hafa verið svartur, grænn og rauðbrúnn að lit, var við hægri handlegg, rétt ofan við olnboga (mynd 71).

Að mati Hildar Gestsdóttur sem rannsakaði beinin er þetta karlmaður sem hefur verið um 40 ára þegar hann lést. Hann hefur verið um 178 cm í lifanda lífi sem er yfir meðallagi fyrir þennan tíma. Helstu sjúkdómsbreytingar sem


greina mátti eru aðallega hrörnun liða en þó merki um áverka vegna álags, sérstaklega í hryggnum. Hann var með beingert brjósk í hálsi sem í flestum tilfellum er bara tengt aldri. Hann var reyndar helst til ungar fyrir það, svo að ekki er útilokað að þetta hafi tengst utanaðkomandi áverka á hálsi, þó að hitt sé líklegra (Hildur Gestsdóttir, 2009:15-26).

Mjög óvenjulegur umbúnaður kom í ljós þegar beinin voru hreinsuð fram. Innst í augntóttum beinagrindarinnar voru um 1,5 cm langir tréoddar, einn í hvoru auga (mynd 69). Á efri enda þeirra var rás eins og eftir járnhlut, e.t.v. nagla eða lítinn járntein, sem lagið hefur þvert í gegnum oddinn. Ekki er kunnugt um hvernig stendur á því að tréoddar voru settir í augntóttir þessa einstaklings. Sambærilegur umbúnaður fannst ekki á neinni annarri beinagrind sem grafin var fram á Bessastöðum. Hugsanlega hefur þessi óvenjulegi umbúnaður tengst hjátrú manna varðandi vörn gegn afturgöngum. Því til stuðnings má t.d. benda á að í Íslenskum þjóðháttum kemur fram að til þess að koma í veg fyrir að menn gætu gengið aftur þurfti fyrst og fremst að loka augum látinna manna, þannig að þeir gætu ekkert séð (Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1945:301, 421). Hnit: X136,5/Y227.

Gröf nr. 6 [BES-A-6; X-15]. Kista í gröf 6 var hreinsuð fram og opnuð. Þykktin á fjölunum er um 2,5 cm (1 tommu). Botninn var 164 x 36 x 20 cm (mynd 72-74). Hefilspæinir voru í botni kistunnar og einnig inn á milli beina (mynd 75). Virtist líkið því hafa verið hulið hefilspónum, a.m.k. að hluta. Undir beinunum, á botni kistunnar voru bæði viðarkol og hefilspæinir. Engar höldur voru á henni. Beininn virðast vera af fullorðnum karlmanni. Framtennur voru slitnar niður í rót, líklega af pípureykingum. Engin merki voru um tannátu (Jón Steffensen, 1987f). Hnit: X227/Y138. Ofan á beinunum var allstór textílbútur, gulbrúnn á litinn. Klæðið náði niður á lærin rétt niður fyrir mjaðmir (mynd 73). Klæðið, sem virtist hafa verið breitt yfir líkið og utan um það hægra megin, var heillegt yfir hægri hlið en undir beinunum var



Mynd 68. Ljósmynd sem sýnir minjar í norðurhluta svæðis U9 og grafir nr. 5 – 9, sem grafnar hafa verið í gegn um þær. Borðin í gröfnum til vinstri fengu númer 99 í úrvinnslu (ljósmynd GÓL-1987-10-8).




Mynd 69. Skissur úr dagbók G.Ó. sem sýna sexstrenda lögun kistu nr. 5 í þversniði (T-1987-70); um 1,5 cm langan tréfleyg sem fannst í augntóft hauskúpunnar (T-1987-67); og afstöðu tveggja bronsknappa sem lágu ofan á höndum beinagrindar í kistunni (T-1987-75).



Mynd 70. Hér sést lega mannsins í kistu í gröf nr. 5 á svæði U9 (ljósmynd GÓL-1987-8-17).



Mynd 71. Nærmynd af beinum í kistu 5. Á bringunni lá brúskur af ljósu hári. Hugsanlega er þetta skegg. Ofarlega til vinstri sjást leifar af marglitum borða sem var við hægri hönd hins látna (ljósmynd GÖL-1987-8-20).



Mynd 72. Samsetning á fimm fjöllum sem mynda lok kistunnar í gröf 6 (teikning T-1987-76, G.Ó.).



Mynd 73. Kista í gröf 6. Til vinstri er kistan áður en loki hennar var lyft af. Hnitapunktur sem sést á kistunni er X226/Y138 (ljósmynd GÓL-1987-09-03). Til hægri er gröfin eftir að lokið var fjarlægt (ljósmynd GÓL-1987-09-06).



Mynd 74. Nærmynd af klæði sem lá ofan á efri hluta beinagrindar í kistu 6 (ljósmynd GÓL- 1987-09-09).



Mynd 75. Nærmynd af botni kistunnar í gröf 6. Þar sjást m.a. hefilsþæmir og viðarkol sem lögð höfðu verið í kistuna undir líkið (ljósmynd GÓL-1987-09-02).



Mynd 76. Teikning úr dagbók af kistunagla úr gröf 8 (T-1987-77, G.Ó.).

allt mjög fúð, bæði bein og klæði. Neðst fyrir miðju, yfir rófubeini beinagrindarinnar var lítil bronsnappur ofan á klæðinu.

Gröf nr. 7. Komið var niður á kistu, sem er af sömu gerð og kista nr. 5 og 6. Kista 7 var ekki opnuð. Hnit: X138,5/Y227.

Gröf nr. 8/43. Gröfin kom í ljós í 1 x 1,4 m stórum könnunarskurði sem tekinn var norðarlega á svæðinu og mældist um 70 cm breið. Hún hvarf undir bakkann til vesturs og af henni sást aðeins um 80 cm partur. Í gröfinni var kista sem hefur lent nyrst í gröfinni. Lokið hafði fallið inn. Við fóttagafl var hún 40 cm breið. Syðst var 14 cm breitt bil út í svart

mannvistarlag sem gröfin hefur farið í gegnum. Yfir gröfinni, um 40 cm, var malarlag, uppfylling gömlu aðkeyrslunnar. Yfir kistunni var tvískiptur ofanímokstur. Annars vegar dökkt lag úr dökka mannvistarlaginu og brúnt moldarlag blandað móösku, sem sýndi að gröfin hefur farið í gegnum móöskuna. Kistan var með sama sniði og flestar aðrar sem grafnar voru upp á Bessastöðum. Lokið var smíðað úr miðfjöl sem mældist 14 cm breið til fóta og tveimur hliðum sem voru um 12 cm breiðar til fóta; og tveimur gaflfjölum. Til fóta var gaflfjölin a.m.k. 12 cm breið og um 30 cm löng að ofan, og 12 cm að neðan. Þykkt á fjölum í kistuloki var 2 – 2,5 cm. Neðri hluti kistunnar var gerður úr 2,5 cm þykkum borðum. Naglarnir voru ferstrendir með flötum hliðum á tvo vegu, um 5 cm langir (mynd 76). Hnit: X228/Y142. Við stækkun á uppgriftarsvæðinu árið 1988 kom kistan öll í ljós og var þá gefið númerið 43, áður en ljóst varð að um sömu gröf var að ræða. Fjallað verður betur um kistuna í skýrslu fyrir árið 1988.



Mynd 77. Neðst til vinstri sést í hluta af kistu nr. 10. Kista nr. 11 er óopnuð til hægri fyrir miðju. Þar fyrir ofan er barnakista nr. 12 og nr. 13 er hrúga mannabeina af fleiri en einum einstaklingi (ljósmynd GÓL 1987-14-02).

Gröf nr. 9/40. Gröfin kom í ljós í sama könnunarskurði og gröf 8 fannst í. Rétt aðeins sá í höfðagaflinn á kistunni. Hún var með sama sniði og flestar aðrar kistur í kirkjugarðinum og snéri í austur - vestur eins og kirkjan. Kistulokið var fallið inn. Við stækkun á uppgraftarsvæðinu árið 1988 kom kistan öll í ljós og var þá gefið númerið 43, áður en ljóst varð að um gröf 9 var að ræða. Fjallað verður betur um kistuna í skýrslu fyrir 1988. Bæði kista 8 og 9 virðast vera frá um 1800 eða fyrri hluta 19. aldar. Frá yfirborði niður á kistur voru um 120 cm. Hnit: X227,7/Y142,9.


Gröf nr. 10. Austari hluti kistu í gröf 10 gekk inn í sniðbakka. Um 72 cm langur hluti kistunnar og 67 cm breiður hluti var sýnilegur við fótagaflinn. Hnit: X226/Y127.

Gröf nr. 11 [BES-A-8; X-17]. Kistan mældist 170 x 56 x 46 cm að utanmáli. Miðfjöl var 147 x 16,5 - 19 cm að stærð og 2 cm þykk. Viðurinn var mjög vel varðveittur. Fjögur pör af naglaförum voru greinileg í miðfjölinni og eitt naglafar fyrir miðju á hvorum enda (mynd 78).

Við höfuðgafli var fyrst neglt 14 cm frá höfuðgafli. Kistubotn var 145 x 35 x 30 cm. Hefilspænir voru á botni kistunnar. Kistuleifarnar voru teknar upp og afhentar forvörðum á Þjóðminjasafni til varðveislu. Að mati Jóns Steffensens er um að ræða bein úr 14 ára gömlu barni (Jón Steffensen, 1987h). Hnit: X227/Y126,8.

Gröf nr. 12 [BES-A-9; X-18]. Kistan er 70 x 27 x 20 cm að stærð (mynd 79). Beinín eru af ungbarni. Höfuðkúpan var mikið brotin, hendur voru krosslagðar á brjósti. Hnitin voru X227/Y126,3.

Gröf nr. 13 [BES-10-12; X-19-22]. Beinaleifar án kistu (mynd 78). Hugsanlega eru þetta leifar eldri grafa sem komið hefur verið niður á þegar gröf 11 og 12 voru teknar. 25 x 4 cm stór viðarbútur úr kistu var hjá þessum beinum. Beinín voru af tveimur fullorðnum einstaklingum, karli og 25 – 35 ára gamalli konu sem hefur borið merki um mikla hryggskekkju. Einnig fundust bein úr tveimur ungbörnum sem lágu saman í hrúgu, m.a. tvær höfuðkúpur



Mynd 78. Teikning af miðjufjölni af loki á kistu 11, sem sýnir naglaförin sem festu hana við hliðarborðin (T-1987-69, G.Ó.).



Mynd 79. Grafir nr. 11, 12 og 13. Neðst er gróf nr. 11, sem hefur verið opnuð. Ofarlega til vinstri er gróf nr. 12 og til hægri er beinahrúga úr gróf 13 (ljósmynd GÓL-1987-14-01).

(Hildur Gestsdóttir, 2009:22). Hnit: X227,6/Y126,3.

Gróf nr. 14 [BES-A-14; X-23]. Kistan mældist 144 cm að lengd, höfuðgafll 51 cm breiður og fóttagafl 40 cm (mynd 80). Miðfjöl á loki var 118 cm löng, 24 cm breið og 17 cm breið við fóttagafl. Botn kistunnar var 125 x 25 x 15 cm. Beinín voru úr 10 – 12 ára gömlu barni. Höfuðkúpan mikið brotin, andlitið hefur snúið beint upp og voru hendur í skauti. Annars voru beinín mjög heilleg. Merki um miðeyrnabólgu vinstra megin. Hringur var á fingri. Hnit: X227/Y125,6.

Gróf nr. 15 [BES-A-15; X-24]. Kistan var um 198 cm löng, höfuðgafll 58 cm breiður og fóttagafl 52 cm (mynd 80-81). Botn kistu var 160 cm að lengd og 25 - 35 cm að breidd. Höfuð snéri til suðurs. Hægri hönd var lögð niður með síðu, sú vinstri lá í skauti (mynd 80). Fætur voru krosslagðir. Beinín voru af fullorðinni konu. Hún var m.a. með áberandi úrkölkun á endum löngu leggjana, merki um tannátu, tannrótarbólgu og hugsanlega skyrbjúg (Jón Steffensen, 1987n). Hnit: X227/Y125.

Gróf nr. 16 [BES-A-16; X-25]. Lengd kistu var 148 cm að utanmáli og 134 cm að



Mynd 80. Til vinstri er gröf 15, sem hefur verið tæmd. Fyrir miðju er opin gröf 14. Lengst til hægri er gröf 11 og vinstra megin við hana er gröf 12 að koma í ljós (ljósmynd GÓL-1987-10-03).




Mynd 81. Bein í gröf nr. 15 (ljósmynd GÓL-1987-9-24).

innanmáli. Borðin voru um 15 cm breið og 1,5 cm þykk. Kistan var loklaus og kistuviðir fúnir (mynd 82). Við fótagafl mældist kistan um 42 cm að ytra máli en 28 cm að innra máli. Höfuðgafl mældist um 52 cm breiður að ytra máli, 32 cm að innra máli. Botn kistunnar var 135 cm að lengd, 38 cm breiður við höfðagafl

og 25 cm til fóta. Beinín voru vel varðveitt en höfuðkúpan snéri lítillega til suðurs (mynd 82-83). Handleggir voru krosslagðir á brjósti. Fætur voru einnig krosslagðir, hægri fótur yfir þeim vinstri. Beinín eru líklega af 8 - 12 ára pilti. Hnit: X227/Y124.



Mynd 82. Gröf 16 eftir að beinin höfðu verið hreinsuð fram. Ekkert lok fannst á kistunni (ljósmynd GÓL-1987-9-19).



Mynd 83. Teikning af neðri hluta kistu í gröf 16. Allar hliðar kistunnar halla út frá botninum upp að miðju. Yfirleitt voru kistulokin samhverf við neðri hluta kistunnar, þannig að kistan hefur líklega verið sexstrend í þversniði. Lokið vantaði þó á þessa kistu (T-1987-68, G.Ó.).

Gröf nr. 17 [BES-A-17; X-26]. Kistan gekk inn undir skurðbakka og lenti fótagaflinn því rétt austan við uppgröftinn (mynd 84). Sýnileg lengd var 175 x 60 x 48 cm. Miðfjöl loksins var 21 cm breið við höfuðgafl. Beinín voru af eldri karlmanni. Talsverð úrkölkun var á bolum hryggjarliða. Hendur voru lagðar yfir magann. Fætur voru samsíða. Hnit: X227/Y122,8.

Gröf nr. 18 [BES-A-18; X-27]. Kistan var samsíða kistu 17 (mynd 83). Vesturendi hennar gekk aðeins inn undir austurbakka svæðisins. Kistan var sexstrend í þversniði. Beinín í henni voru af fullorðinni konu. Botn og horn

tungubeins voru gróin saman. Hendur hvíldu í skauti. Fætur voru samsíða. Hnit: X227/Y122,3.

Gröf nr. 19 [BES-A-19; X-28]. Kistan var 187 x 65 x 48 cm að utanmáli (mynd 85). Miðfjöl kistuloksins var frábrugðin öðrum kistum sem grafnar voru fram. Hún virðist hafa verið þrískipt. Efsti hluti 33 cm langur og um 13 cm breiður. Þá kom 24 cm langur, 16 cm breiður og 5 cm þykkur trérammi (mynd 86). Líklega hefur verið áletrun inni í rammanum sem var horfin. Ekki fannst vottur af málmí ofan á rammanum, svo sennilega hefur hann verið málaður. Neðsti hluti miðfjalar var 99 cm langur, um 13 cm



Mynd 84. Kistur nr. 18 og 17, fyrir og eftir að lokið hafði verið tekið af (ljósmynd GÓL-1987-09-17 og 18).

breiður við rammann og 12 cm breiður við fótagaflinn. Til hliðar og norðan við miðfjöl var 153 cm langur, 4 cm breiður og 3 cm þykkur trélisti. Hlutverk hans er óvíst. Hefilspænin voru á kistubotni undir beinunum. Kistubotn var 175 x 40 x 35 cm og samsettur úr þremur fjölum. Höfuðgafli kistu var 48 x 20 x 40 cm. Kistan var tekin upp og afhent forvörðum á Þjóðminjasafni til varðveislu.

Beinin voru af fullorðnum karlmanni. Hendur hins látna lágu í skauti og fætur voru samsíða. Hann var með miklar tannskemmdir og mikinn tannstein. Hugsanleg merki um skyrbjúg (Jón Steffensen, 1987r). Hnit: X227/Y121.

Gröf nr. 20. Aðeins mótaði fyrir útlínum grafarinnar á yfirborði. Hún lá upp að múrsteinahleðslu (nr. 17) við austurbakka svæðisins. Ekki var grafið niður að kistu. Hnit: X227,5/Y116,2.

Gröf nr. 21. Aðeins mótaði fyrir útlínum grafarinnar á yfirborði. Ekki var grafið niður að kistu. Hún hvarf til austurs inn undir austurbakka svæðis U9. Vesturendi hennar lá að steinahleðslu (nr. 18). Hnit: X226,2/Y119.

Gröf nr. 22. Kistan var á 130 cm dýpi og kom í ljós síðasta dag uppgrftarins, þegar nyrsti hluti svæðisins var stækkaður aðeins. Utanmál kistu voru 190 x 60 cm. Innanmál kistubotns voru 180 x 50 x 30 cm. Austurendi kistunnar skemmdist af völdum skurðgröfu og því fundust engin fóta- eða tábein. Beinin voru að öðru leyti vel varðveitt og voru tekin til varðveislu. Mörg rifbeinanna voru brotin, sem og nokkrir hryggjarliðir og efri kjálki, en aðeins hluti hans fannst. Hendur lágu í skauti. Beinin eru sennilega af fullorðnum karlmanni. Hnit: X222/Y138.

Gröf nr. 26. Við suðurhlíð grafar nr. 19 komu í ljós útlínur grafar sem hurfu inn undir austur-



Mynd 85. Myndaröð af gröf nr. 19. Efst er yfirlitsmynd af kistuloki sem hefur fallið inn. Í miðju er opin kista, þar sem lokinu hefur verið lyft af, þannig að lega beinagrindar er ljós. Neðst er tóm kista (ljósmynd GÓL-1987-09- 12, 14 og 16).



Mynd 86. Nærmynd af efri hluta grafar 19, og trérammanum á kistuloki (ljósmynd GÓL-1987-9-13).

bakka svæðisins. Ekki var grafið niður á kistuna. Hnit: X226/Y120,6.

Gröf nr. 27. Gröf, sem kom í ljós austan við fótagafl kistu nr. 15, lá að mestu undir austurbakka svæðisins, utan uppgrftar. Hnit: X225,6/Y125.

Gröf nr. 28. Gröf sem kom í ljós vestan við höfðagafl kistu nr. 15 og lá áfram inn undir vesturbakka könnunarskurðar. Hnit: X228/Y125.

Gröf nr. 29. Gröf sem komið var niður á í sniði austurbakkans, sunnan við kistu nr. 10. Gröfin hvarf inn undir skurðbakkann og var ekki rannsökuð. Hnit: X225,8/Y126,4.

Gröf nr. 100. Við norðurenda austurhliðar svæðisins komu í ljós útlínur grafar sem hvarf inn undir sniðbakkann. Gröfin var ekki rannsökuð frekar 1987. Svo virðist sem kista nr. 30, sem grafin var fram 1988, hafi verið í þessari gröf. Hnit: X225/Y139.

Gröf nr. 111. Fótagafl kistu sem komið var niður á vestan við kistu 18. Kistan hvarf undir vesturbakka svæðisins. Hnit: X228,4/Y122.

Gröf nr. 112. Fótagafl kistu sem komið var niður á vestan við kistu 18. Kistan er samsíða

og norðan við kistu 111 og hvarf inn undir vesturbakka svæðisins. Hnit: X228,4/Y122,4.

Gröf nr. 113. Gröf sem kom í ljós norðan við kistu nr. 20. Ekki var grafið niður á kistuna. Hnit: X228/Y117.

Minjar frá miðöldum

Grafirnar náðu allt niður á 1,8 m dýpi. Þegar grafið var undir nokkrar kistur á svæðinu austan við kirkjuna, komu í ljós leifar af miðaldamannvirkjum á 2 m dýpi (myndir 87 og 88). Þar voru allt að 25 cm þykkar gólfskánir. Þær höfðu greinilega hlaðist upp á löngum tíma. Tveir timburstokkar voru í efsta gólfláginu og veggjahleðslur, bæði úr torfi og grjóti. Því miður reyndist ekki unnt að stækka uppgrftarsvæðið meira en orðið var og því ekki hægt að rannsaka þessar athyglisverðu byggingarleifar nánar. Ekki fannst eldstæði í þeim hluta sem grafinn var upp en gólflagið sem var þykkt, þétt í sér, svart og sóti blandað, var rétt yfir óhreyfðri mold. Bendir þetta til þess að þarna hafi verið íveruhús og að þar hafi bærinn því staðið á fyrri hluta miðalda. Við austurbakka sást í einfalda steinahleðslu, úr stórum steinum,




Mynd 87. Horft til suðurs yfir hleðslur, gólfskánir, viðarleifar og mannvistarlög frá miðöldum á svæði U9. Á myndinni til vinstri er svört gólfskán að koma í ljós. Hún liggur undir steinaröðina lengst til vinstri. Á myndinni til hægri er sóti blandin gólfskánin orðin mjög greinileg. Leifar af timburstokki komu í ljós undir efsta gólfinu og undir steinaröðinni til hægri voru leifar af öðrum timburstokki sem gæti hafa verið hluti af trégólfi eða veggjarundirstöðu miðaldahúss. Ferköntuð könnunarhola er til vinstri. Gólfskánin liggur inn undir hellulögnina vinstra megin á svæðinu (ljósmynd GÓL-1987-11-11 og 12).

sem gæti hafa verið undirstaða undir torfvegg. Við vestur- og suður skurðbakka kom í ljós torfveggur úr ljósbrúnu torfi og myndaði tvær hliðar á húsinu. Þessi veggur tilheyrði yngsta byggingarskeiðinu, því að í sniði T-1987-25 sást að hann lá ofan á eldri gólfskánum (myndir 89 og 90). Það sýnir að húsið hefur líklega verið minnkað á síðasta byggingarskeiði þess.

Tréstokkurinn sem lá í efsta gólflöginu virðist hafa verið um 18 x 12 cm í þvermál. Hann gæti hafa rýrnað aðeins í jarðveginum, því að í sniðinu mátti sjá farið eftir hann. Ummál sjálfs trésins var annars 12 x 8 cm. Járnútfelling hefur myndast innan á holuna, þannig að hún hvelfdist yfir sig en hefur þar með haldið upprunalegri stærð sinni. Að sunnanverðu endaði stokkurinn við stoð sem rekin hafði verið niður. Hún var um 10 cm í

þvermál, 65 cm löng og mjókkaði dálítið til endans. Henni hallaði aðeins til norðurs. Að norðanverðu virtist stokkurinn enda við annan stein sem lá þvert fyrir hann. Ekki er þó hægt að útiloka að hann hafi legið þar aðeins dýpra í jörðu og haldi áfram hinum megin við steininn og inn í bakkann. Laus mold sem þar var fyrir gæti bent til þess. Undir stokknum voru um 10 cm þykk móösku- og viðarkolalög, mjög þétt í sér eins og gólflög, og hallar þeim niður frá stokknum, báðum megin við hann. Samsíða þessum stokki um 65 cm austar, lá annar tréstokkur. Hann virtist tilheyra sama mannvirki en er ekki eins í laginu. Hann var 18 x 6 cm í þvermál og virtist liggja undir yngsta gólflöginu.

Meðfram stokknum og vestan við hann hafði verið grafin a.m.k. 40 cm djúp gryfja. Hún



Mynd 88. Samsett teikning af minjum frá miðöldum, sem kom í ljós undir líkkistum nr. 10 – 19, á miðju svæði U9 (T-1987-22 og 23, G.Ó.).

var full af steinum sem voru frá 10 – 40 cm stórir. Milli steinanna var móaska. Þessi gryfja náði inn undir bakka uppgraftarins til beggja hliða og hefur því verið a.m.k. 120 cm í þvermál. Við norðurbakkann virtist grjóthleðslan liggja í sveig og ganga inn í NV-horn uppgraftarins. Ofan á þessari grjóthleðslu fannst planki, um 2 m langur, 16 cm breiður og 5 cm þykkur. Hann lá undir grjóthleðslu. Afstaða þessara mannvistarlaga sést vel í sniði T-1987-25 (myndir 88 og 89).

Jarðlög í sniði (T-1987-25)


Þversniðið var tekið í gegnum neðstu mannvistarlögin á svæði U9 (mynd 89). Í sniðinu sást að þarna höfðu gólfskánir hlaðist upp í húsi sem staðið hafði á sama stað frá landnámi. Elstu gólfskánirnar héldu alls staðar áfram inn undir skurðbakkana en tréstokkar í efri gólfskánunum virtust hafa verið hlutar af timburgrind í húsi og bentu til þess að þar hefði jafnvel staðið timburhús á miðöldum.

1. *Ljósbrún mold, torf.* Hluti af veggjahleðslu sem virtist eiga við gólfskán nr. 8.

2. *Stór steinhella,* hugsanlega hluti af sama mannvirki og hella nr. 3 og gólfskán nr. 4.
3. *Stór steinhella,* 36 cm löng og 11 cm að þykkt. Hellan lá 194 cm undir yfirborði ofan á gólfskán nr. 4 og er hugsanlega hluti af sama mannvirki og hella nr. 2.
4. *Svört gólfskán,* blönduð viðarkolum.
5. *Gólfskán.* Móaska og viðarkol.
6. *Far eftir viðarleifar,* 17 cm breitt og 12 cm hátt, og sýndi líklega upprunalega stærð timburstokks.
7. *Timburstokkur,* 12 x 8 cm í þvermál. Hugsanlega fótstykki undan timburgrind í húsi. Virtist hafa rýrnað frá upprunalegri stærð.
8. *Blönduð mold og móaska.*
9. *Gólfskán,* blönduð viðarkolum og móösku.
10. *Timburstokkur,* 18 x 6 cm í þvermál. Virtist vera eldri en torfveggur nr. 1 en gæti átt við gólf nr. 5 eða 8.
11. *Gólfskán.* Þetta lag og aðrar gólfskánir yfir því voru mjög þéttar og harðar í sér.
12. *Rauð móaska.*
13. *Móöskudreif,* blönduð viðarkolum og mold, fremur laus í sér.
14. *Gryfja.* Hreyfð mold, blönduð mold og móösku.
15. *Steinar í gryfjunni.* Af ýmsum stærðum.
16. *Óhreyfð mold.*



Mynd 89. Hluti af sniði T-1987-25, sem sýnir elstu mannvistarlögin á svæði U9. Efst eru þykkar svartar gólfskánir frá miðöldum. Á miðri mynd er far eftir timburstokk sem þar var, hugsanlega leifar af gólfbíta eða grind í húsi. Neðst eru móösku- og mannvistarlæg (ljósmynd GÓL-1987-12-24).



Mynd 90. Sniðteikning sem sýnir afstöðu neðstu mannvistarlaga á svæði U9. Sniðið sýnir að gólfskánir hafa hlaðist upp, hver af annarri og að þarna hefur því staðið íveruhús um alllangt skeið. (T-1987-25, G.Ó.).



Mynd 91. Horft yfir og ofan í holuna sem grafin var fyrir nýjum kirkjutröppum á svæði U10. Neðri hluti grafar 23 (A) gengur að hluta inn undir tröppurnar. Gröf 24 (B) er neðst fyrir miðju og til hægri fyrir miðju sést móta fyrir gröf 25 (C) (ljósmynd GOL-1987-3-20).

17. Gröf. Hreyfð mold í gröf nr. 28.
18. Trékista, nr. 28.
19. Brún mold í austurbakka svæðis U9.
20. Steinaröð á um 170 cm dýpi í austurbakka svæðisins. Ofan á henni er svartleitt lag, blandað brúnu (dökku) torfi. Allt að 35 - 40 cm þykkt. Steinaröðin lá ofan á svörtu 15 cm þykku gólflagi.

Byggingarsaga í norðurhlutanum virðist hafa verið eftirfarandi. Neðst voru móöskulög ofan á óhreyfðum jarðvegi. Ekki er hægt að fullyrða að þessi neðstu mannvistarlög séu gólfskánir en þau benda til þess að íveruhús hafi a.m.k. staðið þar mjög nálægt. Þá var líklega byggt hús sem hefur haft mjög þétt móöskugólf. Síðan virðist hafa verið reist timburhús, sem viðarleifar fundust af. Timburveggur í því húsi virðist hafa staðið alllengi áður en hann var fluttur til. Utan við timburvegginn hafði verið grafin djúp hola en ekki er vitað hvert hlutverk hennar var. Eftir að hún missti hlutverk sitt var hún fyllt með grjóti og móösku. Ofan á hana var svo lagður

trébiti og á hann hlaðið grjóti og torfi. Þetta hefur verið veggur um langan tíma og bætt ofan á hann af og til. Öll þessi byggingarskeið sem hér hafa verið nefnd eru frá miðöldum. Eftir það kom langt tímabil þar sem erfitt er að henda reiður á aldri bygginga á svæðinu. Af mannvistarlögum í brotakenndu sniði má samt ráða að einhver byggð hafi jafnan verið til staðar.

Á síðari hluta 17. aldar og á fyrri hluta 18. aldar virðist allmikil uppbygging hafa átt sér stað en miklar undirstöður húsa, veggjabrot og aðrar byggingarleifar fundust frá þeim tíma. Eftir miðja 18. öld hefur kirkjugarðurinn verið stækkaður austur fyrir kirkjuna en líkt og fyrr frá greinir þá lentu leifar gömlu bæjarhúsa vesturálmú konungsgarðsins innan hans.

Uppgrafsarsvæði 10

Þegar grafið var fyrir nýjum undirstöðum fyrir tröppur Bessastaðakirkju þann 21. apríl 1987,



Mynd 92. Þversnið og langsnið sem sýnir gerð kistu í gröf 23 (T-1987-92, G.Ó.).

komu framkvæmdaaðilar niður á kistuleifar og mannabein við vesturhorn þeirra (mynd 93). Töldu menn sig m.a. sjá leggi og hnéskeljar. Stóð uppgröftur þar yfir til 5. maí. Uppgraftarsvæðið var um 1,2 m á lengd og 0,8 m að breidd. Mesta dýpt holunnar, þar sem beinin fundust, var 1,5 m og gekk hún niður úr 0,8 m djúpum skurði vestan og framan við tröppurnar. Svæðið lá innan hnitanna X259,5-261 og Y122-127.


Þrjár grafir komu fram í holunni sem grafín hafði verið við kirkjutröppurnar. Þeim voru upphaflega gefin heitin gröf A, B og C, líkt og á svæði U9. Síðar, þegar miklu fleiri beinagrindur og grafir komu í ljós, voru öllum gröfunum gefin hlaupandi númer. Þær þrjár grafir sem fyrst fundust voru settar inn í þá númeraröð og fengu númerin 23, 24 og 25.

Jón Steffensen frumgreindi beinin og í skráningarkerfi hans fengu beinagrindurnar númerin: X-10, X-11, X-12 og X-13 (sbr. frásögn á bls. 92). Við greiningu á beinunum kom í ljós að bein af fjórða einstaklingnum voru innan um hinar grafirnar þrjár sem fundust. Líklega hefur fjórða gröfin D, verið í bilinu á milli grafar A, B og C, í miðjum skurðinum, og því lent að mestu í uppmokstri þegar gryfjan var tekin, þó hugsanlegt sé að beinin hafi borist úr eldri gröf þegar einhver hinna þriggja grafa var tekin.

Gröf nr. 23 (A) [BES-A-2; X-11]. Í syðstu gröfinni (A; X-11) stóð leggur út úr bakka þegar skurðurinn var grafinn. Gröfin náði um 65 cm inn undir steyptu tröppurnar til suðurs og 60 cm út fyrir þær til vesturs. Greinilegar kistuleifar voru bæði yfir og undir beinunum. Reyndist kistan vera svo vel varðveitt að auðvelt var að

sjá upphaflegt form hennar og gerð. Kistulokið var frábrugðið flestum hinna sem fundust. Hliðar þess voru smíðaðar úr tveimur löngum borðum sem halla í sveig upp að flatrí miðjufjöli, sem er 15 cm breið. Gaflar loksins drögust að sér upp með sama hætti. Hluti af lokinu var tekinn upp til varðveislu. Hliðar neðri hluta kistunnar voru gerðar úr sitt hvorri fjölinni. Þær voru negldar utan á botnfjalirnar tvær. Bæði gaflar og hliðar kistunnar víkkuðu út að ofan og féllu að lokinu við efri brúnina (mynd 92). Í botni kistunnar voru tvær fjalir, 12 cm og 18 cm breiðar. Á milli þeirra, undir kistunni, var dökkt lag sem virtist vera leifar af svörtu gjóskulagi, e.t.v. Kötlu~1500, og var sýni tekið af því. Að innan reyndist kistan vera 35 cm breið við botninn og 45 – 46 cm breið þar sem hún mætti lokinu. Hæð frá kistubotni upp að loki var 16 cm (mynd 94-95). Er grafið var inn undir bakkann, fundust fleiri mjög vel varðveitt bein sem voru líka tekin til varðveislu. Bein neðan hnés úr beinagrind nr. X-11 lágu inn undir kirkjutröppurnar og voru ekki grafín upp. Líkið hafði verið lagt til með hendur í skauti.

Samkvæmt greiningu Jóns Steffensens var um að ræða heillega beinagrind úr fullorðinni konu, sennilega um þrítugt (X-11). Tennur hennar voru mjög skemmdar. Tannáta var í tólf tönnum og mikil í mörgum þeirra, ásamt rótarbólgu. Hann greindi einnig beinvöxt í gómi. Ennfremur sagði hann að sú fátíða vansmið hafi verið á banakringlu að hún sé í tveim hlutum sem hafa tengst saman á miðjum fremri og aftari boga með brjóski (Jón Steffensen, 1987b). Undir beinunum í gröf 23 (A) fundust tvær hvítar tölur, með geislamunstri og fjórum götum. Um 10 cm voru milli talnanna



Mynd 93. Afstöðumynd af gröfunum þremur sem fundust á svæði U10 (J) við kirkjutröppur Bessastaða. Hugsanlega hefur gröf 114 (D) verið á milli þeirra (T-1987-91, G.Ó.).

sem eru líklega úr líkklæði. Neðri talan var um 15 cm fyrir neðan höfuðið. Þegar talan kom í ljós virtist mynstrið snúa upp sem bendir til þess að tölurnar hafi upphaflega setið framan á klæðinu, þ.e. að því hafi verið hneppt að framan. Þá fannst lítið bronsstykki á botni kistunnar.

Gröf nr. 24 (B) [BES-A-1; X-10]. Gröfin var barnsgröf. Lok og botn voru gerð úr sitt hvorri fjölinni og hliðarnar líka. Botninn var um 20 cm breiður og 62 cm langur. Lokið var um 68 - 70 cm langt og 20 - 22 cm breitt (mynd 96). Kistan var um 10 cm djúp og var eins og kassi að lögun, með lóðréttar hliðar, en gaflarnir virðast



Mynd 94. Efri hluti beinagrindar í gröf 23 (A) sem stóð út undan kirkjutröppum (ljósmynd GÓL-1987-3-24).



Mynd 95. Vel varðveittur kistubotn grafar 23 (A) eftir að bein höfðu verið fjarlægð (ljósmynd GÓL-1987 3-19).



Mynd 96. Kista í gröf 24 séð ofanfrá, frá hlið og frá gafli. Lok kistu er um 70 x 22 cm að stærð (T-1987-93, G.Ó.).



Mynd 97. Vegna óhagstæðs veðurs var mjög erfitt að taka myndir af svæðinu. Hér sést gröf 23 (A) til vinstri, gröf 25 (C) efst fyrir miðju og hornið á gröf 24 (B) er neðst til hægri (ljósmynd GÓL-1987-4-1).

þó hafa verið aðeins sveigðir út að ofanverðu. Handfang af gafli kistunnar og nagli fundust í gröfinni og voru tekin upp. Lífrænar leifar sem líktust pappírsmassa voru teknar af loki kistunnar. Hugsanlega eru það leifar af bók, sem orðin var að mauki í jarðveginum. Í moldum ofan við kistuna voru gjóskuleifar og slitrur af Kötlu~1500. Höfuð líksins var snúið í vestur og beinin, sem voru sæmilega vel varðveitt, voru tekin upp. Samkvæmt greiningu Jóns var þetta beinagrind ungbarns (infant 1a) (X-10), sem var yngra en hálfis árs. Hann nefnir því til sönnunar m.a. að kjálkahelmingar séu ógrónir saman og engar tennur teknar (Jón Steffensen, 1987a).

Gröf nr. 25 (C) [BES-A-4; X-13]. Er skurðurinn var stækkaður til vesturs, til þess að grafa upp efri hluta grafar 23, kom gröf 25 fram (X-13), sem var barnsgröf. Greina mátti leifar af kistuloki sem var þó mjög morkið. Höfuðgaflinn var nokkuð vel varðveittur. Austasta hluta grafarinnar vantaði. Kistan var um 50 – 60 cm löng og 20 cm breið. Lengdin var óviss vegna þess að fóttagaflinn vantaði. Hann hefur líklega verið grafinn burt er holan var stækkuð. Jón Steffensen sagði um beinin, sem tekin voru upp (X-13), að um hafi verið að ræða ágætlega varðveitta beinagrind ungbarns og að það hafi verið innan við hálfis árs gamalt þegar það lést (Jón Steffensen, 1987d). Bilið á milli grafa 24

og 25 var um 20 cm og á milli grafar 23 og grafar 25 um 10 cm.

Gröf nr. 114 (D) [BES-A-3; X-12]. Þessi gröf var líklega fjarlægð að mestu þegar grafið var fyrir tröppunum og við fornleifauppgröftinn sást ekki móta fyrir henni. Hún gæti því hafa verið í bilinu á milli grafanna þriggja. Upphaflega var þetta ekki talin vera sérstök gröf og var númerinu því bætt við síðar. Við greiningu á beinum sem safnað var saman úr holunni fannst aðeins eitt mannabein (X-12). Var það heillegt vinstra mjaðmarbein úr fullorðnum einstaklingi, sennilega karli. Með því var hælbein úr stórgripi.

Jón taldi ekki útilokað að beinið væri úr eldri gröf og hafi komið úr uppmokstri, t.d. þegar gröf 23 var tekin (Jón Steffensen, 1987c).

Aldur mannabeina á svæði U10

Af úttekt sem gerð var þann 4. september 1780 á Bessastöðum má ráða að þá var verið að reisa steinkirkjuna utan um gömlu, hrörlegu timbur- og torfkirkjuna sem þar stóð fyrir (Finsen og Hiort, 1978:91). Það virðist því nokkuð öruggt að grafir sem lentu undir tröppum steinkirkjunnar hafi verið teknar áður en smíði hennar hófst. Hve miklu eldri þær eru verður þó ekki sagt með vissu. Miðað við innbyrðis legu voru allar grafirnar líklegast frá svipuðum tíma.

Uppgraftarsvæði 11

Þegar byrjað var að grafa fyrir olíutanki austan við svonefnda hjáleigu þann 15. september 1987 kom í ljós mannvirki sem gert var úr múrsteinum, á um 20 – 30 cm dýpi. Verkið var stöðvað þegar í stað og hreinsað ofan af minjunum. Uppgraftarsvæðið var innan hnitanna X156-159 og Y114,1-121,4 og var um 7,5 x 4 m, eða um 30 m² að flatarmáli. Í ljós komu tvær raðir af múrsteinum. Þeir voru misstórir en flestir eru 22 x 10,5 x 4 cm að utanmáli. Þeir voru lagðir þversum upp á rönd og mynduðu þannig tvær samsíða rásir. Bilið á milli þeirra var 162 til 170 cm. Mælt frá miðju rásanna var millibilið 195 cm. Raðirnar náðu út að endum uppgraftarsvæðisins og hefur mannvirkið því verið a.m.k. 7,5 m langt (sjá myndir 98-102).

Báðum megin við þessar tvær múrsteinaraðir var einföld röð múrsteina, lögð langsum. Þar utan við og samsíða þeim voru leifar af um 13 cm breiðum trébitum, og fleiri viðarleifum. Við innbrún að sunnanverðu fannst 2,5 cm þykk fjöl upp á rönd sem aðgreindi múrsteinaröðina frá hvelfdri múrsteinalögn sem var á milli raðanna tveggja. Steinunum í múrsteinalögninni, sem var á milli raðanna, hafði verið staflað langsum og upp á rönd út frá röðunum. Þeir halla lítils háttar út frá miðju. Hægt var að greina allt að sjö raðir af múrsteinum sem lágu þannig frá röðunum inn að miðju. Miðjan, eða efsti hluti lagnarinnar, var um 15 – 20 cm hærri en rásirnar tvær og mjög illa farin. Þar vantaði alla heila múrsteina í lögnina, en mikið var af múrsteinsbrotum. Hugsanlega hefur múrsteinalögnin upphaflega þakið allt svæðið á milli rásanna og efsti hlutinn skaddast, þegar byrjað var að grafa ofan af svæðinu. Ummerki í sniði gætu þó bent til þess að um 50 cm breitt svæði sem hæst bar fyrir miðju á milli múrsteinsraðanna, hafi verið fyllt upp með mól í stað múrsteina (mynd 100-101).

Öll gerð þessa mannvirkis er afar sérstök og ekki er vitað til þess að annað slíkt mannvirki hafi áður fundist hér á landi. Þegar múrsteinarnir í rásunum tveimur voru skoðaðir nánar sáust greinileg slitför ofan í þá. Slitförin voru eftir þeim endilöngum og minntu einna helst á för sem myndast ofan í steina þar sem bátar hafa verið dregnir á land, eða för eftir nagladekk í malbikuðum götum nútímans. Varla er um bátaför að ræða á þessum stað svo að flest bendir til þess að slitförin séu eftir farartæki á hjólum, t.d. kerru eða vagn, og að um 1,9 m bil hafi verið á milli hjólanna, eða um 3 álnir.

Húsið, sem múrsteinslögnin var í, hefur að minnsta kosti verið um 7,5 metrar að lengd. Það gæti hafa verið eitthvað lengra, því að útveggirnir lágu utan uppgraftarsvæðisins. Í könnunarskurði sem var grafinn til vesturs, upp að útvegg hússins sem þar stóð, fundust þó engar veggjaleifar. Því miður reyndist erfitt að tímasetja þetta mannvirki mjög nákvæmlega. Rústin var um 35 m frá öðrum uppgraftar-



Mynd 98. Til vinstri er yfirlitsmynd yfir vestari múrsteinaröðina. Stóra kvarnarsteinsbrotið gæti hafa verið notað sem einhvers konar þrep eða undirstaða inni í húsinu. Til hægri er nærmynd af múrsteinaröðinni. Þar sjást vel slítförin á yfirborði steinanna og annar umbúnaður með múrsteinum sem lagðir eru langsum sín hvoru megin við raðirnar og leifar af viðarborðum þar utan við (ljósmynd GÖL-1987-15-8 og 15-7).


svæðum og samhengi við þau því mjög óljóst. Múrsteinarnir gefa þó kannski nokkra vísbendingu um aldurinn. Á sumum múrsteinum mátti sjá merki þess að þeir hefðu áður verið í öðrum byggingum. Það beinir athyglinni fyrst og fremst að þeim miklu byggingaframkvæmdum og niðurrífi eldri bygginga, sem áttu sér stað á 18. öld á Bessastöðum. Þar má t.d. nefna byggingu Bessastaðahússins árið 1721 og Bessastaðastofu árið 1761, sem og hin gömlu hús konungsgarðsins, sem rifin voru eitt af öðru á þessum tíma.

Í þessu sambandi er áhugavert að skoða hvort einhverjar upplýsingar sé að finna í ritheimildum, sem varpað geta ljósi á þessar minjar. Í lénsreikningum fyrir Bessastaði og Viðey er getið um eina kerru á tveimur hjólum þegar árið 1595 ("Innistæðuskrá 1595", 1597).

Þetta mun vera ein elsta áþreifanlega heimild um slíkt farartæki á Íslandi, þó að í konungsbréfi frá 1562 sé lagt fyrir presta og prófesta sunnanlands að þeir skuli leggja til hesta og vagna til þess að greiða fyrir flutningi á brennisteini (DI:XIII, 1933-1939), þá getur reynst erfitt að færa sönnur á að þeir vagnar hafi í raun verið til staðar í landinu. Árið 1647 er kerra með tveimur hjólum aftur talin til eigna í innistæðuskrá frá Bessastöðum og Viðey ("Fylgiskjöl með lénsreikningum", 1647-1648). Líklega er þar um sömu kerru að ræða því hún er þá sögð gömul. Ef svo er hefur hún verið í notkun í rúm 50 ár. Þó ekki verði ráðið af heimildunum hvort kerran hafi verið í notkun í Viðey eða á Bessastöðum, þá verður að telja líklegra að hún hafi verið í notkun á Bessastöðum sé tekið mið af þessum leifum.



Mynd 99. Yfirlitsteikning af svæði U12 (K) og ætluðu vagn/kerruhúsi (kortagerð G.Ó.).



Mynd 100. Þversnið gegnum vagnhúsið sem sýnir hvernig múrsteinalögnin hækkar inn að miðju, þar sem múrsteina vantar. Einnig sést hellulögn undir múrsteinsmannvirkinu sem tilheyrir hefur eldra húsi. Um 1 m er á milli krossa (T-1987-89, skissa úr dagbók G.Ó.).



Mynd 101. Hluti af múrsteinalögninni sem lögð var langsum á milli múrsteinaraðanna tveggja. Þarna eru múrsteinarnir lagðir skáhallt frá múrsteinaröðunum þannig að þær hækka inn að miðju (ljósmynd GÓL-1987-15-9).



Mynd 102. Horft til suðurs eftir múrsteinaröðum á svæði U11. Tveir metrar eru á milli krossanna í staðbundnu hnitakerfi. Krossaröðin til hægri er einn metra frá húsveggnum. Neðst fyrir miðju sést í hellulögn sem hefur tilheyrt eldra mannvirki, undir kerruhúsinu (ljósmynd GÓL-1987-15-5).

Þrátt fyrir ofangreindar heimildir um að kerrur hafi verið til á Bessastöðum eða í Viðey í lok 16. aldar, er Lauritz Thodal yfirleitt eignað það að hafa fyrstur flutt til landsins kerru á tveimur hjólum. Hann var skipaður stiftamtmaður yfir Íslandi og Færeyjum árið 1770 og tók þá við búi á Bessastöðum. Hann var mikill framkvæmdamaður og lét m.a. slétta og girða túnið á Bessastöðum og gerði tilraunir með akuryrkju og kálgarðarækt. Hann flutti m.a. inn norskan plóg og tvíhjóra kerru til þess að nota við garðræktina þar (Oscar Clausen, 1950:63-69; Einar Laxness, 1985:34-35).

Thodal stóð einnig fyrir því að reisa nýja kirkju á staðnum úr steini og hófst undirbúningur fyrir það verk árið 1774. Grípa þurfti til ýmissa nýstárlegra ráða til þess að flytja grjót og önnur aðföng á staðinn. Í gögnum um smíði kirkjunnar kemur m.a. fram að smíðaður hafi verið traustur hjólsleði fyrir þungaflutninga og að steinarnir sem dregnir voru úr túninu voru flestir svo stórir, að það þurfti tvo hesta og allt að tólf verkamenn að draga þá á hjólsleðanum. Árið 1775 var svo keypt ný kerra frá Kaupmannahöfn til að aka grjóti heim að kirkjunni. Hjólsleðinn brotnaði svo undan þungu fargi árið 1778. Hans er samt aftur getið árið 1882 við flutninga á pommerskum stórviði (Jón Þ. Þór et al., 2008:17-24). Tímasetning kerruhússins virðist að mörgu leyti falla ágætlega að veru frumkvöðulsins og athafnamannsins Lauritz Thodahl á Bessastöðum, og því ekki alveg fráleitt að eigna honum þetta mannvirki.

Ekki er hægt að fullyrða að múrsteinshúsið sé eins gamalt og elsta heimildin um kerrueign á Bessastöðum segir til um, þó ekki sé hægt að útiloka það með öllu. Að frátöldu broti úr stórum kvarnarsteini, sem var við vestari múrsteinaröðina, fundust engir aldursgreinanlegir gripir í þessari tóft, svo ekki var hægt að nota þá til að aldursgreina húsið. Kvarnarsteinninn (BES-1987-1184) er reyndar mjög áhugaverður. Hann er innfluttur, úr erlendu flögubergi um 60 cm í þvermál og allt að 20 cm að þykkt. Þetta er

helmingur af efri hluta steinkvarnar. Hann er of stór til að geta hafa verið notaður sem venjuleg handkvörn, og því er nokkuð freistandi að álykta að hann hafi upphaflega verið notaður í mylluhúsi því sem sagt er að hafi verið í norðurálmú konungsgarðsins.

Mylluhúsið hefur sennilega verið í notkun á síðari hluta 17. aldar og hugsanlega fram á fyrri hluta 18. aldar. Kvarnarsteinninn er því líklega frá þeim tíma, því ekki mun vera getið um annað mylluhús á Bessastöðum eftir það. Hann var þá orðinn mjög slitinn og er líklegast að þegar hann brotnaði hafi notkun mylluhússins verið hætt. Helmingur steinsins hefur svo lent í vagnhúsinu eftir að kvarnarsteinninn brotnaði.

Velta má fyrir sér hvert hlutverk kvarnarsteinsbrotsins var á þeim stað sem það fannst. Brotið stóð við innbrún vestari múrsteinaradarinnar. Hugsanlega hefur það verið notað sem eins konar þrep til að eiga auðveldara með að stíga upp í kerruna. Það er þó ekki að öllu leyti sannfærandi, vegna þess að þrepið lá innan hjólfaranna. Þó má e.t.v. hugsa sér að það hafi verið staðsett framan við kerruna, þegar hún var komin á sinn stað innst í vagnhúsinu.

Ef litið er til heimilda utan Bessastaða þá benda fáein dæmi til þess að vagnar hafi verið notaðir á Íslandi alveg frá söguöld. Í Víga-Glúmssögu 23. kafla og í Njálssögu 91. kafla er greint frá því að særðir menn eða látnir hafi verið lagðir í vagna og þeim ekið þannig heim á bæ. Á fyrri hluta 18. aldar segir að á Þingeyraklaustri hafi verið svo stórt hlið inn í húsagarð staðarins, að hægt var að aka meðalstórum vagni inn um minni dyrnar (Ólafur Gíslason, 1916:59). Athyglisverðust er þó frásögn Páls Vídalíns sem segir að „Vagnabúr heitir enn í dag í biskupsstólnum Hólum, og vagnbraut heitir í Akraskjölum í Skagafirði það sem í öðrum er akbraut kallað, ...“ (Páll Vídalín, 1854:596). Samkvæmt því má ætla að vagn eða vagnar hafa verið geymdir í húsi sem nefnt var vagnabúr, og að til hafi verið vegir fyrir vagna.

4. kafli – Gripir

Margir hversdagshlutir fundust við uppgröftinn, sem geta varpað ljósi á daglegt líf og umhverfi ábúenda á staðnum. Að ýmsu leyti endurspeglar þeir hlutverk Bessastaða sem höfðingja-, og stjórnsýsluseturs. Um það vitna ýmsir óvenjulegir fundir, sem eru fátíðir á venjulegum sveitabæjum. Þar má t.d. telja fallbyssuleifar, byssukúlur og byssutinnu. Einnig má nefna leifar af kakalofnum, járnofnum, steindum rúðum, múrsteinum og austurlensku postulíni frá 18. öld, sem allt eru gripir sem finnast yfirleitt aðeins á höfðingjasetrum eða stórbýlum (sjá t.d. Mjöll Snæsdóttir, 2009:76; Ragnheiður Traustadóttir, 2009).

Heildaryfirlit og umfjöllun um gripina frá Bessastöðum verður birt í sérstakri skýrslu þegar skýrslur liggja fyrir um öll uppgrafar-svæðin. Hér verður þó dregið á helstu tegundir gripa sem fundust 1987 og einnig gripi sem þykja óvenjulegir eða sérstakir. Yfirlit yfir fundna gripi er birt í fundaskrá, í kafla 9.6, en ítarlegri upplýsingar um munina eru aðgengilegar, bæði í Sarpi: menningarsögulegu gagnasafni og Intrasis. Fundanúmer eru auðkennd í texta með: Skammstöfun staðar-Ártal-Hlaupandi númer, t.d. (BES-1987-200).

Brenndur leir

Flestir fundnir munir, eða um 60%, voru brot úr leirkerjum. Aðallega er um að ræða ílát úr rauðleir frá 17. – 19. öld, s.s. þrífættir pottar, pönnur, föt og skálar. Eitt leirkerabrot frá 15. öld fannst. Allmikið fannst af diskum úr hvítum enskum jarðleir frá 17., 18. og 19. öld. Í húsum konungsgarðs frá 18. öld fundust nokkur brot af japönsku postulíni frá því um 1660 – 1725 og af kínversku postulíni frá um 1680 – 1800. Fjallað hefur verið sérstaklega um leirker frá Bessastöðum í þremur ritum (Smith, 1987; Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1996; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2009).

Nokkrar leirflísar fundust úr kakalofnum (mynd 103). Eitt elsta brotið (BES-1987-708) er

frá síðari hluta 16. aldar. Það er úr rauðum leir, óglerjað, og á framhlið flísarinnar hefur verið myndmótív, sem talið er hafa tilheyrt þekktri myndröð sem nefnist „Glataði sonurinn“. Aðrar leirflísar sem fundust eru grænglerjaðar (BES-1987-555) frá 16. – 17. öld. Kakalofnar voru afar dýrir og hafa aðeins fundist á fáeinum stórbýlum höfðingja hér á landi. Flísarnar eru líklega danskar eða þýskar (Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1996:62-63).

Þrátt fyrir fjölbreytilegt safn innfluttra leirmuna, sem bendir til nokkurs ríkidæmis, er athyglisvert að sjá að mörg brot úr ílátum úr leir eða postulíni sýndu að þau höfðu verið spengd aftur saman, eftir að hafa brotnað, til þess að hægt væri að nota þau áfram (mynd 104). Það er vísbending um að reynt var að nýta alla hluti eins lengi og kostur var og að engu var hent fyrr en útséð var um að hægt væri að laga þá. Þetta var alsíða hjá öllum almenningi og sýnir að þrátt fyrir að þarna byggju valdamestu menn landsins, þá var engu hent að óþörfu. Gripirnir benda því ekki til yfiringilegs munaðar eða bruðls á veraldlegum hlutum hjá ábúendum Bessastaða. Einnig vakti athygli að í samamburði við fundafjölda frá öðrum höfðingjasetrum, t.d. á biskupssetrunum á Hólum og í Skálholti, sem rannsókuð hafa verið á undanförunum árum, fundust tiltölulaga fáir ríkmannlegir gripir við uppgröftinn á Bessastöðum. (Smith, 1987; Mjöll Snæsdóttir og Lucas, 2007; Mjöll Snæsdóttir, 2009; Ragnheiður Traustadóttir, 2009). Að hluta til skýrist það þó af eðli uppgrafarins, sem neyðaruppgrafar, þannig að ekki voru tök á því að sigta jarðlög eða hirða alla hluti.

Eitt leirbrot skar sig úr frá öðrum brotum, vegna þess að það virðist tilheyra framleiðsluferli leirkera, en ekki fullbúins hlutar (mynd 106). Brot sem var lagt á milli potta til að halda þeim aðskildum við glerjun í verksmiðjunni. Afar óvenjulegt er að finna svona brot fyrir utan verksmiðjurnar því að þau voru yfirleitt fjar-



Mynd 103. Dæmi um tvær gerðir af ofnflisum. Brotin hafa verið sett inn í leirramma sem sýnir upprunalega stærð flisanna. Til vinstri er brot úr ofni frá 16. öld. Til hægri eru grænglerjuð brot úr kakalofni frá 16. eða 17. öld (ljósmynd GÓL-2009-3-39 og 40).



Mynd 104. Dæmi um brot úr leirilátum sem hafa verið spengd saman eftir að hafa brotnað. Á brotinu til hægri er hluti af koparþræðinum sem notaður var til viðgerðarinnar, enn til staðar (ljósmynd GÓL-2008-02-13).



Mynd 105. Tveir krítarpípuleggir með skrauti, af svæði U9 (BES-1987-1000 og BES-1987-1181). Pípuhaus úr rauðum leir (BES-1987-56), úr uppfyllingu undir svæði U2, frá um 1880 (T-1987-46 og T-1987-44, teikning Eavan O'Dochartaigh).

lægð áður en leirkerin voru seld (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2009). Þetta er hugsanlega vísbending um að annars flokks varningur hafi verið fluttur til Íslands, eða að keypt hafi verið beint frá verksmiðju.

Krítarpípur

Rúmlega 100 brot úr krítarpípum fundust á Bessastöðum, aðallega innfluttar frá Hollandi. Fundust þau að mestu við landfógetabústað konungsgarðsins. Fáein brot eru frá 17. öld en flest eru þau frá 18. öld (mynd 105). Athyglisvert er að óvenju fáar skreyttar krítarpípur fundust á Bessastöðum. Pípur voru litlar í fyrstu enda tóbakið dýrt. Pípuhausarnir stækkuðu eftir því sem tóbak lækkaði í verði. Krítarpípur voru viðkvæmar og brotnuðu oft. Í sparnaðarskyni var farið að steypa pípukóng og legg sitt í hvoru lagi. Dæmi um flestar þessar gerðir fundust á Bessastöðum (Smith, 1987).

Gler

Allmikið safn af flöskubrotum og finum vínglössum fannst við uppgröftinn (mynd 107). Á slíkur varningur vart sína líka á íslenskum bæjum og er því merki þess að Bessastaðir var höfðingjasetur á ákveðnu tímaskeiði en ekki venjulegt bændabýli. Vínglössin eru líklega upprunnin í Þýskalandi. Þetta eru glös úr mjög



Mynd 106. Leirkerisbrot sem virðist hafa verið notað til að halda leirkerjum aðskildum við brennslu á glerungi þeirra, og fest við eitt þeirra (Leirkeraskrá Sigríðar Þorgeirsdóttur, nr. 1460) (ljósmynd Graham Langford).

þunnu grænleitu gleri. Að minnsta kosti tvær gerðir af vínglössum hafa fundist. Annars vegar er um að ræða drykkjarglös sem látin voru ganga manna í millum í veislum og nefnast „passglös“ á norðurlandamálum en hafa verið nefnd passaglös eða mælipyttlur á íslensku (Konráð Gíslason, 1851; Jón Ólafsson, 1946:81). Þetta voru há og mjó glös, ýmist hringlaga eða með köntuðum hliðum og voru eins konar mæliglös fyrir drykkjuna. Það sem



Mynd 107. Brot úr fínum vínglösum sem fundust á Bessastöðum. Efri myndin er af broti úr svonefndum Remmare glösum, líklega frá 16. – 17. öld. Neðri myndin sýnir brot úr svonefndum passaglösom. Glösin gengu á milli manna í veislum og þunnu riffluðu þverböndin úr gleri, sem sjá má utan á nokkrum brotum, sýndu hve langt menn áttu drekka áður en þeir réttu glasið áfram (ljósmynd GÓL-2009-3-32 og 37).

einkenndi glösin voru rifflaðir glerþræðir, sem lagðir voru lárétt utan á glasið með jöfnu millibili. Sá sem fékk glasið rétt til sín í veislu, mun hafa átt að drekka niður að næsta bili og rétta síðan glasið áfram til næsta manns. Ef hann drakk of mikið (fór yfir strikið) varð hann að drekka niður að næsta striki. Þetta var kallað að drekka passa. Passaglös munu hafa verið í notkun frá 16. öld fram á 18. öld, einkum í Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Eistlandi (Sigfús Blöndal, 1920-1924:621; Steenberg og Simmingsköld, 1958; The J. Paul Getty Museum, 2010).

Einnig fundust vínglös sem nefnast „remmare“ á norrænum málum eða „röhmer“ þýsku. Þau eru með víðum holum fæti og hliðar glasanna eru skreyttar að utan með ásettum glerdoppum eða berjum úr gleri. Þessi glös



Mynd 108. Brot af glerskál frá 15. eða 16. öld (ljósmynd GÓL-2009-3-33).

munu hafa verið notuð frá 16. öld (Steenberg og Simmingsköld, 1958:65-67; Bengtsson, 1971:49-53).




Mynd 109. Nokkur lyfjaglös sem fundust í uppfyllingu á svæði U3 undir Bessastaðastofu. Glasið lengst til vinstri (BES-1987-804) inniheldur enn vökva (ljósmynd GÓL-2007-16-10).




Mynd 110. Þrjú samstæð brot úr gluggariðu með áletrun og máluðu skrautverki þar yfir (BES-1987-769). Fjórða brotið virðist vera úr sömu rúðu, þó ekki sé hægt að tengja það beint við hin brotin. Áletrunin er með hvítum lit (ljósmynd GÓL 1988-12-06).

Í mannvistarlögum frá 15. eða 16. öld fannst brot úr lítilli glerskál með upphleyptu munstri (BES-1987-823). Þetta er með elstu glerskálum sem fundist hafa á Íslandi (mynd 108). Þá fannst perla úr bláu, rauðu og hvítu gleri frá 18. öld, hugsanlega hollensk að uppruna. Allmörg brot úr litlum lyfjaflöskum

fundust á Bessastöðum. Nokkrar flöskur voru heillegar og sumar heilar. Þær eru flestar frá 17. og 19. öld og sumar tengjast hugsanlega því að á Bessastöðum var fyrsta aðsetur landlæknis og lyfjasala á árunum 1760-1763, áður en Nesstofa var reist (Einar Laxness, 1985:32). Ein flaska var enn með korktappa í og leifar af vökva í




Mynd 111. Skálavog (BES-1987-813) úr járni af svæði U3 (T-1987-48, Eavan O'Dochartaigh).




Mynd 112. Sylgja (BES-1987-47) og hnifur (BES-1987-48) (T-1987-49, Eavan O'Dochartaigh).

botni þegar hún fannst (mynd 109). Á Rannsóknastofnun í lyfjafræði (núverandi Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræðum), var tekið sýni úr vökvænum með því að stinga nál í gegn um tappann, og gerð á því spectrophotometer (ljósgleypnimæli) greining.

Vökvinn í flöskunni reyndist vera sambland af olíu, fitu og vatni. Efnagreining á sýninu, sem gerð var af Lýsi Hf., leiddi í ljós að um var að ræða jurtafitu, hugsanlega af jarðhnetuolíu. Því miður fékkst ekki nákvæmari greining á samsetningu vökvans eða vísbending um til



Mynd 113. Járnhlutur sem fannst á Bessastöðum, en uppruni og notkun er óviss (T-1987-64, Eavan O'Dochartaigh).




Mynd 114. Járngjörð (BES-1987-125) af svæði U6 (T-1987-52, Eavan O'Dochartaigh).

hvers hann hefði verið notaður (Jakob Kristinsson, 1993; Jóhannes Þorkelsson og Guðmundur Guðmundsson, 1993).

Á Bessastöðum fundust mörg brot úr glerrúðum íveruhúsa, líklega frá fyrri hluta 18. aldar. Yfirleitt var um að ræða grænleitt handblásið gler frá um 1 mm að þykkt. Glerrúður voru á þeim tíma afar sjaldgæf munaðarvara sem voru næstum eingöngu notaðar í kirkjum og á fáeinum höfðingjasetrum. Afskorningar af glerjum sýna að

rúðurnar hafa verið fluttar inn í heilu lagi og verið skornar til á staðnum. Brot af glerrúðu sem á voru málaðar myndir og textar fundust í sendnu yfirborði konungsgarðsins á svæði U6. Hægt er að lesa orðin "Dominus Mihi Adiu...", sem mun merkja "Drottinn hjálpi mér..." (mynd 110). Fundastaður þessa glugga, innan konungsgarðsins, bendir til þess að rúður í bústöðum höfðingja hafi getað verið skreyttar myndum og guðrækilegum textum, eins og í kirkjunum (Guðmundur Ólafsson, 1987:348).



Mynd 115. Fallbyssa frá 15. – 16. öld, sem mun hafa fundist hjá Skansinum á Bessastöðum ásamt járnhöldu og tveimur fallbyssukúlum árið 1888 (Þjms. 1888-316) (T-1987-51, Eavan O'Dochartaigh).




Mynd 116. Hluti af fallbyssu (BES-1987-200), sem fannst á svæði U6. Hún er frá svipuðum tíma og fallbyssan sem fannst hjá Skansinum árið 1888 (Halldór Baldursson, 1991). Hún sést hér þakin forvörsluvökva (ónúmeruð ljósmynd, Helga Ívarsdóttir 2009).

Gripir úr járn

Allmargir járnhlutir fundust. Flestir eru frá 18. og 19. öld. Járníð var að jafnaði afar illa farið af ryði. Naglar af ýmsum stærðum fundust, svo og exi, hamarshaus, hnífur, skálavog, skeifur,

sylgja (mynd 111 og 112), öngull og ýmsir óþekktanlegir hlutir (sbr. mynd 113 og 114). Óvenjulegasti gripurinn var líklega hluti af fallbyssu frá 15. eða 16. öld (myndir 115 og 116).



Mynd 117. Legsteinn (BES-1987-801) úr íslenskum steini. Á framhlið hans er höggvið krossmark. Fannst í gólfi Bessastaðahúss á svæði U6 (T-1987-45, Eavan O'Dochartaigh, ljósmynd GÓL-2009-3-38).



Mynd 118. Kvarnarsteinninn (BES-1987-1183) af gólfi landfógetabústaðarins er til vinstri. Stóri kvarnarsteinninn (BES-1987-1184) úr vagnhúsi á svæði U11 er til hægri (ljósmynd GÓL-2009-3-46 og 41).

Gripir úr blýi

Nokkrir munir fundust úr blýi. Nefna má byssukúlur, umgjarðir utan um glerrúður og sökkur. Þá má nefna vörumerki úr blýi frá 17. öld. Fuglsmynd virðist stimpluð á hlið þess. Á bakhlið má greina hluta af ártali 163x. Síðasta stafinn vantar. Klæðastrangar voru oft innsiglaðir með þessum hætti sem tákni um að klæðið uppfyllti ákveðið gæðamat.

Gripir úr steini

Allmargir gripir úr steini fundust. Flestir eru úr íslensku grjóti, svo sem kvarnarsteinar, fiskasleggjur, kljásteinar og einn legsteinn (mynd 117). Nokkrir eru úr steintegundum sem hafa verið fluttar inn, svo sem brýni, kvarnarsteinar og tinnumolar sem hafa verið notaðir til eldsláttu eða í byssur. Á gólfi landfógetabústaðar lá heill kvarnarsteinn og umhverfis



Mynd 119. Leifar af þykku grænmáluðu veggfóðri (BES-1987-124) sem fannst í uppfyllingu undir Bessastaðastofu á svæði U2. Hugsanlega er þetta samskonar dúkur og Magnús Gíslason vildi fá árið 1765 til að veggfóðra stofurnar hjá sér (ljósmynd GÓL-2007-5-10).



Mynd 120. Leifar af gifsskrauti (BES-1987-910) sem fannst í uppfyllingu undir Bessastaðastofu. Hugsanlega hefur það upphaflega verið í lofti eða veggjum Bessastaðastofu (ljósmynd GÓL-2007-5-21).

hann voru viðarleifar sem geta hafa verið af kassanum utan um steininn (myndir 27 og 118a). Nokkur brot höfðu verið endurnýtt og lögð sem hellur í gólf. Hér að framan var greint frá broti úr kvarnarsteini, úr innfluttu flögubergi, sem fannst í kerruhúsi þar sem hann hafði



að líkindum verið endurnýttur sem þrep eða stoðarsteinn (mynd 118b). Nýlega hefur verið gerð sérstök rannsókn á kvarnarsteinum á Bessastöðum sem sýndi m.a. að þeir eru afar fjölbreyttir að gerð (Hrðy, 2009).



Mynd 121. Leifar af málaðri múrhúð (BES-1987-252 til 262) sem fannst í uppfyllingu undir Bessastaðastofu. Líklega hafa þessi múrbrot lent í uppfyllingunni við einhverja viðgerð á Bessastöðum. Sjá má ljósbláan, dökkbláan og grábláan lit sem verið hefur á veggjum, auk brúnleitra lita (ljósmynd GÓL-2007-5-23).



Mynd 122. Leifar af rauðbrúnni, blárrí og grænmálaðri múrhúð með blárrí og svartri rönd, hugsanlega skrautrönd. Kom úr uppfyllingu undir Bessastaðastofu (ljósmynd GÓL-2007-5-28).



Mynd 123. Tvö brot úr eirpotti (BES-1987-79) frá 16. eða 17. öld. Efra brotið er úr hanka sem hnoðaður er utan á pottinn. Til vinstri er brot af armi á ljósahjálmi (BES-1987-797), líklega frá 15. eða 16. öld (teikning T-1987-47 og 50, Eavan O'Dochartaigh).

Byggingarefni

Á Bessastöðum hafa fundist nokkrar gerðir múrsteina. Þeir eru mismunandi bæði hvað varðar stærð, þykkt og lit. Flestir eru 19,5 x 9,8 x 4,5 cm eða 22 x 10,5 x 4,5 cm að ummáli. Þeir fyrrnefndu eru óvenju þunnir og virðist tilheyra byggingum frá um 1700 og fyrri hluta 18. aldar. Þeir síðarnefndu eru svonefndir Flensborgarsteinar. Þá eru múrsteinar af öðrum stærðum t.d. 23,5 x 12 x 7 cm, sem gætu hafa verið svonefndir hallarsteinar (slottstegel). Þeir voru framleiddir frá um 1750 og gætu því hafa verið fluttir inn til að nota í Bessastaðastofu. Í kostnaðaráætlun frá 1736, sem gerð var vegna viðgerða á þáverandi íbúðarhúsi, eru m.a. taldir upp 6000 skánskir múrsteinar (Finsen og Hiort, 1978:51). Sérstök greining á hinum mismunandi gerðum múrsteina frá Bessastöðum hefur ekki farið fram en lausleg athugun bendir til þess að algengasta gerð múrsteina á Bessastöðum hafa verið Flensborgarsteinar sem voru algengir á 17. og 18. öld (Jessen, 1987, munnl. upplýsingar; Arbin og Bergstrand, 2004:21).


Múrsteinarnir sem fundust á Bessastöðum voru oftast rauðbrúnir eða gulir að lit en sumir voru dökkrauðir. Liturinn fór eftir því hvort þeir

voru gerðir úr rauðleir eða bláleir og mismunandi hlutfalli járnsambanda og kalks í leirnum. Eins hefur hitastig við brennslu áhrif á hvaða lit múrsteinarnir fá (Johannesen og Möller, 1974:148-150; Mollerup, 1980:67).

Undir Bessastaðastofu fannst byggingarefni frá fyrstu gerð stofunnar, m.a. var þar veggfóður (mynd 119), gifsskraut (mynd 120) og múrhúð innan af veggjum með upprunalegri málningu á í nokkrum litum (mynd 121). Heimildir um veggfóður, gifsskraut og liti á veggjum í Bessastaðastofu er m.a. að finna á teikningunni sem fjallað er um á bls. 25-26. Múrhúðunin sýndi að algengustu litir á veggjum voru ýmis tilbrigði af bláum og brúnleitum litum. Þá má nefna að á einu múrboti með grænum grunnlit voru málaðar tvær línur, önnur svört og hin blá (mynd 122), sem bendir til að veggir hafi verið skreyttir með mynstri í mismunandi litum, a.m.k. í sumum herbergjum hússins.

Gripir úr bronsi

Nokkrir gripir fundust úr bronsi, m.a. hnappar, títuþjónar, úrlykill, brot úr eirpottum og af ljósahjálmi (mynd 123).



Mynd 124. Útskorinn karl úr beini (BES-1987-798). Teikningin sýnir hann frá hlið, framan frá og að neðan (ljósmynd GÓL-2009-3-7; T-1987-44 Eavan O'Dochartaigh).

Leður

Nokkrir bútar fundust úr leðri, aðallega úr skóm og beltum frá 18. til 19. öld. Sýni sem tekin voru af leðurbútum hafa ekki verið greind.

Textíll

Nokkrir textílar fundust við uppgröftinn. Flestir eru frá 18. og 19. öld. Bæði er um að ræða vaðmálsbúta úr íslenskri ull og innflutt efni af ýmsum gæðaflokkum. Áhugavert væri að rannsaka nánar þessar leifar.

Dýrabein

Bandarísku dýrabeinafræðingarnir Thomas McGovern og Thomas Amorosi heimsóttu Bessastaði og greindu gróflega dýrabein sem fundist höfðu á staðnum. Í ljós kom að úr efri lögum á svæðinu fundust m.a. leifar af rostungsbeinum og leggur úr ísbirni. Thomas

Amorosi fjallar nánar í doktorsritgerð sinni um dýrabeinin frá Bessastöðum (sjá kafla 6). Þar er yfirlit yfir bein úr fuglum sem fundust árin 1987-1988 og önnur dýrabein sem fundust á árunum 1989-1990. Þar kemur fram að við uppgröftinn 1987-1988 var safnað saman 14.992 beinum og 1.565 á árunum 1989-1990. Samanlagður fjöldi beina frá árunum 1987-1990 er því 16.557. Þetta beinasafn frá Bessastöðum var skráð og flokkað til tegunda en hefur ekki verið tekið til sérstakrar úrvinnslu. Frumniðurstöður benda m.a. til þess að hlutfall stórgripabeina á Bessastöðum á miðöldum sé óvenju hátt, miðað við það sem síðar varð (Amorosi, Buckland, Ólafsson og Skidmore, 1992; Amorosi, 1996:335-238 og 724-725).

Gripur úr beini

Einn athyglisverðasti gripurinn sem fannst við uppgröftinn er lítil stytta úr beini, líklega

hvalbeini (mynd 124, BES-1987-798). Hún sýnir mann í síðum, aðskornum frakka eða kápu, sem er opin að framan. Á höfði ber hann þríhyrndan flatan hatt. Hár hans er sítt og oddmjó hakan bendir til þess að hann sé með hökutopp. Hann er með stór kringlótt augu og breiðan munn. Ekki mótast sérstaklega fyrir nefi. Hendur vantar á

hliðarnar. Hann hefur haft fætur en þeir hafa brotnað af, hægri fótur alveg upp við kápuna. Af útlitinu að dæma virðist hann vera klæddur samkvæmt tísku 18. aldar. Beinkarlinn fannst á hellulögðu gólfi húss sem var líklega í notkun á árabílinu 1721 til 1760. Hugsanlega er þetta leikfang eða jafnvel taflmaður.

5. kafli – Teikningar og úttektir frá 18. og 19. öld

Í þessum kafla er gerð grein fyrir öllum helstu byggingum sem þekktar eru af 18. aldar teikningum og úttektum frá Bessastöðum. Þessar heimildir verða notaðar til að reyna að fá sem gleggsta mynd af hverju húsi fyrir sig og jafnframt kannað hvort hægt sé að sannreyna trúverðugleika heimildanna, bæði með innbyrðis samanburði og eins með samanburði við minjarnar sem fundust við uppgröftinn.

Mál og lýsingar á húsum konungsgarðsins 1720

Árið 1720 var teiknaður uppdráttur af konungsgarðinum á Bessastöðum (mynd 6). Hann er merkilegur fyrir margra hluta sakir. Þetta er ekki aðeins elsta teikning sem til er af Bessastöðum, heldur mun þetta jafnframt vera elsti uppdráttur sem þekktur er af íslenskum húsum sem mæld eru upp í tilteknum mælikvarða. Uppdrátturinn hefur að öllum líkindum verið gerður til þess að sýna fram á hrörlegt ástand húsa konungsgarðsins. Hann er því einstök heimild um húsaskipan á Bessastöðum á fyrri hluta 18. aldar, ekki síður en um ástand staðarhúsanna. Uppdrátturinn sýnir innbyrðis afstöðu bæjarhúsanna bæði í grunnmynd og í fjarvídd frá hlið. Efst til vinstri er mælikvarði sem sýnir danskar álnir. Ýmis smáatriði benda til þess að uppdrátturinn sé dreginn upp samkvæmt mælingum sem gerðar voru á staðnum. Hreinteikning gæti þó hugsanlega hafa verið gerð eftir lauslegum skissum af teiknara í Kaupmannahöfn, eins og síðar verður komið nánar að. Uppdrátturinn auðveldar mjög allan skilning og túlkun á úttektarlýsingum á staðnum og er jafnframt ómetanleg heimild þegar kemur að því að túlka hinar flóknu fornleifar sem fundust við uppgröftinn á þessu svæði. Áhrif hans eru mikil því án hans er líklegt að minjarnar hefðu verið túlkaðar með einhverjum öðrum hætti.

Hér verður fjallað sérstaklega um hvert hús fyrir sig á áðurnefndum Plan og Prospect upp-

drætti frá 1720 (sjá mynd 5 á bls. 19) og reynt að lýsa nákvæmlega því sem sést á honum. Einnig er birtur skýringartexti sem kemur þar fyrir ásamt úttektarlýsingu sem gerð var árið 1717 eða þremur árum áður en teikningin var gerð.

Á uppdrættinum er mælikvarðinn tilgreindur í danskri alin sem er 62,77 cm. Til þess að fá marktækar tölur við samanburð á lengdar- og breiddarmálum, afstöðu og hlutföllum Bessastaðahúsa á 18. öld við niðurstöður uppgraftarins var nauðsynlegt að breyta dönsku málunum yfir í metra og sentímetra. Í því skyni var lengd og breidd allra einstakra byggingarhluta á flatarteikningu konungsgarðsins mæld nákvæmlega í dönskum álnum og málin sett upp í töflu, þar sem tölurnar voru jafnframt umreiknaðar í metrakerfið (tafla 1). Frægur loftsalur amtmannsins er um 34 m² að grunnfleti en hann hafði reyndar tvær hæðir og ris til umráða. Þegar amtmannsalman var öll uppistandandi var hún um 136 m². Suðurálma, með vistarverum þjónustufólks og eldhúsi amtmannsins var um 83 m². Norðurálma, sem í voru skemmur og mylluhús, var einnig um 80 m². Landfógetabústaðurinn var um 127 m². Samkvæmt teikningunni var því heildarflatarmál húsa konungsgarðsins rúmum 425 m².

Á uppdrættinum sést að bæjarhúsum konungsgarðsins er raðað saman í fjórar álmur sem mynda ferhyrning með húsagarði í miðjunni. Þessi niðurröðun bæjarhúsa, sem er dæmigerð fyrir danska bóndabæi (Jensen, 1915:638), mun að öllum líkindum hafa orðið til þar á 16. og 17. öld (Brogaard, 1980:40-48). Til þessa hefur almennt verið talið að þessi bæjargerð hafi ekki verið þekkt á öðrum íslenskum bæjum (sjá t.d. Hörður Ágústsson, 1998), en lýsing frá fyrri hluta 18. aldar af bæjarhúsum Þingeyrarklausturs bendir til hins gagnstæða (Ólafur Gíslason, 1916:59-63).


Vestan við bæjarhúsin er timburkirkja sem snýr í austur – vestur. Kirkjugarður er í kring

Mál á konungsgarði - samkvæmt teikningu 1720	Mál samkvæmt úttekt 1717						Samkvæmt minjum									
	Lengd álnir	Breidd álnir	Lengd metrar	Breidd metrar	Fermetrar		Lengd álnir	Breidd álnir	Lengd metrar	Breidd metrar	Fermetrar		Lengd álnir	Breidd álnir	Lengd metrar	Breidd metrar
Konungsgarður																
Hús A. Amtmannshús/loftsalar	8,5	10,0	5,3	6,3	33,5		8,0	11,5	5,0	7,2	36,2					
Hús A. Amtmannshús, útskot	2,8	1,5	1,8	0,9	1,7											
Hús A. Amtmannshús heildarflötur					35,1											
Hús B. Amtmannsálma, suðurhluti	11,0	10,0	6,9	6,3	43,3		12,0	11,5	7,5	7,2	54,4					
Hús C. Amtmannsálma, N-hluti	14,5	10,0	9,1	6,3	57,1		15,5	11,5	9,7	7,2	70,2					
Hús A-C. Amtmannsálma samtals	34,5	10,0	21,7	6,3	135,6		35,5	11,5	22,3	7,2	160,9				28,0	
Hús D. Suðurálma, þjónustufólk	26,5	7,5	16,6	4,7	78,3											
Hús D. Suðurálma, útskot	2,5	5,0	1,6	3,1	4,9											
Hús D. Suðurálma, heildarflötur*	29,0	7,5	18,2	4,7	83,2		35,5	9,0	22,3	5,6	0,0			7,2		4,5
Hús E. Norðurálma	29,0	7,0	18,2	4,4	80,0		26,0	7,0	16,3	4,4	71,7			8,0		5,0
Hús F. Landfógetabústaður**	24,0	13,0	15,1	8,2	122,9		32,0	8,5	20,1	5,3	107,2			27,1	17,0	8,5
Hús F. Útskot eða forstofa.	4,5	2,0	2,8	1,3	3,5											
Hús F með útskoti					126,5											
Húsagarður, grunnflötur	29,0	20,0	18,2	12,6	228,5								31,5	30,3	19,8	19,0
Hlið inn í húsagarð. Breidd hliðs.		3,8		2,4												
Hús G. Kirkja kór	5,5	10,5	3,5	6,6	22,8											
Hús G. Kirkjuskjip	24,0	12,0	15,1	7,5	113,5											
Hús G. Kirkja S-armur	7,5	5,5	4,7	3,5	16,3											
Hús G. Kirkja N-armur	7,5	5,5	4,7	3,5	16,3											
Hús G. Kirkja. Heildarflatarmál					168,7											
Þil milli kirkju og amtmannsálmu	7,5		4,7													
Sjóbúð							12,0	7,0	7,5	4,4	33,1					
Fermetrafföldi húsa A - F:					425,3											

Öll mál eru reiknuð út frá danskri alin (62,77 cm) og rúnnuð af .

*Hús D s-álma, ef húsið nær yfir F	42,0	7,5	26,4	4,7	124,1
**Hús F. Ef húsið endar við s-álmu	17,0	13,0	10,7	8,2	87,1

Tafla 1. Helstu mál á húsum konungsgarðsins á Bessastöðum, samkvæmt uppdrætti frá 1720. Til samanburðar eru einnig birt mál á húsum sem tilgreind eru í úttekt á staðnum árið 1717. Alinmál eru umreiknuð í metra, og miðað við að dansk alin sé 62,77 cm.



Mynd 125. Grunnteikning af húsum konungsgarðsins í nærmynd. Í skýringartexta á teikningunni segir m.a.: A) Bústaður amtmanns. B) og C) eru tóftir húsa sem áður tilheyrðu amtmanni. D) Hús heimilisfólks amtmanns. E) Hús þar sem áður var mylla. F) Bústaður landfógeta. G) Kirkja heilags Nikulásar. h) Inngangur í konungsgarðinn. i) Dyr inn í hús amtmanns. k) Dyr inn í mylluhúsið. l) Dyr inn í hús heimilisfólks amtmanns. m) Dyr inn í hús landfógeta. o) Litlar dyr inn í kirkju. Efst til vinstri sést að mælikvarðinn er í dönskum álnum (ÞÍ. Teikn. 6/1. Ljós. Þjóðskjalasafn Íslands).

um kirkjuna, girtur af með grasi gróinni garðhleðslu sem nær að austurgafli hennar. Hér að neðan er ítarleg greining á byggingunum sem sjást á uppdrættinum.


Húsin sem eru til hægri á teikningunni í vestrálmum konungsgarðsins, eru leifar amtmannsbústaðarins (A-C). Þetta hafa upphaflega verið þrjú sambyggð hús. Hið eina sem eftir stendur af þeim er miðhlutinn, sem er úr timbri (A). Búið er að rífa byggingarnar sem þar stóðu beggja vegna og auðar tóftir standa þar opnar (B og C). Bústaður landfógeta er til vinstri á teikningunni merktur (F). Fremst á myndinni í norðurálmunni (E) eru skemmur og þar á meðal svonefnt mylluhús. Í suðurálmunni (D) var aðsetur þjónustufólks amtmanns. Kirkjan (G) til vinstri er beint á móti loftsalnum (mynd 125).

Mjög ítarleg úttekt var gerð á húsakosti Bessastaða árið 1717. Hún er í fylgiskjali með bréfi Rabens stiftamtmanns 15. okt. 1720 (ÞÍ.

Rtk. 3.6. 1717). Í henni koma fram afar mikilvægar upplýsingar um húsakostinn sem nauðsynlegt er að skoða í samhengi við uppdráttinn frá 1720 (sjá upprunalegan texta í viðauka á bls. 211-212). Hér að neðan verður það gert og er texti úttektarinnar felldur inn í viðkomandi umfjöllun um hvert hús fyrir sig. Settar voru inn millifyrirsagnir og mál í metrum innan sviga á eftir uppgefnum málum í álnum og gengið út frá því að dönsk alin sé 62,77 cm löng. Birt er nærmynd af hverjum byggingarhluta sem sýndur er á Plan og Prospect uppdrættinum. Skýringartextinn fyrir einstakar byggingar og byggingarhluta, sem birtist hægra megin á uppdrættinum, er notaður sem myndatexti við mynd af viðkomandi byggingu.

Álma amtmanns, norðurstofa, Amtmannstofa og suðurstofa (A - C):

Þessi húsalengja er vestast og næst kirkjunni. Í henni hafa verið þrjú samstæð hús (mynd 126).



Mynd 126. A) Hús amtmannsins sem hann býr í, er byggt úr timbri og eru hlutar þess gamlir og mjög hrörlegir. B) er tóft þar sem áður stóð hús sem tilheyrði amtmanninum. C) er tóft þar sem áður stóð hús sem tilheyrði amtmanninum (ÞÍ. Teikn. 6/1. Ljós. Þjóðskjalasafn Íslands).

A Amtmannsstofa

Í úttekt frá 1717 er svohljóðandi lýsing á þessu húsi: „Svonefnd *Amtmannsstofa*, stendur enn. Hún skiptist í efri og neðri hæð og tvö herbergi, gerð úr óeinangruðum fjöllum. Í öðru herberginu er ákaflega lélegt þak og er ástand hússins svo bágborið að ekki er mögulegt að vistast þar að vetri til eða í vondum veðrum. Hægt væri að nýta eitthvað af timbri og borðum úr húsinu til þess að byggja upp önnur minni hús. Húsið er 8 Sjálands álna langt (5 m) og 11½ álna breitt (7,02 m).⁴ Á vesturhlið er 6 rúðu gluggi, bæði á efri og neðri hæð og þriggja rúðu gluggar á austurhlið. Í húsinu er gamall lítill skorsteinn en enginn kakalofn“ (ÞÍ. Rtk. 3.6. 1717).

Á teikningunni sést timburhús sem stendur eitt eftir uppistandandi fyrir miðri álmu. Þetta er hæsta hús staðarins, tvær hæðir og ris. Að öllum líkindum er þetta það hús á Bessastöðum sem stundum var nefnt loftsalur, líklega sakir hæðar sinnar. Veggirnir eru gerðir úr liggjandi

borðum. Á norðurhliðinni má telja níu liggjandi borð, sem tákna allan vegginn. Á austurhlið hússins, sem snýr inn í húsagarðinn, er neðri hæð hússins einnig úr liggjandi borðum. Af teikningunni verður ekki með fullri vissu skorið úr um gerð hússins. Hugsanlega er þetta veggklæðning en einnig gæti verið um að ræða svonefnt bolverk. Slík hús eru þannig gerð að láréttum stokkum er raðað í grind, með stöðum á hornum og við dyr og gluggaop (Jon Nordsteien, 1998:13). Norðurhlið hússins er alveg hurða- og gluggalaus, en á efri hæð austurhliðar sjást fjórir mjóir gluggar sem snúa inn í garðinn. Yfir gluggunum er gaflinn smíðaður úr lóðréttum fjöllum. Reisifjöl er á því og þar eru teiknuð 11 – 12 borð, sem virðast vera samliggjandi en ekki skarast neitt. Skorsteinn stendur vestast upp úr suðurhlið þaksins og liðast reykur upp úr honum.

Við suðausturhorn neðri hæðar hússins er lítil viðbygging úr timbri sem snýr inn í húsagarðinn. Hún er gerð úr láréttum borðum, eins og aðalbyggingin, og er með timburþaki úr reistum borðum sem hallar frá húsinu inn í garðinn. Stígur sem sýndur er á teikningunni, og liggur skáhallt yfir húsagarðinn að þessari viðbyggingu, bendir til þess að þetta sé forstofa þar sem gengið var inn í húsið að sunnanverðu. Þessi inngangur er einnig merktur sem í á flatarteikningu með textanum: Dyrnar inn í hús amtmannsins. Þegar teikningin var gerð virðist þessi hluti einnig hafa verið nefndur gamla stofa.

Þegar lengd og breidd á grunnteikningu af húsunum er borin saman við úttektartexta kemur víða fram nokkuð ósamræmi á uppgefnum málum. Þess vegna verður að hafa ákveðinn fyrirvara á öllum mælingum. Ef mælt er út frá mælikvarða á teikningu er húsið um 8,5 danskar álnir á lengd (5,3 m) og 10 álnir á breidd (6,3 m). Viðbyggingin er 2,8 x 1½ dönsk alin eða 1,8 x 0,9 m. Samkvæmt þessu er bústaður amtmanns með útskoti 35,1 fermetrar að stærð. Á flatarteikningu frá 1751, virðist þetta hús vera 10 x 10 álnir að stærð. Samkvæmt úttekinni er húsið hins vegar 8 álnir á lengd (5 m) og 11,5 álnir á breidd (7,2 m). Ekki

⁴Sjálensk alin var lögfest árið 1698 og er 62,77 cm eins og dönsk alin (Gísli Gestsson, 1969:61-62).

eru mál á viðbyggingunni. Þrátt fyrir það er flatarmálið 36,2 m. Í úttektartexta segir að álman sé 35 ½ álna löng (22,3 m) en samkvæmt teikningu er hún 34,5 álna löng (21,7 m) og 10 álna breið (6,3 m).

Ef gengið er út frá þessum 18. aldar heimildum getur húsið hafa verið allt frá 5 – 6,3 m langt og 6,3 – 7,2 m breitt. Þarna munar næstum því heilum metra á mælingunum og eru mál úttektarmanna önnur en málin á teikningunni. Óvíst er hver ástæðan er fyrir þessum mismun en hugsanlega stafar hann af ónákvæmni eða mismunandi mælingaaðferðum, t.d. hvort um er að ræða innanmál eða utanmál, fremur en að breytingar hafa verið gerðar á húsunum. Hér kemur samanburður við fornleifarnar að takmörkuðu gagni, vegna þess hve þessi hús voru illa sködduð af seinni tíma gröfum í kirkjugarðinum.

B Syðri stofa

Á teikningunni sést að búið er að rífa þetta hús og að aðeins stendur eftir grunnur hússins, hlaðinn úr steini. Samkvæmt mælikvarða teikningarinnar er grunnur hússins 11 álna langur (6,9 m) og um 10 álna breiður (6,3 m), eða 43,3 fermetrar. Í úttektartexta segir aftur á móti að suðurstofan sé 12 álnir að lengd (7,5 m) og 11½ álna breið (7,2 m). Hún sé afar hrörleg, illa farin af fúa og að timbrið sé ekki til neins gagns.

C Norðurstofa

Í úttektinni frá 1717 segir að norðurstofan hafi til forna verið 15 ½ alin að lengd (9,7 m) og 11½ álna breið (7,2 m) úr norsku timbri og norskrri byggingargerð, en sé nú alveg niðurfallin og horfin. Beyer landfógeti hafði árið áður látið byrja að byggja þar á staðnum miklu minna hús úr hinu gamla fúna timbri, sem var ekki fullklárað.


Á teikningunni frá 1720 er búið að rífa húsið og eftir standa útlínur grunns sem hlaðinn er úr grjóti (mynd 126). Milliveggur sem skiptir tóftinni í tvennt bendir til þess að tvö herbergi hafi verið í þessu húsi. Samkvæmt mælikvarða teikningarinnar hefur húsið verið um 14,5 x 10 álnir að utanmáli (9,1 x 6,3 m), eða 57,1

fermetrar. Í úttektinni frá 1717 segir að í álmunni austan við kirkjugarðinn sé fyrst svonefnd *Norður stofa*. Hún sé 15 ½ álna löng (9,7 m) og 11 ½ álna breið (7,2 m), og að í henni sé kvörn. Húsið hafi upphaflega verið byggt úr norsku timbri, en hafi fallið í niðurníðslu og sé nú horfið. Þar segir einnig að Beier landfógeti hafi í fyrra byrjað að byggja á staðnum miklu minna hús úr gömlu fúaspýtunum en að það sé ekki fullklárað og honum til einskis gagns (ÞÍ. Rtk. 3.6. 1717).

Textinn, þar sem talað er um kvörn, virðist líka geta átt við norðurálmuna (E), þar sem sagt var að hefði verið mylluhús, en málin sem gefin eru upp passa við norðurhluta amtmannsálmu en ekki norðurálmunnar. Báðar heimildir geta reyndar verið réttar, þar eð húsin geta vel hafa breytt um hlutverk, eftir þörfum hverju sinni. Mjög lítið fannst af álmu amtmanns við uppgröftinn. Austur af kirkjunni var komið niður á stóra steina og steinaraðir, sem virtust hafa verið undirstaða fyrir byggingu eða vegg. Mannvirki sem fundust á þessu svæði voru hins vegar sundurgrafin af gröfum sem þar höfðu verið teknar í kirkjugarðinum eftir að hann hafði verið stækkaður til austurs. Ógerlegt er því að bera kennsl á einstakar byggingar af neinni vissu. Líklegt er þó að leifar af mannvirkjum sex og sjö, á svæði U9, hafi tilheyrt Amtmannsstofunni. Sunnan við undirstöðuhleðslurnar voru leifar af múrsteinsgólfi (mannvirki 5 á svæði U9) sem gætu einnig hafa tilheyrt amtmannsbústaðnum. Þarna eru þó greinilega fleiri en eitt byggingarskeið og afstaða minjanna bendir til þess að bygging hafi upphaflega verið reist þarna á 16. eða 17. öld. Hugsanlega stóð svonefnd Pros Mundt stofa, sem reist var árið 1636, á þessum stað (sbr. frásögn á bls. 18).

D Suðurálma – vistarverur heimilisfólks og eldhús

Á teikningunni sést einnar hæðar hús með lágu risi (mynd 127). Veggirnir virðast hlaðnir úr torfi og/eða grjóti. Rétt vestan við miðju hússins er inngangur með bröttu risi, sem snýr móti norðri inn í húsagarðinn. Efri hluti gaflveggjarins er gluggalaus, úr lóðréttum fjölum og með



Mynd 127. D) Hús fyrir heimilisfólk amtmanns. 1) Dyrnar inn í hús heimilisfólks amtmanns. Húsið er byggt úr steinum og torfi en er orðið svo hrörlegt að helmingur þess er varla nýtilegur (PÍ. Teikn. 6/1. Ljósm. Þjóðskjalasafn Íslands).

breiðum vindskeiðum. Þak og sérstaklega mæniás hússins gengur í miklum bylgjum og virðist vera teiknaður þannig af ásettu ráði til þess að sýna hversu illa húsið er farið. Á austurhluta hússins er kvistur með einum litlum glugga og flötu þaki, sem hallar til norðurs inn að húsagarðinum. Af teikningunni hér að ofan að dæma gengur forstofan á miðri norðurhlið aðeins út frá veggjum hússins báðum megin við hana. Á flatarteikningunni er hins vegar ekki neitt slíkt að sjá. Húsið tengir saman álmu A-C og álmu F og virðist álma D halda áfram til austurs sunnan við álmu F sé lítið til þess sem fram kemur á teikningunni.

Samkvæmt úttekt frá 1717 eru í suðurálmunni borðstofa og herbergi danska þjónustufólksins sem sögð eru orðin afar hrörleg. Þá sé þar einnig eldhús amtmannsins. Bent er á að milli herbergis þjónustufólksins og eldhúss amtmannsins sé forstofa með inngangi (1) inn í húsagarðinn, sem sé líka mjög hrörleg og í niðurníðslu. Þá segir að eldhúsið vestan við sé líka hrörlegt og vanti bæði skorstein og allt annað sem til þarf. Beið landfógeti hafi nokkrum árum áður látið í staðinn byggja annað hús úr gömlu viðunum, og að þar megi sjá gamla múrsteina sem áður voru í skorsteini eldhússins. Suðurálman sé alls 35,5 álna löng (22,3 m) og 9 álna breið (5,6 m). Miðað við þessa lýsingu er eldhúsið hægra megin við innganginn og forstofuna, herbergi danska þjónustufólksins vinstra megin við innganginn. Borðstofan er þá lengst til vinstri í húsinu.

Samkvæmt teikningunni frá 1720 hefur suðurálman verið 29 álna (128 m) löng, hafi hún legið á milli amtmannsálmu og landfógetaálmu. Hafi hún hins vegar legið sunnan við fógetahúsið, eins og teikningin bendir til, yrði hún allt að 24 álna löng.

Við uppgröft syðst á svæði U6 var komið niður á vel hlaðið hellulagt gólf (nr. 4), sem talið var hafa verið hluti af suðurálmun konungsgarðsins. Hellugólfið er um 4,5 m á breidd. Norðurhlið þessa húss, sem snéri inn að húsagarðinum, virðist hafa verið úr timbri því að engin merki um torf eða grjótvegg sáust þar sem hægt var að tengja við gólfið. Grjótveggur sem þar sést í sniði, liggur ofan á gólfinu og virðist vera yngri. Norðurhluti gólfsins var hins vegar skaddaður og ekkert eftir af undirstöðum norðurveggjar. Suðurveggur hússins var upphaflega talinn hafa legið ofan á steinaröð (nr. 3) sem var undirstaða fyrir timburgrind. Við samanburð á heimildum er ekki hægt að útiloka að húsið hafi náð lengra til suðurs og að steinaröð (nr. 1) sé því í raun suðurhlið hússins, þó að hún liggji um hálfum metra neðar en hellugólfið. Undirstöður þess veggjar voru úr stórum flötum steinum. Ofan á þeim hefur hvílt timburgrind og fundust viðarleifar úr henni.

Samkvæmt flatarteikningu af konungsgarðinum var breidd álmunnar 7,5 álnir (4,7 m). Ef hellugólfið sýnir raunverulega breidd hússins þá hefur það verið 4,5 m breitt. Ef neðra gólfið er tekið inn í myndina verður breidd hússins hins vegar 6,6 m og lítið eitt sunnar. Þrátt fyrir



Mynd 128. E) Hús þar sem áður fyrr var mylla. Byggt úr torfi og grjóti, en svo illa farið að það verður bráðlega til einskis nýtt. k) Dyrnar inn í mylluhúsið (sýndar á grunnteikningu, mynd 125) (ÞÍ. Teikn. 6/1. Ljós. Þjóðskjalasafn Íslands).

Þessar vangaveltur er líklegast að neðra gólfíð sé hluti af eldra húsi.

E Norðurálma – skáli og salthús

Í úttektaarlýsingu 1717 segir að *Norðurálma* sé 26 álna löng (16,3 m), 7 álna breið (4,4 m), og að hún skiptist í tvö hús, annars vegar *Skálann*, þar sem séu herbergi íslensks þjónustufólks konungs og hins vegar *Salthúsið* sem notað sé sem matvælageymsla (mynd 128). Veggir og þak hússins séu byggðir úr moldarveggjum og timbri. Það geti staðið nokkur ár til viðbótar ef gert sé við það.


Á teikningunni sést einnar hæðar hús sem hlaðið er úr torfi og grjóti. Vesturgafll þess liggur upp að norðurhluta amtmannsalunnar. Norðurhlið hússins er gluggalaus. Þakið virðist vera grasi gróið torfþak. Halli þess við austurgafll og ákveðin skil sem mörkuð eru í það á teikningunni bendir til að það sé hugsanlega brot í þakinu, þannig að neðri hluti þaksins sé aðeins brattari en sá efri. Eins og á suðurálmunni er mæniás hússins teiknaður bylgjöttur, líklega til að undirstrika hve illa farið húsið sé. Austurgafll hússins ber við vesturhlið álmu F. Flatarteikningin sýnir 29 álna langt (18,2 m) og 7 álna breitt (4,4 m) hús.

Samkvæmt þessu er norðurálman á bilinu 16,3 – 18,2 m löng og um 4 m breið. Í úttektni segir að þar séu vistarverur þjónustufólks og skemma en í skýringartexta á teikningu segir að þar hafi áður verið mylla og talað er um inngang í mylluhús. Í úttektni segir hins vegar að kvörnin hafi staðið í norðurhluta amtmanns-

álmunnar. Þarna virðist vera um rugling að ræða og ógerlegt er að skera úr um hvor heimildin er réttari. Að öllu jöfnu verður að telja að meira mark sé takandi á úttektni sem frumheimild sem samin er á staðnum. Eins og fram kom hér að framan, þurfa samt ekki endilega að felast mótsagnir í heimildunum, vegna þess að þær geta átt við sitt hvorn tímann.

Uppgröftur á svæði U6 bendir til þess að þar sem norðurálma konungsgarðs stóð, höfðu húsin verið endurbyggð mörgum sinnum. Greina mátti leifar fleiri mismunandi byggingarskeiða þar og mjög flókið að lesa úr þeim. Veggir mylluhússins höfðu að mestu verið hlaðnir úr torfi og grjóti en a.m.k. ein skemma hafði verið úr timbri. Hróga af steinum sem fannst á norðurhluta svæðis U9, gæti hafa tilheyrt þessari byggingu, þó að sennilega sé hún aðeins eldri. Í steinahrúgunni voru nokkur sleggjubrot og allmargir kljástear sem benda til að þar hafi staðið vefstaður. Þarna nálægt fannst einnig blýinnsigli sem er hugsanlega af vaðmálsstranga frá 17. öld.

Viðarleifar (nr. 38 og 51) sem standa út úr sniðbakkanum á norðurhluta svæðis U6 gætu verið leifar af timburgrind sem tilheyrt hefur útveggjum mylluhússins. Utan við timburgrind nr. 51 er grjóthlaðinn veggur, sem gæti hafa verið útveggur hússins að norðanverðu. Samkvæmt þessu virðist húsið hafa verið um 5 m breitt. Gólfíð virðist hafa verið moldargólf (nr 45). Hringlaga eldstæðið og hellulögnin sem liggur að því hefur líklega verið í þessu húsi. Hlutverk þess er ekki þekkt en hugsanlega má



Mynd 129. Yfirlits- og flatarteikningar frá 1720 af landfógetabústaðnum. f) Bústaður landfógetans, byggður úr torfi og timbri. Húsið er gamalt og mjög hrörlegt. h) Inngangur í konungsgarðinn (sýndur á grunnteikningu, mynd 125). m) Dyrnar inn í hús landfógetanna (PÍ. Teikn. 6/1. Þjóðskjalasafn Íslands).

tengja það við einhverja starfsemi tengda mylluhúsinu, t.d. að það hafi verið notað til þess að þurrka korn eða við bakstur.

Einn stærsti kvarnarsteinn sem hér hefur fundist í bæjarrústum kom í ljós í svonefndu vagnhúsi, þar sem hann hafði verið endurnýttur sem stoðarsteinn eða dyrahella (mynd 118b). Af stærðinni að dæma gæti hann upphaflega hafa verið staðsettur í svonefndu mylluhúsi, sem gæti hafa fengið nafn sitt af því að þar var fullbúin mylla, en ekki aðeins handkvörn. Þarna var þó enginn lækur til að snúa kvörninni, þannig að hafi verið mylla á Bessastöðum hlýtur hún að hafa verið knúin áfram af einhverju öðru en vatni. Hér er freistandi að vísa til lýsingar á húsakosti Þingeyraklausturs, þar sem húsaskipan virðist hafa verið mjög áþekkt og á Bessastöðum á fyrri hluta 18. aldar. Segir þar að í svonefndri Kvarnarskemmu hafi verið stór handkvörn sem tveir menn í einu voru vanir að mala í korn og malt (Ólafur Gíslason, 1916:63).

F Austurálma - Landfógetabústaður

Á teikningunni sjáum við einnar hæðar hús með

bröttu risi, sem virðist vera flóknara að gerð en hinar álmurnar (mynd 129). Hugsanlega stafar það af því að húsið er samsett úr nokkrum byggingarhlutum sem hafa verið reistir á mismunandi tíma.

Á gluggalausri norðurhlið sést móta fyrir timburgrind bindingsverksins. Vesturhlið þessa hluta virðist vera aðeins breiðari en syðri hlutar hússins. Á flatarteikningunni er þó ekki að sjá að svo sé. Þakið er bratt torfþak og norður-gaflinn virðist vera sneiddur. Á norðvesturhluta hússins stendur hár skorsteinn upp úr þakinu. Sunnan við hann er kvistur með einum glugga og með flötu þaki sem hallar inn í garðinn. Sunnan við þennan hluta hússins er lengja með þremur sýnilegum gluggum á vesturhlið. Syðsti hluti hússins snýr gafl og burst til vesturs inn í húsagarðinn. Þar er timburpil og inngangur í húsið.

Samkvæmt grunnmyndinni er landfógetabústaðurinn 24 álna (15,1 m) langur og 13 álna (8,2 m) breiður, eða tæpir 123 m². Auk þess er lítið útskot við suðausturhornið sem er um 3,5 m² að stærð. Á grunnmyndinni er suðurálma

samtengd suðurhluta landfógetabústaðar. Í úttektartexta frá 1717 er eftirfarandi lýsing á herbergjum hússins:


6. *Stofa* með 5 góðum gluggum. Norðurgaffl hennar er 8 ½ álna (5,3 m) breiður, og lengdin er 8 álnir (5 m). Stofan er með bindingsverki að utanverðu og innanverðu og klædd með borðum. Yfir henni er loft með tveimur gluggum, sem nú er notað sem *borðstofa*. Sunnan við það er *lítið herbergi* með gömlum glugga ofan á *kjallaranum*. Upp að austurhlíð stofunnar hefur Beyer landfógeti sjálfur látið byggja *herbergi* úr timbri og borðum sem er enn uppistandandi. Það er með þremur gluggum og eru dyr og loka frá stofunni.
7. Sunnan við hina samhangandi stofu og *herbergi* (Cammer), er *herbergi* sem kallað er *Heidemannsstofan*. Hún er með loft fyrir ofan og tvo lélega glugga. Bæði efri og neðri hæð eru í afar lélegu ásigkomulagi.
8. Austan við þessa stofu er *herbergi*, sem nefnist *herbergi Anders Ivarsens*, með tveimur lélegum gluggum, gert úr bindingsverki og múr, en er nú illa farið og úr sér gengið af fúa og regni.
9. Sunnan við Heidemannsstofu er *forstofa* með dyrum út í húsagarðinn. Í álmunni sem byggð er í austur og vestur, austan við, er *brugghús* með tveimur gömlum skorsteinum. Þeir standa á stoðum, bjálkarnir eru fúnir og húsin alveg að falli komin ásamt *tveimur litlum herbergjum* sem eru sömuleiðis í mikilli niðurníðslu.
10. Í suður frá forstofunni, er lítið herbergi sem kallast *ofnstofan*. Hún er 8 álna (5 m) löng og 7 álna (4,4 m) breið. Hún er gerð úr bindingsverki og er með tvo gamla glugga. Yfir herberginu er loft og er herbergið gamalt og niðurnítt, bæði uppi og niðri. Það er mest þakinu að kenna sem er ónýtt. Austurálman er samtals 32 álnir (20,09 m) að lengd (ÞÍ. Rtk. 3.6. 1717).

Mannvistarleifar, sem komu í ljós við uppgröftinn um 80 cm undir gólfi Bessastaðastofu, eru sennilega að hluta til leifar landfógetabústaðarins frá fyrri hluta 18. aldar sem lýst er hér að ofan. Afstöðuteikningar frá 1721 og 1751 benda eindregið til þess. Flest herbergi þessa bústaðar virtust hafa haft hellulagt gólf. Túlkun minjanna var hins vegar nokkrum erfiðleikum bundin. Greinilega var um að ræða fleiri en eitt byggingarskeið frá svipuðum tíma sem mjög erfitt var að aðgreina. Á svæði U1 mátti sjá hvar

gólf bústaðarins endaði og fótstykki austurveggjar tók við. Fótstykkið var að hluta til undirbyggt með steinum en að hluta aðeins lagt í mold og fyllt upp að því með sandi. Upphafleg túlkun á stefnu austurveggjar landfógetabústaðarins, sem virtist snúa öðruvísi en allir aðrir veggir í kring, hefur verið endurskoðuð í úrvinnslunni. Samanburður við sniðteikningar sýndi að syðsti hluti veggjarins var austar en sýndist í fyrstu. Staðsetning austurveggjarins hefur því verið leiðrétt hér í samræmi við ofangreinda niðurstöðu.

Í sambandi við austurhlíð landfógetabústaðarins er áhugaverð setning í 6. lið úttektartextans, sem segir að Beyer landfógeti hafi sjálfur látið byggja *herbergi* úr timbri og borðum sem sé með þremur gluggum og dyr séu inn í það frá stofunni. Af textanum virðist mega skilja að um sé að ræða viðbyggingu við norðurhluta austurálmunnar. Því miður kemur ekki fram hve stórt þetta herbergi er og þess sér ekki stað á flatarteikningu af konungsgarðinum. Á fjarviddarteikningunni virðist hins vegar vera útskot á norðurhluta landfógetabústaðarins sem snýr inn í húsagarðinn, og er því vestan við stofuna. Þarna er kannski dæmi um enn eina víxlun sem verður á málsetningum þegar teiknari sem ekki er staðkunnugur teiknar eftir lýsingu. Hugsanlega styðja fornleifarnar þarna við frásögn úttektarinnar. Norðaustasti hluti hellugólfsins, sem fannst á svæði U1 virðist ná lengra til austurs en syðri hluti gólfsins. Ekki er fráleitt að hugsa sér að þar séu leifar af viðbyggingu austan við stofu landfógeta.

Austan við vegginn er moldaryfirborð með þunnu sandlagi efst. Í rituðum heimildum hér að framan kom m.a. fram að kalk og sandur var flutt til landsins þegar Bessastaðastofa var reist árið 1761. Í eldri heimildum er einnig talað um að flutt hafi verið inn kalk og múrsteinar í sambandi við viðgerðir og endurbætur á húsa-kosti Bessastaða á árabílinu 1736 - 1752. Sennilega hefur sandur einnig verið fluttur inn í þau skipti þó að þess sé ekki getið. Víst er að innflutti sandurinn sem fannst á Bessastöðum er eldri en Bessastaðastofa og líklega frá fyrri hluta 18. aldar.



Mynd 130. Hliðið (h) sem gengið var gegnum til þess að komast inn í húsagarð konungsgarðsins (ÞÍ. Teikn. 6/1. Ljós. Þjóðskjalasafn Íslands).

Húsagarður

Af Plan og Prospect uppdrættinum að dæma (mynd 5) virðist mega ráða af fjarvíddarmyndinni, að húsagarðurinn hafi verið hellulagður. Á grunnteikningunni er þó ekki hægt að greina hvaða yfirborðsefni er í húsagarðinum. Þegar teikningin er skoðuð í heild, virðist þó eins líklegt að hún eigi að tákna óskilgreind jarðefni, eins og mold og grjót, eins og sést í húsveggjum norður- og suðurálmum. Húsagarðurinn er samkvæmt uppdrættinum um 20 álnir (12,6 m) frá norðri til suðurs og um 29 álnir (18,2 m) frá austri til vesturs. Til samanburðar má nefna að á flatarteikningu Pingels, frá 1751, er fjarlægðin milli landfógetabústaðar og amtmannsbústaðar 30 álnir (18,8 m).

Niðurstöður fornleifarannsóknarinnar benda til þess að húsagarðurinn milli álmanna fjögurra hafi verið þakinn sandi og mól, sums staðar með sams konar sandi og fannst á gólfi landfógetabústaðarins. Ekki fundust nein merki þess að húsagarðurinn hafi verið hellulagður. Leifar timburgirðingar eða timburþils sem komu í ljós undir yfirborði húsagarðsins virðist hafa tilheyr


eldra byggingarskeiði og mannvirkjum sem liggja utan þess svæðis sem rannsakað var. Ekki var hægt að sjá að leifar þessa timburþils tengdust öðrum byggingum sem grafnar voru upp. Fjarlægðin milli húsanna sem talin eru vera leifar suðurálmum og norðurálmum er um 19 m. Það virðist ekki geta staðist að fjarlægðin sé aðeins 12,6 m, eins og sýnt er á teikningu konungsgarðsins. Nærtækasta skýringin á þessu misræmi er sú, að suðurálman hafi fyrir mistök verið teiknuð norðan við grunnlínu hússins í stað þess að vera sett niður sunnan við grunnlínuna.

h Hlið Á flatarteikningunni sést að inngangurinn í húsagarðinn liggur á milli suðausturhorns norðurálmum og norðvesturhorns landfógetabústaðar. Innganginum er lokað af með grindverki úr tré sem hefur tvo oddmjóa stólpa sem eru nokkru hærri en sjálft grindverkið. Grindverkið virðist vera úr breiðum fjöllum sem standa lóðrétt og enda í oddi að ofanverðu. Syðst er yfirbyggt hlið, eða port, upp við hús landfógeta. Í hliðinu hefur verið hurð eða grind með bogadregna efri brún. Efst á toppi hliðsins sést óljós hnúður, þar sem gæti hafa verið króna. Hliðið líkist gömlum yfirbyggðum klukknaportum sem stundum stóðu við kirkjur. Ekki er útilokað að hliðið (portið) inn í húsagarðinn á Bessastöðum hafi verið þannig. Í úttektinni 1717 segir að Beyer landfógeti hafi í fyrra látið smíða nýtt port fyrir garðinn með hliði, lás og loku, milli austurgafls norðurálmum og vesturhliðar austurálmum, þar sem Beyer landfógeti búi.

Samkvæmt grunmyndinni er bilið milli landfógetabústaðar og norðurálmum um 3,8 álnir eða tæpir 2,4 m. Við uppgröftinn fundust engar leifar af hliðinu sem var líklega utan uppgraftarsvæða. Afstaða hellulagnar, sem fannst undir norðausturhorni Bessastaðastofu á svæði U3, benti til þess að þar hafi verið um að ræða hellulagt hlað sem var norðan við landfógetabústaðinn og utan við hliðið.

Bessastaðahús I

Eins og sjá mátti á teikningum af „Plan og prospect af Bessestedes Kongsgaard“ frá 1720,



Mynd 131. Tillaga að steinhúsi á Bessastöðum frá 1720 sem ekki mun hafa fengist samþykkt (ÞÍ. Teikn. 6/2. Bessastaðir 1721-1722. Ljósmynd. Þjóðskjalasafn Íslands).

voru byggingarnar þá orðnar æði hrörlegar og meira að segja búið að rífa hluta af húsum amtmanns, beggja vegna „loftsalarins“. Ef tilgangur teikninganna var að sýna fram á bágborið ástand húsanna og þar með nauðsyn endurbóta á staðnum þá náðist það markmið fullkomlega. Strax sama ár eða 1720 voru lögð drög að nýjum embættismannabústaði á Bessastöðum. Teiknað var nýtt hús úr steini í nýklassískum stíl með kjallara og risi (mynd 131). Sú teikning virðist hins vegar ekki hafa verið samþykkt því að það hús var aldrei reist á Bessastöðum (Einar Laxness, 1985:32). Hugsanlega hefur á þeim tíma þótt of dýrt að byggja steinhús þar.

Uppdráttur af bindingsverkshúsi frá 1736

Í stað steinhúss var ákveðið að reisa bindingsverkshús fyrir embættismenn konungs. Hafist var handa um byggingu hins nýja embættismannabústaðar þegar árið eftir, eða 1721, og var hann fullgerður árið 1725. Bústaðnum var ætlað að hýsa amtman, stiftamtman, landfógeta og fjölskyldur þeirra. Byggingarkostnaður var 1000 rd. (Einar Laxness, 1985:31-32). Þetta hús hefur verið nefnt Bessastaðahús en líklega er réttara að nefna það Bessastaðahús I vegna þess að allmiklar breytingar voru gerðar á því skömmu síðar (mynd 6, bls. 20).

Híð nýja hús virðist því ekki hafa dugað lengi. Í Þjóðskjalasafni Íslands er varðveitt nákvæm teikning af húsinu sem virðist hafa

verið gerð í sambandi við lagfæringar og endurbætur á húsinu árið 1736, eða aðeins 11 árum eftir að það var reist. Uppdrátturinn sýnir grunnflöt hússins og yfir honum tvær teikningar sem sýna framhlið þess (mynd 7, bls. 21). Talið hefur verið að þessar tvær teikningar eigi að sýna tvo mismunandi möguleika á útfærslu hússins (Finsen og Hiort, 1978:51-55). Ekki er þó hægt að útiloka að teikningarnar eigi að sýna innra og ytra byrði hússins. Neðri myndin sýni þannig veggjagrindina og bindingsverkið en hin efri sýni húsið fullgert með timburklæðningu.

Allar mælieiningar á teikningum frá þessum tíma eru að sjálfsögðu í dönskum álnum. Til þess að átta sig betur á öllum stærðarhlutföllum og til þess að auðvelda samanburð við mannvirki sem fundust við fornleifarannsóknina hefur húsið verið mælt eins nákvæmlega og mögulegt er og málunum síðan breytt í metra í hjálagðri töflu (tafla 2). Með slíkum samanburði er auðveldara að sjá hversu nákvæmar teikningarnar eru og í hve miklum mæli er hægt að treysta gömlum uppmælingum. Við útreikningana er miðað við rétta danska alin sem var 62,77 cm (Björn M Ólsen, 1911; Gísli Gestsson, 1969:60-66).

Samkvæmt grunnmynd hússins er það 35 álnir (22 m) að lengd og 11,5 álnir (7 m) á breidd. Þrjár tveggja álna (1 m) breiðar hurðir eru á annarri langhlið, ein í miðju og tvær til hliðanna 5½ alin (3,5 m) frá göflum hússins.

Heiti:	Lengd álnir:	Breidd álnir:	Hæð álnir:	Lengd metrar:	Breidd metrar:	Hæð metrar:	Flatar- mál:	Athugasemdir
Utanmál húss	35,0	11,5	4,0	22,0	7,2	2,5	158,6	Heildarflötur húss.
Íbúð stiftamtmanns	20,5	5,2		12,9	3,3		42,0	Íbúð stiftamtmanns.
Herbergi A	5,5	5,2		3,5	3,3		11,3	Hornherbergi. Ofn við innvegg í hægra horni. Gluggi á gaffli.
Herbergi B	6,0	5,2		3,8	3,3		12,3	Miðherbergi. Gluggi á útvegg.
Herbergi C	8,0	5,2		5,0	3,3		16,4	Hurð á útvegg. Ofn við innvegg í hægra horni.
Íbúð amtmanns	20,5	5,2		12,9	3,3		42,0	Vistarverur amtmanns.
Herbergi D	5,5	5,2		3,5	3,3		11,3	Hornherbergi. Gluggi í hægra horni á útvegg.
Herbergi F	6,0	5,2		3,8	3,3		12,3	Miðherbergi. Hurð og gluggi á útvegg.
Herbergi G	8,0	5,2		5,0	3,3		16,4	Tveir gluggar og hurð á útvegg.
Íbúð fógeta	18,0	11,5		11,3	7,2		81,6	Vistarverur fógeta.
Herbergi a	8,0	5,2		5,0	3,3		16,4	Gluggi á útvegg.
Herbergi b	5,5	5,2		3,5	3,3		11,3	Ofn við innvegg í vinstra horni. Gluggi á gaffli.
Herbergi c	8,0	5,2		5,0	3,3		16,4	Hurð og gluggi á útvegg.
Herbergi d	5,5	5,2		3,5	3,3		11,3	Gluggi á útvegg.
Byggingarhlutar:								
Úthurðir	2,7	2,0	2,7	1,7	1,3	1,7	2,1	Þrjár úthurðir á annari hlið. Ein hurð fyrir miðju á hinnlanglið.
Innihurðir		1,3			0,8			Hurðir eru milli allra aðliggjandi herbergja í húsinu.
Gluggar	1,1	1,1		0,7	0,7		0,5	Einungis eru sýndar útlínur glugga, ekki einstakar rúður.
Kvistir								Engir kvistir eru á þessari teikningu.
Skorsteinar	1,5	1,0	1,5	0,9	0,6	0,9		Þrjár skorsteinar eru á húsinu.
Steinsökkull	35,0		0,7	22,0		0,4		Hlaðinn sökkull virðist mynda aurstokk utan um fótstykki hússins.
Ofn 1	2,5	2,0		1,6	1,3		2,0	Í íbúð stiftamtmanns.
Ofn 2	2,5	2,0		1,6	1,3		2,0	Í íbúð stiftamtmanns.
Ofn 3	2,0	2,0		1,3	1,3		1,6	Í íbúð fógeta.
Þverveggir	4,0	0,4	4,0	2,5	0,3	2,5		Þverveggir virðast vera aðeins þykkari en langveggir hússins.
Langveggir	4,0	0,3	4,0	2,5	0,2	2,5		Hæð og þykkt innvegga.
Útveggir	4,0	0,3	4,0		0,2	2,5		Hæð og þykkt útvegga.
Þak			6,5			4,1		Hæð á þaki.

Tafla 2. Mælingar í álnum á stærðum herbergja og byggingahluta Bessastaðahúss samkvæmt uppdrætti frá 1736. Miðað er við að ein alin sé 62,77 cm. Herbergin eru talin upp í stafrófsröð í sömu röð og á mynd nr. 7.

Gluggar eru beggja vegna við allar þrjár hurðirnar. Húsinu er skipt í tíu herbergi. Á teikningunni kemur ekki fram hvernig húsið snýr við áttum. Eðlilegast er að ætla að norður snúi upp á grunnmyndinni og að það sé suðurhlið hússins sem sýnd er með þremur dyrum. Á grunnmyndinni sést að á norðurhlið er aðeins einn inngangur fyrir miðju húsi inn í íbúð stiftamtmanns. Allt húsið er 158,6 m² að utanmáli. Stiftamtmani eru samkvæmt því ætluð þrjú herbergi í um 42 m² íbúð í NV-hluta hússins, amtmanni þrjú herbergi einnig í um 42 m² íbúð í SV-hluta hússins og fógeta fjögur herbergi í um 54 m² íbúð í austurhluta hússins. Auk ofangreindra fermetra, hafa íbúarnir væntanlega einnig haft afnot af rishæð hússins, þó að hún sé gluggalaus og ekki sýndir stigar á milli hæða. Þrjár skorsteinar eru upp úr þaki hússins. Samkvæmt grunnmyndinni eru tveir ofnar eða opin arinstæði teiknuð í íbúð stiftamtmanns en engin í íbúð amtmanns. Erfitt er að ímynda sér að enginn ofn hafi verið í íbúð amtmanns, þannig að ef teikningin er rétt, hefur hugsanlega legið bíleggjarofn frá stiftamtmani, þó hann sé ekki sýndur. Í íbúð fógeta er sýndur einn arinn eða ofn.

Eins og bent var á hér að ofan virðist byggingin hafa verið frekar óvönduð að gerð og saga hennar virðist í raun vera samfelld hörmungarsaga. Árið 1736 er ástand hússins orðið svo slæmt að það þarfnast umfangsmikilla viðgerða og endurbóta. Til er kostnaðaráætlun um þá viðgerð eftir David Häusser hirðhúsameistara. Þar er listi yfir efni sem pantað var til verksins, m.a. 34 tylftir af gotlenskum borðum, 4000 fjögurra þumlunga naglar, 6000 múrsteinar og fimm lestir af kalki. Útlitsteikning hússins (mynd 6) fylgdi þessari kostnaðaráætlun (Finsen og Hiort, 1978:51).

Bessastaðahús II

Þrátt fyrir fyrrgreindar viðgerðir þótti húsið enn ekki gott til búsetu og bærust áfram kvartanir um kulda og illa vist í því. Tæpum áratug síðar þarfnáðist húsið aftur viðgerðar,

því árið 1745 sendir Pingel amtmaður rentukammerinu kvörtun yfir ástandi þess. Árið eftir var gerð úttekt á staðnum og Turah hirðhúsameistari gerði kostnaðaráætlun fyrir umtalsverðar viðgerðar árið 1747. Í henni er m.a. talinn upp borðviður, naglar, tjara og nokkuð af múrsteinum. Viðgerðirnar stóðu yfir í fjögur ár og kostuðu meira en upphaflega byggingin, eða um 1500 rd.

Teikning af viðgerðum hússins árið 1748 hefur ekki varðveist (Finsen og Hiort, 1978:50-51). Hins vegar er til vandaður uppdráttur af húsinu, sem hér er nefnt Bessastaðahús II, merktur Pingel amtmanni árið 1751 (mynd 7, bls. 21). Þegar hann er borinn saman við uppdráttinn frá 1736 er greinilegt að allmiklar breytingar voru gerðar á húsinu. Teikningin er einkar athyglisverð sökum þess að hún er sú síðasta sem gerð var af húsinu. Þarna virðist ástand hússins fyrst vera í góðu lagi. Nokkrum árum síðar, í tíð Skúla Magnússonar, var tóvinnuvélum komið fyrir í húsinu og ullarverksmiðja var rekin í því um skeið eða þar til innréttingarnar voru settar á fót í miðbæ Reykjavíkur árið 1754. Eftir það hrakaði mjög ástandi húsanna og árið 1757 voru þau komin í svo mikla niðurníðslu að Magnús Gíslason treysti sér ekki til þess að búa þar þegar hann var skipaður amtmaður (Vilhjálmur Þ. Gíslason, 1947:137-138; Einar Laxness, 1985).

Þegar teikningarnar tvær af Bessastaðahúsi (myndir 6 og 7) eru bornar saman er hægt að telja upp allmörg atriði þar sem yngri teikningin er frábrugðin þeirri eldri. Hér verður litið aðeins nánar á þessi atriði og skýringa leitað á því hvers vegna misræmi er á milli þeirra. Einnig verður reynt að meta hvort hægt sé að sjá merki þessa misræmis í fornleifunum og hvort gömlu uppdrættirnir séu marktækir.


Í töflu 3 eru öll helstu mál sem lesa má úr teikningunni frá 1751. Samkvæmt þessum uppdrætti er utanmál hússins nærri óbreytt, eða um 35 - 35,5 álnir að lengd og 11,5 álnir á breidd. Ef ofangreindum málum er breytt í metra þá er húsið um 22,3 x 7,2 m eða 160 m² að stærð; íbúð amtmanns um 13,8 x 6,3 m eða

Heiti:	Lengd álnir	Breidd álnir:	Hæð álnir	Lengd metrar	Breidd metrar	Hæð metrar	Flatar-mál:	Athugasemdir
Utanmál húss	35,5	11,5	5,0	22,3	7,2	3,1	160,9	Heildarflötur húss.
Íbúð amtmanns	22,0	10,0		13,8	6,3		86,7	Íbúð amtmanns, innanmál.
Herbergi A	6,5	5,0		4,1	3,1		12,8	Barnaerbergi. Bakhlíð arins við innvegg. Gluggi á útvegg.
Herbergi B	7,5	5,0		4,7	3,1		14,8	Svefnherbergi. Tveir gluggar á útvegg.
Herbergi C	8,0	5,0		5,0	3,1		15,8	Framstofa. Hurð á útvegg. Ofn við innvegg í hægra horni.
Herbergi D	6,5	5,0		4,1	3,1		12,8	Eldhús. Gluggi á gaffi. Stór arinn við innvegg.
Herbergi E	2,0	5,0		1,3	3,1		3,9	Forstofa að eldhúsi. Hurð á útvegg.
Herbergi F	5,5	5,0		3,5	3,1		10,8	Dagstofa. Þrír gluggar á útvegg.
Herbergi G	6,5	5,0		4,1	3,1		12,8	Forstofa að eldhúsi. Hurð og tveir gluggar á útvegg.
Herbergi H	2,0	5,0		1,3	3,1		3,9	Búr? Smá gluggakyttra er á útvegg.
Íbúð landfógeta	11,5	10,0		7,2	6,3		45,3	Íbúð landfógeta, innanmál. Ekki er lengur innangengt til amtmanns.
Herbergi a	5,5	5,0		3,5	3,1		10,8	Hversdagsstofa. Gluggi á útvegg.
Herbergi b	6,5	5,0		4,1	3,1		12,8	Skrifstofa.
Herbergi c	5,5	5,0		3,5	3,1		10,8	Forstofa. Hurð og gluggi á útvegg.
Herbergi d	6,5	4,8		4,1	3,0		12,3	Bruggherbergi? Ofn við innvegg í vinstra horni. Gluggi á útvegg.
Byggingarhlutar:								
Útihurðir	2,5	1,5	2,5	1,6	0,9	1,6	1,5	Þrjár útihurðir á annarri hlið. Ein hurð fyrir miðju á hinni langhlið.
Innihurðir		1,3			0,8			Hurðir eru milli herbergja, ekki á milli íbúða.
Gluggar	2,0	1,5	2,0	1,3	0,9	1,3	1,2	Gluggar eru með 16 litlum rúðum.
Kvistir	2,2	1,2	2,2	1,4	0,8	1,4	1,0	Kvistir eru gluggalausir, en með hlerum.
Skorsteinar	2,5	1,5	2,5	1,6	0,9	1,6		Þrír skorsteinar eru á húsínu, hlaðnir úr múrsteinum.
Steinsökkull	35,5		0,4	22,3		0,3		Hlaðinn sökkull virðist vera undir fótstykki hússins.
Arinn 1	3,6	2,5		2,3	1,6		3,5	Ofnar snúa ekki eins og á eldri teikningu og eru í öðrum herbergjum.
Ofn 2	2,5	1,0		1,6	0,6		1,0	Ofn í forstofu.
Ofn 3	2,5	1,2		1,6	0,8		1,2	Ofn í bruggherbergi.
Þverveggir		0,3	5,0		0,2	3,1		Þverveggir virðast vera aðeins þykkari en langveggir hússins.
Langveggir		0,2	5,0		0,1	3,1		Veggjarmál eru líklega ónákvæm.
Útveggir		0,7	5		0,4	3,1		Þykkt útvegja.
Þak			4,5			2,8		Hæð á þaki.

Tafla 3. Helstu mál, bæði í álnum og umreiknuð í metra, á byggingarhlutum Bessastaðastofu fyrri, samkvæmt upprætti frá 1751.

Heiti:	Lengd í álnum:	Breidd í álnum:	Lengd í metrum:	Breidd í metrum:	Flatar- mál:	Athugasemdir
A Kirkjan	16,0	11,5	10,0	7,2	68,6	Utanmál kirkjunnar.
Kirkjuskjip	12,0	11,5	7,5	7,2	54,4	Dyr eru á vesturgafli.
Kór	8,0	4,5	5,0	2,8	14,2	Dyr eru á suðurhlíð kórs.
Bil milli A og B	7,5		4,7			Fjarlægð milli kirkju og nýja hússins.
Bil milli A og C	2,5		1,6			Fjarlægð milli kirkju og gamla amtmannsbústaðar.
B Nýja húsið	35,0	11,5	22,0	7,2	158,6	Útlínur nýja hússins.
Bil milli B og C	4,5		2,8			Fjarlægð milli nýja húss og gamla landfógetabústaðar.
Bil milli B og D	4,5		2,8			Fjarlægð milli nýja húss og gamla amtmannsbústaðar.
C Gamla húsið	10,0	10,0	6,3	6,3	39,4	Utanmál gamla amtmannsbústaðar.
a stofa	7,5	6,0	4,7	3,8	17,7	Dyr eru á austurhlíð og norðurhlíð.
b herbergi þjónustufólks	10,0	4,0	6,3	2,5	15,8	Skorsteinn er í suðvesturhorni herbergisins.
c til turnsins	2,5	6,0	1,6	3,8	5,9	Hugsanlega tröppuhús.
Bil milli C og D	30,0		18,8			Þetta ætti að vera lengd húsagarðsins.
D Gamla hús fógetans	18,5	8,0	11,6	5,0	58,3	Utanmál hússins.
a stofa	8,0	6,0	5,0	3,8	18,9	Stofa landfógeta.
b herbergi	8,0	2,5	5,0	1,6	7,9	
c barnaherbergi	5,0	3,0	3,1	1,9	5,9	
d búr	7,0	5,0	4,4	3,1	13,8	Hlutfallslega mjög stórt búr.
e eidhús	5,0	3,0	3,1	1,9	5,9	Arið eða eidstæði er beint inn af útidryum.
f borðstofa	4,5	3,0	2,8	1,9	5,3	Afar lítil borðstofa.
E Fálkahús	19,5	8,5	12,2	5,3	65,3	
Bil milli D og E	3,0		1,9			Fjarlægð milli landfógetabústaðar og fálkahúss.

Tafla 4. Helstu mál á byggingum, einstökum herbergjum og fjarlægðum á milli húsa, bæði í álnum og metrum, samkvæmt afstöðumyndinni frá 1751. Miðað er við að dönsk alin sé 62,77 cm.



Mynd 132. Rauða punktalínan sýnir grunnlínuna sem virðist hafa verið gengið út frá við að mæla út afstöðu húsa á Bessastöðum árið 1751 (ÞÍ. Teikn. 6/4. Ljós. Þjóðskjalasafn Íslands).

87 m² og íbúð landfógeta um 7,2 x 6,3 m eða 45,3 m² að stærð.

Helstu breytingar sem virðast hafa verið gerðar á húsinu frá teikningunum annars vegar frá árinu 1736 og hins vegar frá árinu 1751, eru þær að tröppur með þremur þrepum hafa verið settar framan við alla innganga í húsið. Hliðarinngangar hafa auk þess verið mjókkaðir og þrjár gluggar færðir til á suðurhlíð hússins. Loks var litlum glugga bætt við í borðstofu (H). Á teikningunni frá 1751 sést að allir stóru gluggarnir eru með sextán rúðum. Ef marka má teikninguna virðist þakið líka hafa verið lækkað aðeins og tveir kvistir settir á það. Að innan hafa einnig verið gerðar breytingar. Tvö lítil herbergi hafa bæst við, þ.e. anddyri að eldhúsi (E) og borðstofa (H). Þá hefur ofnum hússins verið breytt og þeir verið fluttir á milli herbergja. Þeir snúa nú inn í herbergi sem eru sunnan megin í húsinu en snéru áður inn í herbergi sem voru norðan megin.

Ekki er þess að vænta að finna mikil ummerki um ofangreindar breytingar á húsinu í uppgröfnum minjum. Þær eru annars vegar flestar yfir gólfhæð hússins og skilja eftir óveruleg ummerki eftir að húsið var rífið. Hins vegar er byggingin að stórum hluta utan upp-

graftarsvæða. Þrátt fyrir þetta er misræmið milli uppdráttanna svo mikið að í vissum tilvikum ætti að vera mögulegt að sjá þeim stað í minjunum.

Þegar byggingarleifar framan við Bessa- staðastofu á svæði U6 eru skoðaðar, leikur enginn vafi á því að þar eru leifar af húsi sem gengið hefur í gegn um fleiri en eitt byggingarskeið og umtalsverðar breytingar. Nefna má að bæði virðist mega greina leifar timburgólfa og hellulagðra gólfa í húsinu. Þá virðist lega hellulagnar 18 (sjá bls. 67-68) geta átt við undirstöður fyrir austasta arininn sem sýndur er í húsinu. Af ummerkjum að dæma virðast undirstöðurnar eiga við arin sem staðsettur var norðanmegin í húsinu og þannig verið vísbending um að hellulögnin hafi tilheyrt eldra byggingarskeiði þess.

Afstöðumynd af húsum konunggarðs frá 1751

Hvað varðar innbyrðis afstöðu húsa og staðsetningu þeirra á bæjarhólnum, þá er vissulega hægt að nota teikningarnar bæði til þess að gera innbyrðis samanburð og samanburð við þær minjar sem fundust við uppgröftinn. Mjög athyglisverð er afstöðumyndin frá 1751, árituð



Mynd 133. Hér hefur rauða grunnlínan af teikningu frá 1751 verið sett ofan á grunnmynd af konungsgarðinum frá 1720. Myndinni er hér snúið á hvolf til þess að húsin snúi eins og á myndinni frá 1751. Þá sést strax að Amtmannsstofa (A) hlýtur að hafa verið sunnan við grunnlínuna, vegna þess að hún er beint austan við kór kirkjunnar, sem er alveg eðlileg staðsetning út frá heildarskipulagi konungsgarðsins á þeim tíma. Blá grunnlína er dregin við suðurhlíð konungsgarðsins. Minjarnar benda til þess að þetta eigi í raun að vera norðurhlíð álmunnar og að suðurhlíð hennar hafi átt að vera sunnan megin við línuna (hluti af Plan og Prospect teikningunni) (ÞÍ. Teikn. 6/1. Ljósm. Þjóðskjalasafn Íslands).

af Pingel amtmanni, en hún sýnir afstöðu fimm bæjarhúsa á Bessastöðum (sjá mynd 132). Nú er allt öðru vísi um að litast þar en á uppdrættinum frá 1720. Bærinn með fjórum samtengdum húsaálmum, sem hverfðust um lokaðan húsgarð, er horfinn. Húsin standa stök og opið rými á milli þeirra. Eitt af því sem gerir þessa teikningu sérlega áhugaverða er að hún sýnir að íbúðarhús landfógeta og amtmanns hafa fengið að standa áfram, þrátt fyrir hrörlegt ástand þeirra árið 1720, og að þarna er í fyrsta skipti sýnd herbergjaskipan þeirra. Staðsetning Fálkahússins að baki landfógetabústaðarins kemur fram í fyrsta skipti á þessari mynd, sem og hvar hinu nýja Bessastaðahúsi hafði verið valinn staður. Það er merkt B á teikningunni og stendur norðanvert á milli gamla landfógetabústaðarins og kirkjunnar. Uppdrátturinn sýnir aðeins útlínur hússins, líklega vegna þess að sérstök teikning hafði verið gerð af húsinu.

Á miðri mynd (mynd 132) er mælikvarði sem sýnir danskar álnir. Samkvæmt þeim mælikvarða er kirkjan (A), lengst til vinstri, um 16 álna (10 m) löng og 11,5 álna (7,2 m) breið.

Fálkahúsið (E) lengst til hægri, hefur verið um 19,5 álna (12,2 m) langt og 8,5 álna (5,3 m) breitt. Það hefur staðið aðeins þrem álnum (1,9 m) austan við gamla landfógetabústaðinn (D), sem tilheyrði áður austurálmur konungsgarðsins og verið samsíða honum. Landfógetabústaðurinn er hér 18,5 álna langur (11,6 m) og 8 álna breiður (5 m). Suðaustan við kirkjuna eru amtmannshúsið (C), sem áður tilheyrði vesturálmur konungsgarðsins. Það er hér 10 álnir að lengd og breidd (6,3 m). Byggingar sem áður stóðu áfastar amtmannshúsinu, að sunnan- og norðanverðu, eru báðar horfnar, sem og suður- og norðurálmur konungsgarðsins.

Eins og fram kemur í töflu 4 er hið nýja Bessastaðahús (B) samkvæmt þessum uppdrætti um 35 álnir að lengd (22 m) og tæpar 11,5 álnir á breidd (7,2 m). Á suðurhlíð hússins eru þrjú 1,4 m breiðir inngangar, einn fyrir miðju húsi og tveir um 3,1 m frá hvorum enda hússins. Á norðurhlíð er einn 1,4 m breiður inngangur fyrir miðju húsi. Á uppdrættinum er afstaða húsa teiknuð upp þannig að austurgافل Bessastaðahúss B er í beinni línu við framhlíð landfógeta-

bústaðar C og um 4,5 álnum (2,8 m) norðar. Vesturgafli húss B er 7,5 álnum (4,7 m) austan við kirkju og 4,5 álnum (2,8 m) norðan við hús A.

Þegar farið er að rýna í uppdráttinn kemur í ljós að það er ýmislegt að athuga, bæði við stærðarhlutföll og innbyrðis afstöðu húsanna á honum, líkt og á fyrri uppdráttum. Þannig virðist t.d. afstaða kirkjunnar við amtmannshúsið vera röng, miðað við Plan og Prospect uppdráttinn frá 1720. Skekkjan virðist felast í því að mælingatölur á lengdum og breiddum einstakra bygginga eða byggingarhluta eru upphaflega skráðar niður á blað á staðnum. Þegar mælingarnar eru yfirfærðar á grunnmyndarteikningu virðist sem að fyrst sé dregin upp grunnlína á blað, sem húsin eru síðan mæld út frá. Sumar byggingar, eins og t.d. kirkjan á þessari teikningu, virðast hafa verið staðsettar öfugu megin við grunnlínuna sem miðað er við (mynd 132). Svo virðist sem sams konar mælingarskekkja hafi slæðst inn í mælingar Pingels amtmanns og er á uppdráttinum frá 1720, þó að ekki sé hún á sama stað (mynd 133).

Þannig getur grunnhlið viðkomandi húss verið rétt staðsett en breidd hússins óvart sett norðan við en ekki sunnan við línuna. Sams konar skekkja virðist hafa átt sér stað á grunnmyndinni frá 1720. Þar virðist suðurálman hafa verið sett niður norðan við grunnlínu hússins, í stað þess að vera sunnan við hana. Á uppdrætti Pingels liggur grunnlínan frá austri til vesturs. Á þeirri línu liggur suðurhlið kirkju A, norðurhlið húss C, norðurhlið húss D og norðurhlið húss E.

Samanburður við flatarteikningu frá 1720 sýnir að annað hvort kirkja A eða hús C er speglað um grunnlínu. Á eldri myndinni er hús C, amtmannsbústaðurinn, beint á móti kór kirkjunnar og er sennilegra að þannig hafi afstaða húsanna verið (mynd 133). Á uppdrætti Pingels frá 1751 virðast innbyrðis stærðarhlutföll húsanna á teikningunni einnig vera eitthvað brengluð. Kirkjan, að meðtöldum kór,

er á teikningunni aðeins 16,5 álna löng og 11,5 álna breið. Í skoðunargerð frá 1745 er hún hins vegar sögð vera 28,5 álna löng, og 12,5 álna breið. Auk þess sé hún með útbrotum bæði að sunnan og norðan (Jón Þ. Þór et al., 2008:13). Amtmannshúsið er 1751 10 álnir að lengd og breidd, og er því um 1,3 m breiðara en á uppdráttinum frá 1720 þar sem það er 10 x 8 álnir. Landfógetahúsið er árið 1751 teiknað 18,5 álna (11,6 m) langt og 8 álna (5 m) breitt.

Á uppdráttinum frá 1720 er það um rúmlega 24 álna langt (15,1 m) og 13 álna breitt (8,2 m). Þarna munar allt að 3,5 metrum bæði á lengd og breidd, sem gerir landfógetahúsið á yngri uppdráttinum næstum 65 fermetrum minna en á gömlu teikningunni. Þarna ber svo mikið í milli að ekki er hægt að skýra mismuninn með smávægilegri mælingaskekkju. Annað hvort er þarna um mjög stóra mælingaskekkju að ræða; að búið hafi verið að rífa húsið að hluta eða um sé að ræða meðvitaða tilraun til að gera lítið úr gamla húsinu í samanburði við nýja húsið, með því að teikna það næstum helmingi minna en það var í raun og veru.

Á teikningum frá 1736 og 1751, sem varðveist hafa af nýja húsinu er lengd og breidd nánast hin sama á báðum teikningum, 35 til 35,5 álnir að lengd (22 m) og 11,5 álnir að breidd (7,2 m). Þessi mál passa einnig við málin á yfirlitsteikningunni frá 1751. Ekki virðist því ástæða til að draga þau mál í efa. Hvað varðar hreinar skekkjur á innbyrðis afstöðu milli einstakra húsa, eins og koma t.d. fram á teikningunum, bæði frá 1720 og 1751, verður að telja líklegt að þær séu tilkomnar vegna þess að teikningarnar hafi verið fullunnar í Kaupmannahöfn út frá mælingum sem gerðar voru á staðnum, af einhverjum sem var ekki nægilega staðkunnugur á Bessastöðum. Ef þessi tilgáta er höfð að leiðarljósi þegar gömlu uppdrættirnir eru skoðaðir, þá virðast sjálf málin á húsunum í megindráttum passa nokkuð vel við niðurstöður rannsóknanna, þó jafnan þurfi að hafa fyrirvara um ályktanir sem af þeim eru dregnar.

6. kafli – Umræða

Bessastaðir eru einn af sögufrægustu stöðum landsins en þar höfðu æðstu embættismenn þjóðarinnar aðsetur sitt öldum saman. Þangað var árlega safnað tekjum konungs af landinu. Þar var því líklega saman kominn meiri auður og völd en víða annars staðar á landinu um tíma. Í ljósi alls þessa mátti vænta mikilla og forvitnilegra minja í jörðu. Þrátt fyrir einstakt safn teikninga af bæjarhúsum frá 18. öld, sem og fjölmargar aðrar ritaðar heimildir um byggingar á staðnum, var ekki vitað nákvæmlega hvar þessar byggingar stóðu. Reyndar voru slíkar vangaveltur vart tímabærar fyrr en hægt var að styðjast við áþreifanlegar byggingaleifar, eins og þær sem uppgröfturinn leiddi í ljós.

Bæjarhóllinn reyndist vera mjög stór, eða um 11,000 m². Efst á honum voru mannvistarlögin um 2 m að þykkt en til hliðanna voru þau allt að fjögurra metra þykk. Þetta er merki um langvarandi búsetu á staðnum. Elstu minjarnar sem fundust, svo og umfang þeirra, bendir hins vegar til þess að Bessastaðir hafi verið stórbýli allt frá landnámsöld. Þar sem heimildir um Bessastaði ná ekki lengra aftur en til um 1200 koma þær ekki að neinum notum í umfjöllun um byggð og búsetu á staðnum fyrstu þrjár aldirnar. Um þessar minjar verður fjallað meira í síðari skýrslum.

Þar sem grafið var niður með landfógetabústaðnum undir Bessastaðastofu og fyrir framan hana fundust ekki óyggjandi byggingaleifar frá miðöldum, en hins vegar bæði sunnan og norðan við hana. Auk þess fundust greinilegar minjar um miðalda-byggingar austan við kirkjuna á svæði U9. Þó að svæðið væri ekki stórt og að aðeins væri um lítinn hluta af húsi að ræða, voru þessar minjar mjög athyglisverðar. Þarna voru þykkar og þéttar gólfskánir sem bentu til langrar búsetu á miðöldum. Niðurgrafið fótstykki undir vegg og viðarborð, benda til þess að húsið hafi

hugsanlega verið timburhús. Hluti veggjanna virtist þó geta hafa verið úr torfi og grjóti (mynd 134).

Til skamms tíma voru íveruhús úr timbri óþekkt hér á landi snemma á miðöldum, þó margar elstu kirkjurnar hafi verið timburhús. Rannsóknir benda til þess að skálar hafi þá verið hið ríkjandi byggingarform hérlendis (Hörður Ágústsson, 1979:231-235; Guðmundur Ólafsson, 2004:130-135). Fornleifarannsóknir undanfarinna ára hafa sýnt að meiri fjölbreytni hefur líklega ríkt hér í húsagerð en áður var talið. Meðal annars fannst hús á Hólum í Hjaltadal, sem hefur verið túlkað sem veislustofa frá miðöldum (Ragnheiður Traustadóttir, 2009).

Ekki er ósennilegt að stofur af þessari gerð hafi verið byggðar víðar á landinu. Því miður var svo lítill hluti þessa húss grafinn upp á Bessastöðum að ekki er hægt að slá því föstu að um timburhús hafi verið að ræða en það sem fannst var svo frábrugðið flestum öðrum húsum sem rannsökuð hafa verið frá miðöldum hérlendis, að það virðist falla mun betur að veisluskála þeim er fannst á Hólum.

Þróun bæjarhólsins á Bessastöðum hefur verið með svipuðum hætti og á öðrum stöðum, þar sem byggð hefur verið öldum saman. Bæjarhúsin hafa ekki alltaf staðið á nákvæmlega sama stað, heldur flust fram og aftur um bæjarhólinn. Þegar húsin voru orðin gömul og ónothæf voru þau yfirgefin og ný hús byggð skammt frá gamla bænum. Byggingar og önnur mannvirki á Íslandi voru flest gerð úr torfi og grjóti fram á 20. öld. Mikið af nýju efni var jafnan flutt heim á bæjarstæðið, bæði þegar ný hús voru reist og gert var við eldri byggingar. Eftir að gömlu bæjarhúsin höfðu lokið upphaflegu hlutverki sínu voru ný hús reist skammt frá þeim gömlu. Gömlu húsin fengu þá yfirleitt annað tímabundið hlutverk sem skemmur eða útihús, þar til þau féllu saman að lokum. Þá voru tóftirnar gjarnan notaðar til




Mynd 134. Horft yfir hluta af gólfskánnum, hellulögnum og veggjaleifum frá miðöldum sem komu í ljós undir líkkistum á svæði U9 (ljósmynd GÓL-1987-11-16).

Þess að henda í rusli og ösku, uns ekki mótaði lengur fyrir þeim á yfirborðinu. Víða var á Bessastöðum komið niður á þykk móöskulög, sem vitna um hve mikinn efnivið þurfti til að kynda upp híbýlin þar. Þetta ferli endurtók sig aftur og aftur og þannig færðist byggðin í gegnum aldirnar fram og aftur um bæjarstæðin, eins og margar stórar rannsóknir hafa sýnt fram á (sjá t.d. Bertelsen, 1989; Mjöll Snæsdóttir, 1991a; Svend Erik Albrektson og Guðmundur Ólafsson, 2001). Þannig hafa gamlar byggingaleifar, sorp og áfok víða myndað mikla bæjarhóla þar sem bærinn hefur staðið öldum saman á sama bæjarstæði.

Eins og fram kemur í kafla 2.1 hér að framan eru engar beinar upplýsingar í elstu heimildunum um útlit eða gerð einstakra bæjarhúsa. Hins vegar felast þar stundum óbeinar vísbendingar um byggð eða einstök hús á staðnum, eins og t.d. frásögnin um náðhús á Bessastöðum árið 1530, sem sýnir að þar var kamar líkt og á flestum öðrum bæjum á Íslandi. Frásögnin af flóttu fanga frá Bessastöðum árið 1522, bendir til þess húsið sem þeir voru

geymdir í hafi verið torfbær með hlöðnum ofni eða óni inn af baðstofunni, eins og þekktist á Íslandi a.m.k. frá 15. öld (Hörður Ágústsson, 1979:331-333). Sumar heimildir sýna líka að á Bessastöðum voru óvenjuleg og einstök hús sem tengdust hlutverki staðarins sem aðsetur æðsta yfirvalds landsins. Þannig er t.d. vísbending frá árinu 1614 um sérstakt fangelsi eða fangaklefa á staðnum. Af nýfundnum úttekum frá 1663 og 1666 virðist mega ráða að sú húsaskipan konungsgarðsins sem sést á teikningu frá 1720, hafi orðið til um 1660 og að loftsalurinn sem amtmaður byggði um 1690, og fógetabústaðurinn sem Heideman fógeti byggði á svipuðum tíma hafi verið felldar inn í þá húsaskipan sem fyrir var.

Sumir atburðir sem sagt er að gerst hafi á Bessastöðum geta útskýrt hvernig stendur á því að ákveðnir gripir fundust þar við uppgröftinn, þó að þeir segi ekkert um byggingarnar. Þannig geta fallbyssar, byssukúlur og byssutinna sem fundust, stutt frásagnir um árásir Englendinga á 15. öld og fleiri sögur um ófriðarástand á Bessastöðum (Einar Laxness, 1985:18-25).



Mynd 135. Útlínur konungsgarðsins hafa hér verið teknar beint af flatarteikningunni frá 1720 og þær lagðar yfir svæðið í sama mælikvarða og minjarnar sem í ljós komu á milli kirkju og Bessastaðastofu (kort G.Ó. og A.R.G.).

Uppdrættir 18. aldar, sem sýna útlit húsanna á meðan þau voru uppistandandi, gegndu lykilhlutverki við túlkun á hinum flóknu byggingarleifum frá fyrri hluta 18. aldar og innbyrðis samhengi þeirra (mynd 135). Án þeirra hefði verið nánast ógerlegt að skilja til fulls minjarnar sem fundust undir og framan við Bessastaðastofu. Uppgröfturinn sýndi líka fram á að gömlu uppdrættirnir eru bæði býsna áreiðanlegir og nákvæmir. Ýmsar skekkjur á uppdráttunum, sem í fyrstu virtist erfitt að skýra, reyndust við nánari athugun geta átt sér eðlilegar og einfaldar skýringar.

Uppdrættirnir sýndu að á Bessastöðum stóðu hús sem voru frábrugðin flestum öðrum húsum á Íslandi á þeim tíma. Bæjarhúsin, sem raðað var upp í ferhyrning með húsagarði í miðjunni, voru byggð að danskri fyrirmynd. Hugsanlega hafa nokkur stórbýli tekið upp þessa dönsku húsagerð. Þannig virðast t.d. bæjarhúsin á Þingeyraklaustri hafa verið á fyrri hluta 18. aldar. Til er af þeim afar greinargóð

lýsing eftir síra Ólaf Gíslason. Þar segir m.a. um húsaskipun á staðnum að inngangur staðarins var með dönsku byggingarlagi. T.d. er hliðið inn í húsagarðinn svo hátt, að ríðandi maður gat rétt aðeins seilst með svipu yfir bitann, sem lá á tveimur sterkum dyrastólpum. Vængjahurðir voru festar á stólpana með þremur járnhjörum. Milli þessara tveggja vængjahurða voru minni dyr, en þó svo stórar, að meðalstór vagn gat farið þar í gegn. Margt fleira í lýsingunni gæti einnig átt við konungsgarðinn á Bessastöðum, t.d. stór timburhús með norsku sniði, sem í voru bíleggjara kakalofnar. Einnig voru loftsalir yfir sumum húsum. Húsagarðurinn var sagður steinlagður eins og borgarstræti og fyrir framan hliðið voru sléttar traðir, svo breiðar að 6 – 8 hestar gátu gengið þar samsíða. Í þeirri húsaálmú sem var rétt við dyrastólpa portsins var torfhús sem nefndist kvarnarskemma. Þar í var stór handkvörn með öllu tilheyrandi og voru tveir menn í einu vanir að mala þar korn og malt. Lýsing Ólafs er einkar áhugaverð, því að



Mynd 136. Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæði U11 (K) sem sýnir leifarnar af mannvirkinu, með múrsteinaröðunum tveimur, sem þar fannst. Tveir metrar eru á milli krossanna (ljósmynd GÓL-1987-14-23).

margt í henni gæti átt líka við konungsgarðinn á Bessastöðum. Sá samanburður er Ólafi einnig ofarlega í huga því að hann ber húsin á Þingeyraklaustri saman við húsin á Bessastöðum, sem honum finnst vera miklu síðri. Enda segir hann að á þeim tíma hafi enginn bær á Íslandi verið eins veglegur og Þingeyrastaður (Ólafur Gíslason, 1916:59-63; Guðmundur Ólafsson, 2010:124-129).

Á Bessastöðum fór líklega fram í fyrsta skipti uppgröftur á húsum sem samtímateikningar voru til af umfram úttektir og aðrar ritheimildir. Samanburður á þeim við niðurstöður fornleifauppgrafarins var því augljóslega mjög áhugaverður (mynd 135). Þegar notaðir eru uppdrættir eða úttektir á húsum við túlkun á fornleifum verður jafnan að hafa í huga að þeir eru lýsing á aðstæðum sem eiga við ákveðinn dag en fornleifarnar sýna breytingar í lengri tíma. Samanburður uppdráttanna við minjarnar leiddi því í ljós að á svæðinu voru miklu fleiri og flóknari byggingaleifar en nokkrar heimildir voru til um. Augljóst er að húsum og einstökum herbergjum hefur verið breytt margfalt eftir þörf og nauðsyn á hverjum

tíma, án þess að þær breytingar væru nokkurn tíma skjalfestar. Aðrar rannsóknir á bæjarhólum hafa sýnt fram á sama munstur. Í því sambandi má t.d. nefna rannsóknir í Viðey á árunum 1987-1993 (Margrét Hallgrímsdóttir, 1993a), og á bæjarstæðinu í Skálholti sem fram fór á árunum 2002-2006. Þar voru grafnar fram miklar byggingaleifar bæjar sem bæði voru til úttektir um og uppdrættir af. Samt kostaði það mikla fyrirhöfn að reyna að tengja saman hús og hússkipan á uppdráttum við minjar og minjabrot sem í ljós komu við uppgröftinn (Mjöll Snæsdóttir og Lucas, 2007:97-99).

Flestar byggingaleifarnar sem fundust á svæðum U1 – U8 voru frá 18. öld. Bendir gerð þeirra til þess að þetta séu leifar af þremur álmum konungsgarðsins frá 1720 og húsa sem leystu hann af hólmi á árunum 1721 – 1760. Á svæði U9 er líklegt að hafi verið hluti af fjórðu álmunni. Þar fundust hins vegar líka 34 grafir frá síðari hluta 18. aldar og fyrri hluta 19. aldar, sem höfðu raskað minjunum sem fyrir voru.

Við uppgröftinn 1987 fundust einnig leifar af einstakri bygginu sem er hið svonefnda vagn- eða kerruhús á svæði U11 (myndir 98-101 og

136). Sá fundur er ekki síður athyglisverður í ljósi þess að yfirleitt er talað um að hestvagnar hafi almennt ekki farið að tíðkast á Íslandi fyrr en seint á 19. öld. Þetta hefur verið svo viðtekin skoðun að því hefur jafnvel verið slegið fram, kannski í nokkru gríni þó, að Íslendingar hafi ekki uppgötvað hjólið fyrr en um aldamótin 1900 (Einar Laxness, 1985; Árni Björnsson og Kuhn, 2003:150). Þó að slík ummæli séu líklega orðum aukin eru þau til marks um að kerrur, eða vagnar á hjólum hafi verið afar sjaldgæfir á Íslandi allt fram undir 1900. Það er því ekki fráleitt að álykta að menn hafi talið nauðsynlegt að hlúa þyrfti vel að svo fágætum grip, með því að byggja yfir hann sérstakt skýli sem hér er leitt líkum að hafi nú fundist á Bessastöðum. Ef svo er, þá má hugsanlega rekja upphaf þess húss til síðari hluta 16. aldar, þegar kerru er fyrst getið í heimildum á Bessastöðum.

Hafi kerru- eða vagnahús fundist á Bessastöðum, líkt og fornleifarnar gefa til kynna, þá er ástæðulaust að draga í efa að menn hafi þekkt og notað vagna á Íslandi, þó í litlum mæli hafi

verið. Miðað við hversu fátæklegar heimildirnar eru hefur notkun þeirra að öllum líkindum verið takmörkuð við fáein höfuðból eða að ekki hafi þótt ástæða til þess að geta þeirra sérstaklega. Þá má telja líklegt að hið svonefnda vagnabúr á Hólum hafi verið geymsla fyrir vagn á hjólum, hugsanlega svipað að gerð og mannvirkið á Bessastöðum.

Loks má nefna að rannsóknin hefur líka beint athyglinni að því hve lítið rými æðstu embættismönnum landsins var ætlað á 18. öld. Húsakynni þeirra hafa vafalaust þótt býsna góð á sínum tíma en gólflötur í amtmannsbústaðnum var aðeins um 35 m², svo dæmi sé tekið. Erfitt er að fullyrða hvort þetta hafi stafað af því að þessir embættismenn hafi verið óvenju hógværir í lifnaðarháttum sínum eða hvort að þetta hafi þótt fullgott handa þeim. Kannski er hér að ósekju verið að varpa nútíma mati á aðstæður 18. aldar. Hugsanlega segir nafnið „loftsalur“ á amtmannsbústaðnum, meira um þann fátæklega veruleika sem almenningur bjó við á 18. öld.

7. kafli – Samantekt

Rannsóknin á Bessastöðum er ein af stærstu fornleifarannsóknnum sem fram hafa farið til þessa á Íslandi. Uppgraftarsvæðið 1987 var um 660 fermetrar og þegar rannsókn lauk árið 1996 var rannsóknarsvæðið orðið um 4500 fermetrar. Rannsóknin var tímamótarannsókn á mörgum sviðum í íslenskri fornleifafræði og þar voru teknar upp ýmsar nýjungar sem nú þykja sjálfsgæðar. Hvað varðar sjálfa framkvæmdina, þá má nefna eftirfarandi atriði:

- Þetta var ein af fyrstu stóru neyðar-rannsóknnum sem fram fóru hér á landi og sem framkvæmdaaðilar þurftu að kosta.
- Farið var út í uppgröft af bráðri nauðsyn, án þess að spurt væri sérstakra rannsóknar-spurninga eða að fyrirfram væru skilgreind önnur markmið en þau að láta ekki fornleifarnar standa í vegi fyrir framkvæmdum.
- Uppgröftur stóð stundum yfir allan ársins hring, bæði innanhúss og utandyra, sem var mikil breyting frá því sem áður hafði tíðkast.
- Það olli verulegum vandræðum hve fáir fornleifafræðingar voru starfandi á Íslandi á þessum tíma, og hve erfitt var af þeim sökum að manna uppgröftinn.
- Stöðug óvissa um umfang og framhald næstu rannsóknar gerði alla skipulagningu fram í tímann mjög erfiða (t.d. að ráða erlenda fornleifafræðinga að verkinu).
- Vanbúið og fjársvelt Þjóðminjasafn sem hafði litlar sem engar forsendur til þess að takast á við verkefni að þessari stærðargráðu hefði í raun átt að gera þessa miklu rannsókn ómögulega á sínum tíma.
- Lítill skilningur ýmissa ráðamanna sem að málinu komu, gerði það að verkum að oft þurfti að heyja nokkra baráttu um tilverurétt fornleifanna og rannsókn á þeim.
- Þegar sjálfum vettvangsrannsóknunum lauk var úrvinnsla gagna og kostnaður við hana nánast skilin eftir í lausu lofti.

Allt voru þetta þó atriði sem reyndist unnt að leysa með einum eða öðrum hætti, og þrátt fyrir allt var uppgröfturinn afar árangursríkur. Eftir því sem umfang hans jókst og æ fleiri minjar komu í ljós varð betur og betur ljóst hve áhugaverður bæjarhóllinn var.

Hinar miklu ritheimildir sem til eru varðveittar um Bessastaði gáfu kost á mjög áhugaverðum samanburði við niðurstöður uppgraftarins. Þess vegna hafa þær óneitanlega komið mikið við sögu í allri umræðu um minjarnar. Fyrsta augljósa misræmið milli heimilda og uppgraftar var að mannvistarlögin sýndu að bær hafði staðið á Bessastöðum í um þrjú hundruð ár áður en hann er fyrst nefndur í heimildum. Þá leiddi samanburður á fornleifum og uppdráttum í ljós að mælingavillur hafa slæðst inn á flestar teikningarnar og að nýbyggingar eða breytingar á húsum voru mun fleiri en heimildir geta um.

Leifar af miðaldahúsi komu í ljós undir gröfum í kirkjugarði austan við kirkjuna á svæði U9. Hugsanlega er þar um að ræða timburhús, jafnvel stofu, svipaða og fundist hefur á Hólum í Hjaltadal. Bæði ritheimildir og fornleifar sýndu að bæjarhús á Bessastöðum tóku ekki alltaf mið af þeirri byggingarhefð sem ríkjandi var í landinu, heldur varð hún fyrir áhrifum erlendis frá, en notast var jafnt við innflutt byggingarefni sem og framandi byggingar-aðferðir. Einkum á þetta við byggingar konungsgarðsins frá 18. öld, sem leifar fundust af á svæðum U1 – U9, en einnig fundust dæmi um það frá fyrri öldum samanber timburhúsið frá 15. öld og nefnt er hér fyrir ofan.

Þegar komið er fram á 17. og 18. öld fjölgar heimildum. Þar er oft að finna all ítarlegar upplýsingar um hvenær einstakar byggingar voru reistar og jafnvel hver gerði þær, eins og t.d. stofuna sem Pros Mundt lét reisa árið 1636 eða um einstök hús og herbergjaskipan eins og fram kemur í úttektinni frá 1717. Þá voru margumræddir uppdrættir af

húsum á Bessastöðum frá fyrri hluta 18. aldar ómetanlegir við alla túlkun minja á svæðinu undir og umhverfis Bessastaðastofu. Hægt hefur verið að staðsetja flest húsanna sem þar sjást af nokkurri vissu. Þannig eru hinar miklu byggingaleifar undir Bessastaðastofu á svæðum U1 – U4, hluti af bindingsverkshúsi landfógeta, frá fyrri hluta 18. aldar. Óvandaður umbúnaður við fótstykki þessa húss og annars húss sem fannst á svæði U6, bendir eindregið til þess að þar megi leita skýringa á hinum mörgu kvörtunum um viðvarandi húsleka á Bessastöðum.

Á svæði U9 kom í ljós að kirkjugarður Bessastaðakirkju hafði verið stækkaður til austurs eftir að Bessastaðastofa var reist, líklega í lok 18. aldar. Í kjölfarið fóru grafir, sem þar voru teknar, í gegn um byggingaleifar fyrri alda og þar á meðal amtmannsálmu konungsgarðsins. Syðst á svæði U6, fyrir framan Bessastaðastofu, var hellulagt gólf, sem hefur vafalaust tilheyrt suðurálmu konungsgarðsins. Norðarlega á svæðinu voru leifar húss sem í var moldargólf og hringlaga eldstæði. Það er líklega hluti af norðurálmu konungsgarðsins. Illa farnar byggingaleifar á svæði U9 hafa sennilega tilheyrt amtmannsálmu konungsgarðsins. Á milli suðurálmu og norðurálmu á svæði U6, var autt svæði þar sem húsagarðurinn mun hafa verið. Á norðurhluta hans voru byggingaleifar yngra húss sem vafalítið eru leifar hins nýja Bessastaðahúss sem leysti konungsgarðinn af hólmi árið 1721.

Ekki verður séð að þau erlendu áhrif sem greina má á nokkrum húsa á Bessastöðum hafi skotið neinum rótum á Íslandi. Hugsanlega voru viðhaldsvandamál erlendu húsanna þekkt meðal landsmanna, sem töldu þau því ekki vera eftir-

sóknarverð. Sennilega lágu þó frekar efnahagslegar ástæður þar að baki. Innfluttur efniviður, eins og húsatimbur og múrsteinar, var sjálfsagt of dýr til þess að almenningur hefði ráð á að byggja sér hús úr honum.

Síðast skal nefna fund hins einstaka kerru- eða vagnhúss sem fannst á svæði U11. Byggingin er líklega frá 18. öld og jafnvel fyrr, og virðist hafa verið sérhönnuð fyrir farartæki á hjólum, með tveimur múrsteinalögðum hjólförum sem orðin voru mjög slitin af notkun. Freistandi er að tengja þá byggingu við heimild í innistæðuskrám um að kerra hafi verið til á Bessastöðum a.m.k. allt frá 16. öld. Þarna hefur hugsanlega sú fágæta kerra verið geymd í sérbyggðu húsi, sem engar heimildir hafa fundist um.

Að lokum skal enn ítrekað að þetta er aðeins fyrsta skýrslan í ritröð um Bessastaðarannsóknina. Hér hefur fyrst og fremst verið fjallað um minjar sem komu í ljós við uppgröftinn árið 1987 og reynt að tengja þær við heimildir um sögu staðarins eftir því sem kostur er. Dregið hefur verið fram það helsta sem uppgröfturinn leiddi í ljós og mest nýnæmi er að. Varpað hefur verið nokkuð nýju ljósi á sögu Bessastaða, þó ekki hafi öllu verið gerð full skil, enda er gagnamagnið sem safnað var á vettvangi nánast yfirþyrmandi. Mjög mikill efniviður bíður frekari úrvinnslu og munu næstu skýrslur um hin uppgraftarárin væntanlega fylla enn betur inn í þann grunn sem hér hefur verið lagður. Þegar þær liggja fyrir munu opnast enn frekari möguleikar til rannsókna á umhverfi og lifnaðarhátum ábúenda á Bessastöðum og um sögu og þróun staðarins.

Alþingisbækur Íslands 1606-1619 IV. (1919). Reykjavík: Sögufélag.

Amorosi, T. (1996). *Icelandic Zooarchaeology: New Data Applied to Issues of Historical Ecology, Paleoecology and Global Change I-II*. Ann Arbor: Hunter College, NY.

Amorosi, T., Buckland, P. C., Ólafsson, G. og Skidmore, P. (1992). Site Status and the Paleoecological Record: a Discussion of Results from Bessastaðir, Iceland. *The Archaeology of the Norse in the North Atlantic* (bls. 169-192). Glasgow: University of Glasgow, Department of Archaeology.

Annálar 1400 -1800. (1922-1987). Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík.

Arbin, S. v. og Bergstrand, T. (2004). *Arkeologisk efterundersökning och vård. Havmanden - ett danskt 1600-tals-fartyg. Risö i Öckerö socken och kommun, Västra Götalands län*. Bohusläns museum Rapport 2003:29. Uddevalla: Bohusläns museum.

Árni Björnsson og Kuhn, H. (2003). *Úr torfbæjum inn í tækniöld I*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Barrow, J., Jr. (1835). *A Visit to Iceland, by way of Tronyem in the "Flower of Yarrow" Yacht, in the Summer of 1834*. Sótt 12. mars 2009 af slóðinni <http://www.library.wisc.edu/etext/Jonas/Biography/Bio-Barrow.html>

Bengtsson, B. (1971). Den lilla och den stora remmaren. *Kulturen* (bls. 49-53). Lund: Kulturhistoriska föreningen för södra Sverige.

Bertelsen, R. A. (1989). Gårdshaugene in Nord-Norge. Eksempler på nordatlantiske teller. *Hikuin 15* (bls. 171-181).

Björn M. Ólsen. (1911). Um hina fornu íslenzku alin. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1910* (bls. 1-24).

Björn Þorsteinsson. (1970). *Enska öldin í sögu Íslendinga*. Reykjavík: Mál og menning.

Brogaard, P. (1980). Gårde og huse. Í H. Lund (ritstj.), *Landbrugets huse. Danmarks arkitektur*. Viborg: Gyldendal.

Diplomatarium Islandicum III. (1857-76). Íslenzkt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Diplomatarium Islandicum XII. (1923-1932). Íslenzkt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Diplomatarium Islandicum XIII. (1933-1939). Íslenzkt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland og íslenzka menn. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Einar Laxness. (1985). Bessastaðir. Í Ásgeir S. Björnsson og Helgi Magnússon (ritstj.), *Landið þitt Ísland. Lykilbók* (bls. 5-68). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Finsen, H. og Hiort, E. (1978). *Steinhúsin gömlu á Íslandi*. Kristján Eldjárn þýddi. Reykjavík: Bókaútgáfan Íðunn.

Gisli Gestsson. (1969). Álnir og kvarðar. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1968* (bls. 45-78).

Gisli Gestsson. (1976). Fjórar baðstofur. Í Guðni Kolbeinsson (ritstj.), *Minjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn 6. desember 1976* (bls. 190-207). Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.

Graffton, B. (1995). *Sören Norby, sjökrigare i Östersjön på 1500-talet*. Visby: Ödin.

Guðmundur Ólafsson. (1987). Ljósferi og lýsing. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstj.), *Íslensk þjóðmenning I* (bls. 345-369). Reykjavík: Þjóðsaga.

Guðmundur Ólafsson. (1991). Fornleifarannsóknir á Bessastöðum 1987-1989. *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess*, 4 (bls. 91-108). Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson. (2003). *Bessastaðir. Vandamál með flutning teikninga milli kerfa og LUK-vinnsla*. Vinnuskýrslur 2003:7. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. (2004). Frá skála til gangabæjar. Húsagerð á miðöldum. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóð-*

minjasafni (bls. 130-139). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. (2010). *Byggingar konungsgarðs. Bessastaðir á 17. og 18. öld*. Meistararitgerð í fornleifafræði: Háskóli Íslands.

Guðmundur Ólafsson, Graham E. Langford og Nathalie Jacqueminet. (2009). *Forvarsla í fornleifakjallara Bessastaða*. Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2009/1. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson og Svend Erik Albrehtsen. (2000). Bærinn undir sandinum. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1998* (bls. 98-124).

Guðmundur Þorláksson. (1886). Hirðstjóraannáll Jóns prófests Halldórssonar. Með formála og athugasemdum. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta II* (bls. 593-784). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. (1996). Leirker á Íslandi. Pottery found in excavations in Iceland. *Rit Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands 3*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Halldór Baldursson. (1991). Fallbyssubrot frá Bessastöðum. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1990* (bls. 81-90).

Hildur Gestsdóttir. (2009). *The Palaeopathology of Iceland: Preliminary report III. Auðbrekka, Bessastaðir, Hella and Reykjavík*. FS364-99193. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Hrady, A. (2009). *Meules et Moulins en Islande, du XVe au XIX siècle*. Meistararitgerð í fornleifafræði: Université Pierre Mendès France, Grenoble.

Hrefna Róbertsdóttir (2001). *Landsins forbetran. Innréttingar og verkþekking í ullarvefsmiðjum átjándu aldar*. Sagnfræðirannsóknir - Studia historica. Bindi 16. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Hörður Ágústsson. (1979). Íslenski torfbærinn. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstj.), *Íslensk þjóðmenning I*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Hörður Ágústsson. (1989). Húsagerð á síðmiðöldum. *Saga Íslands IV* (bls. 261-300). Reykjavík: Sögufélag.

Hörður Ágústsson. (1998). *Íslensk byggingararfleið I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750 - 1940*. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Intrasis. *Intra-Site Information System*. (2009). Riksantikvarieämbetets arkeologiska uppdrags-

verksamhet. Sótt 20. nóvember 2009 af slóðinni <http://www.intrasis.com/>

J. Paul Getty Museum. (2010). Goblet (Trichterpokal). Sótt 17. apríl 2009 af slóðinni <http://www.getty.edu/art/gettyguide/artObjectDetails?artobj=1224>.

Jensen, C. A. (1915). Bondegaard. Í C. Blangstrup (ritstj.), *Salmonsens konversationsleksikon*. 2. útgáfa. Bindi III (bls. 635-645). København.

Johannesen, H. og Möller, E. (ritstj.). (1974). *Kulturhistorisk leksikon for Nordisk middelalder* (Vol. XVIII). Reykjavík: Rosenkilde og Bagge.

Jon Nordsteien. (1998). *Gömul timburhús. Útveggir, grind og klæðning*. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Jón Halldórsson. (1916-1918). Skólameistarar í Skálholti 1552-1728 (-1753). *Sögurit XV* (bls. 1-179).

Jón Ólafsson. (1946). *Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara. Samin af honum sjálfum*. Bindi I. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Jón Ólafur Ísberg. (2005). *Lif og lækningar. Íslensk heilbrigðissaga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jón Þ. Þór, Þorsteinn Gunnarsson, Gunnar Kristjánsson og Gunnar Bollason. (2008). Bessastaðakirkja. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.), *Kirkjur Íslands 12. Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi II* (bls. 7-94). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jónas Jónasson frá Hrafnagili. (1945). *Íslenskir þjóðhættir*. Reykjavík: Jónas og Halldór Rafnar.

Dönsk orðabók. (1851). Konráð Gíslason bjó til útgáfu. Kaupmannahöfn: [s.n.].

Kristján Eldjárn. (1982). Örnefni og minjar í landi Bessastaða á Álftanesi. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1981*, (bls. 132-147).

Lög um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum. Lög nr. 31/1989.

Margrét Hallgrímsdóttir. (1988). *Fornleifarannsókn í Viðey 1987*. Skýrslur Árbæjarsafns 3. Reykjavík: Árbæjarsafn.

Margrét Hallgrímsdóttir. (1989). *Viðey: fornleifarannsóknir 1988-1989*. Reykjavík: Árbæjarsafn.

Margrét Hallgrímsdóttir. (1992). *Viðey: fornleifarannsókn 1991: áfangaskýrsla*. Skýrslur Árbæjarsafns; 15. Reykjavík: Árbæjarsafn.

- Margrét Hallgrímsdóttir. (1993a). *Húsakostur Viðeyjarklausturs: um byggð í Viðey fram á 18. öld*. Cand. Mag. ritgerð í sagnfræði. Skýrslur Árbæjarsafns; 29. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Margrét Hallgrímsdóttir. (1993b). *Viðey: fornleifarannsóknir 1989-1990: áfangaskýrsla*. Skýrslur Árbæjarsafns; 21. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Margrét Hallgrímsdóttir. (1993c). *Viðey: fornleifarannsóknir 1992: áfangaskýrsla 1993*. Skýrslur Árbæjarsafns; 24. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Margrét Hallgrímsdóttir. (1994). *Viðey: fornleifarannsókn 1993: áfangaskýrsla*. Skýrslur Árbæjarsafns; 38. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Mjöll Snæsdóttir. (1991a). *Stóra-Borg. Fornleifarannsókn 1978-1990*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Mjöll Snæsdóttir. (1991b). Stóraborg - an Icelandic farmmound. *Acta Archaeologica*, 61 (bls. 116-119).
- Mjöll Snæsdóttir. (2009). Húsin í Skálholti. Í Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Endurfundir. Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001-2005* (bls. 70-79). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Mjöll Snæsdóttir og Lucas, G. (2007). Kostur Skálholts. *Árnesingur, VIII* (bls. 75-103).
- Mollerup, J. (1980). *Husbygningens materialer*. Aarhus: Nyt Nordisk forlag.
- Oscar Clausen. (1950). Norskur valdsmaður á Bessastöðum. *Aftur í aldir II* (bls. 60-75). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Ólafur Gíslason. (1916). Lýsing á Þingeyraklaustri á fyrri hluta 18. aldar. *Arsrit Hins íslenska fræðaffélags* (bls. 56-68).
- Ólafur Lárusson. (1944). *Byggð og saga*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Páll Vídalín. (1854). *Skýringar yfir fornyrði lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragnheiður Traustadóttir. (2009). Ekki í kot vísað. Í Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Endurfundir. Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001 - 2005* (bls. 16-29). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Íslandsk-dansk ordbog*. (1920-1924). Sigfús Blöndal bjó til útgáfu. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2009). *Leirker frá Aðalstræti og Bessastöðum*. Meistararitgerð í fornleifafræði: Háskóli Íslands.
- Steenberg, E. og Simmingsköld, B. (1958). *Glas*. Konstlörd. Stockholm: Natur och kultur.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (1995). *Heiðar og helgar minjar í Viðey. Áfangaskýrsla Viðeyjarannsóknna 1994*. Skýrslur Árbæjarsafns XLVII. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (1996). *Viðey - trúarheimar mætast. Áfangaskýrsla Viðeyjarannsóknna 1995*. Skýrslur Árbæjarsafns LVI. Reykjavík: Árbæjarsafn.
- Sturlunga saga I - II*. (1988). Örnólfur Thorsson bjó til prentunar. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Vigfús Guðmundsson. (1941). *Bessastaða kirkjur*. Sérprent úr Kirkjuritinu með litlum viðauka. Reykjavík: Ríkissjóður.
- Vilhjálmur Þ. Gíslason. (1947). *Bessastaðir. Þættir úr sögu höfuðbóls*. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.
- Wikipedia*. (2007). John William III, Duke of Saxe-Eisenach. Sótt 28. október 2007 af slóðinni http://en.wikipedia.org/wiki/John_William_III%2C_Duke_of_Saxe-Eisenach.
- Þjóðminjalög 1969 og 1989 nr. 88, og reglugerð um þjóðminjavörslu nr. 323/1990*.
- Þorsteinn Gunnarsson. (1990). Bessastaðastofa 1767. Í Heimir Pálsson, Jónas Kristjánsson, Njörður P. Njarðvík og Sigríður Th. Erlendsdóttir (ritstj.), *Yrkja. Afmælisrit til Vigdísar Finnbogadóttur 15. apríl 1990* (bls. 261-268). Reykjavík: Íðunn.
- Þorsteinn Gunnarsson. (2008). Bessastaðakirkja. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.), *Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi II*. Bindi 12 (bls. 6-94). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa, Kjalarnesprófastsdæmi.

Óprentaðar heimildir

Þjóðminjasafn Íslands (ÞJMS)

- Hultén, B. (1991). Leranals av lera från Island. Sendibréf. Lab. för keramik forskning.
- Jakob Kristinsson. (1993). Spectrophotometer greining á vökvasýni frá Bessastöðum. Tölvuútskrift. Rannsóknastofnun í lyfjafræði.

Jóhannes Þorkelsson og Guðmundur Guðmundsson. (1993). Efnagreining á vökvásýni frá Bessastöðum. Lýsi Hf.

Jón Steffensen. (1987a). Beinagreiningarblað X-10. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987b). Beinagreiningarblað X-11. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987c). Beinagreiningarblað X-12. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987d). Beinagreiningarblað X-13. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987e). Beinagreiningarblað X-14. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987f). Beinagreiningarblað X-15. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987g). Beinagreiningarblað X-16. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987h). Beinagreiningarblað X-17. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987i). Beinagreiningarblað X-18. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987j). Beinagreiningarblað X-19. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987k). Beinagreiningarblað X-20. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987l). Beinagreiningarblað X-21-22. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987m). Beinagreiningarblað X-23. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987n). Beinagreiningarblað X-24. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987o). Beinagreiningarblað X-25. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987p). Beinagreiningarblað X-26. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987q). Beinagreiningarblað X-27. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987r). Beinagreiningarblað X-28. Handrit. Mannabeinaskrá.

Jón Steffensen. (1987s). Beinagreiningarblað X-29. Handrit. Mannabeinaskrá.

Magnús Á. Sigurgeirsson. (1992). Gjóskuatugun vegna fornleifarannsókna á Bessastöðum. Skýrsla.

Magnús Á. Sigurgeirsson. (1999). Smásjárskoðun á sandsýni frá Bessastöðum. Greinargerð.

Smith, K. P. (1987). Ceramics from Bessastaðir, Iceland. A Preliminary Report on Collections from the 1987 Excavation. Skýrsla. Museum of Anthropology, Michigan.

Svend Erik Albrektson og Guðmundur Ólafsson. (2001). Bygningsanalyse av GUS. Gården under sandet 1991-1996. Handrit. Kaupmannahöfn: Nationalmuseet.

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)

KA 2-11 1650-1679. Um viðgerð eða endurbuyggingu Bessastaðakirkju, sjóbúða og fleira. Bréf Henriks Bjelke til konungs, 16. apríl 1654.

Rentukammer (Rtk.)

Rtk. Y.1. Reikningar jarðabókasjóðs - Lénreikningar 1596-1597. Innistæðuskrá 1595 (1597).

Rtk. Y.6 1645-1650. Lénreikningar. Fylgiskjöl með lénreikningum 1647-1648.

Rtk. 3.6. Innkomin bréf 1715-1720. Kier, N. Úttekt á Bessastöðum 17. september 1717.

Skjalasafn sýslumanna (Sýsl.)

Sýsl. Gull.- og Kjós. II / 7B. Bréf 1821-1822. Uppdráttur af Bessastöðum.

Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands (ÞÍ).

OA/5 - 11. Húsavirðing á Bessastöðum 1663 og húsavirðing á Bessastöðum 1666 (AM 703 IV 3 4to).

OB/1-40. Bessastaðakirkja. Virðingargjörð 12. júlí 1619.

Munnlegar heimildir

Jessen, C. v. (1987). Múrsteinar á Bessastöðum.

McGovern, T. (1987). Túlkun á sérkennilegum hrosstönum.

Hér að neðan eru birt ýmis gögn sem varða rannsóknina og sem geta verið til aukins skilnings eða upplýsingar um það sem fjallað er um í skýrslunni.

Greining á gjóskulögum og hvítum sandi

Jarðfræðingarnir Guðrún Larsen og Magnús Á. Sigurgeirsson sáu um flestar greiningar á jarð- og gjóskulögum í sambandi við uppgröftinn á Bessastöðum. Eftirfarandi greinargerð um gjóskulögin og hvítan sand er eftir Magnús:

Gjóskulög á Bessastöðum

Hluti af greinargerð á gjóskulögum frá Bessastöðum (Magnús Á. Sigurgeirsson, 1992): Gjóskulög sem samkvæmt fyrri rannsóknum og athugunum ættu að finnast á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal við Bessastaði, eru eftirtalin:

- 1 Landnámslag (LNL) frá um 900 e. Kr.⁵ (sjá útbreiðslukort Guðrúnar Larsen 1978, og 1984).
- 2 Kötullag frá fyrri hluta 10. aldar, nefnt Katla-R (sjá útbreiðslukort Guðrúnar Larsen 1978). Það gjóskulag sem hefur gengið undir nafninu Katla-1000 mun samkvæmt rannsóknum Guðrúnar Larsen (1990) vera sama gjóskulag og Eldgjá-1, frá um 934 e. Kr. Ekki er útilokað að Eldgjá-1 (E-1) finnist á höfuðborgarsvæðinu.
- 3 Miðaldalag (ML) frá fyrri hluta 13. aldar, sennilega frá árinu 1226 e.Kr. Miðaldalagið er tvískipt á Bessastöðum og er efri hluti þess hugsanlega frá árinu 1231 e. Kr. Þykktardreifing lagsins sýnir að það er 0,5-1,0 cm á Bessastöðum (Magnús Á. Sigurgeirsson 1992).
- 4 Kötullag frá um 1500 e. Kr. (sjá útbreiðslukort Guðrúnar Larsen 1978).
- 5 Kötullag frá 1721 (K-1721) (sjá útbreiðslukort Guðrúnar Larsen 1978).
- 6 Kötullag frá 1918 (K-1918).

Við rannsóknir á Bessastöðum fundust fjögur af ofangreindum lögum, þ.e. LNL, K-R, ML og K-1500.

Til að greina á milli gjóskulaga má styðjast við ýmsar aðferðir. Úti í mörkinni má oft þekkja gjóskulag af útlitinu einu (s.s. lit, kornastærð og kornagerð) og afstöðu þess til annarra gjóskulaga. En í sumum tilvikum þarf að beita sérstökum aðferðum, eins og smásjárskoðun, ljósbrotsmælingu, efnagreiningum og/eða kornastærðargreiningu með sigtun.

Litur og kornastærð einstakra gjóskulaga getur verið mjög einkennandi t.d. má þekkja LNL af því að neðri hluti þess er ljós (hvítur eða gullhvítur) og sá efri dökkur (grænleitur). Kötullögin K-R og K-1500 eru svört en ML hins vegar dökkgrátt, þannig að styðjast má við lit að nokkru leyti til að greina þessi lög í mörkinni. Litur gjóskulaga er háður kísilsýrumagni (þungaprósentu SiO₂) gjóskuglersins, basísk gjóskulög (kísilsýrusnaud) eru dökk en súr lög (kísilsýrurík) eru ljós. Ljós gjóskulög eru fremur fá í íslenskum jarðvegi og eru því auðþekktanleg í flestum tilvikum. Landnámslagið er eitt þessara ljósu laga.

Sé greinanlegur munur á **kornastærðardreifingu** gjóskulaga getur það gefið hugmynd um fjarlægð frá upptökum. Kornagerð getur ennfremur hjálpað til við að þekkja gjóskulag, t.d. ef áberandi mikið er af kristöllum og framandsteinum í laginu. Flest íslensk gjóskulög eru basísk og því dökk (svört eða gráleit). Erfitt getur verið að þekkja basísk gjóskulög af útlitinu einu, aðrar nákvæmari greiningaraðferðir þurfa að koma til:

Smásjárskoðun (10x-40x stækkun) getur reynst árangursrík aðferð. Með smásjá má greina ýmis einkenni gjóskulaga sem ekki eru sjáanleg berum augum. Þeir þættir sem helst ber að líta eftir eru: 1) Útlit og lögun gjóskukorna s.s. litur glersins, blöðrumagn þess og brotflétir gjóskuglersins. 2) Samsetning gjóskunnar, þ.e. inn-byrðis hlutfall glers, kristalla og bergbrota. 3) Einnig má kanna aðgreiningu (*sorting*) gjóskunnar.

⁵Síðari rannsóknir sýna að Landnámslagið myndaðist á tímabilinu 870-880 e.Kr. (Grönvold *et al.*, 1995, Zielinski *et al.* 1997).

Ljósbrotsmælingu er mögulegt að nota ef greina þarf á milli gjóskulaga sem eru lík í útliti s.s. dökkra gjóskulaga. Hægt er að greina á milli gjósku frá Kötlu og Reykjanesi á þennan hátt, ML hefur ljósbrott um n=1,600 en K-1500 um n=1,620. Ljósbrott gjósku er háð kísilsýruinnihaldi gjóskuglersins, súr gjóska hefur ljósbrott n=1,500-1,520, ísúr gjóska hefur n=1,520-1,585 og basísk gjóska hefur n=1,585-1,630. Nokkurn útbúnað þarf til að gera greiningu sem þessa, m.a. bergfræðismásjá, ljósbrotsolíur og ljósbrotsmæli.

Kornastærðargreiningu (m/sigtun) má nota til að greina á milli dökkra gjóskulaga. Greiningu á meðalkornastærð og aðgreiningu er hægt að framkvæma á grófan hátt í mörkinni, en með sigtun fæst mun nákvæmari greining. Á Bessastöðum má auðveldlega greina á milli gjósku frá Kötlu og Reykjanesi á þennan hátt. Gjóska Miðaldalagsins hefur meðalkornastærð um 0,125 mm, en K-1500 um 0,063 mm. Gjóskulagið Katla-R hefur svipaða kornastærðardreifingu og K-1500.

Efnagreining á gjóskugleri gerir mögulegt að heimfæra gjóskulag til ákveðins eldstöðvakerfis og finna á þann hátt uppruna þess. Með þessari aðferð má yfirleitt greina á milli dökkra gjóskulaga. Erfitt getur þó reynst að aðgreina gjósku frá sama eldstöðvakerfi, s.s. frá Kötlu. Með hjálp efnagreininga má auðkenna öll gjóskulög sem fundust á Bessastöðum, þ.e. LNL, K-R, ML og K-1500, efnasamsetning þeirra er mjög ólík nema á milli Kötluganna tveggja.

Heimildir

Helstu heimildir um gjóskulög sem finnast eða mögulegt er að finna á höfuðborgarsvæðinu:

Gísli Sveinsson. (1919). *Kötlugosið 1918 og afleiðingar þess*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.

Guðrún Larsen. (1978). *Gjóskulög í nágrenni Kötlu*. Fjórða árs ritgerð: Háskóli Íslands.

Guðrún Larsen. (1984). Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, southern Iceland - an approach to volcanic risk assessment. *Journal of Volcanic Geothermal Research* 22 (bls. 33-58).

Guðrún Larsen. (1986). Skýrsla til Guðrúnar Sveinbjarnardóttur um öskulög úr uppgrefti í Kópavogi 1973-1976. *Rannsókn á Kópavogsbíngstað*. (Bls. 137-140). Kópavogur: Kópavogskaupstaður.

Guðrún Larsen. (1990). The 10th century Eldgjá-Katla eruption; its products and consequences, preliminary results. *Geonytt* 17, (bls. 70-71).

Gunnar Ólafsson. (1983). Greinargerð um "Miðaldalagið". Námsritgerð: Háskóla Íslands.

Grönvold, K., Óskarsson, N., Johnsen, S. J., Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E (1995). Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135 (bls. 149-155).

Magnús Á. Sigurgeirsson. (1992). *Gjóskumyndanir á Reykjanesi*. Meistaraprófsritgerð í jarðfræði: Háskóli Íslands.

Margrét Hallsdóttir. (1987). *Pollen analytical studies of human influence on vegetation in relation to the Landnám tephra layer in Southwest Iceland*. Lundqua Thesis 18. Lund: Lunds universitet.

Nordahl, E. (1988). *Reykjavík from an Archaeological Point of View*. Aun 12. Uppsala.

Sigurður Þórarinnsson. (1955). Öskufall svo sporrækt varð. *Náttúrufræðingurinn*, 25 (bls. 87-98).

Zielinski, G.A., Mayewski, P.A., Meeker, L.D., Grönvold, K., Germani, M. S., Whitlow, S., Twickler, M. S., Taylor, K. (1997). Volcanic aerosol record and tephro-chronology of the Summit, Greenland, ice cores. *Journal of Geophysical Research* 102 (bls. 26.625-26.640).

Þorleifur Einarsson. (1963). Vitnisburður frjöggreiningar um gróður, veðurfar og landnám á Íslandi. *Saga 1962* (bls. 442-469).

Hvítur sandur

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur, greindi jarðvegssýni sem tekið var af hvítum sandi sem fannst í 18. aldarlögum á Bessastöðum. Niðurstaða hans er að um erlendan fjörusand sé að ræða (Magnús Á. Sigurgeirsson, 1999):

Helstu kornagerðir í sýninu eru eftirfarandi:

1. Gegnsæ kristalbrott. Kornin eru mjög hörð og hafa lélega kleyfni. Flest eru kornin talsvert eða vel núin. Nokkuð er þó um köntuð korn einnig. Þessi kornagerð er



Mynd 137. Horft inn eftir fornleifakjallara á svæði U1. Sökkull Bessastaðastofu er til vinstri. Gólf landfögetabústaðar konungsgarðsins er til hægri. Á syllu í sökklinum innst standa nokkrir gripir úr uppgreftinum til sýnis (GÓL-2007-15-3).

- langalgengust, um 90 % af sýninu. Hér er að öllum líkindum um núin kvarskorn að ræða.
2. Hvít ógegnsæ korn. Kristal- eða bergbrot sem ekki verða greind frekar.
 3. Ílöng korn með skýra kleyfni í eina átt. Séu þau brotin klofna þau í fingerðar nálar. Korn þessi hafa yfirleitt fjólubláan blæ. Hér er að öllum líkindum um skeljabrot að ræða.
 4. Svört smágerð gljáandi korn sem sennilega eru kolasalli.
 5. Hvít óregluleg massíf korn. Greinilegur strúktúr er á kornunum og eru þau auðsýnilega brot úr einhvers konar kalkdýrum, hugsanlega úr hrúðurkórlum og / eða kóröllum.
 6. Hvít kalkkorn eru í sýninu.

Hér er að öllum líkindum um fjörusand að ræða. Þar sem uppistaða sandsins er kvars má fullyrða að um sand erlendis frá er að ræða. Jafn kvarsríkur sandur og hér um ræðir finnst ekki við Íslandsstrendur svo mér sé kunnugt. Þar sem sandurinn fannst í tengslum við hlaðinn vegg frá 18. öld, væntanlega hlöðnum af dönskum múrurum, er hægt að leiða líkur að því að um

